peningalegur, a., *pekuniær*: svo að útgáfan gæti gefið peningalega hagnaðarvon *Sk.* $^{7}/_{11}$ 78, 379$_{55}$. peningalegr skaði $^{19}/_{11}$ 78, 397$_{26}$. peningalegr hagr *Mill* 201$_{12}$.

peningaleysi, n., *Pengeløshed, Pengemangel*: það er eigi peningaleysið, er veldr verðhækkuninni *AÓ. Af.* 74$_{7}$.

peningalög, n. pl., *Møntlov*: ákvarðanir peningalaganna *StA.* 74, 4$_{5}$.

peningamaður, m., *Pengemand, Kapitalist*: kaupmenn og peningamenn *Sm.* 46$_{18}$.

peningamerki, n.. *Møntmærke*: neðan undir myndina skal setja peningamerkið *St.A.* 75, 16$_{9}$.

peningaskápur (-s, -ar), m., *Pengeskab*: Þeir kröfðu þegar, að hann segði sér, hvernig sætti að ljúka upp peningaskápnum *Ið.* 1, 53$_{16}$.

peningaskortur (-s), m., *Pengemangel; se* peningaeyðsla.

peningasláttu, f., 1. *Møntvæsen*: Í þetta mund var p. þjóðanna í miklu ólagi *Av.* 13, 28$_{27}$. — 2. *Mønt* (*Sted hvor Penge møntes*): var ofurðölilegt, að landsbúar vildu fá þar komið á stofn peningasláttu *Ið.* 6, 295$_{19}$.

peningasmiðja, f., *Bygning, hvori Penge møntes, Mønt*: Stjórnin á Rússlandi ljet gera fróðlega tilraun ... í peningasmiðjunni í Pjetursborg *Ið.* 2, 35$_{17}$. í peningasmiðjunni í Filadelfíu *Auðv.* 95$_{28}$.

peningasmiðjuforstjóri, m., *Møntmester*: upphafsstafina á nafni peningasmiðjuforstjórans *StA.* 75, 16$_{10}$.

peningastyrkur (-s), m., *pekuniær Understøttelse*: Hin seinni ár hefur stjórnin þó tekið að veita skólum þessum athygli og nokkurn peningastyrk *Av.* 7. 104$_{18}$.

peningavandræði, n. pl., *Pengeknibe, Pengeforlegenhed*: Ef einhver er í peningavandræðum *Sm.* 205$_{6}$.

peningaviðskifti, n. pl., *Pengeomsætning*: tilgangur hans (ɔ: bankans) er að greiða fyrir peningaviðskiptum í landinu *LHA.* 3, 318$_{8}$.

peningaþröng (*g. sg.* -var), f., *Pengeknibe*: landsstjórnin, sem sífelt var í p. *Av.* 13, 28$_{27}$.

peningsfjöldi, m., *Kreaturmængde*: vjer hljótum að meta hvort á móti öðru: uppskjeruna og peningsfjöldann *Fjöl.* 3, 2, 10$_{18}$.

peningshöld, n. pl., *Kreaturernes Tilstand om Foraaret*: komst og eingjin sísla ... betur af með heíbjörg og peningshöld *Fjöl.* 3, 2, 9$_{35}$. góð p. *det at Kreaturerne haves i god Behold.*

peningsmissir (-s el. -rs), m., *Tab af Kreaturer*: þó að peningsmissirinn sje sona mikjill *Fjöl.* 3, 2, 6$_{34}$.

pennadeila, f., *Pennefejde*: árið 1884 komst K. einnig í pennadeilu við orðabókarhöfundinn norska *J. F. TB.* 12, 81$_{10}$.

pennadráttur (-dráttar, -drættir), m., *Pennestrøg*: jafnvel einn pennadráttr, einn pentskúfsdráttr, hafa afbragðsverð *AÓ. Af.* 135$_{8}$. Lögreglustjórar lesa alt, áðr en það er prentað, og stryka út hálf eða heil númer með einum pennadrætti *Sk.* $^{10}/_{4}$ 80, 50$_{60}$.

pennafjöður (-fjaðrar, -fjaðrir), f., *Pennefjeder*: pennafjaðrir og blek *Rób.* 47$_{5}$.

pennafœr, a., *som fører god Pen*: Pétur sýslumaður var sagður hinn pennafærasti *Huld* 3, 26$_{17}$.

pennahnífur (-s, -ar), m., *Penneknив*: pennahníf *PS. Ast.* 33$_{36}$.

pennasnápur (-s, -ar), m., *Pennespids*: Öðru máli er að gegna með aðra samnafnaflokka, svo sem með nálar, prjóna, pennasnápa *TB.* 12, 190$_{36}$.

pennastríð, n., *Pennekrig, Pennestrid*: varð úr því ákaft p. *TB.* 9, 28$_{27}$.

pennastöng (-stangar, -stengur, *el.* stangir), f., *Penneskaft*: Sören

beit í pennastöngina *Þj.* $^{25}/_{2}$ 82, 14b$_{60}$.

pennateikning (-**ar**), f., (*burde være* pennateiknun), *Pennetegning:* Um fermingu var hann farinn að búa til pennateikningar eftir myndum í Nýju Fjelagsritunum *Av.* 15, 4$_{1}$.

penni, m., *Pen.*

pensill (**pensils**, **penslar**), m., *Pensel:* Ekki þurfti vönd til að gera málara úr piltinum, sem reytti köttinn til að fá í pensil handa sjer *Auðv.* 21$_{21}$.

penta (**a**), vt., *male; jf. e.* paint, *fr.* peindre: Allur er þessi ótölulegi myndafjöldi pentaður ljómandi litum *Ið. SG.* 180$_{7}$.

pentlist, f., *Malerkunst:* listaverk, þau sem til pentlistar, myndasmíðis og húsagerðar heyra *Skír.* 87, 101$_{24}$.

pentlistarmaður, m., *Maler:* Hvernig fara menn að verða miklir pentlistarmenn? *HD. MiH.* 43$_{6}$.

pentskreyting (-**ar**), f., *Dekorationsmaleri:* mesti snilldarmeistari Dana í p. húsa *Íf.* $^{2}/_{8}$ 90, 245a$_{48}$.

pentskrift (-**ir**), f., *Maleri:* Öll er p. þessi neðan á loptinu óskemmd enn í dag *Ið. SG.* 182$_{2}$.

pentskúfsdráttur (-**dráttar**, -**drættir**), m., *Penselstrøg. Se* pennadráttur.

pentskúfur (-**s**, -**ar**), m., *Pensel.*

pentudúkur (-**s**, -**ar**), m., *Serviet:* Að sönnu reyndi jeg til að þurrka súpuna út úr fötum minum með pentudúkum *PP. Sms.* 181$_{12}$.

pera, f., *Pære:* vinber, epli og perur *Þús.* 3, 46$_{22}$.

perla, f., *Perle:* skínandi kóróna, alsett perlum *Ið.* 5, 314$_{12}$. Vjer týnum guðsríkis perlu úr vorum hjörtum *JG. Hv.* 21$_{10}$.

perludögg (-**döggvar** *el.* -**daggar**, -**döggvar** *el.* -**daggir**), f., *Perledug:* Nú fór hún út á engið, sem allt glitraði af p. *TÞH. Tíb.* 1, 30$_{14}$.

perlufang, n., *Perlefangst, Perlefiskeri:* (eg) rjeðist þaðan með öðrum kaupmönnum til perlufangs *Þús.* 1, 320$_{2}$.

perlugrjón, n. pl. *Perlegryn:* Bygggrjón, p., hafragrjón *EB. Kf.* 9$_{18}$.

perluhani, m., *numida, Perlehøne. Gr. Df.* 59$_{25}$.

perlukræklingur (-**s**, -**ar**), m., *Perlemusling:* Dalrinn var likastr perlukrækling *Ið.* 2, 160$_{21}$.

perlumen (*g. pl.* -**menja**), n., *Perlehalsbaand:* Þegar hann hafði spurt, hvort eg væri sá, sem bauð perlumenið til sölu *Þús.* 2, 50$_{11}$.

perlumóðir, f., *Perlemor:* Hallir konunganna ljóma af allskonar marglitum marmara ... svo og perlumóður *Þús.* 2, 339$_{11}$.

perluskel (-**jar**, -**jar**), f., *avicula margaritifera, Perlemusling:* P. er í Indíahöfum og við Ameríku *Gr. Df.* 127$_{10}$. Perluskeljar eiga einkum heima í Indlandshafi við suðurströnd Asíu *PJ. Ns.* 119$_{27}$.

perlusteinn (-**s**, -**ar**), m., *Perlesten:* P. er ýmislega litur *Gr. Stf.* 71$_{5}$.

perlutekja, f., = perlufang: P. mikil er fram með ströndum eyjarinnar *Þús.* 1, 325$_{29}$.

persneska, f., *Persisk, det persiske Sprog:* afstaða austurálfumálanna, ermsku, persnesku og indversku, við norðurálfumálin af sama flokki *TB.* 9, 10$_{19}$. Einkum hafði hann nú lært til hlítar indversku og persnesku 25$_{5}$.

persneskur, a., *persisk:* Hafði

hann numið allan fróðleik sinn af grískum, persneskum, tyrkneskum, latínskum, sýrneskum og ebreskum bókum *Þús.* 1, 48₄. fræðimennirnir arabisku, persnesku og indversku *Skír.* 87, 81₁₂.

persóna, f., *Person.*

persónugerving (-ar), f., *Personifikation:* eða hún (ɔ: Ió.) sé persónugerfing tunglsins *Stoll* 40₂₄. Þaykke, sem var persónugjörving mannlegrar sálar 66₂.

persónugervingur (-s, -ar), m., *Personifikation:* Hann (ɔ: Þór) er persónugjörvingur hreystinnar *HB.* 17₂₂. hún (ɔ: Freyja) er eins og persónugjörvingur af Óðni *TB.* 12, 127₂₁.

persónulaus, a., *upersonlig:* persónulausar hugmyndir *Ald.* 2, 129₂₂.

persónulega, adv., *personlig:* Þótt stórkostlegt Evrópustrið bæri að höndum, mættum vér vera þ. öruggir *Fk.* ¹⁰/₁₁ 87, 133b₂₄.

persónulegur, a., *personlig:* Jeg gaf þorparanum í skyn með látbragði og bendingum, að okkur væri ekki lengur nein sérleg þægð í persónulegri nærveru hans *Ið.* 1, 245₁₇. persónuleg gremja *Þj.* ²³/₇ 81, 65a₅₁. persónuleg eign *Mill* 33₈.

persónuleiki, m., *Personlighed:* en festum vjer hugann við persónuleika mannsins, þá *Kb.* 1, 87₄₀.

persónuréttindi, n. pl., *personlige Rettigheder:* Alþýðan hafði engin þ. *TB.* 7, 167₂₅.

perutré, n., *Pæretræ:* Þú manst eftir stóra perutrénu í garðinum hjá okkur *Blk.* 109₂₄.

pervisalegur, a., *tynd, spæd; spinkel, spædlæmmet:* hversu miðir og pervisalegir fæturnir vóru *HF. Kv.* 1, 136₁₂. fjallagróður smár og pervisalegur *Av.* 16, 49₂₂.

pest (-ir), f., *Pest.*

pestnæmi, n., *Smitstof, forpestet Luft:* Hann setti að útiloka úr húsum sínum eins og þ. þau (ɔ: blöð), sem full eru af ólyfjan og hroða *TB.* 7, 152₂₆. fara svo langar og torsóttar leiðir í ofurhita og þ. *Skír.* 87, 48₁₆.

pestnæmur, a., 1. *forpestet:* Pestnæma dráps-lopt! lama þú allt þrek | í hennar ungu limum *Lear* 57₁₂. — 2. *udsat for Pestsmitte:* þær borgir ... eru öðrum fremur pestnæmar á þeim hluta árs *Skír.* 85, 28₂₆.

petti, n., 1. *et Stykke Jord:* Jeg pældi nú upp allstórt þ. nálægt bústað mínum *Rób.* 48₂₄. — 2. *Plads, Rum, Egn:* Þetta þ. er kallað stormhvelsanga *Björl.* 52₂₂.

Pétursköfa, f., = teista, þeista *colymbus grylle. Mohr* 34₂₀.

Pétursköngur (-s, -ar), m., *murex Islandicus. Mohr* 136₂₂. *fusus, Rödkonk. Gr. Df.* 124₁₉.

Pétursmold, f., *terra apyra. Mohr* 322₂.

Pétursóley (-jar), f., = holtasóley *dryas octopetala, ottebladet Rypegræs. Mohr* 191₁₀. *Grl.* 24₂₇.

Pétursurt (-ir), f., *leontodon autumnalis, Høst-Løvetand. Grl.* 77₂.

peyi, m., (*e.* boy), *Dreng, Fyr (i nedsættende Betydning):* Ekki væri óhugsandi, að gorgeirinn minnkaði í höfundinum og öðrum eins pejum *Ið.* 4, 68₂₀. Lítinn peyja mörg sig mey | mikil sveigja lætur *GB.* 55₁₆.

peysa, f., (*holl.* buis *Tröje, Jakke*), *Tröje:* stúlka í blárri peysu *JT. PoS.* 44₂₂. þarna hefir hann breitt peysuna sína *Ið.* 1, 154₂₂. M. náði þar

í gamla peysu, sem hann rjetti konunni 6, 193₂₆.

peysulegur, a., *tølperagtig*: Vér höfum heyrt nefndan mesta aragrúa af spánnýjum ónefnum, sem eru svo peysuleg, að *Þj.* ²¹/₃ 92, 53c₅.

pílgrímur, (-s, -ar), m., *Pilegrim*: Og pílgríms hné sem hnigi | þá helgan engil sér | úr gullnu ganga skýi, | eg glaður skelf fyrir þér *ST.* 37₇.

pils, n., *Skört*: stúlka með húfu á höfði og dökkvan skúf, á bláu pilsi *JT. PoS.* 44₂₂. svart p. *LÍ.* 46₁₅. Það er meir en nóg fyrir nýja peysu og pyls handa mjer *PP. Sms.* 157₂₆.

piltbarn, n., *Drengebarn*: tvö piltbörn *Þs.* 1, 28₂₄. Miklu tíðara var að bera út stúlkubörn en piltbörn *Ið.* 4, 191₅.

píltré, n., *Pil*: Fram með ánni stóð fjöldi trjáa og runna með áþekkum blöðum og p. *Rób.* 59₂₄.

pinkill (**pinkils**, **pinklar**), m., *Bylt*, *Pakke*, *lille Byrde*: J. kemur þá með pinkil allþéttan með lérepta umbúðum *PS. Ast.* 88₈. Við skulum reyna að hafa klyfjaskipti og láta hana fá pinklana hans Stóra-Brúns *Dv.* 5, 51₃.

pinnaleikur (-s, -ar *el.* -ir), m., *Pindespil*: að leika pinnaleik og að dansa *FP.* xi₃.

pípa, f., *Rør*: Pípur úr ofnum og kamínum skulu ganga inn í steinhlaðna reykháfa *LHA.* 3, 87₃₀.

pípa (í), vi., *piple*.

piparalæti, n. pl., *Fagter*, *Gebærder*, *Komplimenter*: þeir hjerna kunna ymisleg p., sem þeir bera ekki skynbragð á í sveitinni *JT. PoS.* 79₁₈.

piparrót (-rœtur), f., *Peberrod*: Verkunin verður sterkari með því að blanda mulinni p. í deigið *N. Hf.* 88₂.

pípnasöngur (-s, -var), m., *Flöjtespil*: p. og strengleikalist *Gr. Kv.* 92₁₇.

pipra (a), vt., *opmuntre*, *oplive*; *sætte i Bevægelse*: vildi hann reyna að p. hana (ɔ: ambáttina) upp *Þús.* 2, 332₂₆. B. pipraði Móru til með tveimur vænum svipuhöggum *Dv.* 5, 50₂₇.

pípuhattur (-ar, *el.* -s, -ar), m., *Cylinderhat*: Þegar jeg man fyrst til, voru pípuhattar helztu sparihöfuðföt karlmanna *TB.* 15, 209₁₅.

pípuhjálmur (-s, -ar), m., *Rørhjælm*, *Hjælm med Rør til Hjælmbusken*: þekki eg hann af skildinum og pípuhjálminum *Il.* 1, 109₉.

pípulaukur (-s, -ar), m., *allium fistulosum*, *Pibeløg*. *Schierb. Gk.* 62₂₀.

pípumyndaðnr, a., *rørformet*: Setjum svo, að blómin hafi pípumyndaða krónu *TB.* 12, 166₅.

pípuskrúfa, f., *Møtrik*: Vér skiptum skrúfunni í tvo flokka: pípuskrúfu eða holskrúfu og tappaskrúfu *Fisch. Ef.* 84₆.

píreygður, a., *pliröjet*.

pískra (a), vi., *hvidske*: fóru þær að pískra saman *Þús.* 1, 159₄. Það var farið að p. um, að hún mundi vera orðin leið á sorgarbúningnum *Ið.* 6, 242₃.

pískur, n., *Hvidsken*: Falskalífinn tók eptir pískri þeirra *Þús.* 2. 115₂₄.

píslarblóm, n., *passiflora*, *Passionsblomst*: himinblátt píslarblómið *Ið.* 2, 164₁.

pjakka (a), vt. og i., *pikke*, *stikke*, *støde*: sauð hann á hann sjöfalt stál | sundur alt að p. *KJ.* 280₁₃.

hann tilbjó bara tóman Pál, | til að láta' hann p. 280$_{17}$.

pjanka, f., = pinkill: þegar þær komu nær, leystu þær pjaunkuna ofan af Karlinum *Þs.* 1, 44$_{22}$. *Pl.* pjönkur *Töj, Rejsetöj:* Eliza hjálpaði henni til að búa um pjönkur sínar *PP. NS.* 69$_{26}$.

pjátur, n., *Blik*: Sjerhver sá, sem í húsi hefir forða af púðri, skal vera skyldur til að geyma það í lokuðu íláti úr pjátri eða eiri *LHA.* 3, 89$_{5}$.

pjáturaskja, f., *Blikdaase*: þær (ɔ: sardinurnar) eru lagðar í loptheldar pjáturöskjur með olíu *PJ. Ns.* 102$_{20}$.

pjátursplata, f., *Blikplade:* Jeg sótti mjer eldsglæður á pjátursplötu *Rób.* 55$_{9}$.

plánetu, f., *Planet:* Svo ei ræki ein sig á | aðra plánetuna, | hann misvíða hafði þá | hringa, sem þær bruna *BG. Nj.* 23$_{2}$.

planta, f., *Plante:* lægri plöntur eru lítt kunnar *ÞTh. LÍ.* 53$_{2}$. þannig er það lopt plöntunum hollt, sem er dýrunum óhollt *JJ. EML.* 63$_{6}$.

planta (a), vt., *plante*: svo að enginn skyldi sagt geta, að það væri hann, sem hefði . . . plantað blóm í garðinum hennar Sigrúnar *Ið.* 1, 32$_{6}$. svo að þetta sæði yrði aptur plantað út á akur mannkynsins *JG. Hv.* 60$_{2}$.

plantari, m., *(e.* planter), *Planter*: Ið drottnandi siðferðislögmál . . . milli plantara og svertingja *Mill* 12$_{6}$.

plantekra, f., *Plantage.*

plantekrueigandi, m., *Plantageejer*: þeir breyta sjálfir ver við svertingjana enn nokkur amerískur p. gerði fyrrum *Fk.* $^{13}/_{10}$ 91, 167a$_{14}$.

plantfœða, f., *Planteføde:* þeir lifa eingöngu á plantfæðu *Gefj.* 48$_{27}$.

plástur, m., *Plaster*: (hann) tók þaðan út p. *PS. Ast.* 312$_{21}$.

platanviður (-ar, -ir), m., *Platan:* þá uxu hér eikur, hlynir, platanviðir *ÞTh. LÍ.* 50$_{15}$.

plett, n., *Plet*: Silfur, p. og látún, verður fagurt, sje það nuddað úr muldri krít *EB. Kf.* 6$_{16}$.

plógdráttur (-dráttar, -drættir), m., *Plovtrækning*: Svírinn á mjer er meiddur og skinnlaus af eylífum plógdrætti *Þús.* 1, 14$_{29}$.

plógland, n., *Plöjeland:* margra þúsund daga plóglönd *Ið. SG.* 58$_{22}$.

plógmaður, m., *Plovmand, Plöjer:* stundum sigrast og plógmaðurinn á ræningjanum *AK.* 137$_{36}$.

plógsland, n., *et vist Flademaal,* πέλεθρον: að Ares hafi lagt undir sig sjö plógslönd þar sem hann lá fallinn á orustuvellinum *Stoll* 5$_{24}$.

plœging (-ar), f., *Pløjning*: látið nú menntaða menn fara að plægja, slá og vinna aðra bændavinnu, og plæging, sláttur og bændavinna verður óðara menntaðra manna verk *TB.* 7, 160$_{20}$.

plœgja (i), vt. og i., *pløje; se* plæging.

plöntuflœkja, f., *Planteslyngning:* Stundum hrapaði eg niðr gegnum jarðvegarhimnu af plöntuflækjum *Ið.* 2, 165$_{22}$.

plöntufœða, f., *Planteføde:* Íkornar lifa af ávöxtum og annari plöntufæðu *PJ. Ns.* 62$_{22}$.

plöntugróði, m., *Plantevæxt; Vegetation*: þar hefur einnig annar plöntugróði horfið *Br.* 5, 14$_{24}$.

plöntuleifar, f. pl., *Plantelevninger:* Kolin eru mynduð á fyrri jarðar-tímabilum af geysimiklum plöntuleifum *Av.* 6, 61₁₈. Steinkolatímabilið dregur nafn af plöntuleifum þeim, er þá urðu að steini 71₂₃.

plöntulíf, n., *Planteliv:* p. þeirra (ɔ: plantnanna) er not *Sw. VE.* 31₁₅.

plöntulisti, m., *Plantefortegnelse:* Reyndar hefur höfundurinn reitt sig of mjög á hina eldri plöntulista *Gr. Sk.* 91, 74₂₁.

plöntulýsing (-ar), f., *Plantebeskrivelse:* hávaðinn af plöntulýsingum Hjaltalíns eru nálega orðrjett útlagðar úr þessari bók *Gr. Sk.* 91, 79₄.

plöntunafn, n., *Plantenavn:* hvað íslenzku plöntunöfnin snertir *Gr. Sk.* 91, 74₁₀. sum plöntunöfnin 74₁₂.

plöntun (plantanir), f., *Plantning; Plantage.*

plöntunareigandi, m., *Plantageejer:* og er hann sá, hve góðu lífi slíkir plöntunareigendur lifðu *Rób.* 24₅.

plöntunarekra, f., *Plantage:* til atvinnu í plöntunarekrum *Skír.* 87, 98₁₇.

plöntunarland, n., *Plantage:* (hann) átti þar plöntunarlönd *Skír.* 79, 30₁₂.

plöntunarsvæði, n., *Plantage:* þar eru nú víðáttumikil p. *Fk.* $^{9}/_{7}$ 87, 75a₄₆.

plönturíki, n., *Planterige:* í öllum hlutum plönturíkisins *Sw. VE.* 26₁₈. plönturíkinu hefir farið nokkuð aptur frá því seinast á fornöldinni *Av.* 6, 74₉.

plöntusafn, n., *Plantesamling, Herbarium:* plöntusafni og steinasafni hafa þeir lofað *Gr. Sk.* 91, 11₂₀.

plöntutegund (-ir), f., *Plantetart:* að eins lítill hluti af plöntutegundum þeim, sem nú eru kunnar hjer á landi *Gr. Sk.* 91, 63₄.

plöntuvöxtur (-vaxtar), m., *Plantevækst, Vegetation:* að því er snertir plöntuvöxtinn á jörðunni *Sw. VE.* 122₃₀.

plötujárn, n., *Pladejærn:* keypti hann meðal annars mikið af plötujárni *Þs.* 1, 269₄. menn klæða þök þeirra (ɔ: húsanna) með plötujárni *Fk.* $^{28}/_{4}$ 91, 66b₂₉.

pokadýr, n. pl., *marsupialia, marsupiata, Pungdyr:* P. *(Marsupialia)* hafa poka undir kviðnum *Gr. Df.* 41₃₀. P. eru ólík öllum öðrum spendýrum að því leyti, að þau fæða mjög ófullburða unga *PJ. Ns.* 76₂₃.

pokaprestur (-s, -ar), m., *'Sækpræst', raa og uvidende Præst:* Síðan engum leyfíst lýð að lifa' í meinum, | utan pokaprestum einum *JT.* 30₂₁₂.

pólitík *(g. sg.* -ur), f., *Politik:* að skilja p. lærði hann þar síður *Þvf. Alm.* 85, 40₁₅. Hann var akki sterkur í pólitíkinni 42₂₃. Eg segi ekki, að þér eigið engum að fylgja í pólitík *TB.* 7, 145₃₁. Flestir þeirra gefa sig meira og minna við p. *Fyrirl.* 47₂.

pólitískur, a., *politisk:* Upp frá þessu byrjar eiginlega hans pólitíska líf *Þvf. Alm.* 85, 28₁₆. allir eru ekki rjettbornir til pólitískra rjettinda *Skír.* 85, 24₄. yfirlitsrit pólitískra tíðinda *Skír.* 87, 3₁₈.

pöll (-s, -ar), m. *Pol:* því nær sem dregur pólnum *Björl.* 47₃₁. umhverfis báða pólana eru mjög bjartir hvítir blettir *BJ. St.* 24₂₄.

pólland, n., *Polarland.*

Pólland, n., *Polen*: landstjóri á Pólland *Skír.* 85, 113$_{22}$.

Póllendingur (-s, -ar), m., *Polak*: var á Prússaþingi samþykkisrómur gerður að burtrekstri hinna aðkomnu Póllendinga *Skír.* 87, 98$_{30}$. Póllendingurinn Potocki *Ið.* 5, 320$_{5}$.

pollur (-s, -ar), m., *Pøl, Vandhul:* mun vatn það, sem er í jörðinni, taka að vætla úr hliðum gryfjunnar og safnast í poll á botninum *StN.* 2, 49$_{16}$

pólskur, a., *polsk:* að hinn nýi biskup skyldi láta allt hlutlaust um samtakaráð pólskra manna *Skír.* 85, 111$_{28}$. pólskur þingmaður 87, 98$_{30}$.

pólstjarna, f., *Polarstjærne*: Enga stjörnu er hægt að sjá í sjálfum pólnum, en í nánd við hann er björt stjarna, sem kölluð er pólstjarnan *BJ.* 4$_{13}$.

pólstraumur (-s, -ar), m., *Polarström*: miðjarðarstraumar og pólstraumar *Björl.* 68$_{17}$. hinn (ɔ: liggur) norðan úr íshhafi og heitir P. *ÞTh. LÍ.* 3$_{6}$.

Pólverji, m., *Polak*: hann átti öll þau ár megnan ófrið við Pólverja *PM. Ág.* 192$_{8}$. Pólverjar gerðu ekki nema ráku upp skellihlátur *Ið.* 2, 121$_{34}$.

pólvindur (-s *el.* -ar, -ar), m., *Polarvind*: pólvindar hafa viða öfug áhrif á lopthita á sumrum við það sem er á vetrum *Björl.* 81$_{27}$. Þar blæs p. 86$_{27}$.

ponta, f., *Snushorn. Feddersen, Paa isl. Grund* 112$_{27}$.

portbygging (-ar), f., *Bygning med Trempelvæggekonstruktion*: Á Hofi hagaði húsakynnum þannig, að p. var *PS. Ast.* 173$_{28}$.

portkonuskapur (-ar), m., *Prostitution*: Fyrst er portkonuskapr óþektr hér á landi *Fk.* $^{29}/_{10}$ 88, 121b$_{56}$.

Portúgal, n., *Portugal*: sá maður af P., er Bartólómeus Diaz hét *PM. Ág.* 167$_{12}$.

portúgalskur, a., *portugisisk*: portúgalskur maður *PM. Ág.* 169$_{5}$. portúgalskt kaupskip *Rób.* 23$_{9}$.

Portúgalsmaður, m., *Portugiser*: Spánverjar og Portúgalsmenn *PM. Ág.* 183$_{28}$. Portúgalsmenn og Spánverjar *Ið.* 3, 251$_{21}$.

portúgískur, a., *portugisisk*: portúgískir flóttamenn *Ið* 3, 250$_{30}$. portúgískir kaupmenn 251$_{5}$.

portæð (-ar), f., *Portaare*: Portæðakerfið eða portæðina má skoða sem viðauka við aðalblóðæðakerfi líkamans *JJ. EML.* 33$_{25}$.

portæðakerfi, n., *Portaaresystem; se* portæð.

póstafgreiðsla, f., *Postexpedition*: H. hefur póstafgreiðslu og stóra sölubúð *Austri* $^{3}/_{7}$ 85, 51a$_{27}$.

póstafgreiðslumaður, m., *Postexpeditør*: hann er þar p. og hefur dálitla verzlun *Austri* $^{3}/_{7}$ 85, 51a$_{27}$.

póstávís|un (-anir), f., *Postanvisning:* að taka móti peningum, sem gefnar eru út póstávísanir fyrir *StA.* 75, 64$_{5}$. Árið 1838 var fyrst farið að hafa póstávísanir *Sm.* 79$_{5}$.

póstembætti, n., *Postembede:* 150 kvenmenn gegna póstembættum í Austurríki *Skír.* 84, 19$_{14}$.

póstembættismaður, m., *Postembedsmand, Postfunktionær*: póstembættismenn *LHA.* 3, 84$_{24}$.

póstferð (-ir), f., *Postlejlighed*: skal gjöra skil fyrir þeim (ɔ: gjöldunum) með fyrstu p., *StA.* 78, 54$_{27}$.

póstgufuskip, n., *Postdampskib:* gjöld af póstgufuskipinu *StA.* 74, 8_{17}.

póstgöngur, f. pl., *Postgang, Postforbindelse, Postkommunikation:* Af þessum ástæðum taldi hann alveg ómögulegt . . . að póstgöngum yrði komið á hér innanlands *BJ. EÓ.* 2_{23}.

pósthús, n., *Posthus:* ef koma þarf bréfi á pósthúsið *KJ. Uf.* 11_{16}. að koma á sambandi í þessa stefnu milli pósthúsanna og sparisjóðanna *Sm.* 79_{25}.

póstkvittunarbók (-**bækur**), f., *Postkvitteringsbog:* ef hann hefur p. með sér *LHA.* 3, 84_{26}.

póstmaður, m., *Postfunktionær:* P. sá, sem snúið er sjer að, ritar það nákvæmlega inn í bók . . ., hversu miklu og hvenær hann hafi tekið á móti *Sm.* 81_{11}.

póstmálalög, n. pl., *Postlov:* er hún (ɔ: uppástunga hans) nú orðin grundvallaratriði í póstmálalögum allra siðaðra þjóða *Skír.* 80, 22_{29}.

póstmálefni, n., *Postvæsen:* síðan hafa póstmálefnin breytzt ákaflega til batnaðar *Sm.* 79_{6}.

póstmeistari, m., *Postmester:* (hann) heimtaði, að póstmeistaranum væri vikið frá embætti *Iðn.* 7, 63_{18}.

póstmerki, n., *Postmærke:* hún leit útaná það (ɔ: brjefið) og sá að það var með Reykjavikur p. *ÞJ. MV.* 2_{18}.

póstsamningur (-**s**, -**ar**), m., *Postkonvention:* meðal annars kom hann á póstsamningi við spönsku stjórnina *Þvf. Alm.* 86, 27_{5}.

póstsparisjóður (-s, -ir), m., *Postsparekasse:* Í sjálfri Lundúnaborg eru 360 póstsparisjóðir *Sm.* 80_{27}.

póststjórn (-**ir**), f., 1. *Postbestyrelse:* ef á þær (ɔ: sendingarnar) er ritað nokkuð, sem eigi er leyft af póststjórninni *LHA.* 3, 88_{20}. — 2. *Postvæsen:* Tillag til póststjórnarinnar *StA.* 74, 12_{9}.

póststöð (-**var**, -**var**), f., *Poststation:* Á p. nokkurri skyldi skipt um hesta fyrir vagni þeirra *Iðn.* 7, 63_{9}.

postulatími, m., *Apostteltid:* Postulatíminn (30—100) *HH. Ks.* 18_{4}.

postulín, n., *Porcelæn:* Vér tölum um auðæfi náttúrunnar, svo sem . . . leir, p., marmara *AÓ. Af.* 207_{11}.

postulínsbobbi, m., *cypræa, Porcelænssnegl:* Postulínsbobbinn (*Cypræa*) er eggmyndaður með bárróttum skelvörum *Gr. Df.* 124_{23}. P. er í hinum heitu höfum *PJ. Ns.* 119_{1}.

postulínsbolli, m., *Porcelænskop:* þeim er borið kaffið í dálitlum leirbollum; stundum eru það postulínsbollar *Iðn. SG.* 109_{17}.

postulínsleir, m., *Porcelænsler:* til að grennslast um hvort p. fyndist ekki víðar á landinu *Gr. Sk.* 91, 67_{20}.

postullega, adv., *apostolisk:* p. hreinlífr í öllu dagfari *Alm.* 85, 41_{16}.

póstumdæmi, n., *Postomraade:* um burðareyri undir sendingar milli hins danska og íslenzka póstumdæmis *StA.* 76, 88_{4}.

póstvagn (-**s**, -**ar**), m., *Postvogn:* hjásetar mínir í póstvögnum *Iðn.* 1, 231_{6}. Um nóttina ókum við á stað með póstvagni til Lundúnaborgar *Rób.* 109_{18}.

póstþjónn (-**s**, -**ar**), m., *Postbetjent:* Póstþjónarnir tæma þá (ɔ: kassana) oft á dag *KJ. Uf.* 11_{18}.

pota (a), vt med dat., *putte:*

(hann) potaði honum niður í horn eitt *PS. Ast.* 155$_{24}$. að p. e-u í vasa sinn.

pottasleikir (-s *el.* -rs), m., *Grydeslikker:* p. vill að minnsta kosti fá að sleikja innan pottinn *TB.* 12, 128$_{8}$.

pottlok, n., *Grydelaag:* að setja skrattans pottlokið að tarna á höfuðið á barninu! *JT. PoS.* 51$_{1}$.

pottur (-s, -ar), m., 1. *Gryde:* Ef vjer setjum pott með vatni yfir eld *Björl.* 27$_{11}$. — 2. *Pot:* Af rauðavíni skal greiða 15 aura af hverjum potti *StA.* 76, 52$_{16}$.

prakkari, m., *Skurk:* allt bölvaðir prakkarar *GP. ÞS.* 14$_{25}$.

prang, n., *Prangen, Prangeri:* Úr garði þessum var það er Kristur rak sölumenn og kaupendur, er saurguðu staðinn með prángi *LLH.* 111$_{8}$.

pratalegur, a., *(om en Hest) ustyrlig, sky.*

prataralegur, a., = pratalegur: þar varð hann p. og hljóp til hliðar *TÞH. SoÆ.* 40$_{23}$.

prédikari, m., *Prædikant, gejstlig Taler:* Þessu máli minu til sönnunar vil jeg kalla fram tvö vitni, tvo ágætustu prjedikara, sem nú eru uppi í heiminum *Ald.* 1, 141$_{20}$.

prédikunarstóll (-s, -ar), m., *Prædikestol:* Sumum hinna nytsömustu kennara í prédikunarstólnum og í skólanum er svo farið, að *TB.* 7, 118$_{24}$. eða hann flutti frá prédikunarstólnum þvilíkar ágætisræður, að *HP. Gr.* 12$_{28}$.

prent, n., *(e.* print), *Tryk:* Væri því óskandi, einhver irði til að koma þessum skirslum á prent *Fjöl.* 2, 3, 48$_{4}$.

prenta (a), vt., *(e.* print), *trykke:* Bæði umræður þingdeildanna og hins sameinaða alþingis verða prentaðar í tíðindum *StA.* 75, 46$_{4}$.

prentari, m., *(e.* printer), *Bogtrykker.*

prentfrelsi, n., *Trykkefrihed:* p. var úr lögum numið *PM. Ág.* 249$_{5}$. Þar væri prentfrelsið ótakmarkað með öllu *Skír.* 79, 90$_{24}$.

prentfrelsislög, n. pl., *Trykkefrihedslov:* landvarnarlög og p. *Skír.* 83, 126$_{8}$.

prenthús, n., *Bogtrykkeri:* hann hefði fyrir tveim eða þremur nóttum komið í p. nokkuð *TB.* 14, 128$_{20}$.

prentlist, f., *Bogtrykkerkunst:* Prentlistin var ekkji tiðkanleg firr en hún var fundin *Fjöl.* 3, 1, 11$_{8}$. Var það ekki . . . annar enn litilmótlegri landi hans, sem fann prentlistina *Auðv.* 47$_{6}$.

prentpappír (-rs), m., *Trykpapir:* Þannig er p. nú venjulega gerðr *Fk.* $^{30}/_{11}$ 85, 86a$_{72}$.

prentsmiðja, f., *Bogtrykkeri:* Í Kioto eru prentsmiðjurnar samkomustaðr lærðra manna og spekinga *Ið.* 3, 244$_{11}$. (hann) átti prentsmiðju *PP. Sms.* 92$_{22}$.

prentsveinn (-s, -ar), m., *Bogtrykkerdreng, Bogtrykkersvend:* sá var p., Reinsdorf að nafni *Skír.* 85, 112$_{29}$.

prentsverta, f., *Bogtrykkersværte:* Í minum augum eru þau (ɔ: blöðin) ekki annað en prentsverta tóm *Skír.* 89, 11$_{7}$.

prent|un (-anir), f., *Trykning:* að prentunin sje, eptir því sem von er á, seint eða illa af hendi leist *Fjöl.* 2, 3, 44$_{24}$. þá er prentuninni var lokið *HH. Lát.* 46$_{8}$.

prentvél (-ar), f., *Trykkemaskine:*

Prentvélin, saumvélin, prjónvélin eru oss ljós dæmi þessa *AÓ. Af.* 90₄.

prentvilla, f., *Trykfejl:* Margt er af prentvillum í bókinni *TB.* 14, 202₈.

prentþröng (-var, -var), f., *Bogtrykkerpresse:* prentþröngin var orðin alveg ónýt *JB. Pr.* 9₉. Vér þurfum ekki að vitna til prentþröngvarinnar *AÓ. Af.* 95₁₆.

pressa (a), vt., *presse, trykke.*

press|un (-anir), f., *Presning:* Svo lærðu menn að ... aðskilja uppleysinguna með p. *Ið.* 3, 143₁.

prestakall, n., *Præstekald:* Garða p. í Gullbringusýslu *LHA.* 3, 79₂₀. Garpsdals og Staðar prestaköll 79₂₆. því rjeð jeg af að sækja um prestakallið Stað *TÞH. SoÆ.* 46₂₂.

prestaríki, n., = prestaveldi: þegar prestaríkið og papískan ógs *Fjöl.* 5, 1, 19₆.

prestaskóli, m., *Præsteskole, Pastoralseminarium, gejstligt Seminarium:* Eptir konúnglegri tilskipun ... áttu þeir (ɔ: latínuskólarnir) að vera prestaskólar (*gejstlige Seminarier*) *Fjöl.* 1, 39₃. líka skyldi stofna þar prestaskóla *LÍ.* 80₂₀.

prestastétt, f., *Præstestand, Gejstlighed:* hvort heldr það er einvaldr konungr, p., höfðingjastétt eða meiri hluti samtíða kynslóðar *Mill* 213₃₁.

prestaveldi, n., *Præstevælde, Hierarki:* Ítalía var öllum löndum fremur í járngreipum hins svartasta prestaveldis *Þvf. Alm.* 85, 25₁₈. það (ɔ: einveldi Mikadóanna) breyttist skjótt í p. *Ið.* 3, 250₂₀.

prestaþing, n., *Kirkething, Kirkemøde, Synode:* P. Íslands (*synodus*) sætti að vera miklu tjölsóttara og afkastameira, en það hefur verið um langan tíma *Ald.* 1, 133₂₇.

prestkjörfundur (-ar, -ir), m., *Præstevalgmøde:* Um þá tíma árs, sem meiri hluti kjörbærra manna úr prestakallinu eru fjarverandi til að stunda atvinnu annarsstaðar, má eigi halda prestkjörfund *Þj.* $^{5}/_{11}$ 86, 193b₁₃.

prestleysi, n., *Præstemangel:* þótt kvartanir heyrist um p. *Fk.* $^{1}/_{12}$ 91, 193a₄.

prestmata, f., *Salær til en Præst el. til Præster:* að frádregnum umboðslaunum, prestmötu, alþingistolli *StA.* 74, 8₂₂.

prestsembætti, n., *Præsteembede:* Stiptamtmaðurinn veitir í nafni konungs öll p. á Íslandi *LÍ.* 80₉.

prestsfólk, n., *Præstefamilje:* Sigrún var mikið inni við hjá prestsfólkinu þann dag *Ið.* 1, 28₂₂.

prestskapur (-ar), m., *Præstevæsen, præstelige Forretninger:* þegar þau höfðu heyrt, hvað þér væri sýnt um prestsskap *GP. ÞS.* 121₂₀.

prestskosning (-ar), f., *Præstevalg:* eg veit það, að prestskosningin hérna á morgun verður mér ekki til áfellis í dómnum *GP. ÞS.* 121₁₂.

prestsseðill (-seðils, -seðlar), m., *Skudsmaal, som en Præst giver:* Fyrir að gefa prestsseðil eður rita á hann, að hann sje sjer sýndur, má prestur að eins taka 6 skildinga *JP. Kirkjur.*[1] 210₂₂.

prestssetur, n., *Præstegaard:* prestsetr eitt undarlega forneskjulegt *Ið.* 1, 206₇. nálægt prestssetri yðar *PP. NS.* 74₂₆.

preststíund (-ir), f., *Præstetiende:* konungstíund, kirkjutíund og p. voru í lok 18. aldar allar saman taldar hjerumbil 3000 rd. *LÍ.* 80₇.

prettinn, a., *bedragersk:* Augu

glettin gaf henni | guð, en prettin heldr *GB.* 15₂₀.

prik, n., *en lille Stok:* Maðurinn dinglaði priki þessu langan tíma fram af leiksviðinu *KJ. Uf.* 59₆. aldrei prik mér skal eg fá *GB.* 385₁₂.

prjál, n., *Flitterstads:* Í heimsins glaumi hygg jeg æ að fljóti | hverfandi skuggar, táldragandi p. *KJ.* 54₂₄.

prjála (a), vi., *prunke:* henni hefði þó verið nær að lifa af þeim (ɔ: reytunum) hjerna á Íslandi, heldur en að vera að p. með þær í Kaupmannahöfn *TÞH. SoÆ.* 19₂₀.

prjálsamur, a., *pragtsyg, glimresyg.*

prjálsemi, f., *Pragtsyge, Glimrelyst:* Eg vildi þú mættir ... forðast p. og glingur *Blk.* 15₁₀.

prjón, n., *Strikning.*

prjóna (a), vt., 1. *strikke, binde:* sem hefðu að minnsta kosti getað prjónað meinlausann duggra-sokk *Fjöl.* 3, 1, 18₂₅. hún saumaði og prjónaði alt er bóndakonan þurfti til heimilisins *Blk.* 60₃. Hesturinn prjónar *Hesten stejler.* — 2. med dat., *indflette:* enn prjónað millum atriðanna orðum okkar sjálfra *Fjöl.* 1, 16₂.

prjónabréf, n., *et Brev Knappenaale.*

prjónakoddi, m., *Naalepude:* við einurð gekk hann fram, | en aldrei við dul | né pukrráð | prjónakodda *GB.* 423₂₀.

prjónapeysa, f., *strikket Trøje:* Hversdagsbúningur kvenna er svört p., svart pils og svört húfa lítil með silkiskúf í *LÍ.* 46₁₄.

prjónaskapur (-ar), m., *Strikning:* p. var næstum eina verkið hennar *Þs.* 1, 409₃.

prjónles, n., *strikket uldent Tøj:* Sama er nú að segja um tvibandspeisurnar og annað p. *AÓ. Af.* 137₂₅. P. þeirra og vaðmál var ekki eins vandað og venja er til heima á Fróni *Skír.* 89, 66₁₂.

prjónn (-s, -ar), m., *Strikkepind; Knappenaal:* svo sem með nálar, prjóna *TB.* 12, 190₂₆. *Pl.* prjónar *Strikketøj:* kona gekk út í kirkjugarð með prjóna sína *Þs.* 1, 286₄. Hún settist þá niður með prjóna sína *PP. NS.* 4₂₀. Síðan lagði hún saman prjóna sína *TÞH. Dr.* 1, 2, 59₉. Vera á prjónunum *være under Arbejde.*

prjónvél (-ar), f., *Strikkemaskine:* spunvélin og prjónvélin *AÓ. Af.* 152₂₀. Þar sá jeg prjónvjel *KJ. Uf.* 67₂₆. prjónvjelar 67₂₂.

próf, n., *Prøve, Examen:* Jafnskjótt og prófinu er lokið í einhverri námsgrein *LHA.* 3, 151₂₄.

prófa (a), vt., *prøve, examinere:* auk þess kennara, er prófar *LHA.* 3, 155₂₄.

prófastsdœmi, n., *Provsti:* skal hann (ɔ: biskupinn) þá fela prófastinum í því prófastsdæmi, þar sem jörðin er, að framkvæma gjörðina *LHA.* 3, 101₁₂.

prófastur (-s, -ar), m., *Provst.*

prófbók (-bœkur), f., *Examensprotokol:* Að loknu hverju ársprófi og burtfararprófi, skal skólastjóri senda stiptsyfirvöldunum skýrslu um þau eptir prófbókunum *LHA.* 3 157₁.

prófborð, n., *Examensbord:* að nemendurnir gengju með meiri ró að prófborðinu *BM. UM.* 63₁₅.

prófdómandi, m., *Censor:* Við hið munnlega próf skulu vera prófdómendur tveir í hverri námsgrein *LHA.* 3, 155₂₃. hann kennir vissar

stundir í viðurvist prófdómenda *Av.* 7, 111₂.

prófdómur (-s, -ar), m., *Censur*: Enginn getur tekið þátt í prófdóminum í nokkurri grein, nema *LHA.* 3, 151₂₁.

prófsfulltrúi, m., *Examenskommissær:* Prófsfulltrúinn tekur til kafla þá, er reyna skal í *LHA.* 3, 155₂₅.

prófsgrein (-ir *el.* -ar), f., *Examensfag:* Prófsgreinirnar við burtfararpróf *LHA.* 3, 145₁₁.

prófsteinn (-s, -ar), m., *Prøvesten*: Fjeð er ekki einungis nokkurs konar p. ... heldur fylgir því mikill máttur og mikil völd *Auðv.* 105₁₄.

próf|un (-anir), f., *Prøvelse:* þangað til hin fyrsta almenna prófun kjörbrjefanna er fram farin *StA.* 75, 28₁₆.

prúðhuga, a. indecl., *ædelmodig:* Frónbyggja dyggra | p. hlýð á | hljóðfagran óð *MJ. Lm.* 59₂₁.

prúðletraður, pp., *elegant trykt:* p. bæklingur á 48 blaðsíðum *Íf.* $^{28}/_{9}$ 89, 309a₅₄.

prúðlyndur, a., *ædelmodig*: prúðlynt hjarta *Lear* 14₂.

prúðmannlegur, a., *nobel:* það var jafnframt í henni (ɔ: röddinni) eitthvað svo prúðmannlegt *Ið.* 6, 144₂₂.

prúðmenni, n., *Gentleman, brav Mand, Hædersmand:* jafnvel þó völdin leggist í hendurnar á prúðmenninu Þórði Þorlákssyni *TÞH. BS.* 284₁₄. hið mesta p. 301₁.

prúðmenska, f., 1. *Höjmodighed, Noblesse:* þá mun eflaust framfarafýsnin og sómagirndin ... blása oss í brjóst dáðrekki, prúðmensku, skörungskap *AÓ. Af.* 25₁₈. — 2. *Belevenhed; Høflighed, Forekommenhed:* Ruddaskapur og siðleysi rjenaði, en prúðmennska fór í vöxt *Ið.* 6, 293₁₁.

prúðnefni, n., *smukt, sirligt Navn:* Vér segjum ekki, að þessi og önnur svipuð p. séu nú hér á Íslandi *Þj.* $^{21}/_{3}$ 92, 53c₂₉.

Prússland, n., *Preussen.*

prússneskur, a., *preussisk:* af hálfu prússnesku stjórnarinnar *Skír.* 85, 111₂₆. prússneska stjórnin *Ið.* 6, 232₁₂.

prýðilega, adv., *fortræffelig:* hann leysti það ætlunarverk p. af hendi *Þús.* 3, 51₂₃.

prýðisgóður, a., *fortræffelig, fortrinlig:* Eptir máltíðina gaf hann mér alklæðnað prýðisgóðan af sjálfum sér *Rób.* 105₂₆.

prýðisvel, adv., *overordenlig godt, fortræffelig*: Bjarni söng p. *GP. ÞS.* 109₁₈.

prýkka (a), vi., *forkönnes:* garðurinn prýkkar við að auðgast af nýjum tegundum *Sk.* $^{22}/_{7}$ 82, 70a₂₆.

pú, n., *Aanden, Pusten:* Púið í Húsavík *Huld*, 2, 74₁₉. Einkanlega var það þetta ámátlega pú, sem opt heyrðist í hlöðunni 2, 75₁₈.

púa (a), vi., *aande, puste:* Heyrðist þar púað ónotalega *Huld.* 2, 75₉. Púaðu betur 75₂₃. (skaltu) bara p. svona út í loptið *Ið.* 6, 288₁₁.

púður, n., *Krudt*: Jeg bar inn í hann (ɔ: hellinn) nægan forða af púðri og blýi *Rób.* 76₂₇.

púðurforði, m., *Krudtforraad:* Ef nú eldingu lysti niður í allan púðurforðann þinn *Rób.* 41₂₆.

púðurhorn, n., *Krudthorn*: fult p. *Rób.* 38₂. hafði jeg látið í hana (ɔ: veiðitösku mína) p. mitt 57₂.

púðurhús, n., *Krudtkammer*: loks-

ins kviknaði í púðurhúsinu *Austri* $^{3}/_{7}$ 85, 52a10.

púðurkastali, m., *Krudttaarn:* að hann fái sér í hendur vopnabúrið og púðurkastalann *Fjöl.* 4, 2, 18a8.

púðurreykur (-jar, -ir), m., *Krudtrøg, Krudtdamp:* Baðstofan var orðin full af púðurreyk *Þs.* 1, 316a8. nú getr það (ɔ: riddaraliðið) ekki lengr skákað í skjóli við púðurreykinn *Fk.* $^{19}/_{9}$ 89, 112a6.

púðurstikill (-stikils, -stiklar), m., *Krudthylster, Patron:* fundu löggæzlumenn í fylgsni einu 2000 púðurstikla *Skír.* 88, 49a8.

púðursvæla, f., *Krudtdamp:* púðursvælan hylr ekki hryllingsjón bardagans *Fk.* $^{19}/_{9}$ 89, 112a36.

púðursykur, n. *el.* m., *Puddersukker, Farin:* 1 pd. p. *EB. Kf.* 26a6. púðursykurinn er látinn í leirkrukku 90a7. þannig myndast hrásikr . . . sem er líkr púðrsikri *Fk.A.* $^{9}/_{9}$ 90, 35b24.

púðurtunna, f., *Krudttønde:* nokkrar púðurtunnur *Rób.* 34a8.

púkabit, n., *scabiosa succisa. Mohr* 159a17. *succisa pratenensis, Eng-Djævlebid. Grl.* 81a8. *Av.* 19, 151a36.

púkalegur, a., *dæmonisk:* það var sá hlátr, sem þingmaðr einn 1881 kallaði í ræðu „dæmoniskan" (púkalegan) hlátr *Fk.* $^{27}/_{7}$ 85, 58b28.

púkaletur, n., *Djævleskrift:* hann veit á púka-letur þú ert kæs *GT.* 115a.

púki, m., *Smaadjævel.*

pukur, n., *Smug, Skjul, Hemmelighed;* í pukri *i Smug, i Skjul, hemmelig:* hann tók í pukri peningalán *Ib.* 1, 50a. þó þar sé enn þá farið með neitanina í nokkurskonar pukri *Ald.* 1, 79a12.

pukurráð, n., *hemmelig Plan; se* prjónakoddi.

púlt, n., *Pult:* p. blátt að lit *PS. Ast.* 310a28.

pungagras, n., *silene maritima, Strand-Limurt. Grl.* 31a17. á við og dreif eru pungagrös *(silene maritima)* um sandana *Av.* 16, 47a12.

pungarfi, m., *thlapsi bursa pastoris, Hyrdetaske. Mohr* 198a17. *OH. Gf.* 237a8.

pungurt (-ir), f., *capsella bursa pastoris Mænch., almindelig Hyrdetaske. Grl.* 46a2.

pungvör (-varar, -varir), f., *coeloglossum viride Hartm., grön Poselæbe. Grl.* 96a19.

punktastrik, n., *punkteret Linje:* punktastrykið beina *Björl.* 11a12. með punktastryki 45a11.

punktur (-s, -ar), m., *Punkt, Prik:* nú er enginn munur á punkti og stað punktsins *TB.* 6, 70a2.

púns, n., *Punsch:* H. bar honum von bráðara glas af heitu púnsi sterku *Ib.* 3, 270a28.

púnsbolla, f., *Punschebolle, Bolle Punsch:* nú skulum við fá okkur eina púnsbollu *Rób.* 7a12.

punthali, m., *aira, Bunke. OH. Gf.* 101a5. *Grl.* 127a7.

punttegund (-ir), m., *Slags Rottehale:* fann jeg p. eina, *Milium effusum*, sem ekki var áður vissa fyrir að yxi hjer á landi *Av.* 18, 20a21.

puntur (-s), m., *phleum, Rottehale. OH. Gf.* 95a28. *Grl.* 128a28.

Púnverjar, m. pl., *Pœnere, Karthaginiensere.*

púnverskur, a., *punisk:* hið fyrsta púnverska stríð *PM. Ág.* 65a16. af því að púnversk tunga hafði verið töluð í Kartagó *HH. Ks.* 169a12.

púpa, f., *Puppe:* þegar komið er

undir að þeir (ɔ: maðkarnir) verði að púpum *HF. Kv.* 1, 71₁₁. Í þessu ástandi kallast dýrið „púpa“ *PJ. Ns.* 106₂₈.

púpuhíði, n., *Puppehylster, Puppespind*: þegar það loksins skríður út úr púpuhíðinu, er það fullkomið skorkvikindi *PJ. Ns.* 106₂₉.

purpurablómstur, n., *epilobium, Dueurt. BH. Grn.* 168₂. *OH. Gf.* 170₁₄.

purpurageisli, m.. *Purpurstraale, purpurfarvet Straale*: sólin blessuð bendir mjer með purpurageislum sínum, að nú sje komið mál til þess að eg leggist til hvildar *TÞH. SoÆ.* 81₂₈.

purpuraglóð, f., *Purpurglød*: og pýramiðarnir í fjarska sveipast p. *Ið.* 3, 236₁.

purpuraklæði, n. pl., *Purpurklædning*: englarnir þar eru klæddir purpuraklæðum *Sw. VE.* 218₂₅.

purpuralitur, a., *purpurfarvet*: allar þessar margyddu tindaraðir námu dimmbláar við purpuralitt loptið *Av.* 19, 112₁₇.

purpuraskikkja, f., *Purpurkappe, Purpurkaabe*: purpura-skikkju | skrýddur dýrri *KJ.* 44₁.

purpurasteinn (-s, -ar), m., *Porfyr*: var loptið úr purpurasteini og alsett perlum *Þús.* 1, 90₁₁.

pússa (a), vt., *(jf. fr.* épouser *ægte)*; p. saman *ægtevie.*

púss|un (-anir), f., *Brudevielse.*

pússunartollur (-s, -ar), m., *Betaling for Brudevielse*: guðsmaðurinn, sem gaf þau saman, tók úrið hans upp í pússunartollinn *Þvf. Alm.* 85, 39₂.

púta, f., *Skøge.*

puti, m., *Finger*, Er það hönd og p. smár? *MJ. Lm.* 52₂₂.

pútnahaldari, m., *Horevært*: að sekta eða fangelsa pútna-haldarann *Mill* 201₈.

pylsa, f., *Pølse.*

pyngja, f., *Pengepung*: Var málanum útbýtt meðal þeirra í gullnum pyngjum *Þús.* 1, 97₉. fjekk yngiskonan Hassan pyngju 134₁₄.

pynta (a), vt., *(i Oldsproget* pynda (i), *besvære, betynge, tvinge), martre*: Hann mundi leita allra bragða til að pinta oss hinum hörðustu kvöllum *AK.* 58₂₂.

pynting (-ar), f., *Pinsel, Tortur*: Hún ætti að þjázt þreföldum pintingum við það, sem María varð að líða saklaus *Blk.* 113₇.

pýramíða, f., *Pyramide*: Herodot ... fór að skoða pýramiðurnar *Ið. SG.* 154₂.

pýramíði, m., *Pyramide*: Því pýramiðar séu í laginu eins og eldslogi *Ið. SG.* 154₁₂. pýramiðarnir í fjarska *Ið.* 3, 235₂₁.

pytla, f., (*fr.* bouteille), *en lille Flaske*: Eg held mjer við pitluna *Þús.* 3, 65₂₈. Í rökkrinu kom hann svo til Sveins góðgladur og með pyttlu í vasanum *GP. ÞS.* 45₁₄. tveir menn sátu með pytluna á milli sín *BM. Ftm.* 35₈.

pækill (-s), m., (*e.* pickle), *Lage, Saltlage*: þaðan fjellu straumar miklir af pækli *JT. PoS.* 36₂₁. Sumt af þessum fiski er saltað í pækil *Av.* 19, 166₁

pækilsalta (a), vt., *lagesalte*: 'Laberdan' er þorskur pækilsaltaður í tunnur *Av.* 19, 166₁₇. Eiga þau (ɔ: hrognin) að vera pækilsöltuð 232₂₈.

pæla (i), vt., *ophakke*: Jeg pældi nú upp allstórt petti *Rób.* 48₂₄.

pönnukaka, f., *Pandekage*: má hafa þá (ɔ: leggina) með steik og innan í pönnukökur *EB. Kf.* 30₁₈.

pöntun (pantanir), f., *Bestilling (af Varer og andre Ting).*

pöntunarfélag, n., *Varebestilingsselskab, Brugsforening:* hafa sauðir pöntunarfélags Dingeyinga og Eyfirðinga selzt betur en nokkurt annað fje frá Íslandi seldist á Englandi í haust *KJ. Uf.* 32₂₀.

pöróttur, a., *kaad, tvorn:* þessir strákar eru orðnir svo pöróttir, að það er ósköp að vita til þess *Ið.* 6, 197₁₉.

R

rabba (a), vt., *snakke, tale:* Jeg vildi satt væri . . ., að hjer kæmi einhver að r. við okkur *JT. PoS.* 131₁₉. þú liður henni ekki' um slikt að r. *GT.* 36₇.

ráð, n., 1. *Raad;* gera ráð fyrir, a) *forudsætte, antage:* þá væri gert ráð fyrir, að þær (ɔ: eignirnar) gæfu af sjer 10 af hundraði árlega *LÍ.* 80₂. jeg gerði r. fyrir, að þar mundi móðir min vera grafin *Rób.* 109₂₄. — b) *aftale, bestemme:* Svo förum við fram á Bakka á morgun, eins og við gerðum ráð fyrir *Ið.* 3, 86₁₄. — 2. *Middel:* vjer verðum að neyta allra heiðarlegra ráða til þess að komast hjá henni (ɔ: fátæktinni) *Sm.* 24₁₂. — 3. *Forstand:* ekki með öllu ráði *ikke ved sine fulde fem. Mill* 194₆.

ráða (ræð, ráðum; réð, réðum; ráðinn), vt., *raade, herske; give Raad, tilraade.* R. e-m frá e-u *fraraade en noget:* enda réð Thiers ... þeim sterklega frá því *PM. Ág.* 260₂₁. Ráðast í *beslutte sig til, give sig til, foretage:* þess vegna ræðst jeg í að taka þetta „eitt" *Fjöl.* 3, 1, 17₂. höfundurinn hefir ráðist í að ifirgefa söguna 3, 1, 28₄. *Impers.*, ræður að líkindum *er sandsynligt:* enn ekkji að síður ræður að líkjindum, að *Fjöl.* 3, 1, 58₂₄. einsog að likindum ræður *som man nok kan tænke sig Þús.* 3, 60₁₁. *I præteritum indicativi bruges nu undertiden* réði *og* réðist *for* réð *og* réðst: af því rjeði hann það og sannaði, að *Urs.* 162₂₅.

raða (a), vt. med dat., *ordne:* eingin dauðleg hönd lyptir fortjaldi ókomins tíma, hinu megin við það r. dagarnir niður gjöfum sinum *Myn.* 68₂₂.

ráðabrot, n. pl., *Planer:* England, sem langmest hætta er búin af ráðabrotum Rússa í austrheimi *Fk.* $^{29}/_{10}$ 86, 78b₂₆.

ráðabrugg, n., *Anslag, Plan, Planer:* slikt r. var enn ísjárverðara fyrir skapnaðarbrest, er konungsson hefir *Ið.* 5, 351₂₂. Sagði L. honum frá öllu ráðabrugginu 3, 241₂₂.

ráðagerð (-ir), f., *Forehavende Plan:* hvurnin list yður á þessa ráðagjörð? *JT. PoS.* 134₆. er þegar í upphafi samin r. *(plan)* um verkið *Ið.* 4, 423₁₂.

ráðagóður, a., *raadsnild, klog:* hinn ráðagóði Odysseifur *Il.* 1, 14₁₂.

ráðahagur (-s), m., *Parti:* ráðahagurinn er í alla staði góður *TÞH. BS.* 287₅₇.

ráðalaus, a., *raadvild, forlegen:* Stina litla gekk r. upp og ofan með læknum *TÞH. SoÆ.* 70₂₇.

ráðaleysi, n., *Raadvildhed, Forlegenhed:* Þau voru margopt í ráðaleýsi, hvar þau settu að fá sér mat

Fjöl. 1, 147₆. eg klifraðist í r. upp í hátt trje *Þús.* 1, 292₇.

ráðanautur (-s, -ar), m., *Raadgiver:* Er rjettara að sitja ofan á konu sinni, enn að hafa hana fyrir ráðanaut? *TÞH. SoÆ.* 56₉.

ráðaneyti, n., *Ministerium:* Frère Orban kvaddi konungr til að skipa hið nýja r. *Skír.* 79, 72₂₄. liggr þung hegning við að fara niðrandi orðum um ráðaneytið *Fk.* $^{30}/_{11}$ 85, 86b₇₀.

ráðasvið, n., *Omraade:* til að færa r. sitt út á Balkanskaga *Skír.* 87, 24₃₀.

raddarhljóð, n., *Vokallyd:* þó að *au, ei,* sjeu öll r. *Fjöl.* 2, 1, 8₂₅.

raddarstafur (-s, -ir), m., *Vokal, Selvlyd:* hvurt sem menn vilja heldur kalla firri myndina (*j*) raddarstaf eða samhljóðanda *Fjöl.* 2, 1, 8₂₉.

raddarstigi, m., *Tonestige:* þvínæst hafði hún yfir öll hljóð raddarstigans *Þús.* 2, 116₁₇.

raddband, n., *Stemmebaand:* Innan í barkakýlinu eru samhliða bönd, raddböndin *JJ. EML.* 68₃₀. þar liggja raddböndin *PJ. Ns.* 23₁₄.

ráðdeild, f., *Forstand, Forsynlighed, Huslighed:* hann þurfti á mikilli r. og þolinmæði að halda *PP. Sms.* 36₆. ef ungir menn lærðu að meta, sem vert er, góðan þokka, vandað hugarfar, r. og dugnað hjá stúlkum *Sm.* 126₂₃.

ráðdeildarkona, f., *forstandig, forsynlig, huslig Kvinde:* Katrín var kvenval og r. *HH. Lút.* 41₁₅. Björg var vel fjáð með stórt bú og r. *TÞH. SoÆ.* 26₃₀.

ráðdeildarlega, adv., *forstandig, forsynlig, økonomisk:* Sveinn yrði sjálfsagt efnaðr innan skamms, ef r. væri með farið *GP. ÞS.* 40₂₁.

ráðdeildarmaður, m., *forsynlig Mand:* Ingveldur taldi Guðmundi það til gildis, að hann væri r. *JT. PoS.* 49₃₁.

ráðdeildarsamur, a., *forsynlig, huslig:* Sá, sem á ráðdeildarsama konu, mun hafa mikinn stuðning hjá henni til þess að leggja eigi meir í kostnað en efnin leyfa *Sms.* 121₂₁. hvorki verkséður né hagsýnn né r. *Ið.* 6, 210₁₀.

raddfagur (-ran), a., *som har smuk Stemme:* Ránfuglar (eru) eigi litprúðir eða raddfagrir *Sk.* $^{19}/_{8}$ 78, 295₅₄.

raddfegurð, f., *Stemmens Skönhed, skön Stemme, Vellyd, Eufoni:* r. og óþreytandi starfsemi samfara undraverðu fjöri og lífsgleði *Sk.* $^{19}/_{9}$ 78, 289₄₉.

raddfæri, n., *Stemmeredskab, Stemmeorgan:* afreksverk raddfæranna og fimleikans *AÓ. Af.* 121₂₃.

raddhljóð, n., *Vokallyd:* hin forna rjettritun raddhljóðanna *TUM.* 2, 14₂₅.

raddhljóðakerfi, n., *Vokalsystem:* þó hefur raddhljóðakerfið breist á þessum tíma *TUM.* 2, 13₂₅.

raddlaus, a., 1. *stemmeløs:* Af því þeir (ɔ: fiskarnir) lifa ekki í loptinu, sem ollir því að hljóðin geta orðið til, eru þeir líka raddlausir *Fjöl.* 2, 2, 6₂₄. — 2. *klangløs:* vonin mín hrærir við raddlausum streng *ÓS.* 36₅.

raddop, n., *Stemmeridse:* á milli þeirra (ɔ: raddbandanna) er mjó rifa (raddop, hljóðrifa) *JJ. EML.* 68₂₁.

raðfeldur, pp., *rækkevis:* enda ekki þó raðfeldar skothríðir riðu af frá heilum herflokki í einu *Fk. A.* $^{25}/_{11}$ 90, 46b₂₇.

ráðfréttastofa, f., *Konsultations-*

værelse: þjónustustúlkan sagði, að maður biði hans í ráðfréttastofunni *PP. NS.* 79₁₀.

ráðfœra (í), vt., *raadføre*: mærin ráðfærði sig við móður sína um, hvers hún ætti að biðja *Tang* 104₈. Mjer er það miklu fremur hin mesta gleði að eiga þá konu, er jeg get ráðfært mig við *TÞH. SoÆ.* 56₇.

ráðgast (a), v. refl., *raadslaa*: þau rádgudust um sín á milli *HF. Kv.* 1, 156₁₂.

ráðgátulega, adv., *gaadeagtig*: stjórnarforseti talaði heldur r. um samband og samheldi vesturþjóðanna *Skír.* 83, 25₁₉.

ráðgefandi, ppræs., *raadgivende*: er ið ráðgefanda alþingi var stofnað *JÓ. Jafnr.* 17₁₆. loks veitti hann þegnum sínum r. þing *Ið.* 7, 57₂₄.

ráðgera (í), vt., *beslutte, planlægge*: það er maður, sem ráðgerir margt *PS. Ast.* 230₁₅.

ráðgerður, pp. *kalkuleret, paaregnet*: hinar þannig ráðgjörðu tekjur *StA.* 75, 68₂₅.

ráðgjafarþing, n., *raadgivende Forsamling*: það er r. *Skír.* 55, 21₅.

ráðgjafaskifti, n. pl., *Ministerskifte*: enginn heyrði neitt um ráðgjafaskipti *Skír.* 55, 9₂₇.

ráðgjafi, m., 1. *Raadgiver*. — 2. *Minister*: hann var opt r. *Sm.* 37₁₆. á þeim tímum, er ráðgjafinn tiltekur *Av.* 7, 94₈.

ráðherra, m., 1. *Raadsherre, Senator*: voru að því starfi smiðir og ráðherrar, klerkar og liðsmenn *Fjöl.* 4, 2, 15₈. Tarkvinius kúgaði bæði ráðherrana og aðra *PM. Ág.* 56₄. — 2. *Minister*: Löggjafarvaldið er nýbúið að stofna stjórnardeild fyrir uppeldismál og setja r. yfir *TB.* 7, 155₁₁.

ráðlag, n., *Fremgangsmaade*: firr enn vjer förum að hafa hugsun á og atorku til að fara öðru ráðlagi fram í þessu, enn almennt er *Fjöl.* 5, 1, 31₂₂.

ráðlaus, a., 1. *raadløs, raadvild*. — 2. *forvirret*: að guð hafi látið lifið kvikna og gefið það so á vald ráðlausum kræptum tilviljunarinnar *Myn.* 129₁₇.

ráðlauslegur, a., *planløs*: var þannig öll tilhögun ráðlausleg og engin stjórn á neinu *Ið.* 6, 202₂₁.

ráðlegging (-ar), f., *Raadgivning, Forskrift, Formaning*: hvort þessi orð tákni að eins vinsamlega r. um það, hvar hentast sé bústað að velja *Maur.* 53₂₈. mestar aðgjörðir læknanna verða því skriflegar ráðleggingar *LÍ.* 86₂₅. samt fanst honum það skylda sín að halda áfram ráðleggingum sínum *Blk.* 73₈.

ráðleggja (-legg, -leggjum; -lagði, -lögðum; -lagður), vt. med dat. og acc., *give Raad, tilraade*: Frú C. ráðlagði mjer að reyna til að sofna *PP. NS.* 22₂₇.

ráðleysa, f., *Raadvildhed*.

ráðleysingi, m., *uforsynlig, uøkonomisk Person*: hefir þetta bann ... nokkuð heft um stundarsakir straum letingja og ráðleysingja að sjónum *TB.* 4, 212₂₁. menn geta heldur ekki átt þessi viðskipti við aðra en örsnauða menn og ósjálfbjarga ráðleysingja *Br.* 3, 107₈.

ráðleysislegur, a., *vidnende om Raadvildhed*: augna tillit hans var hvikult, ørvæntingarfullt og rádleysislegt *HF. Kv.* 1, 51₂₀.

ráðning (-ar), f., *Forklaring, Løsning*: Ráðningu þessarar gátu

er ekki að finna í hinu sýnilega *Myn.* 78$_{12}$.

ráðríki, n., *Herskesyge:* hann vildi hrinda af sjer r. Rússa *Íf.* $^{24}/_{11}$ 86, 189c$_{28}$.

ráðríkur, a., *herskesyg, myndig:* Spartverjar voru ráðríkir og sérdrægir *PM. Ág.* 38$_{20}$. en r. þótti hann nokkuð um flest hjeraðsmál *Verð.* 85$_{22}$.

ráðrúm, n., *Raaderum:* Hin góða röddin í brjósti hans hafði nú fengið r. til að tala *TÞH. BS.* 284$_{19}$.

ráðsálykt|un (-anir), f., *Raadsbeslutning, Beslutning:* það, sem hann boðar, var frá eylífð hulið í ráðsályktunum guðs *Myn.* 96$_{21}$. upprunalega þýddi þetta gríska orð opinber r. *Ald.* 2, 118$_{14}$.

ráðsettlega, adv., *med Besindighed:* bádir töludu r. sínu máli *HF. Kv.* 1, 17$_{21}$.

ráðsettur, a., *besindig:* eg, sem er yngstur okkar bræðra, er r. og orðfár *Þús.* 2, 60$_{20}$. Hún var svo hyggin og ráðsett *Þj.* $^{25}/_{2}$ 82, 14a$_{28}$.

ráðskona, f., *Husholderske:* Við höldum 3 vinnukonur, sem sé: eldabusku, þjónustusttúlku og ráðskonu *PP. NS.* 62$_{24}$.

ráðskonuskömm (-skammar, -skammir), f., *jammerlig Husholderske:* skárri eru konurnar enn þessar ráðskonuskammir *JT. PoS.* 41$_{4}$.

ráðsmaður, m., *Avlsforvalter, Bestyrer af en Husholdning.*

ráðsmenska, f., 1. *Bestyrelse af en Husholdning,* — 2. *Handelsbestyrelse:* rægði einhver af þeim (ɔ: kaupmönnunum) hann svo við lánardrottinn sinn, að hann setti hann frá ráðsmenskunni *JT. PoS.* 69$_{9}$.

ráðsnillingur (-s, -ar), m., *en raadsnild, klogtig Mand:* eg vildi óska, að eg hefði tíu slíka ráðsnillinga meðal Akkea *Il.* 1, 42$_{2}$.

ráðstafa (a), vt. med dat., *træffe Foranstaltninger ang. noget, ordne:* r. arfskiptum eptir mig með erfðaskrá *Þús.* 1, 25$_{2}$. R. þínu húsi *Tang* 69$_{15}$.

ráðstofa, f., *Raadstue.*

ráðstofukjallari, m., *Raadstuekælder:* Árið 1342 þurfti að banna það í Göttingen, að hægja sjer í ráðstofukjallaranum *Ið.* 6, 100$_{3}$.

ráðstöfun (-stafanir), f., *Foranstaltning:* Kannast Norðlendingar við, að komið hafi að góðu haldi r. amtmanns þeirra *Fjöl.* 3, 2, 5$_{18}$. andi hans beygir sig undir þá r. frelsisins, sem *HGTh.* 72$_{20}$.

ráðstöfunarhöfn (-hafnar, -hafnir), f., *Ordrehavn:* aðrir farmar ... voru óseldir, er þeir komu í r. *Íf.* $^{4}/_{2}$ 91, 38b$_{10}$.

ráðsöldungur (-s, -ar), m., *Senator:* Var þar viðstaddr fjöldi þingmanna og ráðsöldunga *Fk.* $^{22}/_{2}$ 88, 24a$_{24}$.

raðtala, f., *numerus ordinalis, Ordenstal:* frumtölur og raðtölur *VÁ. Ritr.* 10$_{18}$.

ráðtekja, f., *Beslutning:* það sem ritað hefir verið og deilt um þá ráðtekju hans *Sk.* $^{31}/_{1}$ 79, 20$_{22}$.

ráður (-s, -ar), m., *Bestyrer, Besidder:* allir báðu ýtar góðs | ungum ráði sverða *LB. RF.* 1, 37$_{4}$. svo ei slingur flæmi frið | fleina í iðju r. sveita 3, 30$_{4}$.

ráðvandur, a., *redelig, retskaffen.*

ráðvendni, f., *Redelighed, Retskaffenhed:* á götu sakleisis og r. *Fjöl.* 3, 1, 72$_{22}$. fegurð ráðvendninnar *Blk.* 87$_{14}$.

ráðvitringur (-s, -ar), m., *raadsnild, kløgtig Mand:* forsjálir ráðvitringar *Skír.* 84, 46$_{12}$.

rádýr, n., *Raadyr:* tamið r. *Sak.* 29$_{15}$.

ráðþæginn, a., = ráðþægur: *villig til at følge andres Raad, føjelig*: vert nú bæði sjálfur ráðagóður og r. við aðra *Il.* 1, 41$_{20}$.

raf, n., Rav (*l.* electrum, *gr.* ἤλεκτρον): hástóll úr rafi *Þús.* 1, 171$_{19}$. *Som første Sammensætningsled af et Ord kan* raf *bruges i adjektivisk Betydning: elektrisk. Formen* rafur *er urigtig.*

raffæri, n. pl., *elektriske Apparater*: viðhald slíkra raffæra *Fk.* $^{15}/_{11}$ 94, 177a$_{25}$.

rafgneisti, m., *elektrisk Gnist*: Sumir hafa jafnvel haldið, að sólin væri slíkur afarstór knøttur, er snarsnjerist og nerist við ljósvakann og sendi svo frá sjer rafurgneista *Urs.* 11$_{17}$.

rafhit|un (-anir), f., *elektrisk Opvarmning*: Raflýsing og rafhitan *Íf.* $^{10}/_{11}$ 94, 290a$_{25}$.

rafljós, n., *elektrisk Lys*: málþræðirnir og rafljósið *Fk.* $^{9}/_{7}$ 87, 75a$_{71}$. Hvort verðr ódýrara olíuljósið eða rafljósið? *Fk.* $^{15}/_{11}$ 94, 178a$_{6}$.

raflýsa (1), vt., *belyse ved elektrisk Lys:* til að r. Reykjavíkrbæ *Fk.* $^{15}/_{11}$ 94, 177a$_{17}$.

raflýsing (-ar), f., *elektrisk Belysning; se* rafhitun.

rafmagn, n., *Elektricitet*: segulmagnið, rafmagnið *AÓ. Af.* 18$_{15}$. Aska er eigi annað en smámulið hraun eða vikur; þar sem hún svífur í stórum skýjum yfir gosinu, safnast að regnvæta og r. *Av.* 6, 56$_{6}$.

rafmagnaður, pp., *elektrisk:* rafmagnaðir vígahnettir *Björl.* 61$_{10}$. hvert heimili fær svo mikið sem það þarfnast af rafmagnsstraumi, er veitir hverjum afkyma í húsunum ljómandi birtu úr rafmögnuðum bogalampa *Ið.* 2, 91$_{23}$.

rafmagnsbað, n., *elektrisk Bad:* og sjálfur er hann (ɔ: líkaminn) í rafurmagnsbaði *Fisch. Ef.* 407$_{31}$.

rafmagnsbirta, f., *elektrisk Belysning*: Allar stórhallir og opinber hús þar ljóma nú í rafmagnsbirtu *Ið.* 3, 148$_{16}$.

rafmagnsbraut (-ir), f., *elektrisk Jærnbane:* Í apríl 1884 var lögð r. hjá Wien *TB.* 7, 305$_{6}$.

rafmagnsberi, m., *Elektrofor*: Hver er höfundur rafurmagnsberans? *Fisch. Ef.* 409$_{29}$.

rafmagnsegull (-s), m., *Elektromagnet*: rafurmagn-segullinn getur orðið svo sterkur, að *Fisch. Ef.* 405$_{6}$.

rafmagnsfræði, f., *Læren om Elektricitet, Elektrologi:* framfarahorfur rafmagnsfræðinnar *Fk.* $^{10}/_{7}$ 85, 51b$_{34}$.

rafmagnsfræðingur (-s, -ar), m., *Elektriker:* þar sem inn ágæti þýzki r. var kominn *Ið.* 2, 87$_{31}$. hann er frakkneskr og mikill r. 92$_{11}$.

rafmagnsgneisti, m., *elektrisk Gnist:* slíkir rafmagnsgneistar eru mjög heitir *Þvf. Alm.* 81, 59$_{22}$.

rafmagnshengill (-hengils, -henglar), m., *elektrisk Pendul*: Hvernig er rafurmagnshengillinn? *Fisch. Ef.* 409$_{9}$.

rafmagnsiðnaður (-ar), m., *Elektroteknik:* hefir rafmagnsiðnaði (*Elektrotechnik*) ákaflega fleygt fram *Ið.* 3, 146$_{22}$.

rafmagnsjárnbraut (-ir), f., *elektrisk Jærnbane:* auk allra annara fádæma, sem rafmagn er nú brúk-

að við, svo sem rafmagnsjárnbrautir *Þj.* 17/5 89, 86c31.

rafmagnskastali, m., *elektrisk Batteri:* menn uppgötvuðu rafurmagnskastalann *Fisch. Ef.* 409$_{24}$.

rafmagnsklukka, f., *elektrisk Klokke:* þá hringir r. fjær eða nær fyrir innan *KJ. Uf.* 10$_{3}$. í hverju herbergi er r. *Ið.* 5, 310$_{3}$.

rafmagnslampi, m., *elektrisk Lampe:* Undir foss þennan var raðað rafmagnslömpum *KJ. Uf.* 62$_{14}$.

rafmagnsleiðsla, f., *elektrisk Ledning, elektrisk Transmission:* R. er nú komin á í New-York í jörðu niðri *Ið.* 2, 91$_{22}$.

rafmagnsleysing (-ar), f., *Elektrolyse:* Til þessara leysinga er venjulega hafður Galvansstraumur, og kallast þetta r. *Gr. Ef.* 43$_{22}$.

rafmagnsljós, n., *elektrisk Lys:* Á þessu er tilbúningur rafmagnsljóssins byggður *Þvf, Alm.* 86, 40$_{18}$. Rafmagnsljósið gengur að birtu næst sólarljósinu 41$_{5}$.

rafmagnslýsing (-ar), f., *elektrisk Belysning:* til að koma á rafmagnslýsingu *Ið.* 2, 75$_{31}$.

rafmagnsmálþráður (-þráðar, -þræðir), m., *elektrisk Telegraf:* ef vjer hefðum án verið rafmagns-málþráðarins *Björl.* 90$_{16}$.

rafmagnsmælir (-s *el.* -rs), m., *Elektrometer:* rafurmagnsmælir Bonenbergs *Fisch. Ef.* 410$_{17}$. Henleys og Bennets rafurmagnsmælar 409$_{10}$.

rafmagnsnál (-ar), f., *elektrisk Naal:* Hvernig er rafurmagnsnálin? *Fisch. Ef.* 409$_{10}$

rafmagnssafnvél (-ar), f., *dynamo-elektrisk Maskine:* rafmagnssafnvélar *Ið.* 2, 79$_{15}$.

rafmagnsstraumur (-s, -ar), m., *elektrisk Ström:* að flytja vinnuafl með rafmagnsstraumi *TB.* 7, 304$_{22}$.

rafmagnssveipur (-s, -ir *el.* -ar), m., *elektrisk Hvirvel:* Honum reynist, að ef skip hefir málþráð í eftirdragi, er festr sé við rafmagnsvél í skipinu, þá myndist r. umhverfis skipið *Fk.* 13/4 86, 27b$_{67}$.

rafmagnstól, n., *Elektrisermaskine:* Sumir hafa haldið að sólarljósið væri rafurmagnsljós og náskilt gneistum þeim, er tindra úr glerknøttum hinna fornu rafurmagnstóla *Urs.* 11$_{14}$.

rafmagnsvaka-afl, n., *elektromotorisk Kraft:* Aflið sem starfar í öllum þessum viðburðum kalla menn rafurmagnsvaka-afl *Fisch. Ef.* 393$_{4}$.

rafmagnsvaki, m., *Elektromotor:* Allir þeir málmar, sem hinir framan nefndu viðburðir verða gjörðir með, eru kallaðir rafurmagnsvakar *Fisch. Ef.* 392$_{5}$.

rafmagnsvél (-ar), f., *Elektrisermaskine:* höfundur rafurmagnsvélarinnar *Fisch. Ef.* 187$_{12}$.

rafmagnsvindur (-s *el.* -ar), m., *elektrisk Vind:* til þess að rafurmagnsvindurinn ... mæði á hinum sjúka parti líkamans *Fisch. Ef.* 407$_{22}$.

rafsegulafl, n., *Elektromagnetisme:* Alla þessa viðburði kölluðu menn nú rafursegulaflaða (*elektromagnetiske*) og hið sameinaða afl, sem í þeim starfaði, rafursegulafl *Fisch. Ef.* 403$_{5}$. Danskur hugvitsmaður fann ... rafsegulaflið *Sm. HÞS.* 41$_{22}$.

rafsegulaflaður, a., *elekromagnetisk. Se* rafsegulafl.

rafsegulmagn, n., *Elektromagnetisme:* þegar hann (ɔ: Örsted) fann rafsegulmagnið *Skír.* 84, 21$_{11}$.

rafsegulmagnaður, a., *elektromagnetisk.*

rafsegulþráður (-**þráðar**, -**þræðir**), m., *elektrisk Telegraf*: rafsegulþræðirnir báru gleðifregnina . . . út um allan heim *Av.* 6, 131$_{34}$. á þessari öld dagblaða, járnbrauta og rafsegulþráðarins *Mill* 184$_{14}$.

rafstraumur (-**s**, -**ar**), m., *elektrisk Ström*: sé þá rafstraumrinn sendr frá aflvakanum eftir leiðurum *Fk.* $^{15}/_{11}$ 94, 177b$_{30}$.

raga (**a**), vt., *vrage, sortere*: fiskurinn á að vera . . . vel 'ragaður' *Av.* 19, 189$_{3}$. að 'raga' fiskinn 189$_{5}$.

raggeit (-**ur**), f., *(egenl. fej Ged). Kryster*: leti, er jafnan er r. sú, er flýr erfiðleikann en sigrar hann aldrei *AÓ. Af.* 23$_{6}$.

ragmenni, n., *fejt Menneske*: þú ert r. *Il.* 1, 127$_{15}$. En ragmennið flýði og fleygðist á dyr *KJ.* 314$_{6}$.

ragmenska, f., *Fejhed*: Eptir því sem höfundurinn segir, er hugleysi eða ragmennska eitt af því, sem einkennir Íslendinga *Ið.* 4, 68$_{12}$.

ragn, n., *Banden*: En sumir æptu með org og r.: | Hvað ætli kirkjan oss veiti gagn *Ald.* 2, 7$_{7}$.

ragna (**a**), vi., *bande, skælde*: blótandi og ragnandi *JT. PoS.* 138$_{17}$.

rak, n., *Væge i et Lys*: þar er kveykt á því (ɔ: gasinu), rjett eins og á lampa eða kerti, og þarf engan kveyk eða rak *KJ. Uf.* 17$_{2}$.

rák (-**ir**), f., 1. *Stribe*: dimmar rákir eru um miðbik hans (ɔ: Satúrns) *Urs.* 38$_{24}$. — 2. *Rifle:* tveggja krónu peninga með rákum á röndinni *StA.* 75, 16$_{7}$.

raka (**a**), vt., 1. *rage, afrage:* r. hár, skegg. — 2. *(om Hø) rive*: r. hey. — 3. *(med dat.)*, r. fé saman *samle Penge massevis*: Þeir hafa rakað saman fje *Sm.* 134$_{6}$,

rakafullur, a., *fugtig*: maður sem lifir í rakafullu moldarhýsi *TB.* 7, 131$_{23}$.

rakalaus, a., *fri for Fugtighed:* Áður en eg fór að verka súrhey, var fjósið alveg rakalaust *Br.* 2, 97$_{22}$. lekalaus og r. húsakynni *Íf.* $^{16}/_{7}$ 90, 225a$_{57}$.

rakamælir (-**s** *el.* -**rs**), m., *Hygrometer*: menn nota ýmsa þá líkami, sem hafa þann eiginlegleika að draga í sig vætuna úr loptinu . . . í hina svo kölluðu rakamælira *Fisch. Ef.* 120$_{20}$.

rakarasveinn (-**s**, -**ar**), m., *Barberdreng, Barbersvend*: Hefirðu ekki heyrt getið um Arkwright rakarasveininn? *Auðv.* 47$_{8}$.

rakari, m., *Barber*: Rakarinn hlýddi með athygli á harmatölur liðsmannsins *Sm.* 205$_{22}$.

rakasamur, a., *fugtig*: er því mjög rakasamt í íslenzkum bœjum *LÍ.* 38$_{14}$. þar sem loptið er svo rakasamt *BJ. St.* 23$_{8}$.

rakaveður, n., *fugtigt Vejr*: ekki þarf nema fáeinar skúrir og r. í nokkra daga til þess að breyta allri náttúrunni *Ið.* 3, 128$_{4}$.

rakfœri, n. pl., *Barbertöj.*

rakhnífur (-**s**, -**ar**), m., *Rageknív, Barberkniv*: hann brá sverðinu, sem var bitrt sem rakhnífr *Ið.* 3, 260$_{26}$. þannig fann jeg . . . sex rakhnífa *Rób.* 39$_{6}$.

raki, m., *Fugtighed*: þau (ɔ: blöðin) verða að vera í dagsbirtu eða sólarljósi og nokkrum raka *JJ. EML.* 62$_{30}$. í þeim (ɔ: húsunum) er enginn r. *Sm.* 109$_{18}$. það kemur af dustinu og rakanum hérna í stofunni *GP. ÞS.* 108$_{30}$.

rakleiðis, adv., *direkte, umiddel-*

bart: Verðið getr nú eigi verið sprottið r. af þörfunum og fullnægjunum *AÓ. Af.* 108$_{13}$. það er kastar r. af sér einhverjum líkamlegum og sýnilegum arði 151$_{22}$.

rakna (a), vi., 1. *opløses, afvikles, opvikles.* — 2. r. við *komme til Bevidsthed efter en Besvimelse:* þegar vezírinn S. M. var raknaður við *Þús.* 1, 369$_{20}$. Til allrar hamingju raknaði hann við 2, 164$_{15}$. þegar hann var raknaður við 3, 102$_{21}$.

rakstrarkona, f., *Kvinde, som river Hø*: ljá var orðin mikil hjá rakstrarkonunum *Þs.* 1, 106$_{1}$.

rakstur (-rs *el.* -rar), m., 1. *Ragning, Barbering*: hætti hann (ǫ: rakarinn) við raksturinn *Þús.* 2, 64$_{5}$. — 2. *Sammenrivning af Hø*: sláttr og rakstr *Frið.* $^{20}/_{4}$ 86, 47$_{10}$. skjótt gekk þá raksturinn *Þs.* 1, 106$_{4}$.

rakur, a., *fugtig*: þá er hýbýlin eru dimm, skuggaleg og rök *Sm.* 184$_{13}$. væri jarðvegurinn umhverfis einnig r. *StN.* 2, 50$_{14}$.

ramba (a), vi., *svinge frem og tilbage*: þar rambar allt og riðar *Ald.* 2, 8$_{22}$.

rambaldi, m., *Axelen i en Klokke. KG.* 26c. *u.* Axel.

rammbjagaður, pp., *ravgal, helt forkvaklet, fuldstændig radbrækket*: rambjöguð danska *Fjöl.* 4, 1, 25$_{19}$. þótti henni betra að tala það óbjagað, sem hún kunni, enn rambjagaða dönsku *JT. PoS.* 70$_{17}$.

rammbygður, pp., *stærkt bygget, mægtig*: Sem rammbyggðu fjöllin þín rjettvísin er *Sb.* 23, 2$_{1}$.

rammbyggilegur, a., *stærkt bygget, stærk, vældig, mægtig*: Hibíli þeirra voru því optast nær umgjirt með rambiggjilegum múr *Fjöl.* 4, 1, 14$_{12}$.

rammefldur, pp., *bomstærk.*

rammfælast (1), v. refl., *løbe forfærdelig løbsk*: hann (ǫ: hesturinn) rammfældist *TÞH. BS.* 57$_{18}$.

rammgöldróttur, a., *overordenlig troldkyndig*: biskup er r. og kemur niður hverjum draug, sem honum er sendur *TÞH. Dr.* 1, 2, 41$_{20}$.

rammgörvar, adv. comp., *med större Styrke, stærkere*: kastalinn var síðar unninn af Símoni Makkabea og bygður ramgjörvar *LLH.* 114$_{17}$.

rammíslenzkur, a., *helt islandsk*: Díðingar orðanna eru vanalega smellnar og rammíslenzkar *TB.* 12, 66$_{20}$.

rammkunnugur, a., *nøje stedkendt*: er kraptaverk, ef menn rata nokkurn tíma út úr þessum völundarhúsum, nema nokkur r. sé leiðtogi *Ið. SG.* 141$_{9}$.

rammleikur (-s), m., *Kraft*: af sjálfs sín rammleik *Sm.* 31$_{17}$. af eigin rammleik *Maur.* 86$_{9}$. Keisarinn sá, að hann mundi eigi af sjálfs sins rammleik geta sigrazt á uppreistarmönnum *PM. Ág.* 255$_{3}$.

rammskakkur, a., 1. *helt skæv*: rammskakkir ferhyrningar *KJ. Uf.* 6$_{22}$. — 2. *aldeles forkert*: rammskakkar hugmyndir *Ið.* 6, 280$_{7}$.

rammskygn, a., *i höj grad synsk*: hún var ramskygn *Þs.* 1, 376$_{19}$.

rammur, a., 1. *stærk*: r. að afli. Kvað so ramt að *det gik saa vidt. Fjöl.* 2, 3, 40$_{3}$. eiga við ramman reip að draga *have en stærk Modstander at kæmpe med, have store Vanskeligheder at overvinde. JT. PoS.* 67$_{22}$. — 2. *ram, bitter.*

rammveggjaður, a., *med stærke Mure*: að eg skyldi leggja í eyði

hina ramveggjuðu Ilionsborg *Il* 1, 31₂₂.

rammviltur, pp., *helt forvildet*: Hann eltir hið ljómandi fagra veiðidýr, þangað til það hverfr og hann er rammvilltr *Ald.* 1, 50₂₅.

rammþýzkur, a., *helt tysk*: af Hohenzollernættinni og r. *Skír.* 89, 62₁.

rán, n., *Ran, Rov.*

randafluga, f., *musca pyrastri. Mohr* 96₄. Mæli jeg nú um og legg jeg á, að hver skildingur, sem er í buddunni, verði að randaflugu *Þj.* $^{9}/_{12}$ 87, 223a₅₇.

randhvass, a., *skarpkantet, skarpt begrænset*: Jarðskugginn er ekki r. *Urs.* 51₁₁.

rándráp, n., *Rovmord*: að F. á einhvern hátt hafi vitað af rándrápinu *PP. NS.* 57₁₇.

rándýr, n., *Rovdyr*: R. vóru þá til nokkur *Av.* 6, 79₉. Flest r. lifa eingöngu á dýrum eða hræjum *PJ. Ns.* 55₂₁.

ránfíkni, f., *Rovbegærlighed*: slagbrandar gegn uppreistarofsa og r. *TB.* 7, 150₂₇.

ránfiskur (-s *el.* -jar, -ar), m., *Rovfisk.*

ránfótur (-fótar, -fœtur), m., *Rovben, Rovfod*: Ránfuglar hafa ránfætur *PJ. Ns.* 83₂.

ránfugl (-s, -ar), m., *Rovfugl*: hver inna smærri ránfugla *Mill* 3₂. þannig geta ránfuglar melt gömul bein *PJ. Ns.* 79₂₂.

rangdœma (í), vt., *miskende*: þegar hinn saklausi var rangdæmdur *Myn.* 84₈₄.

rangdœming (-ar), f., *Miskendelse.*

rangfeðraður, pp., 1. *som har en falsk Fader, som udgives for Sön af en, som ikke er hans Fader.* — 2. *ψευδεπίγραφος falsk overskreven*: rangfeðruð rit *HH. Ks.* 124₂. ýkjurit og rangfeðruð rit 177₂₂.

rangfenginn, pp., *uretfærdig erhvervet*: á þjer rangfengna dalahrúgan gjalli *JH.* 9₁₈.

rangfœra (í), vt., *fordreje, forvanske*: sjeu þau (ɔ: orðin) rángfærð *Fjöl.* 4, 1, 17₄. að rangfæra orðritningarinnar *HH. Morm.* 4₇. af því að villumenn höfðu rangfært það (ɔ: guðspjallið) *HH. Ks.* 63₁₈.

rangfærsla, f., *Fordrejelse, Forvanskning.*

ranghali, m., *smal Gang el. Korridor*: eitthvað var fyrir skömmu að slæðast þarna í ranghalanum *TÞH. SoÆ.* 26₁₉.

rangherma (í), vt., *fortælle urigtig, gengive urigtig, forvanske, fordreje*: hún bar honum orð þeirra ranghermd *GP. ÞS.* 10₈.

ranghermi, n., *falsk Meddelelse, Urigtighed*: bók allaðing af ranghermum og villum *Sk.* $^{22}/_{10}$ 78, 354₂.

ranghermur, a., *urigtig fremstillet, falsk*: Eitt hið ranghermasta í fyrirlestrinum var það, sem höfundrinn sagði um búfræðingana *MáÍ.* 17₂₇.

ranghverfa, f., *Vrangside*: Væri ekki fróðlegt . . . að athuga snöggvast ranghverfuna? *Þj.* $^{3}/_{4}$ 82, 26a₅₄.

ranghverfa (í), vt. med dat., *vrangvende, fordreje, forvanske*: hún (ɔ: löggjöfin) hefir ranghverft tilgangi sínum *Fk.* $^{11}/_{8}$ 90, 25b₇.

ranghverfing (-ar), f., *Vrangvendelse, Fordrejelse, Forvanskning*: Hvernig hefir slík r. laganna til orðið? *Fk* $^{11}/_{8}$ 90, 25b₁₆.

ranghvolfa (í), vt. med dat., *fordreje, vende om*: Illugi ranghvolfdi augunum *TÞH. BS.* 185₁₂. hann

ranghvolfdi augunum *Hd.* 6b4. þær ranghvolfdu augunum *Ld.* 3, 299a21. augun ranghvolfdust svo í höfði hans, sem væru þau hverfð inn á við *Dægst.* 25i5.

rángirni, f., *Rovbegærlighed.*

rángjarn, a., *rovbegærlig*: Sendu hina rángjörnu Aþenu móti honum *Il.* 1, 132o. eg var r. sem ljón *Lear* 74a3. Fálkar eru hugaðir og rángjarnir *PJ. Ns.* 83i2.

rangla (a), vi., *vanke om, gaa uden vis Bestemmelse*: þegar hann var ekki að r. úti í búðinni *GP. ÞS.* 10i7. þar ranglaði hann fram og aptur um gólfið 21a4. Hún (ɔ: ærin) hafði verið svo óróleg alla nóttina að r. til og frá um stekkjarbólið *TÞH. Tib.* 1, 20o.

rangmæli, n., *urigtigt Ord el. Udtryk*: líka hittast þar rángmæli bæði í breitingum og orðaskipun *Fjöl.* 2, 1, 47i7. Mér kemr nú eigi til hugar að kalla þetta r. *AÓ. Af.* 112a1.

rangnefni, n., *urigtig Benævnelse*: þó að þetta sje að líkindum eigi r., þá er hitt víst, að *Br.* 7, 2i7.

rangskilja (-skil, -skiljum; -skildi, -skildum; -skilinn), vt., *misforstaa*: drottning rangskildi augnaráð hans *Þús.* 1, 55i1. þá rangskiljum vér og auðfræðina *AÓ. Af.* 107a3. Rangskiljið orð mín ekki *Lear* 31i5.

rangskilningur (-s), m., *Misforstaaelse, Miskendelse*: þjer hafið mætt vanþökk og rangskilningi á verkum yðar *Fróð. Fylgibl.* 28/3 85, 2b75.

rangskrifaður, pp., *fejlskrevet*: nema rangskrifað sé „fám" í stað „þrem" *Av.* 6, 188a2.

rangsleitinn, a., *uretfærdig*: manni ber ekki að styrkja rangsleitnar hefndir *Þús.* 1, 71a2.

rangsnúinn, pp., *vrangvendt, forvendt, forkert*: hinn illi og rangsnúni andi *Myn.* 138i9.

rangsnúningur (-s, -ar), m., *Fordrejelse*: að rit sitt sé stílað mót rangsnúningnum á kærleiksboðskap hans (ɔ: Krists) *Fk.* 18/10 87, 123a5.

rangsýni, n., *Fejlsyn*: þvíliku r. má eg með engu móti trúa á yðr *Sk.* 31/1 79, 19a3.

rangsýnn, a., *vrangsynet, som bedömmer urigtig*: maðrinn sjálfr er skammsýnn og r. *AÓ. Af.* 81o.

rangsœlis, adv., *vrangsæles, i modsat Retning af Solens Gang*: Enn er hin þriðja aðferð, að ríða með brennanda blys kringum landið, enn það átti þá ætíð að vera r. *Maur.* 46i4.

rangtekinn, pp., *uretfærdig taget, uretfærdig erhvervet*: samvizka þín kveinkar sjer við hvern rangtekinn eyri *TÞH. Bs.* 43a1.

rangtrýingur (-s, -ar), m., *Vrangtroende, Heterodox*: þetta eru vísindaleg sannindi, sem enginn þarf að heita r. (*heterodox*) fyrir að játa *Fk.* 12/12 87, 142a30.

rangvafningur (-s, -ar), m., *Renversé*: Þar sem limurinn mjókkar niður á við og breikkar upp á við, svo sem á fótleggnum, er lagður r. (*Renversé*) á umferðina *N.Hf.* 82a7.

rangþýddur, pp., *urigtig oversat*: það sem í Odds texta er rangþýtt *EM. Matt.* 24a2.

rani, m., 1. *Snabel*: þeir (ɔ: fílarnir) hafa fjarska langan rana *PJ. Ns.* 73i4. raninn er holur innan 73i5. — 2. *Udløber*: Kirkjufell er geysimikill þverhnýptur höfði á rana út úr jöklinum *Av.* 19, 160i3.

ranka (a), 1. vi.; r. við sér *besinde sig, samle sig, samle sine Tanker*: rankaði eg þá við mjer *Þús.* 1, 264₅. (hann) rankaði þó bráðum við sjer *JT. PoS.* 88₁₅. — 2. v. impers., mig rankar við e-u *jeg har en dunkel Erindring om noget*: Kongsson rankaði við, að hann hafði einhverntíma sjeð gimsteinakaupmanninn *Þús.* 2, 151₂₁. Mig rankar ekkert við (*jeg kan slet ikke besinde mig*), að eg hafi nokkurn tíma bundið hjúskaparlag við þessa konu *Sak.* 38₂.

rannsókn (-ir), f., *Undersøgelse.*

rannsóknadómur (-s, -ar), m., *Inkvisitionsret*: (Pyndingarnar) voru við hafðar til að neyða hina píndu til að játa brot sín, eða það sem rannsóknadómrinn vildi að þeir játuðu *Gefj.* 19₁₈.

rannsóknarefni, n., *Genstand for Undersøgelse*: að gjöra þjóðsagnirnar og þjótrúna að r. *TB.* 12, 98₁₄.

rannsóknarferð (-ir), f., *Undersøgelsesrejse*: Eg ætla hér að nefna hinar allra merkustu rannsóknarferðir *TB.* 6, 254₂₁.

rannsóknarréttur (-ar), m., *Inkvisitionsret:* Svo hrædilegar sem þessar bannfæringar voru, var rannsóknarrjetturinn þó enn óttalegri *HH. Lút.* 19₂₀.

rannur (-s, -ar), m., (*í Oldsproget* rann, n.), *Hus; Værelse:* Inndœllar sælu í auðugum rann | unnt var þar Jósefi' að neyta *KJ.* 314₄.

ránsamur, a., *rovgerrig:* illir viðfangs, ránsamir og hrekkjóttir *Þs.* 1, 129₁₉.

ráp, n., *idelig Gaaen frem og tilbage, Strippen, Vimsen; Driveri:* Björg undi aldrei heima, en var á sífeldu rápi *ÞJ. MV.* 35₁. iðjuleysis-rangl eða erindislaust r. *Auð.* 95₈. Af öllu þessu rápi og öllum þessum spurningum varð töluvert marr ... í vögnunum *EH. Von.* 8₁.

rápa (a), vi., *strippe, vimse.*

rás (-ir), f., *Løb.*

rásgjarn, a., *tilböjelig til at strejfe om:* Þá var það kirkjan, sem helzt var líkleg til að geta haft tangarhald á þessum rásgjörnu mönnum *Fk.* $^{15}/_{11}$ 92, 181a₄₅.

rasgjöf (-gjafar, -gjafir), f., *overilet Gave*: Nei, rypta þinni r. *Lear* 7₁₁.

ráshraður, a., *hurtig løbende, hurtig:* Með því Eos er ráshröð gyðja *Stoll* 89₂₂.

rass-skella (i), vt., *slaa en paa Bagdelen:* þær tóku barnið og rassskeltu það *Þs.* 1, 45₂.

rastalengd (-ir), f., *Graders Længde, Gradlængde:* Margir aðrir hafa mælt rastaleingdir víða um lönd *Urs.* 1, 173₁.

rastamál, n., *Gradmaaling*: Í því skyni hefir nú í margt ár ... S. staðið fírir rastamáli eptir vesturhluta ríkisins endilaungum *Urs.* 217₂.

rastamæling (-ar), f., *Gradmaaling*: þessar rastamælingar *Urs.* 217₅.

rastatal, n., *Gradtal*: í rastatali *Urs.* 171₁₉. að rastatali 171₂₁.

rata (a), 1. vi., *finde Vejen.* — 2. *geraade:* svo að við bæði rötuðum í mesta ólán *Þús.* 3, 114₂₅.

ratljóst, a. n., *saa lyst at man kan finde Vejen:* Túnglsljósið er raunar svo bjart, að vel er r. við það með fullu túngli *Urs.* 55₈.

rauða, f., *Blomme, Æggeblomme:*

í rauðunni er mikið fituefni *EB. Kf.* 83₆.

rauðavíðir (-s *el.* -rs), m., *salix purpurea, Sejpil. Mohr* 217₁₂.

rauðavín, n., *Rødvin:* Af rauðavíni og messuvíni skal greiða 15 aura af hverjum potti *StA.* 76, 52₁₆

rauðbirkinn, a., 1. *rødhaaret og af rødlig Ansigtfarve:* Margar eru og fleiri sagnir um eptirsókn Hollendinga eptir rauðbirknum mönnum *Þs.* 1, 339₂₉. — 2. *rødagtig:* rauðbirkið hár *PS. Ast.* 68₁.

rauðbirtingur (-s, -ar), m., *salmo Alpinus. Mohr* 80₁₁.

rauðbrestingur (-s), m., *carex saxatilis. Mohr.* 212₂₄.

rauðbrystingur (-s, -ar), m., *tringa cinerea. Faber* 27₃₀. *tringa Islandica. Gr. Df.* 62₂₂.

rauðdúfuönd (-andar, -endur *el.* -andir), f., *anas penelope. Faber* 77₆. *Gr. Df.* 67₂₁.

rauðglóandi, ppræs., *rødglødende:* Daginn eptir fann jeg í öskunni leirbrot eitt, sem var r. *Rób.* 66₅.

rauðglórandi, ppræs., *rødfunklende:* kötturinn lygndi augunum r. *Þús.* 1, 361₂₄.

rauðgrár, a., *rødgraa:* hnakkinn er r. *Gr. Sk.* 91, 5₁₀.

rauðhöfða-önd (-andar, -endur *el.* -andir), f., *anas ferina. Mohr* 26₁₁. *Gr. Df.* 68₁₅.

rauðjárnsteinn (-s, -ar), m., *Rødjærnsten:* R. er trefjóttur, heitir og járnglans *Gr. Stf.* 76₇.

rauðkrít, f., *Rødkridt:* (jeg) þóttist hafa markað þær (ɔ: tóbaksrullurnar) undir konungsmark með r. *TÞH. Dr.* 1, 2, 116₃₁.

rauðlita (a), vt., *rødfarve:* blóðið dynja volga vann, | veginn rauðlitaði *Núm.* 12, 53.

rauðlitaður, pp., 1. *rødfarvet:* iður vella rauðlitaðar *Núm.* 7, 33. — 2. *rødmalet:* rauðlituð kista *JT. PoS.* 44₂₄.

rauðmagi, m., *Rødmave, Stenbiderens Hanfisk. Mohr* 61₁₉. karlfiskurinn heitir r. *Gr. Df.* 87₇.

rauðskjóttur, a., *rød med hvide Pletter:* rauðskjóttum hesti *PS. Ast.* 116₃₁.

rauðvín, n., *Rødvin:* gott r., romm og engifer *GT.* 55₁₀.

raula (a), vt., *nynne:* þessar visur raulaði Sigríður aptur og aptur *JT. PoS.* 113₁. Hann gekk raulandi út *TÞH. BS.* 166₁₀. Ingiríður fór þegar að r. *Ið.* 1, 68₁₄.

raun (-ir) f., 1. = reynsla *Erfaring:* Fæst r. er svo vaxin, að hún geti sjálf sagt sögu sína án þess henni fylgi athugasemdir, er skýri þýðing hennar *Mill* 39₂₉. — 2. *pl.* raunir *Prøvelser, Lidelser:* í raunum þessa lífs *Blk.* 38₈.

raunafullur, a., *fuld af Prøvelser, möjsommelig:* Hér hefir samvera okkar verið raunafull *Blk.* 79₈.

raunalega, adv., *melankolsk:* þá brosti hann ætíð svo vingjarnlega um leið og þó svo r. *Ið.* 1, 288₄.

raunalegur, a., 1. *sørgelig:* raunalegt er það, hvurnig fjelögin fara hjá oss *Fjöl.* 4, 3, 44₈. — 2. *melankolsk:* þá heyrði hann allt í einu raunalega rödd *Þús.* 1, 156₃₀.

raunamaður, m., *haardt prøvet, ulykkeligt Menneske:* Sjaldan fer svo, að ekki verði einhver til að aumka raunamanninn *Blk.* 38₂₉. sá trúaði r. hugsar þannig með sjálfum sér *HGTh.* 125₄.

raunamál, n., *sørgelig Sag*: voru allir forvitnir að vita, hvernig reiða mundi af þessu raunamáli *Blk.* 49₁₀.

raunamœddur, pp., *haardt prøvet*; *bedrøvet:* veit það, að tengdafaðir minn, hinn raunamæddi D., fái aptur ljós augna sinna *Saw.* 27₁₂. Roðnaði Hóraz r. *JÓ.* 19₁₃. Hve margar raunamæddar sálir hefir hann látið gleyma sorgum og áhyggjum *TB.* 7, 164₃₀.

raunarlaus, a., *unødvendig*, *uden særegen Anledning*, *uden Aarsag:* eitt heimtum við, að því sje ekkji breitt að þarflausu og raunarlausu *Fjöl.* 4, 1, 24₂₄. er það ekki að raunarlausu, að *Björl.* 53₂₅.

raunastund (-ir), f., *sørgelig Time:* hún (ɔ: fiðlan) hefur ljett mjer marga r. *TÞH. BS.* 275₁₁.

raunatala, f., *Klage:* Hún hjelt áfram raunatölu sinni *Blk.* 37₂.

raungerð (-ir), f., *Praxis:* í raungerðinni eða framkvæmdinni missir þessi játning mikið af þýðingu sinni *Mill* 34₂₁. í raungjörðinni 178₂.

raungerðlega, adv., *praktisk*: svo þýðingarmikið sem þetta atvik er, r. skoðað *Mill* 108₄.

raungerðlegur, a., *praktisk:* eftir því sem raungerðlegum stjórnmálamönnum hættir meir og meir að koma til hugar að spyrna móti alþýðuvilja *Mill* 147₁₉.

raungóður, a., *god af Naturen, god i sit Væsen:* þú ert r. *JT. PoS.* 67₂.

raungæfilegur, a., *praktisk*: bæði heimspekilegar og raungæfilegar ástæður *Mill* 28₂₂.

raunhæfur, a., *praktisk, praktikabel:* raunhæft siðfræðikerfi *Mill* 102₃₀.

raunspeki, f., *Positivisme:* höfundr innar svonefndu r. *Mill* 27₃₁.

raunsýning (-ar), f., *Experiment:* R. (*experiment*) Pouchets er snildarleg *Þvf. Alm.* 88, 31₂₂.

raunvísindi, n. pl., *positive Videnskaber:* þá sætti sú þekking að eins að ná til staðhafna og raunvísinda *Mill* 215₃₁.

raunvætti, n., *experimentalt Bevis:* Röng breytni og skakkar skoðanir þoka venjulega smátt og smátt fyrir r. og röksemdum *Mill* 39₂₆.

raup, n., *Skryderi, Praleri:* þiggur staupið ofan á, | allt í raupi geldur *Þorl. Þór. Lm.* 225₈.

raupa (a), vi., *prale:* í hvert sinn sem hann blótaði eða fór að r. *Ið.* 1, 25₂₂.

raupari, m., *Skryder, Praler:* geti eg ekki sannfært yður um það, þá skal eg heita r. *Þús.* 2, 107₁.

raupgjarn, a., *stortalende, pralerisk:* eigi gortsamr né raupgjarn *Fróð.* $^{10}/_{5}$ 84, 124₅₈. framhleypinn og r. *TÞH. SoÆ.* 39₇.

raupsamur, a., = raupgjarn: Það er sagt, að þú sjert svo óttalega r. og ósannsögull *Ið.* 1, 25₂₂. þeir sé raupsamir mjög *BJ. EÓ.* 27₂.

reðduskel (-jar, -jar), f., *mya truncata, Sand-Musling. EO.* 1009₂₄. *Mohr* 127₂₄.

refagreni, n., *Rævehule:* Guðfræðisvegurinn ... hann er allopt r. *TÞH. Dr.* 1, 2, 47₇.

refja (a), vt., *bedrage:* Gyðingurinn hefur refjað yður *Þús.* 3, 108₁₅. r. mig um rétt minn *Lear* 57₂₆.

refjakarl (-s, -ar), m., *Bedrager:* Gyðingur þessi er r. *Þús.* 3, 107₃₄.

refsbróðir (-bróður, -bræður), m., *Schakal:* til þess að refsbræður

skyldi ekki geta brotizt inn *LLH.* 47₅. enn voru þar refsbræður 98₁₉.

refshali, m., *phleum Alpinum. Mohr* 155₁₉. *alopecurus, Rævehale. Grl.* 123₄. *PJ. Ns.* 174₁₈.

refsidómur (-s, -ar), m.. *Straffedom:* þótt eigi sé svo þungir refsidómar við lagðir *Mill* 8₂₁. r. drottins yfir spilltu mannkyni *Ið.* 6, 95₁₆.

refsilög, n. pl., *Straffelov:* umbætr á refsilögum *Fk.* ¹¹/₈ 91, 125a₁.

refsing (-ar), f., *Straf.*

refsingarverður, a., *strafværdig, strafskyldig:* Eg einn er r. *Þús.* 1, 338₃₀.

refsinorn (-ir), f., *Straffegudinde, Furie:* Íris segir, að Refsinornirnar fylgi ávallt hinum eldri *Stoll* 95₁. Refsinornirnar (Poinai) og aðrar óttalegar verur 16₂₄.

reginhaf, n., *det umaalelige Hav:* Svona var landið búið að vera einmana í reginhafi í mörg þúsund ár *Av.* 13, 214₁₄. Sem rammbyggðu fjöllin þín rjettvísin er, | sem r. dómur þinn hreini *Sb.* 23, 2₂.

reginhylur (-s *el.* -jar, -jir), m, *umaaleligt Dyb:* mátt og vizku', er geisla geims | glóa um reginhylji *BG. Nj.* 9₄.

reginkaldur, a., *umaadelig kold:* á rjóðum kinnum rósir fölna | í reginköldum harma-blæ *KJ.* 31₁₂.

reginljómandi, ppræs., *klart straalende:* mót roðaskærum rósum hló | r. himinsunna *KJ.* 34₄.

regla, f., *Regel, Orden:* karlmaðurinn hefir fremur röð og r. á því, sem hann þarf að gera *Sm.* 202₁₂.

reglubundinn, pp., *regelbunden:* hennar (ɔ: náttúrunnar) reglufasti gangur á að kenna oss reglubundna iðjusemi *HGTh.* 62₁₂. reglubundin veðrátta *Ið. SG.* 1₁₇.

reglufastur, a., *regelmæssig, punktlig; se* reglubundinn.

reglufesta, f., *Præcision, Punktlighed:* Hjer var líka vigfæri borið saman, einkum að því er snertir reglufestu eða herhlýðni *Sktr.* 87, 61₁₈.

reglugerð (-ir), f., *Reglement, Regulativ:* Fyrir því var fyrrum alt fult af lögum, tilskipunum og reglugjörðum *AÓ. Af.* 88₂₁. Nefndarmenn semja reglugjörðir fyrir skólana í héruðum *Av.* 7, 93₃₃.

reglulaus, a., *regelløs, uregelmæssig.*

reglulaust, adv., *regelløst, uregelmæssig:* hvurnig því er varið, að hinar reikulu stjörnur (jarðstjörnurnar) skuli sínast að gánga svo r. framm og aptur um himininn *Urs.* 39₉.

reglulega, adv., *regelmæssig, ordenlig; formelig:* Ég gat r. kennt í brjóst um sjálfan mig *Fjöl.* 1, 156₁₉. Síðan var mjer það brauð r. veitt 3, 1, 47₃.

regluleysi, n., *Regelløshed, Uorden:* óframsíni, eiðslusemi, regluleísi *Fjöl.* 5, 1, 21₁₅.

reglumaður, m., *ordenligt Menneske:* þeir eru vanalega hinir mestu reglumenn *AÓ. Af.* 11₂₇.

reglurit, n., *kanonisk Skrift:* var eigi ákveðið til fulls, fyr enn seint á 4. öld, hve mörg væru r. (hin „kanonisku" rit) hins nýja testamentis *HH. Ks.* 70₁₇.

reglusamur, a., *ordenlig:* ráðvandir og reglusamir *Ið.* 1, 46₁₀.

reglusemi, f., *Ordenlighed, Orden:* þrifnaðr og r. *AÓ. Af.* 24₃₃. ef þeir að eins vildu lifa með r., sjálfsaf-

neitun og sparsemi *Sm.* 31₈. velliðunin kemur fram við hreinlæti, sparsemi, r. og iðjusemi 187₁₇. þar vantar fegurðartilfinninguna og reglusemina 199₈.

regluskorða (a), vt., *regulere:* með hverjum hætti mætti r. vinnutíð *Skír.* 91, 12₂₂.

reglustika, f., *Lineal:* hinir eldri gætu smíðað sjer ýmsa hluti, sem gagn væri að, t. a. m. reglustiku, pappírshníf *BM. UM.* 16₁₇. með sirkli (hringfara) og reglustiku *Hemp.* 67₂₇.

regn, n., *Regn.*

regnbelti, n., *Regnbælte, Regnzone:* staðvindarnir og regnbeltin, sem liggja meðfram miðbaugi jarðar beggja vegna *Ið.* 3, 306₁₀.

regnbogagyðja, f., *Regnbuegudinde:* hin blíða gullvængjaða r. Íris *Stoll* 14₁₄.

regnbogahimna, f., *Regnbuehinde:* regnbogahimnan í auga fiskjarins *Fjöl.* 2, 2, 7₅. þessi baugur er regnbogahimnan *JJ. EML.* 100₁₀. Loksins þynnist hún (ɔ: sóðahimnan) aptur og myndar þá hina svo kölluðu regnbogahimnu *PJ. Ns.* 31₈.

regnbogalitur (-ar, -ir), m., *Regnbuefarve:* svo að hann gæti þess betur glatt sig yfir regnbogalitum kúlnanna sinna *TÞH. SoÆ.* 66₁₂.

regnbogi, m., *Regnbue:* Tvöfaldur r. teygði sig yfir suðurloptið *TÞH. BS.* 219₂₅

regndagur (-s, -ar), m., *Regndag:* um þenna tíma hafa verið regndagar *Rób.* 38₂₂.

regndropi, m., *Regndraabe:* þegar það (ɔ: vatnið) er niður fallið, hvort heldur er í regndropum, kafaldi eða hagli *Björl.* 25₂₅.

regndýpt, f., *Regnhöjde:* Regndýptin er á Berufirði árlega 38 ½ *ÞTh. LÍ.* 7₂₈.

regnhlíf (-ar), f., *Regnskærm, Paraply:* gerði jeg mér sólhlíf og yfirklæddi hana með geitskinni svo jeg gæti jafnframt notað hana fyrir r. *Rób.* 69₁₆. Menn verða altjend fegnir þegar heiðir til, því þá geta þeir slegið saman regnhlífinni *Skír.* 87, 97₂₂.

regnlaus, a., *regnløs, uden Regn:* þegar vjer sjáum ekki regnlausan dag *Urs.* 127₉.

regnmagn, n., *Regnmængde:* það þykir nú og fullsannað . . . að tunglið hafi áhrif á r. og hagl *Sk.* ²⁵/₈ 80, 214₂₉.

regnmegin, n., = regnmagn: Munum vjer bráðum nefna fáein dæmi um r. í heitu löndunum *Björl.* 41₂₆.

regnmælir (-s *el.* -rs), m., *Regnmaaler, Hyetometer, Ombrometer:* þar sem ekki eru höfð önnur áhöld en hitamælir og r. *Björl.* 98₁₂.

regnsæll, a., *velsignet med Regn:* Þar eru og hin regnsælustu lönd í heimi *Björl.* 43₉.

regnvatn, n., *Regnvand:* r. eða þvottavatn *Ið. SG.* 177₁₈. Regnvatnið sigur niður í jörðina *ÞTh. LÍ.* 49₅.

reiða (i), vt., *lade ride, føre paa Hesteryg; opløfte, svinge:* r. sig á e-ð *stole paa noget.*

reiðarraust (-ir), f., *Tordenstemme:* því reiðarraust | ríður að eyrum *SEg. Lm.* 19₂₂.

reiðarslag, n., *Lynslag:* sóðar meiðast eggjum á | í Óðins reiðarslagi *Núm.* 12, 47

reiðfimi, f., *Ridefærdighed, Ridekyndighed, Ridekunst.*

reiðfimigoð, n., *Ridekunstens*

Gud: bæði voru þau (ɔ: Poseidon og Aþena) hvort með öðru dýrkuð af Attikumönnum sem hestgoð eða r. *Stoll* 97₁₀.

reiðflmur, a., *ridekyndig.*

reiðfólk, n., *ridende Personer:* En r. það, sem vinnukonan sá, átti að hafa verið hulduföllk úr álfaborginni *Þs.* 1, 9₁₂.

reiðföt, n. pl., *Ridedragt:* Vinnumaður fór og kom inn aptur með báan og tigulegan kvennmann í reiðfötum *TÞH. SoÆ.* 19₅.

reiðgjörð (-gjarðar, -gjarðir), f., *Sadelgjord:* Bar svo við . . ., að r. slitnaði á hesti Grims *Þs.* 1, 79₇.

reiði, m., 1. *Takkelage.* — 2. *Halerem, Rumperem.*

reiði, f., *Vrede.*

reiðibál, n., *Vredesflamme, brændende Vrede:* slokknað r. *Sb.* 140, 5₅.

reiðigirni, f., *Vredladenhed, Hidsighed, Opfarenhed:* hún er hrædd við r. yðar *HF. Kv.* 111₃₁. í spegli Jesú hógværðar sjer maður sína drambsömu r. *JG. Hv.* 69₂₂.

reiðigjarn, a., *vredladen, hidsig, opfarende:* hinn reiðigjarni vill láta hrósa sér fyrir dugnað eða sómatilfinning *JG. Hv.* 104₇.

reiðikast, n., *Anfald af Vrede:* þá munu reiðiköstin hverfa af sjálfu sjer *HD. MtH.* 37₂₂.

reiðingagras, n., *menyanthes trifoliata, almindeligt Bukkeblad. BH. Grn.* 168₁₂. *Mohr* 164₁₉.

reiðiskjálf, n., *stærk svingende Bevægelse:* þegar atvinnuleysið færir hungur og hörmungar inn í hýbýli og kytrur milliióna manna, geta þær einmitt fært það að hallagörðum stórmennisins, að þær leiki sem á reiðiskjálfi *Skir.* 87, 46₁₆. Brýr Jóns voru sem á reiðiskjálfi *TÞH. Dr.* 1, 2, 45₃₃. það rambar allt og riðar, | á reiðiskjálfi er storð *Ald.* 2, 8₂₃.

reiðkœnn, a., *ἱππόδαμος ridekyndig:* einhverr enna reiðkænu Trójumanna *Il.* 1, 36₁₁.

reiðkœnska, f., *Ridekyndighed, Ridekunst:* Eingi treysti svo reiðkænsku sinni og karlmennsku, að *Il.* 1, 92₃.

reiðmaður, m., *Rytter:* þegar reiðmennirnir geta vel ráðið við ólmustu hestana, þá verður þeim hægðarleikur að eiga við hina *Ið.* 6, 263₂₂.

reiðpískur (-s, -ar), m., *Ridepisk:* jeg þeytti reiðpísknum langa leið *Ið.* 1, 283₁₄.

reiðskjóti, m., *Ridehest:* Gjörðist þá mikill skortur reiðskjóta í bænum *JT. PoS.* 81₁₃.

reiðsýning (-ar), f., *Kapridning:* ganga í samdrykkjur eða til reiðsýninga, sem drengjum hættir við að hafa gaman af *Ið.* 1, 47₂₁.

reiðtamur, a., = reiðkœnn: hinn reiðtama Kastor *Il.* 1, 70₂₄.

reiðtreyja, f., *Ridetröje:* S. dæmdi hana (ɔ: treyjuna) til að vera reiðtreyju Aðalsteins *PS. Ast.* 138₂₃.

reiðtýgi, n. pl., *Ridetöj:* á hinni (ɔ: uglunni) hjengu reiðtygi Guðmundar *JT. PoS.* 37₁₈. sér hann þá, hvar hestur stendur með reiðtýgjum *Þs.* 1, 56₁₆.

reiðtýgjaður, a., *opsadlet:* með hest reiðtýgjaðan *PS. Ast.* 28₂₁.

reiðuleysi, n., *Skødesløshed, Vanrøgt, Forsömmelse:* Sonur hans hjet Aladdin og var uppalinn í r. *Þús.* 3. 90₄.

reiðupeningar, m. pl., *rede Penge, Kontanter:* Hann ljet mjer

eptir sig látinn eina þúsund sekkina í reiðupeningum *Þús.* 2, 119₅.

reiður, a., *vred.*

reiður, a., *som man kan ride over*: Áin er hvurgi reið þar í dalnum *JT. Poš.* 2₁₂.

reifa (a), vt., *svøbe (et Barn)*: yfirsetukonan hreinsar fyrst barnið og reifar það *N.Hf.* 105₂₉.

reifar, m. pl., *Barnesvøb, Svøb:* Færa verður og barnið í aðra reifa í hvert skipti og það verður óhreint *N.Hf.* 106₁₁. Til að reifa barnið þarf skyrtu og treyju, naflakompressu og naflaband, línlak og reifa 106₂₈.

reifastrangi, m., *Barnesvøb med et Barn i:* Síðan gánga þau burt með reifastrángann *Þs.* 1, 71₂. að úngbarn eða reifastrángi var borinn frá henni á ári hverju þenna tíma 77₁₅.

reigingslegur, a., *stiv, stolt:* hann sér reigingslega hermenn með sverð við hlið *Ið.* 3, 287₅.

reigingssvipur (-s), m., *stolt Mine:* stúlkan gerði ekki nema setti á sig reigingssvip *Ið.* 1,153₂₂.

reigingur (-s), m., *Stivhed, stivt Væsen*: þar voru allir fullir af reigingi *PP. Sms.* 234₄. Hann tók kveðju þeirra fálega og með reigingi *TÞH. Dr.* 1, 1, 19₁₈.

reik, n., *Omvanken, Spaseren*: Frá morgni til kvelds var hann á reiki á strætum úti *Ið.* 6, 261₂₉. Vera á reiki *være svævende*: Hugmyndin „mikill" er þó mjög svo á reiki í því sambandi *Ið.* 6, 305₁₅.

reika (a), vi., 1. *spasere*: þær systur gengu og út og reikuðu vestur með læknum *TÞH. Dr.* 1, 2, 106₂₁. reikandi stjarna *Vandrestjærne, Planet. Fjöl.* 1, 114₂₇. — 2. *(om et beruset Menneske) svingle, rave.*

reikistjarna, f., *Vandrestjærne, Planet*: Stjörnur þær, sem vjer höfum nefnt reikistjörnur, eru eins og hópur fyrir sig og er jörðin í þeim hóp *BJ. St.* 10₂₀. það eru að eins fáir menn, sem vita, að jörðin er r. *Gefj.* 9₈.

reikningsár, n., *Regnskabsaar*: tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu *StA.* 74, 6₁₁.

reikningsbók (-bœkur), f., *Regnebog.* — 2. *Regnskabsbog*: þangað til farið hefir verið yfir reikningsbækur búsins *LHA.* 3, 191₁₉.

reikningseining (-ar), f., *Regningsenhed*: r. sú, sem ákveðin er fyrir peningareikning Danmerkur *StA.* 74, 4₅.

reikningsfróður, a., *regnekyndig, kyndig i Arithmetik.*

reikningsfræði, f., *Arithmetik*: reiknings- og mælinga-fræðin *Urs.* 13₇.

reikningsfærsla, f., *Regnskabsførelse, Bogholderi*: dráttlist, reikningsfærsla og margt fleira *KJ. Uf.* 41₂₂.

reikningshaldari, m., *Regnskabsfører, Bogholder:* Jeg fór til reikningshaldara blaðsins *Þj.* $^{24}/_{10}$ 90, 198a₂₄. dánarbú eptir gjaldheimtumenn og reikningshaldara *LHA.* 3, 188₂₆.

reikningskapur (-ar), m., *Regnskab*: Eg á bráðum að fara heim og standa reikningsskap af minum verkum *GP. ÞS.* 121₁₁.

reikningskunnátta, f., *Regnekyndighed:* af því að reikningskunnáttan er talin gagnslítil *Sm.* 121₃₁.

reikningskœnn, a., *regnekyndig:* reikningskjæna menn þarf *Urs.* 111₂₄.

reikningslega, adv., *mathematisk*: þetta mætti sanna r. *Þj.* $^{20}/_{2}$ 91, 83b₁₇.

reikningslegur, a., *mathematisk:* hinar reikningslegu sannanir koma þá ekki flatt upp á hann *Spenc.* 89s.

reikningslist, f., *Regnekunst*: með aðstoð reikningslistarinnar *Fjöl.* 1, 113$_{19}$.

reikningsmál, n. pl., *Regnskabsvæsen*: Landshöfðinginn hefur umsjón yfir reikningsmálum Íslands *LHA.* 3, 73s.

reikningsmeistari, m., *Regnemester*: Fylgismenn hans hafa reynt að telja mönnum trú um, að hann hafi verið mikill r. *Ið.* 3, 281$_{29}$.

reikningsskil, n. pl., *Regnskabsafløggelse, Afregning*: fyrir borgunarheimtur og r. *StA.* 75, 88$_{33}$. um innheimtu og r. á aukatekjum *StA.* 78, 52s.

reikningsvél (-ar), f., *Regnemaskine*: finna upp reikningsvjelar *Spenc.* 35$_{29}$.

reikningur (-s, -ar), m., *Regning*: því miður er kvennfólkið vanalega mjög fákunnandi í reikningi *Sm.* 121$_{30}$.

reikull, a., 1. *omvankende.* — 2. *vaklende*: þeim, sem voru reikulir í trúarskoðunum sínum, vísaði hann burtu *Ald.* 2, 36$_{23}$.

reikun (-anir), f., *Vaklen*: efasemi og r. *Myn.* 125$_{1}$.

reim (-ar), f., *Rem.*

reima (a), vt., *snøre;* r. saman *sammensnøre*: Á fótunum hafði jeg eins konar hálfstígvél, sem voru reimuð saman til hliðanna *Rób.* 73$_{11}$.

reimaskór (-s, *pl.* -skór), m., *Snøresko*: það var gamall r. *Ið.* 6, 144s.

reimaþari, m., *fucus loreus. Mohr* 241s.

reimleiki, m., *Spøgeri*: Ekki er nein vissa fyrir því, að r. þessi standi í nokkru sambandi við sögurna um Sigurð prest á Auðkúlu *Þs.* 1, 396s.

reipi, n., *Reb.*

reiprennandi, adv., *uden Anstød, uden Stansning, flydende*: G. las r. hvurja bæn *JT. PoS.* 38$_{30}$. Öll börn eru skyld að sækja skóla og mega eigi fara þaðan fyrr en þau geta lesið r. *Av.* 7, 93$_{9}$. enda þeirra, er fært geta r. vörn fyrir skoðunum sínum *Mill* 76$_{9}$. læra r. *lære paa Ramse*: að hún (ɔ: kennslubókin) eingöngu sje lærð r. *TUM.* 2, 42$_{23}$.

reisifjöl (-fjalar, -fjalir), f., *vertikalt liggende Bræder i et Tag (modsat sûð)*: þótt r. sé sett fyrir árefti, skarsúð fyrir r. *AÓ. Af.* 182$_{11}$.

reisilegur, a., = reisulegur: *anselig, prægtig*: sjá þeir á eyjunni bæ mikinn og reisilegan *Þs.* 1. 174$_{28}$.

rek, n., *Udviklingstrin*: það getur verið, að segja megi, að Íslendingar séu ekki á því reki, að þeir geti haft landstjórn hjá sér *Fk.* $^{19}/_{11}$ 87,133a$_{30}$.

reka (**rek, rekum; rak, rákum; rekinn**), vt., *drive*: r. verzlun *drive Handel*: og rak (ɔ: hún, borgin) verzlun víða um strendur Miðjarðarhafsins *ÞTh. LfsÍ.* 2$_{21}$. Lýtin r. hvert annað *Fejlene følge uafbrudt paa hinanden*: einkum þar sem mörg þessara líta r. hvurt annað *Fjöl.* 2, 1, 44$_{19}$. r. aftr *gendrive*: en engin ástæða er til að r. það aftr sem er eintómt orðagjamr *Fróð.* $^{15}/_{4}$ 86, 29$_{4}$. r. e-n í vörðuna *gendrive en*: hvorutveggji þeirra Sadúsea og Farísea báru upp spurningar hvorjir fyrir aðra, til að r. hvorjir aðra í vörðuna *LLH.* 31$_{27}$. r. sig á e-ð *træffe noget tilfældig-*

vis, blive noget tilfældigvis var: Verst komu þessar athugasemdir sjer, af því almenningur þikjist r. sig á so mörg ósannindi í þeim *Fjöl.* 4, 1, 5₈. *V. impers.* rekur að því *Enden bliver*: þá rekur samt að því fyrir þeim fyrr eða seinna, ef þau lifa, að verða að hlýða öðru en sínum vilja *ÓÓ. Hl.* 29₂.

rekabútur (-s, -ar), m., *Stump af Drivtømmer:* K. gerði mann einn meðvitundarlausan og alveg stirðan eins og rekabút *KJ. Uf.* 58₂₀.

rekaís (-s), m., *Drivis*: r. var fram með landi á harðri ferð *TB.* 7, 313₈.

rekaviðardrumbur (-s, -ar), m., *Klods el. Stykke Drivtømmer:* Jeg vildi heldur sofa hjá einhvurjum rekaviðardrumb enn honum Gvendi *JT. PoS.* 54₁₂.

rekfjöður (-fjaðrar, -fjaðrir), f., *Drivfjeder:* almenningr þarfnast æðri mentunar til þess að öðlast æðri siðferðilega og andlega r. iðju sinnar og æðistarfa *Fk.* $^{11}/_{9}$ 86, 66b₂₂.

rekistefna, f., 1. *Forhandlinger, Underhandlinger:* Hvorttveggja gaf aptur tilefni til mikils hávaða á þinginu og mikillar rekistefnu meðal þingdeildanna *Skír.* 84, 50₇. Eptir langa rekistefnu var sú grein felld úr frumvarpinu 85, 70₂₂. — 2. *Væsen, Ophævelser:* gera rekistefnu út úr e-u.

rekistefnulaust, adv., *uden Vanskeligheder, uden Modstand*: En ekki gekk það r. *Þvf. Alm.* 86, 33₂.

rekja, f., *Væde, Fugtighed; Græssets Fugtighed i Regnvejr:* var barmr kringdr | boga grænum, | deigju undnum | og daggar rekju *Gr. Kv.* 112₁₆. r. var góð *JT. PoS.* 5₂₂. *Pl.* rekjur *fugtigt Hø*: Hann (ɔ: hesturinn) muðlar þegjandi allraverstu rekjurnar *ÓÓ. Hv.* 5₂₂.

rekja (rek, rekjum; rakti, rektum; rakinn), vt., *vikle, afvikle, udvikle; forfølge:* athugasemdir fremr til þess ætlaðar að skýra frumsetningarnar, heldr en til að r. afleiðingar þeirra yfir höfuð ... út til inna einstöku atriða *Mill* 188₁₀. Rekst vel úr *Sagen tager en gunstig Vending:* þó vil eg leggja það til, að betur skal úrrekjast fyrir þeim, en út litur *Ps.* 1, 89₁₆.

rekkja, f., *Seng.*

rekkjóð (-ir), f., = rekkjuvoð *Lagen, Sengelagen.*

rekkjupallur (-s, -ar), m., *Köjerum:* Ekki skal á útfara skipum búa til rekkjupall fyrir fleiri en 3 fullorðna menn *LHA.* 3, 122₁₉.

rekkjustæði, n., *Köjeplads*: jafnmörg þurfa rekkjustæði og fullorðnir menn eru á skipinu *LHA.* 3, 122₂₆.

rekkjuvoð (-ir), f., *Sengelagen.*

rekspölur (-spalar, -spelir), m., 1. *Drift, Gang. Fart, Impuls, Fremstød*: þegar skólar þessir eru verulega komnir á rekspölinn *ere blevne satte i Gang. Br.* 3, 85₄. uppgötvunarmennirnir við lögregluna komust á réttan rekspöl *(kom paa det rigtige Spor)* og handtóku fantana *Ið.* 1, 53₂₄. hafði hann komið mönnum á þann rekspöl, að margir mundu hljóta að leiðast lengra á honum en sjálfur hann fór 6, 277₂₂. með því að koma þessu máli á rekspöl *ved at sætte denne Sag i Gang. Alm.* 85, 41₄. — 2. *Udviklingstrin*: Þess verðr vonandi ekki langt að bíða, að Íslendingar kom-

ist á þenna rekspöl sjálfstjórnarinnar *Fk.* $^{19}/_{11}$ 87, 134a$_{37}$.

rellinn, a., *lunefuld, som snart forlanger det ene, snart det andet:* barnið var ákaflega keipótt og rellið *Þs.* 1, 42$_{35}$.

rembast (í), v. refl., *anstrænge sig:* þegar jeg var að r. við að finna upp ráð til þess að kynnast henni *Ið.* 6, 249$_{9}$.

rembilátur, a., *hovmodig, overmodig.*

rembilæti, n., *Hovmod, Overmod:* rymur rámur háls | af r. *JH.* 6$_{8}$.

rembingskoss (*uden Genitivm.*), m., *eftertrykkeligt Kys:* lagði hún hendurnar um hálsinn á föður sínum og kyssti hann r. *PP. Sms.* 205$_{16}$.

rembingur (-s), m., *Hovmod, Overmod; Vigtighed:* með ógurlegum sjálfbyrgingsskap og rembingi *Íf.* $^{8}/_{3}$ 90, 77c$_{25}$.

rembinn, a., *hovmodig, overmodig:* þó rifi þeir í sig ritninguna | og rembnir af trúnni stœri sig *KJ.* 206$_{24}$.

remma, f., *Bitterhed.*

remmljurt, f., *Malurt:* að bíta lengi brauðið þurt | og bryðja lífsins r. *MJ. Lm.* 48$_{16}$.

rengja (í), vt., *drage i Tvivl, betvivle, bestride Rigtigheden af noget:* Þóað nú efasemdin gjœði sig eigi að síður svo djarfa að r. einnig þessa vissu *Myn.* 93$_{5}$. ef skiptaráðanda eigi þykir ástæða til að r. hana (ɔ: framtöluna) *LHA.* 3, 203$_{34}$.

rengla, f., (rangr *krum, skæv*), *krum el. kroget Gren:* víðir grannur og kræklóttur, vaxa margar renglur upp af sömu rót *Austri* $^{3}/_{7}$ 85, 50c$_{19}$.

renna, f., *Rende, Rendesten:* Fyrir framan táið er rennan *KJ. Uf.* 6$_{8}$.

renna (renn, rennum; rann, runnum; runninn), vi., *løbe, flyde. V. impers.* rennur út í fyrir e-m *en er nær ved at græde:* það rann út í fyrir honum, þegar þeir skildu *PP. Sms.* 119$_{4}$. Um leið og biskup sagði þetta, rann út í fyrir honum *TÞH. Dr.* 2, 210$_{14}$. Það rann í brjóstið á honum *han blundede lidt.*

rennari, m., *Drejer:* að beita tólum og verkfærum trésmiðsins, rennarans *Fk.* $^{27}/_{8}$ 86, 64a$_{16}$.

rennblautur, a., *gennemvaad, dyngvaad:* er nokkuð að því að liggja r. á votri jörðinni? *ÓÓ. Hv.* 17$_{9}$.

rennibekkur (-jar, -ir), m., *Drejerbænk:* P. hafði í skóla sínum allskonar smíðaáhöld, rennibekk, hefilbekk *Fk.* $^{11}/_{9}$ 86, 66a$_{39}$.

rennigluggtjald, n., *Rullegardin:* þegar hún var búin að láta rennigluggtjaldið niður, fór hún að afklæða sig *GP. ÞS.* 107$_{26}$.

rennihani, m., *Skydeventil:* vængjahaninn og rennihaninn *Fisch. Ef.* 270$_{5}$.

rennilegur, a., *egnet til at løbe, spinkel:* rennileg skjepna *Fjöl.* 2, 2, 6$_{8}$. yfir höfuð að tala hefir hesturinn smátt og smátt orðið rennilegri *Av.* 6, 79$_{32}$.

rennill (rennils, rennlar), m., *Kran:* Þá er kveykt er, þarf eigi annað en opna rennil (krana); þá kviknar ljósið jafnskjótt *Ið.* 2, 92$_{8}$. rennlinum 92$_{5}$.

rennilok, n., *Laag, som skydes i gennem en Fals, Skydelaag:* ofurlítinn tréstokk með renniloki yfir *PS. Ast.* 42$_{31}$.

rennilykkja, f., *Løbeknude, Rendeknude:* hann dregur síðan í borur-

nar ólar þær hinar nýju og reið á rennilykkjur *Þs.* 1, 253$_{40}$.

rennireið (-ir), f., *løbende, hurtig Vogn:* spjó r. | rauðum logum *JÓ.* 155$_{3}$.

rennisléttur, a., *fuldkommen flad el. jævn:* að túnin sé orðin rennislétt *AÓ. Af.* 211$_{10}$.

rennismíði, n., *Drejekunst, Drejerhaandværk:* (hann) skemmti sjer líka stundum við r. eða garðyrkju *HH. Lút.* 57$_{20}$. tóvjelavinna, vefnaður, r. *KJ. Uf.* 40$_{25}$.

rennismiðja, f., *Drejerværksted; Drejelad:* Á skipinu vóru smiðatól, hefilbekkir og r. *Av.* 6, 129$_{18}$. Skólarnir eiga því ýms smiðatól, hefilbekki og rennismiðjur 7, 99$_{16}$.

rennsléttur, a., = rennisléttur: stigur fetfljótan dans | folald lífað á rennsléttum eyrum *JT.* 83$_{21}$.

rennusteinn (-s, -ar), m., *Rendesten:* Eina morgunstund hafði hann fundizt gauðrifinn og dauðadrukkinn í rennusteini *Ið.* 1, 51$_{12}$.

renuvotur, a., = renublautur: R. og gagndrepa inn að skinni *Ið.* 4, 22$_{4}$.

renta, f., *Rente.*

rentureikningur (-s), m., *Renteregning:* Kenna skal samsettan rentureikning *LHA.* 3, 149$_{14}$.

rétt (-ir), f., *Fold (til Kreaturer). Pl.* réttir *Faaresamlingstid om Efteraaret:* Er nú svo ráð fyrir gjört, að brúðkaupið skyldi standa að afliðnum rjettum *JT. PoS.* 57$_{16}$.

rétta (a), vt. og i., *drive Faar ind i en Fold:* risu menn árla og tóku að rjetta *JT. PoS.* 12$_{20}$.

réttarfar, n., *Rettergang, Retsvæsen:* rjettarfar er endurbætt *Skir.* 73, 107$_{16}$.

réttarfarsreglur, f. pl., *Rettergangsregler, Procesregler:* skal fara með það mál eptir rjettargangsreglum þeim, sem í gildi eru *LHA.* 3, 199$_{1}$. sker hann (ɔ: skiptaráðandinn) úr eptir rjettarfarsreglum í skiptamálum 208$_{17}$.

réttargildi, n., *Retsgyldighed:* um rjettargildi bjargsamninga *LHA.* 3, 117$_{8}$.

réttargjöld, n. pl., *Retsgebyrer:* Málspartarnir eru fyrir undirrjetti undanþegnir því að greiða rjettargjöld *LHA.* 3, 163$_{30}$.

réttarrannsókn (-ir), f., *retslig Undersøgelse:* Heimilt er sýslumanni að gjöra rjettarrannsókn um tíundarframtal manna *LHA.* 3, 216$_{9}$.

réttarsaga, f., *Retshistorie:* að þekkja rjettarsöguna *BM. UM.* 29$_{18}$.

réttarspeki, f., *Retsfilosofi:* vér sem höfum lært náttúruréttinn eða réttarspekina sjálfa *AÓ. Af.* 32$_{25}$.

réttarstaða, f., *retslig Stilling:* Af nöfnum þessum ... má fá nokkurn veginn ljósa hugmynd um réttarstöðu þessara höfðingja *Maur.* 72$_{7}$.

réttarþræta, f., *Retstrætte, Retsspörgsmaal:* Verði veruleg rjettarþræta af skipstrandi *LHA.* 3, 117$_{1}$.

réttbær, a., *kompetent:* að vér og þeir, sem oss eru samdóma, séum réttbærir dómarar um vafaleysi hennar (ɔ: setningarinnar) *Mill* 44$_{2}$.

réttdræpur, a., *som kan dræbes med Rette:* sú kenning, að harðstjórar sé réttdræpir *Mill* 31$_{27}$.

rétteygður, a., *som dömmer rigtig, retsindig:* Miklu heldur þá hreystist eg við kærlegt álit siðaðra þjóða sem og rétteygðra landa minna *BJ. EÓ.* 35$_{2}$.

réttfenginn, pp., *rigtig erhvervet:* þá mundi hann með iðni og

sparsemi fá safnað réttfengnum auði *AÓ. Af.* 10$_{22}$.

réttgengur, a., *strunk, knejsende:* hversu röskleg ir Dalakarlar eru og réttgengir *Nöl.* $^{29}/_{4}$ 79, 183$_{71}$.

rétthermdur, pp., *rigtig berettet, rigtig fortalt:* bar oss saman um, að það væri rjetthermt, er sagt er: að Damaskus liggi mitt í paradís *Þús.* 2, 43$_{28}$.

rétthermur, a., *rigtig fremstillet, rigtig:* Kaflinn um Ísland í bókinni virðist og mjög laglegr og að sætlun vorri réttthermari en í eldri bókum *Sk.* $^{22}/_{10}$ 78, 354$_{22}$.

rétthugaður, a., *retsindig:* kostgæfinn og r. í ransókn hlutanna *Myn.* 56$_{12}$.

rétthyrndur, a., *retvinklet:* Eftir hornunum er þríhyrningunum skift í réttthyrnda, sljóhyrnda og hvasshyrnda þríhyrninga *Hemp.* 53$_{22}$.

rétthyrningur (-s, -ar), m., *Rektangel:* réttthyrndur samsíðungur er líka nefndur r. *Hemp.* 58$_{12}$.

réttlátlega, adv., *retfærdig:* að hann breyti fullkomlega r. í einhverju *TUM.* 1, 75$_{12}$.

réttlátur, a., *retfærdig.*

réttlaus, a., *retløs:* hjúin voru eigi lengur rjettlausir þrælar húsbændanna *HH. Ks.* 60$_{18}$.

réttleikur (-s), m., *Rigtighed, Retskaffenhed:* um réttleik viljans *AÓ. Af.* 10$_{2}$.

réttleysi, n., *Retløshed, Mangel paa Berettigelse:* r. kvenna *JÓ. Jafnr.* 5$_{18}$. r. kvenna til kosninga *Sk.* $^{21}/_{8}$ 82, 21c$_{8}$.

réttlætanlegur, a., (*e.* justifiable), *som kan retfærdiggöres, forsvarlig:* að það sé réttlætanlegt að ofsækja sannleikann *Mill* 55$_{7}$. ef það væri réttlætanlegt að 202$_{8}$.

réttlæti, n., *Retfærdighed.*

réttlætistilfinning, f., *Retfærdighedsfølelse:* vottr um skarpa r. *Sk.* $^{28}/_{12}$ 78, 468$_{60}$.

réttminni, n., *det at huske rigtig:* Er þetta eigi r. mitt? *husker jeg dette ikke rigtig? Sk.* $^{25}/_{11}$ 78, 412$_{17}$.

réttmæli, n., *rigtigt Udtryk:* af því það er réttmæli *Urs.* 112$_{27}$. Fyrir því er það r., að viðskiftin, að mannfélagið skapi verðið *AÓ. Af.* 109$_{4}$.

réttmæti, n., *Retmæssighed, Rigtighed:* Höfundur kvæðanna kannast í allan máta við r. aðfinninganna *Sk.* $^{6}/_{7}$ 78, 208$_{87}$. algilt r. þess lögmáls *Mill* 10$_{18}$.

réttmætur, a., *retmæssig, lovmæssig, berettiget:* á réttmætan hátt *Mill* 170$_{6}$. telur hann (ɔ: páfinn) sig og vera rjettmætan handhafa að lyklum himnaríkis *Ið.* 4, 405$_{1}$. háðið með fyndninnar salti er eins réttmætt og gott andans vopn og hvert annað form *MáÍ.* 2$_{20}$.

réttuefndur, pp., *virkelig:* hvað jeg vil heimta af rjettnefndu skáldi *Gr. Kv.* 76$_{18}$.

réttnefni, n., *rigtig, træffende Benævnelse:* og þótt nafnið sé ekki parið prútt, þá er það helzt til mikið r. *Alm.* 85, 43$_{19}$. Aþenumenn kölluðu þá 30 harðstjórana, og var það r. *Ið.* 6, 267$_{15}$.

réttnæmi, n., *Retmæssighed, Berettigelse:* tilvistarheimild og r. *Fk.* $^{11}/_{8}$ 90, 25a$_{25}$.

réttnæmur, a., *retmæssig, berettiget:* hið réttnæma umdæmi laganna *Fk.* $^{19}/_{8}$ 90, 30$_{9}$$_{50}$. þá er vörn hans er réttnæm 30a$_{54}$.

réttrifjaður, a., *ligeribbet:* réttrifjuð blöð *PJ. Ns.* 129$_{2}$.

réttrit|un (-anir), f., *Retskriv-*

ning, Orthografi: Í málfræðisbókum sínum gefur Rask reglur fyrir íslenzkri rjettritun *TB.* 9, 46₄.

réttritunarbók (-bœkur), f., *Retskrivningsbog:* vjer eigum enga rjettritunarbók í orðabókarformi *BM. UM.* 37₈.

réttritunarfyrirmynd (-ir), f., *orthografisk Forbillede:* Latínan var eins og sjá má af Eddu r. Íslendinga *Nöl.* $^{6}/_{1}$ 81, 110b₁₉.

réttritunarkensla, f., *Undervisning i Retskrivning:* rjettritunarkenslan í skólum vorum *TUM.* 2, 18₂₂.

réttritunarregla, f., *Retskrivningsregel:* með stuttum réttritunarreglum *TB.* 9, 46₁₃.

réttritunarvilla, f., *Retskrivningsfejl:* ef tvær villutegundir eru lagðar saman, verða þær sem næst helmingur af öllum rjettritunarvillum *TUM.* 2, 18₂₅.

réttrændur, pp., *berøvet sin Ret, forurettet:* til þess að liðsinna rjettrændum lítilmögnum *TUM.* 2, 31₂.

réttskiftinn, a., *redelig.*

réttskiftni, f., *Redelighed:* skilvísi og r. *AÓ. Af.* 24₃₄.

réttskilinn, pp., *rigtig forstaaet:* réttskilin þörf og löngun hjartnanna *JG. Hv.* 19₁₇.

réttstæður, a., *retstaaende, retstillet:* þegar möndull og hæð eru jafnstór, þá er sívalningurinn kallaður réttstæður *Hemp.* 85₅.

réttsýni, f., *Retskaffenhed, Redelighed:* r. og réttvísi *Sw. VE.* 254₂₃.₂₈.

réttsýnn, a., *retskaffen, redelig.*

réttsynningur (-s, -ar), m., *Vind fra retvisende Syd:* þegar þeir ætluðu að leggja fyrir tángann, bráð-rauk hann á móti þeim með steinóðan rétt-synning *Þs.* 1, 427₂₅.

réttsæi, n., *Billighed:* mun þó mega kalla, að frammistaða þeirra Brights í þetta skipti hafi orðið upphaf alls þess rjettsæis er síðan hefir komið fram við Íra *Skír.* 82, 20₂₈. að Írum lærist svo bezt rjettsæi við hina, ef rjettlætinu verður við þá sjálfa gegnt 87, 43₂₀.

rétt-trúaður, a., *rettroende, orthodox:* ef þeir ekki hlýða hinni réttrúuðu rússnesku kirkju *Skír.* 89, 62₁₅. rétt-trúaðir kristnir menn *Mill* 51₂.

rétt-trúartími, m., *Rettroenhedsperiode:* Rjetttrúartíminn *HH. Ks.* 3₁₂.

rétt-trúnaðarstefna, f., *orthodox Retning:* hin (ɔ: ritin), sem hafa rjetttrúnaðarstefnu *HH. Ks.* 178₂₂.

rétt-trúnaður (-ar), m., *Rettroenhed, Orthodoxi:* var hann grunaður um rétttrúnað *TB.* 4, 181₃₀.

reyðarhvalur (-s, -ir), m., *Rørhval:* Um morguninn eptir var rekinn reiðarhvalur mikill *Þs.* 1, 27₂₉.

reyðikúla, f., *boletus luteus,* (*n.* matsopp). *BH. Grn.* 169₈. *Mohr* 251₁₀.

reyður (-ar), f., *Rørhval; acc. sg.* reyður *i Stedet for* reyði: Láttu reka reiður, | ríkur, ef þú getur *Þs.* 1, 27a₂₄.

reyfarakaup, n., *Røverkøb:* það er r., eins og þú skilur *Ið.* 6, 285₁₁.

reykelsi, n., *Røgelse, Virak.*

reykelsisfórn (-ir), f., *Røgoffer:* altari til reykelsisfórnar *LLH.* 112₁₇.

reykháfur (-s, -ar), m., *Skorsten:* þetta hitamegin rýkr út um reykháfinn *Ið.* 2, 66₁₅. Má þekkja Súezskurðinn á siglutrjám og reykháfum skipa þeirra, er um hann

fara *Ið.* 3, 239₁₄. Einn er r. fyrir allar byggingarnar *KJ. Uf.* 47₈.

reykingarstofa, f., *Rygeværelse:* enda þótt stofan sje ekki merkt sem r. *KJ. Uf.* 36₃₀.

reykjarhnykill (-hnykils, -hnyklar), m., *Røghvirvel:* er vér reykjandi Havannavindla vora erum djúpsælega að ígrunda margbreytta mynd og lögun reykjarknyklanna *Fk.* ¹¹/₉ 86, 66b₃₀.

reykjarhringiða, f., *Røghvirvel:* sokkinn ofan í að virða fyrir sjer reykjarhringiðurnar, sem þyrluðust út í loptið í herberginu *Ið.* 2, 37₁.

reykjarhringur (-s, -ar *el.* -ir), m. *Røghvirvel:* G. blés út nokkrum bláum reykjarhringum úr vindli sínum *Ið.* 1, 227₂₁.

reykjarsalli, m., *Könrøg:* að r. *(Könrøg)* og olía hefði blandazt saman *Fisch. Ef.* 225₇.

reykjarský, n., *Røgsky:* þótt sóldeplarnir breiti sjer optlega, eru þeir samt of reglulegir og halda ofvel stæðu sinni til þess að þeir gjeti verið eintóm reikjarski *Urs.* 10₂₂.

reykjarsvæla, f., *Røgdunst, tyk Røg:* oftast er nóg af gufu og reykjarsvælu *KJ. Uf.* 7₈.

reykjarteygur (-s), m., *Røghvirvel:* hann bljes drjúgum reykjarteigi úr pípu sinni *Ið.* 2, 108₅.

reykmóður, a., *bedøvet af Røg:* en drepa Akkea hjá skipunum reykmóða *Il.* 1, 210₁₀.

reykmý, n. collect., *Myg, som ikke stikke. Feddersen, Paa isl. Grund* 14₂₇. *Jf.* rykmý.

reykmökkur (-makkar, -mekkir), m., *Røgsöjle, Røghvirvel:* Og vagninn fer æðandi áfram | og eldsglóð og reykmekki spýr *Smást.* 17₅. með þeim voðalegasta reykmekki *Ið.* 4, 30₄.

reyktóbak, n., *Røgtobak:* Af hverju pundi tóbaks hvort heldur reyktóbaki, munntóbaki (rullu) eða neftóbaki (rjóli) skulu goldnir 10 aurar *LHA.* 3, 128₂₆.

reykur (-jar, -ir), m., *Røg.*

reynd, f., *Erfaring, Virkelighed:* svo samkvæm eru sannri r. öll þau atvik, sem frá segir í bókinni *Ið.* 7, 99₂₈. í reyndinni *i Virkeligheden. Mill* 191₁₈.

reyndar (*g. sg. af* reynd), adv., *i Virkeligheden; vel, rigtignok:* R. gengu rúmir fimm dagar í það fyrir mér, að *Rób.* 52₁₁.

reyniber, n., *Rönnebær:* R. þerra blóðlát *BH. Grn.* 171₇.

reynir (-s *el.* rs), m., *sorbus aucuparia, Rön. BH. Grn.* 171₈. *Mohr* 186₁₄. *Grl.* 26₁₈. reinir bölvaðr segja sé | samt er hann eitt hið bezta tré *EÓ.* 45b₁₈.

reyniskógur (-ar, -ar), m., *Rönneskov:* þinn söngur — það er munarómur einn, | af aptanblæ um reyniskóga borinn *KJ.* 318₂₂.

reynitré, n., *Rönnetræ:* Í Húsavík er eitt reinitrje *Fjöl.* 1, 91₃₀.

reynsla, f., *Erfaring:* Nú fóru náttúrufræðingarnir að velja reýnsluna sjer til leiðtoga *Fjöl.* 1, 107₃₀. þó er mikill fjöldi manna, sem lætur eigi reynsluna kenna sjer neitt í þessu efni *Sm.* 36₁₃. reynslan og eptirtektin *TB.* 7, 159₁₄.

reynsluár, n., *Prøveaar:* Eptir reynsluárið skal kennarinn taka próf *Av.* 7, 111₁.

reynsludagar, m. pl., *Prøvedage, Prøvetid:* það runnu nú upp þungir r. fyrir mig *PP. NS.* 32₂₀.

reynslulaus, a., *uerfaren, uden Erfaring:* r. skoðan er án alls lífs og innra kraptar *Gr. Kv.* 113₂₄.

reynslulegur, a., *empirisk:* þegar

hin vísindalega athygli snýst mest að hinu reynslulega og skilvitlega *Fk.* $^{3}/_{8}$ 91, 34b8.

reynsluleysi, n., *Uerfarenhed*: þó eitthvað findist þar, sem bæri keim af reýnsluleýsi ykkar *Fjöl.* 1, 88$_{12}$. r. fylgir þekkingarleysi *Gr. Kv.* 76$_{6}$.

reynslurœða, f., *Prøvetale*: G. flutti þessa reynslurœðu sína í kapellunni á Garði 1810 *HP. Gr.* 10$_{5}$.

reynslutíð (-ir), f., *Prøvetid:* eptir vel afstaðna r. *Saw.* 34$_{25}$. Og þegar endar þetta stríð | og þrotin er mín r. *Sb.* 40, 5$_{2}$.

reynslutími, m., *Prøvetid*: Reýnslutími hennar var þegar á enda liðinn *Fjöl.* 1, 170$_{14}$. Þetta er reynslutími mannsins 3, 1, 67$_{8}$.

reynsluvísindagrein (-ir), f., *empirisk Videnskab*: að læknisfræðin sje r. *Íf.* $^{19}/_{12}$ 88, 239a$_{7}$.

reynsluvísindi, n. pl., *empiriske Videnskaber:* Síðan á Hahnemanns dögum hafa hinir lærðu læknar verið að gjöra læknisfræðina meir og meir að reynsluvísindum *Íf.* $^{19}/_{12}$ 88, 239a$_{30}$. Framfarir í reynsluvísindum voru úr því óhugsanlegar *ÞTh. LfsÍ.* 50$_{12}$.

reyr (-rs), m., *calamagrostis stricta, stivtoppet Rør. Grl.* 124$_{8}$. *PJ. Ns.* 174$_{19}$.

reyrgras, n., *anthoxanthum odoratum, vellugtende Gulax. Grl.* 122$_{22}$.

reyrgresi, n., *hierochloa borealis, vellugtende Festgræs. Grl.* 126$_{6}$. *Av.* 18, 30$_{19}$. Hér er átt við reyrgresið (*hierochloa borealis*), sem kvennfólkið í sveitinni enn þá leggur í fatakistur sínar *ÞTh. LfsÍ.* 193$_{33}$.

reyrprik, n., *Rørstok, Spanskrørstok*: Lótan ljet r. sitt minna hann (ɔ: asnann) á að halda áfram *Dv.* 5, 1$_{24}$.

reytur, f. pl., (reyta *pille, plukke, afrive*), *Pilleri, ubetydelig Ejendom; Ejendom, Gods* (*i ringeagtende Betydning*): Torfi prófastur er orðinn geðveiklaður maður út af reitunum *TÞH. Dr.* 1, 2, 50$_{21}$.

ribsrunnur (-s, -ar), m., *Ribsbusk:* í görðunum í Reykjavík sjálfri eru nokkrir ribsrunnar *TB.* 7, 3$_{33}$.

riða (a), vi., (*om Fiske*) *parre sig.*

ríða (**ríð, riðum; reið, riðum; riðinn**), vt. med dat. og vi., 1. *ride.* — 2. r. á e-u *være afhængig af noget; være af Vigtighed, være magtpaaliggende*: á því ríður öll velgjeingni lauzins, að *Fjöl.* 3, 2, 12$_{27}$. þessi ferð ríður oss á meira, enn 3, 2, 23$_{14}$. — 3. V. impers., ríður á *er af Vigtighed*: Þessvegna ríður mjög mikið á (*er det af stor Vigtighed*), að málið í sálmunum sje gott *Fjöl.* 2, 1, 47$_{7}$. Hugmyndir þessar eru svo mikilvægar, að oss ríður á að halda oss við þær *Myn.* 117$_{20}$.

riðamikill, a., *eftertrykkelig*: orð hans voru sem hamarshögg, þung og riðamikil *Íf.* $^{2}/_{11}$ 89, 349b$_{11}$.

riddaralega, adv., *ridderlig:* eftir því hve elskulega og r. hann hafði komið fram *Dægst.* 20$_{14}$.

riðtími, m., *Parringstid:* Fyrir utan riðtímann stunda þeir (ɔ: fiskarnir) ekki annað enn að stilla húngur sitt *Fjöl.* 2, 2, 7$_{24}$.

riðvél (-ar), f., *Knyttemaskine:* Hver ein af riðvjelunum kostar 7000 krónur *Av.* 5, 27$_{24}$.

rif, n., *Ribben*; e-ð rennur e-m til rifja *noget gör et dybt Indtryk paa en:* mjer rennur til rifja að heyra ófarir yðar *Þús.* 3, 13$_{10}$.

rifahjarn, n., *haard Sne, som*

Foden ikke synker i: enda var þá komið gott veður og r. yfir alt *Þs.* 1, 163$_{19}$. Veðr var hið fegrsta, r. og markaði hvergi fyrir spori *JJ. Rand.* 99$_{24}$.

rífast (**rífst, rífumst; reifst, rifumst; rifizt**), v. refl., *skændes:* áður en hjónin fóru að rífast *Þs.* 1, 347$_{20}$. R. um e-ð *trættes, kives, stride om noget*: Hinir þýzku læknar og Mackensie rífust um keisarann *Skír.* 89, 45$_{17}$.

rífgarður (-s, -ar), m., *en af de parallele Rader, som Høet lægges i naar det vendes:* G. tók rífgarðinn á eptir Björgu *PS. Ast.* 69$_{20}$.

rífhrís, n., *betula procumbens. BH. Grn.* 174$_{8}$. *betula intermedia, betula hybrida. Grl.* 92$_{21}$.

rífjabrjósk, n., *Ribbensbrusk*: Bringubolurinn myndast að aptan af 12 hryggjarliðum og aptari hluta rifjanna; til hliðanna af rifjunum og að framan af rifjabrjóskinu og bringubeininu *JJ. EML.* 64$_{8}$.

ríflega, adv., *klækkelig*: til þess að afla oss þeirra (ɔ: gáfaðra manna og kvenna) verðum vér að launa þeim r. *TB.* 7, 156$_{19}$.

rífrildi, n., 1. *noget som er forrevet el. beskadiget, Stumper af noget* (r. af bók, bókarr.): forsaungvarinn þrífur r. af Skrifflíusi *JT. PoS.* 66$_{6}$. — 2. *Skænderi, Klammeri*: r. hjónanna *Þs.* 1, 347$_{24}$. í r. og annari sambúð 347$_{29}$. Blöðin lifa að miklu leyti á r. *Ið.* 7, 30$_{3}$.

rig, n., = rígur, m., *Stivhed*: þótt í herðarnar kæmi ryg *EÓ.* 40$_{288}$.

rígbinda (**-bind, -bindum; -batt, -bundum; -bundinn**), vt., *fastbinde*: vildu því margir þeirra (ɔ: hinna kristnu) eigi r. sig lengur við helgisiðalög Gyðinga *HH. Ks.* 44$_{81}$. Rigbundinn *fastknyttet, streng, ufravigelig*: rígbundin fastheldni *AÓ. Af.* 11$_{84}$. rígbundinn fjelagsskap *Ið.* 6, 298$_{81}$.

rígfastur, a., *aldeles ubevægelig, urokkelig:* alt til þessa hefir framsókn Evrópumentunarinnar strandað þar á rígfastu þjóðskipulagi Kínverja *Fk.* $^{9}/_{7}$ 87, 75$_{288}$.

rígheld, n., *haardnakket Fastholden*: að stjórnin mundi halda sama rígheldi í *(holde lige fast ved)* sambandið við Þýzkaland og Austurríki *Skír. u. á.* 91, 30$_{28}$.

rígheldа (**-held, -höldum; -hélt, -héldum; -haldinn**), vt. med dat., *fastholde med Haardnakkethed*: boðaðir frá öllum frama, sem hinir r. fyrir sig og sína *Þj.* $^{22}/_{7}$ 81, 63$_{288}$.

rígnegla (**i**), vt., *fastnagle:* það var eins og hann væri rígnegldur, þar sem hann stóð *PP. Sms.* 239$_{6}$.

rigning (-ar), f., *Regn.*

rigningabœli, n., *Sted el. Egn, hvor der regner overordenlig meget:* mest rigningabæli í heimi *Björl.* 43$_{11}$. eitthvert hið versta rigningabæli á norðurlöndum 43$_{28}$.

rigningakafli, m., *Regntid*: því skemmra verður milli rigningakaflanna *Björl.* 41$_{18}$.

rigningarvatn, n., *Regnvand:* létu menn þar safnast í rigningavatnið og geymdu *LLH.* 85$_{m}$.

rigningasamur, a., *regnfuld:* er rigningasamt *det regner hyppig. LÍ.* 20$_{17}$.

rigningatíð (-ir), f., *Regntid*: þar er rigningatíðin að eins ein á ári *Björl.* 41$_{14}$. þurviðristið og rigningatíð *Rób.* 63$_{8}$.

rígsa (**a**), vi., *gaa knejsende*: hún rixaði burt með sokkana *PS. Ast.* 210$_{5}$.

rígur (-s), m., 1. *Stivhed i Lemmerne.* — 2. *Spænding, spændt*

Forhold: Sami rígr við Svía *Fk. A.* $^{4}/_{8}$ 90, 9b$_{7}$.

ríki, n., *Rige, Stat.*

ríkilátur, a., *stolt:* við skör veldis þíns leggur hinn ríkilátasti konungur heimsins af sjer kórónu sína *ÓÓ. Hl.* 36$_{28}$.

ríkisbankadalur (-s, -ir), m., *Rigsbanksdaler:* hið sama er einnig um allar spesíur, spesíudali, ríkisbankadali *StA.* 76, 60$_{16}$.

ríkisbiðill (-biðils, -biðlar), m., *Kronprætendent:* er kórónuerfingjunum eða ríkisbiðlunum er nú vísað úr landi *Skír.* 87, 56$_{8}$.

ríkisborgari, m., *Statsborger:* Í frjálsu ríki eru heilagar skuldbindingar lagðar á hvern einasta ríkisborgara *TB.* 7, 144$_{28}$.

ríkisdagur (-s), m., *Rigsdag:* stórþing, r., parlament *Fróð.* $^{27}/_{11}$ 85, 268$_{8}$.

ríkisdalur (-s, -ir), m., *Rigsdaler:* hamingja sönn og hjartansró | hún fæst ei með ríkisdölum *Núm.* 5, 8. ríkisdali og hálfa ríkisdali *StA.* 76, 60$_{16}$.

ríkisdómur (-s, -ar), m., *Rigsret:* aðrir vildu stefna ráðgjöfunum í ríkisdóm *Skír.* 55, 15$_{4}$.

ríkiserfðamál, n., *Arvefølgesag:* einkum í ríkiserfðamálinu *Ið.* 5, 354$_{8}$.

ríkiserfingi, m., *Rigsarving:* til að heilsa hinum unga ríkiserfingja *Sak.* 60$_{12}$.

ríkisgjöld, n. pl., *Statsudgifter:* greiða skal þenna hluta hinna almennu ríkisgjalda á gjalddaga rjettum *Skír.* 55, 6$_{22}$.

ríkishelld (-ir), f., *Statshelhed, Helstat:* koma öllum hinum yfirunnu þjóðum í eina r. *PM. Ág.* 91$_{14}$.

ríkisherstjóri, m., *Rigsfeltherre:* Mikadóinn setti þá ríkisherstjóra, siógún, til þess að gera enda á óhæfu þessari *Ið.* 3, 255$_{26}$.

ríkiskirkja, f., *Statskirke:* hin kristna kirkja varð þjóðkirkja eða r. *Tang* 155$_{21}$. Faðir hans fylgdi sið ríkiskirkjunnar *Ið.* 7, 1$_{20}$. Víðast hvar hefur kirkjan fram á þennan dag verið r. *Ald.* 2, 111$_{17}$.

ríkismerki, n., *Rigsvaaben:* r. konungs *Sak.* 43$_{27}$.

ríkismynt, f., *Rigsmønt:* öllum gjöldum . . . sem ákveðin eru í r. *StA.* 74, 4$_{11}$.

ríkisráð, n., *Statsraad:* sendum vjer yður aptur brjef þetta úr ríkisráði voru *Þús.* 1, 330$_{12}$. Klerkar fóru úr ríkisráðinu *PM. Ág.* 279$_{22}$.

ríkissjóður (-s, -ir), m., *Statskasse:* Á seinni tímum hefur ríkissjóðurinn þurft að leggja Íslandi minna en áður *LÍ.* 76$_{11}$. í gjöldum til ríkissjóðsins *StA.* 75, 14$_{16}$.

ríkisskip|un (-anir), f., *Statsforfatning:* að hún (ɔ: þjóðin) feingji innlenda stjórn og frjálslega ríkjisskipan *Fjöl.* 4, 2, 22$_{8}$.

ríkisskrá (-r, -r), f., *Forfatningslov:* Hinir bráðhugaðri frelsismenn hafa lengi krafizt endurskoðunar á ríkisskránni *Skír.* 84, 86$_{22}$.

ríkisskuldabréf, n. pl., *Statsobligationer, Statspapirer:* Ríkisskuldabrjef . . . skal selja eptir gangverði *LHA.* 3, 195$_{30}$.

ríkisskuldir, f. pl., *Statsgæld:* allar þær r., sem konungsríkið kynni að komast í *Skír.* 55, 6$_{4}$.

ríkissóknari, m., *Generalfiskal:* aðstoðarmaður hjá ríkissóknaranum *Skír.* 79, 111$_{12}$.

ríkisstjórn (-ir), f., *Statsstyrelse:* höfðu allar þessar þjóðir þá þegar

komið á hjá sjer fastri r. *PM. Ág.* 2$_{17}$.

ríkistekjur, f. pl., *Statsindtægter:* hann lækkaði afgjald það, er riddarar áttu að gjalda af ríkistekjunum, er þeir höfðu að léni *PM. Ág.* 87$_{11}$.

ríkistrú, f., *Statsreligion:* áður en kristindómurinn varð rómversk r. *HH. Ks.* 47$_{36}$.

ríkistunga, f., *Statssprog:* að þýzkan skyldi vera „ríkistunga“... í Austurríki *Skír.* 85, 119$_{5}$.

ríkisuppfræðsla, f., *Statsopdragelse:* Almenn r. í höndum stjórnarinnar er ekkert annað en tilraun til að steypa alla í sama mót *Mill* 213$_{25}$.

ríkisvald, n., *Statsmagt:* þessi flokkur vill beita ríkisvaldi til að koma jöfnuði á kjör manna *Mill* 175$_{15}$.

ríkisþarfir, f. pl., *Statsfornødenheder:* eptir því sem hver landshluti geldur mikið í r. *Skír.* 55, 6$_{32}$.

ríkisþegn (-s, -ar), m., *Statsborger:* menn meðal hinna minni ríkisþegna sem afskiptir þykjast *TB.* 7, 149$_{22}$.

ríkisþing, n., *Rigsdag, Rigsforsamling:* árið 1529 var stefnt til ríkisþings í Speier *PM. Ág.* 176$_{11}$.

ríkjavaldsmenn, m. pl., *Demokrater (i de forenede Stater i Amerika):* til að skakka þar stjórnardeilu í því ríki með ríkjavaldsmönnum og bandavaldsmönnum *Sk.* $^{28}/_{12}$ 78, 463$_{60}$.

ríklundaður, a., *myndig, herskesyg:* valdhafendr ... eru oftast ríklundaðir og eigi lausir við ágengni *Fróð.* $^{20}/_{2}$ 86, 342$_{40}$.

ríklyndi, n., *Myndighed, Herskesyge:* það getum vér því að eins metið, að vér athugum r. stjórnarvaldsins *Fróð.* $^{20}/_{2}$ 86, 341$_{19}$.

ríksort, n., *Rigsort (et Møntstykke):* fjögur ríxort fóru í prestinn *JT. PoS.* 42$_{9}$.

ríkur, a., *rig, mægtig;* leggja ríkt á *lægge Vægt paa, udhæve, betone:* þetta legg eg ríkt á *TB.* 7, 143$_{14}$.

rím, n., *Rim:* það eðli andans, að geta leitt í ljós hugsanir sínar í hendingum eða rími *Gr. Kv.* 78$_{6}$. því rímin eru erfið og ekki' að miklu gagni *GT.* 38$_{21}$.

rím (-ar), f., *Stigetrin, Trappetrin:* voru rimarnar í efsta stiganum svo brotnar, að þau gátu varla fótað sig þar *Blk.* 134$_{22}$.

ríma, f., *Heltedigt el. Afsnit af et Heltedigt; versificeret Fortælling:* þó aðrir, sem vit hafa á, gjeti ekki kallað þesskonar rímur skáldskap *Fjöl.* 3, 1, 22$_{13}$.

ríma (a), vt., *rime, indklæde i Vers:* það eru sumir menn, sem geta rímað orðin á ótrúlegan hátt *Gr. Kv.* 79$_{19}$.

rímagarður (-s, -ar), m., *Stakit:* (kálgarðurinn var) skildur frá strætinu að austanverðu með rimagarði *JT. PoS.* 133$_{25}$.

rímari, m., *Rimer, Versemager:* skáldum er hugsunarlaust slengt saman við hina svo nefndu rímara *Gr. Kv.* 76$_{11}$. þetta er nú byggt á því, að ein stefna eður gáfa andans er hinum ríkari — hjá flestum slíkum rímurum 80$_{1}$.

rímfallandi, m., *Rimfald, Rhythmus:* Leikrit eru að kalla aldrei í ljóðum; heldur eru þau annaðhvort í óbundinni ræðu eða þá í órímuðum rímfallanda *(Rhythmus) Gr. Kv.* 90$_{12}$.

rímfræði, f., *kalendariske Kund-*

skaber: landfrœði, náttúruvísindi, r., guðfrœði *JB. Rht.* 1s.

rímfrœðingur (-s, -ar), m., *Kalendariograf*: hinn helzti r. aldarinnar var Jón Árnason Skálholtsbiskup *JB. Rht.* 53s4.

rimi, m., 1. *langstrakt græsbegroet Jordplet*: þegar góðu árin koma, so að rjett hver rimi er slægur *Fjöl.* 5, 1, 27s1. — 2. *Abcise*: fjarlægðin frá fótpunkti hliðungans að miðpunkti sporbaugs er nefnd rimi (*Abcise*). *Hemp.* 67i4.

rímleikur (-s), m., *Legen med Rim*: heldur orti hann líka kvæði, sem ekki er annað en r. *Gr. Kv.* 105n1.

rímlipurð, f., *Eurhythmi*: og var þó ekki einu sinni svo vel, að nokkur formfegurð eða r. sætti stað *TB.* 2, 178i.

rímma, f., *Diskussion, Ordstrid, Kamp*: eptir langa rimmu á þinginu um andsvarsávarp þess til konungs *Skír.* 85, 89o. út af því sló í marga rimmu með þeim *Ld.* 6, 231i.

rímmeistari, m., *Kalendariograf*: lærðir rímmeistarar hafa reiknað, að eptir því hafi Kristur dáið 6. eða 7. dag aprílmánaðar *HH. Ks.* 9n5.

rímnakveðskapur (-ar), m., *Rimedigtning*: vildi jeg óska það sem hjer er sagt gjæti orðið einhvurjum til viðvörunar, sem feingjist við rímnakveðskap eptirleiðis *Fjöl.* 3, 1, 29n.

rímnaskáld, n., *Rimedigter*: enn rímna-skáldinu sje ekkji um það að kjenna *Fjöl.* 3, 1, 22n.

rindill (rindils, rindlar), m., = músarrindill *troglodytes borealis*, *Gærdesmutte*. *Mohr* 53i6.

ringl, n., 1. *Fortumling*, *Bedøvelse*, *Forvirring*: þegar ringlið leið frá, fjekk jeg aptur fulla rænu *PP. Sms.* 40i5. — 2. *Sværmeri*: Ringlið og frekjan hjá Montaningum varð kirkjunni eigi að tjóni *HH. Ks.* 186i1.

ringlaður, pp., 1. *fortumlet i Hovedet*: þá var hann búinn að fá megn sitt og afl, en var þó nokkuð r. *Ps.* 1, 126s8. — 2. *forvirret*: varð hann svo r., að hann vissi ekki sjálfur, hverju trúa skyldi um það, sem honum hafði viljað til *Þús.* 1, 365n2. í svo ringluðu og óróðmu hugar ástandi 2, 54i6.

ringulráð, n., *Raadvildhed*: var min fyrirætlan af ringulráði? *HF. Kv.* 1, 79n2.

ringulreið, f., *Forvirring*, *Uorden*: að stjórnarfarið færi á r. *Skír.* 83, 8n1. að allt fari á r., ef þau nýmæli verði að lögum 84, 28i. allt var í mestu r., þegar hann kom inn *Ld.* 3, 37s. hjelt hann að þar væri allt á r. 6, 126i6.

ris, n., *Rejsning*: hugsum vjer oss reist þak með hæfilegu risi *Ld.* 4, 412n6.

risafet, n. pl., *Kæmpeskridt*: við erum sjaldan vanir að stiga r. *TB.* 15, 219i8.

risaleikur (-s, -ar *el.* -ir), m., *Jætteleg*: hvort viltu nú heldur kongsleik eða risaleik *PS. Ast.* 42i8. *ÓD. ÍS.* 112n5.

risamynd (-ir), f., *Kæmpebillede*: tvær risamyndir af steini *Ld. SG.* 173i.

risastærð (-ir), f., *Kæmpestørrelse*: fjórar myndir í r. *Nöl.* 24/1 79, 87o.

risavaxinn, pp., *kæmpemæssig*, *gigantisk*: risavaxin mynd *PS. Ast.* 8i6. mennirnir hafa orðið að hefja vatnið upp þangað með risavöxnum dælum *KJ. Uf.* 12n.

rísgrjón, n. pl., *Ris:* Eg skildi ekkert í, hvernig bygg eða r. gætu verið komin á þenna stað *Rób.* 48₈. fékk eg með þessum hætti eina skeppu af korni og tvær af rísgrjónum 62₁₃.

rísnulegur, a., *prægtig, glimrende:* að gera viðtökurnar sem rísnulegastar *Skír.* 85, 28₁₃.

rispa, f., *Ridse:* klappirnar eru allar með rákum og rispum *Av.* 13, 219₈.

rispa (a), vt., *ridse, indridse:* Einnig hafa menn mjög snemma rispað myndir á vopn sín og önnur verkfæri *PJ. Ns.* 47₁₈.

rista, f., *Ridse:* stundum að eins ristur, sem í sprungnar gluggarúður *StN.* 2, 49₂₅.

ristarhengill (-hengils, -henglar), m., *Ristpendul:* ristarhengillinn, sem Graham er og höfundur að *Fisch. Ef.* 53₃₄.

ristudjúp, n., *Dybgaaende:* r. þess (ɔ: skipsins) er 27 fet *Fk.* $^{24}/_{12}$ 87, 146a₂₅.

rit, n., 1. *Skriven, Skrivning.* — 2. *det skrevne, Skrift, Afhandling:* Rit þetta var í fyrstu samið á grísku *HH. Ks.* 181₂₁.

rita, f., *larus tridactylus. Gr. Df.* 65₈.

rita (a), vt., *skrive.*

ritandi, m., *den skrivende, Skriver:* ef hvert einstakt hljóð í munni mælandans á sjer ekki tilsvarandi staf í riti ritandans *TUM.* 2, 3₂₅.

ritblý, n., *Blyant:* vasaklúturinn og ritblýið *Ld.* 5, 299₂₁.

ritbrot, n., *Brudstykke af et Skrift:* það sést á ritbrotum þeim, sem eptir Pyþeas liggja, að hann hefir í mörgu skarað fram úr samtíðarmönnum sínum *ÞTh. LfsÍ.* 8₂₇.

ritdeila, f., *Polemik:* r. Lúters við Hinrik 8. Englands konung *HH. Lút.* 40₈. það er einkenni á slíkum ritdeilum, að *TB.* 9, 34₁.

ritdeiluvopn, n. pl., *polemiske Vaaben:* R. hans eru ávalt hin sömu *Fk.* $^{10}/_{10}$ 89, 117a₃₄.

ritdómandi, m., *Recensent, Kritiker:* Það mætti segja hjer um bil hið gagnstæða um ritdómendur vorrar aldar *Gr. Kv.* 82₁₈.

ritdómari, m., = ritdómandi: hann álítur það vafalaust, að ritdómarinn sje íslenzkur *TB.* 9, 32₁₀.

ritdómur (-s, -ar), m., *Bedömmelse af et Skrift, Anmeldelse, Recension:* án slíkra ritdóma, sem opt því miður að mörgu eru tómir sleggjudómar *GB.* 101₂₂. r. um hina dönsku þýðing Rafns prófessors á Jómsvíkinga sögu og Knytlinga sögu *TB.* 9, 29₂₆.

ritdœmi, n., *Kritik:* Atfarir þeirra gagnvart óyggjandi ályktunum vísinda og ritdæmis *Gefj.* 29₂₀.

ritdœmilegur, a., *kritisk:* víðtœkar ritdæmilegar atgerðir *Gefj.* 28₂₉.

ritfegurð, f., *Kalligrafi:* að því leyti sem það snertir fornletrafræði (*palæografi*) og ritfegrð (*kalligrafi*) *Fk.* $^{15}/_{10}$ 91, 203a₅.

ritfrelsi, n., *Skrivefrihed:* R. vilja Svisslendingar uppi halda í lengstu lög *Skír.* 85, 99₂. rœðufrelsi og r. *Mill* 28₁₇.

ritfœr, a., *skrivedygtig, dygtig som Forfatter:* ritfærir menn risu upp og skrifuðu með eða mót *HP. Gr.* 16₂₂.

ritföng, n. pl., *Skrivesager, Skrivetöj:* ritföngin skaltu nú hafa með þér *PS. Ast.* 40₁₀.

ritgerð (-ir), f., 1. *Afhandling:* Enn er eptir þriðji kostur ritgjörð-

arinnar *Fjöl.* 2, 1, 7₁₇. Hann hafði meðferðis r. um að grafa í sundr eiðið *Ið.* 3, 241₂₁. — 2. *Udarbejdelse*: Til þess þurfa að vera nógar verklegar æfingar, ritgjörðir *BM. UM.* 86₁₇.

ritháttur (-ar), m., *Skrivemaade*: hjá þessum höfundum mun inn einkennilegi r. þeirra oftast vera vottur um skarpa réttlætistilfinningu *Sk.* $^{26}/_{12}$ 78, 468₂₃.

rithvinn (-s, -ar), m., *Bogplyndrer, Plagiator.*

rithvinska, f., *literært Tyveri, Bogplyndring, Plagiat:* Hann firirverður sig eigi að væna aðra rithvinnsku *FJ. NV.* 7₁₄.

rithöfundur (-ar, -ar), m., *Forfatter:* Þessi hlutur á að liggja öllum rithöfundum þúngt á hjarta *Fjöl.* 1, 12₂₄. með því eptirdæmi, er hann gefur öðrum, gerir hann (o: verkmaðurinn) eins mikið gagn, eins og ágætur r. *Sm.* 91₂₂.

rithönd (-handar, -hendur), f., *Haandskrift:* r. þeirra Ólafs og hans þekktist ekki hvor frá annari *TÞH. BS.* 162₁.

ritkappi, m., *literær Helt*: þessi nýi r. *Fk.* $^{11}/_{10}$ 93, 161b₄₃.

ritkorn, n., *et lille Skrift:* jeg hef því samið r. þetta *Gr. Sk.* 91, 78₁₃. Hann getur og um, að hann sé nú að semja r. um Gizur biskup Einarsson *Safn* 2, 600₂₂.

ritkraftur (-ar, -ar), m., *literær Styrke:* eptir því sem ritkraptar hans leyfðu *TB.* 8, 24₂₂.

ritleti, f.. *Ulyst til at skrive:* það er hin andlega deyfð og hugsunarleysi, sem er svo rík meðal almennings, sem veldr þessari r. *Fk.* $^{27}/_{5}$ 90, 61b₂₁.

ritlist, f., *Skrivekunst, Skrivning:* Stafróf eða r. þekktu þeir auðvitað ekki *Ið.* 4, 179₁₆. r., söngur, orgelspil *TUM.* 1, 40₁₉.

ritmál, n., *Skriftsprog:* leggja eyjarskeggjar litla stund á að koma upp færeysku ritmáli *Skír.* 79, 114₁₀. Þeir höfðu r., sambland af fornegypzku og grísku *Dv.* 89, 18₁₀.

ritning (-ar), f., *Skrift, den hellige Skrift, Bibelen.*

ritningafróður, a., *skriftlærd*: Jesús spurði og svaraði ritningafróðum mönnum *LLH.* 111₁₃. málsnjall maður og r. *HH. Ks.* 25₁₉.

ritningargrein (-ir), f., *Bibelsted*: (eg) hefi þar fært til margar ritningargreinir *HF. Kv.* 1, 140₈. flestir létu sér nægja, ef ritningargreinin eitthvað svaraði til efnisins *LLH.* 20₂₂.

ritningarstaður (-ar, -ir), f., *Bibelsted:* get eg sannað þetta með hundrað ritningarstöðum *FP.* 69₇.

ritóður, a., *skrivegal, skrivesyg*: eins virðast rithöfundarnir íslensku í Ameríku að vera orðnir ritóðir *Fk.* $^{15}/_{4}$ 90, 41a₇.

ritregla, f., *orthografisk Regel.*

ritreglumaður, m., *Orthograf:* Hvört heldur sem ritreglumadur sundurgreinir einhvör hljód . . ., eda *Fjöl.* 3, 1, 12₁₀.

ritsa, f., = rita. *Mohr* 41₁₈. *Faber* 90₁₄. *Gr. Df.* 65₈.

ritsjá (-r, -r), f., *Anmeldelse:* R. nokkurra útlendra bóka um Ísland *TB.* 13, 1₁. 15, 247₁.

ritsjámaður, m., *Anmelder:* eins er opt hætt við að svo kunni að fara, að mynd sú, er sýnd verður af bókunum í stuttri ritsjá, kunni á stundum að verða með nokkuru meiri skekkju en frummyndin, þó ritsjámaðurinn hafi gert sér far um að forðast slikt *TB.* 13, 2₁.

ritskáld, n., *Novellist, Roman-*

UNIVERSITY OF CALIFORNIA

forfatter: Í Jökuls þætti sýnir nú ritskáldið oss, hversu *Fróð.* $^{10}/_{5}$ 84, 126$_{40}$.

ritskoðandi, m., *Censor:* Ritskoðendurnir virðast vera of mislyndir til þess, að mögulegt verði að ætlast á um, hverju þeir leyfi útkomu *Ið.* 3, 168$_{25}$.

ritskoð|un (-**anir**), f., *Censur:* Auk hinnar áður nefndu áhrifalausu ritskoðunar er og til annars konar r. með fullum áhrifum *Ið.* 3, 168$_{19}$. nema hvert númer væri áðr lagt undir r. *Sk.* $^{10}/_{4}$ 80, 56$_{55}$.

ritskygn, a., *kritisk*: (hann hafi) með því gert frásögnina ótrúlega í augum ritskyggnra (kritiskra) manna *TB.* 13, 51$_{5}$.

ritskörungur (-**s**, -**ar**), m., *fremragende Forfatter*: Meðal þeirra skal nefna Taine, ritskörung Frakka *Íf.* $^{21}/_{11}$ 91, 369$_{a5}$. ritskörungar eða ljósvakar nýrrar aldar *Skír.* 87, 4$_{14}$.

ritsmíð (-**ar**), f., *Forfattervirksomhed, literær Produktion, literær Præstation; Literatur*: Skal nú stuttlega drepið á helztu ritsmíðar þessa tímabils *JB. Rht.* 10$_{21}$. Nú fór að koma fram ný stefna í r. Íra *TB.* 14, 244$_{6}$.

ritsmíði, n., *literært Produkt, literære Arbejder:* aumlegt r. *HH. Ks.* 180$_{21}$. Af r. hans mætti nefna „Söguágrip um prentsmiðjur og prentara á Íslandi" *JB. Rht.* 85$_{12}$.

ritsmiður (-**s**, -**ir**), m., *Forfatter:* Kjennir r. á hörðu, ef *Fjöl.* 4, 1, 6$_{19}$.

ritsnild, f., *literær el. stilistisk Fortrinlighed*: Mundum við firir það geta komist til jafns við þá (o: forfeður vora) í r. eða í framtakssemi og dugnaði? *TUM.* 2, 8$_{18}$.

ritsnillingur (-**s**, -**ar**), m., = ritskörungur: verk hinna mestu ritsnillinga *FJ. NV.* 1$_{7}$. Þannig ver þessi r. nú æfi sinni í þarfir almúgans *Skír.* 89, 62$_{29}$.

ritsnjallur, a., *skrivedygtig, som skriver el. producerer literære Arbejder med stor Dygtighed*: en þeir eru nú eigi allir eins ritsnjallir og hann, prestafuglarnir *Sk.* $^{30}/_{11}$ 78, 428$_{84}$.

ritstarf, n., *Forfattervirksomhed:* Jafnframt þessu hélt hann áframm ritstörfum sínum *FP.* xxii$_{7}$. Eptir að hann hafði lokið námi sínu, gaf hann sig að ritstörfum *Sm.* 138$_{6}$.

ritstjóri, m., *Redaktør (af et Blad el. Tidsskrift):* hann lagði S. og blað hans á borð við þá ritstjóra á Frakklandi ..., sem færðu allt á versta veg *Skír.* 79, 91$_{8}$. Blaðinu söfnuðust mjög greiðlega kaupendur, og ritstjórinn tók til að starfa *Ið.* 6, 299$_{11}$.

ritstjórn (-**ir**), f., *Redaktion (af et Blad el. Tidsskrift):* r. mánaðarritsins *TB.* 9, 82$_{8}$.

ritstofa, f., *Kontor:* á þeirri einu ritsfstofu, sem jeg kom þar inn í *KJ. Uf.* 17$_{17}$.

ritstofumaður, m., *Kontorist*: verkmenn, verkstjórar og ritstofumenn *Sm.* 111$_{7}$.

rittízka, f., = ritháttur *Skrivemaade*: hjá heilli þjóð er slík rittízka vottr frelsis *Sk.* $^{28}/_{12}$ 78, 467$_{50}$.

ritvarzla, f., *Censur:* Áðr var það eiginlega úr austrinu, sem helzt kendi á því, að bann væri lagt á sænsk blöð. og þó aldrei nema ritvörzlur (*censur*) á einstökum tölublöðum eða greinum *Fk.* $^{16}/_{10}$ 86, 75b$_{45}$.

ritvenja, f., *Skrivebrug, den traditionelle Orthografi:* Hann á ad

láta sér miklu varda um ritvenjuna *Fjöl.* 8, 1, 12$_{14}$.

ritverk, n., *literært Arbejde:* (hann) gaf sig allan við vísindalegum rannsóknum og ritverkum *Alm.* 85, 31$_{12}$. „Dönsk orðabók" (1851) er hið stærsta r. hans *Fk.* $^{7}/_{4}$ 91, 54a$_{61}$.

ritvilla, f., *Skrivfejl:* í þessum stílum fann jeg samtals 300 ritvillur *TUM.* 2, 17$_{15}$.

ritvissa, f., *Authenticitet:* R. þessa brjefs hefur staðið óhögguð frá 2. öld eptir Krists burð allt til vorra daga. *PP. og S. Melst. Skýringar* 1863, 1$_{3}$.

ritvöllur (-vallar, -vellir), m., *literær Skueplads:* fyrir því sé það hin helga skylda þjóðhetjunnar að vaða fram á ritvöllinn *Fróð.* $^{25}/_{1}$ 86, 314$_{23}$.

ritþráðastöð (-var, -var), f., *Telegrafstation:* að fara yfir fleiri ritþráðastöðvar *KJ. Uf.* 49$_{19}$.

ritþráður (-þráðar, -þræðir), m., *Skrivetraad, Telegraf:* Talþræðir og ritþræðir liggja eins og net um alla borgina *KJ. Uf.* 20$_{31}$. Nú varð jeg að senda Jóni bola orð með ritþræðinum 49$_{13}$.

ritöld (-aldar, -aldir), f., *den literære Produktions Tidsalder:* Þetta var hið eina skinnbókarbrot, er Íslendingar áttu nú sjálfir til minja um fornu ritöldina *Fk.* $^{19}/_{11}$ 87, 135a$_{27}$.

rjála (a), vi., 1. *pille ved, berøre, lege med:* Hún studdi annari hendi undir kinn, en með hinni var hún óvitandi að r. við gullfesti *PP. Sms.* 231$_{3}$. (barn) var að r. við fingur sína *TÞH. SoÆ.* 87$_{28}$. — 2. *befatte sig med:* þeir hafa í raun rjettri við þrjú (stórveldi) rjálað *Skír.* 87, 78$_{9}$.

rjátl, n., *langsom Gang:* Eptir morgun-tídir voru þær á rjátli *HF. Kv.* 1, 135$_{12}$. Opt láu þeir í sólskininu eða voru á rjátli í hóp allir saman, bæði úngarnir og kettlingarnir *Dv.* 5, 11$_{7}$.

rjátla (a), vi., *gaa sagte og med svage Skridt.*

rjóðr|un (-anir), f., *Bestrygning, Pensling:* enn getur eptir fyrirsögn læknis verið þörf á ýmsum meðulum til skolunar, rjóðrunar, umbindingar *N. Hf.* 101$_{16}$.

rjól, n., *Snustobak; se* neftóbak.

rjólbiti, m., *Stykke af en Tobaksrulle:* Ingveldur var jafnan vön að stinga að henni tóbakslaufi, rjólbita eða blöðkuvisk *JT. PoS.* 30$_{19}$.

rjómakaka, f., *Flødekage. EB. Kf.* 108$_{22}$.

rjómaterta, f., *Flødetærte:* Eg var áðan að búa um rjómatertur *Þús.* 1, 375$_{22}$. Að svo mæltu tók hann rjómatertu útúr ofninum 375$_{25}$.

rjómi, m., *Fløde:* Og þó að oss sje ekki ljeð | atkvæði við dóma, | þá erum við þó altjend með | sem áirnar í rjóma *GT.* 40$_{11}$.

rjúka (rýk, rjúkum; rauk, rukum; rokinn), vi., 1. *ryge.* — 2. *springe:* hún rauk upp úr sæti sínu *Þús.* 1, 381$_{20}$. — 3. *gaa løs paa:* Ásbjörn setlar að rjúka í Jón *JT. PoS.* 18$_{5}$. — 4. vita ekki sitt rjúkandi ráð *være helt raadvild:* konungur veit ekki sitt rjúkandi ráð, hverjum hann á að gæðjast *Skír.* 89, 61$_{5}$.

rjúpa, f., *tetrao lagopus, Rype. Mohr* 49$_{11}$. *tetrao Islandorum. Faber* 6$_{5}$. *lagopus Alpinus. Gr. Df.* 60$_{13}$.

rjúpkarri, m., *Hanrype:* meðan

ropar rjúpkarrinn | og raust er til í lómi *JT.* 225₁.

rjúpnalauf, n., *dryas octopetala, ottebladet Rypegræs. Mohr* 191₁₂. *ÞTh. LÍ.* 53₆. *Av.* 6, 97₃₄.

rjúpnalyng, n., = rjúpnalauf. *Mohr* 191₁₂. *Grl.* 24₂₇.

rjúpuhreiður, n., *Ryperede:* serin þokast nær og nær rjúpuhreiðrinu *PS. Ast.* 134₆.

róa (**ræ, róum; reri, réri, rðri, rerum, réram, rðrum; róinn**), vi. og vt. med dat.; r. öllum árum að e-u *sætte alle Aarer ud, sætte alle Sejl til for at udføre noget.*

roð, n., *Fiskeskind:* Þingmenn stóðu á honum eins og hundar á roði *Skír.* 89, 86₂₂. ekki r. *ikke saa meget som Fiskeskind, ingen gode Kort (i Kortspil):* og því fæ jeg ekki r. *JT. PoS.* 20₂₉.

roða (**a**), 1. vt., *rødfarve, forgylde:* er bjarmi morguns roðar fjalla-hlíð *KJ.* 55₁₆. Mörgum virðist sól hennar (ɔ: hinnar nýju aldar) vera þegar farin að r. fjallatindana *Ald.* 1, 1₇. — 2. vi., r. á *kaste et rødligt Skin paa:* sól roðar á fjöll *den opgaaende Sol forgylder Bjærgtinderne. Fjöl.* 1, 3₄.

roðaskær, a., *med en klar Rødme:* svo að r. | rósarbikar | döggvaðist eldheitum | engiltárum *KJ.* 162₂.

roðasteinn (**-s, -ar**), m., *Rubin:* nú sá hann aðra höll, sem bygð var af tómum roðasteini *Þús.* 1, 89₂₇. hrúga af roðasteinum 90₁₅. herbergi, sem ljómuðu af gulli, demöntum og roðasteinum 113₁₆.

róðrarbátur (**-s, -ar**), m., *Robaad, aaben Fiskerbaad:* Róðrarbátarnir hafa betur í fiskiveiðum, þegar fiskurinn geingur nærri landi *Fjöl.* 2, 3, 42₇. hefir opt borið við, að þesskonar skip hafa glezt við róðrarbáta *Þs.* 1, 93₂₀.

róðrarkona, f., *Rokvinde, Roerske:* tvær af róðrarkonunum urðu veikar *TB.* 7, 318₂₀.

róðrarmaður, m., *Rorkarl, Fisker:* (hvalurinn) þókti mjög skæður róðrarmönnum *Þs.* 1, 88₂₇.

rof, n., 1. *Ruin:* Innan um rofin standa himinháir pálmar *Ið. SG.* 90₄. — 2. *Brud:* í allri þeirri eymd, er samfara verður rofi þeirrar reglu, sem Guð hefir setta *Myn.* 181₂₅.

rófa, f., *Hale.*

rófa, f., *Roe:* bortfeldskar rófur má vel rækta hjer á landi *TB.* 7, 2₁₅. kartöflur og rófur *EB. Kf.* 10₈.

rofskarð, n., *Bresche:* Keisarinn hefir sjálfur skotið r. í það stjórnarfyrirkomulag, sem *Þj.* $^{5}/_{7}$ 81, 55a₅₁.

rófubein, n., *Haleben:* þar að auki spjaldbeinið og neðst rófubeinið *PJ. Ns.* 9₆.

rogaklyf (**-jar**), f., *uhyre stor Byrde:* samt voru rogaklyfjar á þeim (ɔ: hestunum) *Dv.* 5, 52₂₁.

rogast (**a**), v. refl., *slæbe sig frem;* r. með e-ð *slæbe paa noget:* og áfram r. fólkið, í hitavellunni undir allri fatabyrðinni ... og undir öðrum byrðum *EH. Von.* 39₇.

rogastans (*uden Genitivm.*), m., *höjeste Forundring:* Hafði hann svo liðugt tungutak og var svo hnittinn í svörum, að alla rak í rogastanz *Þús.* 1, 139₂₄. Voru demantar mínir svo stórir, að þá (ɔ: kaupmennina) rak í rogastanz 295₁₃. B. rak í rogastanz er hann sá peningapokann 2, 378₁₂.

rogasund, n., *Svømning over dybt Vand; dybt Vand, som man ikke*

kan komme over til Hest uden at lade Hesten svømme: Var farið að falla að, er hann kom að síðasta forvaðinu — þau eru þrjú — og á r. fyrir klettinn *Dv.* 87, 8₂₃. að láta fyrirberast á eyrinni var viss dauði, en r. til beggja handa *Dv.* 5, 55₄₃. *En anden maaske rigtigere Form er* hrokasund, *hvor det første Sammensætningsled* hroka *synes at være g. sg. af* hroki *Topmaal.*

rógbera (-ber, -berum; -bar, -bárum; -borinn), vt., *bagvaske*: biðjið fyrir þeim, sem r. yður *Tang* 98a. að r. Krist og játendur hans *HH. Ks.* 87₁.

rógberandi, m., *Bagvasker*: að láta hina illgjernu rógberendur verða sjer til minnkunar *PP. Sms.* 54₂₃.

rógberi, m., *Bagvasker*: að binda vináttu og fjelagsskap við alrsemdan ref og rógbera *TÞH. Dr.* 1, 2, 89₁₃.

roggínn, a., *stolt*: röskleg ur og r. að sjá í sæti sínu *Fk.* ²⁰/₁₀ 86, 77a₂₇.

rógur (-s), m., (*i Oldsproget* rógr, n.), *Bagvaskelse*: En ekki minni r. er fólginn í hrópinu móti verkmannastéttinni *TB.* 7, 148₂₁.

rok, n., 1. *Rygen.* — 2. *rygende Storm.*

roka, f., *stærk Blæst, stærk Luftström*: gengur r. | með rokna blæstri | niðings nösum frá *JH.* 6₁.

rokgjarn, a., *flygtig*: rokgjarnar oliur *N. Hf.* 32₂.

rokkhljóð, n., *Spinderokkens Lyd*: bæði hafi menn heyrt rokkhljóð í klettum og hólum *Þs.* 1, 3₂₃.

rokkur (-s, -ar), m., *Spinderok.*

rokna (*g. pl. af* roka?), *bruges enten som* a. indecl. *eller som første Del af et sammensat Ord i Betydningen uhyre, overordenlig stor*: (hann) rak syni sínum r. kinnhest *Þús.* 1, 198₂. eg rek henni r. löðrung 2, 93₃. (hann) rak honum r. löðrung 3, 97₁₀.

roksandsmynd|un (-anir), f., *Flyvesandsdannelse*: Vikurmóbergið er r. *Av.* 19, 95₁₆

roksandur (-s, -ar), m., *Flyvesand*: myndast hólar og hæðir af roksandi *Av.* 6, 46₁₄. þegar smái roksandurinn er rokinn úr 16, 47₁₄. smár r. *ÞTh. LÍ.* 19₃.

rokviðri, n., *rygende Storm*: hljóp á hvínandi r. *Þús.* 1, 124₉.

ról, n., 1. = rjátl. — 2. *Bevægelse*: en af róli þessu varð honum svo óglatt, að *Þús.* 1, 318₁₀.

rola, f., *Pjalt, enfoldigt og udueligt Menneske*: skussinn, rolan, ónytjúngrinn *AÓ. Af.* 218₂₉.

róla, f., *Gynge*: liðug lukku r. | leiki við þig fús *GT.* 6₄.

róla (a), 1. vi., = rjátla: að við settum að fara að r. af stað *PS. Ast.* 319₁₈. — 2. vt. med dat., *gynge*: r. sér *gynge sig.*

rolla, f., *Hunfaar*: ef norðanátt kemur, eru rollurnar vísar til að rása af *PS. Ast.* 19₃₃.

Róm, f., *Rom*: lík hans var . . . smurt og flutt til Rómar *Þvf. Alm.* 85, 47₂₄.

róman (-s, -ar), m., *Roman*, það eru hinir svo kölluðu rómanar *Gr. Kv.* 91₁₁. Hann þóttist hafa lesið heimspekilegar bækur, helzt rómana *ÞJ. MV.* 13₁₂. hann hefur og skrifað bæði rómana og leikrit *Hd.* 50a₂₁.

rómanaskáld, n., *Romanforfatter*: þannig eru og að miklu leyti mörg r. *Gr. Kv.* 114₂₂.

legar, fluttar af rœðuskörungum *TÞH. BS.* 296$_{12}$.

rœðusnillingur (-s, -ar), m., *fortrinlig Taler:* inn mesti r. fornaldarinnar *Mill* 74$_{29}$.

rœðustóll (-s, -ar), m., *Talerstol:* þeir urðu lengi að bíða hljóðs, sem í rœðustólnum stóðu *Skír.* 85, 119$_{9}$. Fjöldi karla og kvenna af heldra tagi stíga þar í rœðustólana *Ið.* 5, 305$_{11}$.

rœgikarl (-s), m., διάβολος *Djævelen.*

rœgja (i), vt., *bagtale, bagvaske.*

rœkarl (-s), m., = rœgikarl *Djævelen, Fanden:* rœkallinn hafi það *Ið.* 1, 26$_{2}$. en rœkallinn trúi stúlkunum *PP. Sms.* 209$_{17}$.

rœkarli, adv., *pokkers:* þeir fengu líka rœkalli mikla kornviðbót *Ið.* 3, 85$_{23}$. Hann er rœkalli fúll *ÓÓ. Hv.* 11$_{31}$.

rœkilega, adv., *omhyggelig:* fór hann rœkilega að ráðum föður sins *PP. Sms* 140$_{15}$. sé þeim (ɔ: bendingum sálar vorrar) rœkilega fylgt *TB.* 7, 140$_{1}$.

rœkilegur, a., *omhyggelig:* með því móti er helst að vænta rœkilegs undirbúnings *Fjöl.* 2, 3, 51$_{14}$.

rœkt, f., *Røgt, Omhu; Ömhed, Hengivenhed.*

rœkta (a), vt., *dyrke, opdyrke:* r. jörð, land.

rœktarlaus, a., *ukærlig, ligegyldig:* Jeg væri illa komin, ef maðurinn minn yrði svona tilfinningarlítill og rœktarlaus *Hd.* 59b$_{5}$.

rœktarleysi, n., 1. *Ukærlighed, Ligegyldighed, Impietet:* Heimtuðu settingjar og vinir hinna föllnu hefnd fyrir þetta, sem þeir töldu hróplegt rœktarleysi *Ið.* 6, 267$_{1}$. — 2. *Mangel paa Pleje el. Dyrkning:* sakir rœktarleysis við þennan andlega hæfilegleika *TB.* 7, 123$_{7}$.

rœktarsamur, a., *öm, kærlig:* þú vel innrætti, rœktarsami sonur *Lear* 41$_{16}$.

rœktarsemi, f., *Ömhed, Pietet:* Guð er að launa þér hlýðni þina og r. við föður þinn *Blk.* 118$_{24}$. af sonarlegri rœktarsemi við föður sinn *HP. Gr.* 9$_{23}$. rœktarsemi við sett-land sitt *Br.* 7, 3$_{11}$.

rœktarskylda, f., *Pietetshensyn:* hann gleymdi öllum rœktarskyldum við foreldra sína *Rób.* 5$_{24}$.

rœkt|un (-anir), f., 1. *Dyrkning, Opdyrkning:* jörðin elur önn firir börnum sínum, þó lítið starfi þau að rœktun hennar *Fjöl.* 3, 2, 8$_{23}$. að auka gróða hennar (ɔ: jarðarinnar) með rœktuninni 5, 1, 30$_{3}$. — 2. *Pleje, Uddannelse:* engin gáfa er til, sú er þegið geti meiri rœktun *TB.* 7, 122$_{18}$.

rœktunarleysi, n., *Vanrøgt, Mangel paa Dyrkning:* hvað því (ɔ: landinu) hefir hnignað vegna rœktunarleisis *Fjöl.* 5, 1, 11$_{23}$.

rœna, f., 1. *Brug af Sandserne, Bevidsthed:* var móðir hans mjög svo máttfarin, en hafði alla rænu *JT. PoS.* 141$_{23}$. hann hafði fengið fulla rænu og óstyrkurinn minnkaði *PP. NS.* 43$_{5}$. — 2. *Besindelse, Fatning:* Eg hafði ekki einusinni rænu á að spyrja konu mína, hvernig á þessu stæði *Þús.* 2, 36$_{12}$. — 3. *Mod, Kraft:* Hinn svefndrukkni deyfðarþrungni G. hafði varla rænu í sjer til þess að koma á fyrirlestra frænda sins *HP. Gr.* 7$_{18}$.

rœnulaus, a., 1. *uden Sans og Samling, bevidstløs:* E. lá rænulaus í andarslitrunum *Fjöl.* 1, 170$_{23}$. var eg laminn þangaðtil eg varð r. *Þús.*

2, 123₁. enda varð eg rjett að segja undireins r. af hræðslu 3, 14₃₀. — 2. *sindssvag*: jafnskjótt og hann braut það boð, varð hann r. *Ps.* 1, 25₇.

rænuleysi, n., 1. *Bevidstløshed, Sansesløshed:* (sóttin) jókst með degi hvurjum, fylgdi þar með rænuleysi og magnleysi *JT. PoS.* 25₂. — 2. *Uforstand:* Er það furðulegt r. að selja 140—150 pd. sauði fyrir 14—16 kr. *Br.* 3, 108₁₈.

ræta (í), vt., *rodfæste, indpode, nedlægge:* Þá er það að vísu Guð, sem rætti hana (ɔ: þessa tilfinning) svo djúpt í fylskni sálar minnar *Myn.* 75₈.

röð (**raðar, raðir**), f., *Rad, Række, Rækkefølge*: getur forseti breytt röðinni á þeim málum, sem eru á dagskránni *StA.* 75, 42₁₀. hjer verða þær (ɔ: þessar meginreglur) nefndar í rjettri r. og skipan *Spenc.* 28₂₅. lengi um ókomnu aldanna raðir *KJ.* 74₉.

röðulfagur (-ran), a., (röðull *Sol), straalende som Solen*: Meðal þeirra rósin rjóða | röðulfögur beygir sig *KJ.* 193₁₆.

röðulgeisli, m., *Solstraale*: Ó, þú r. fagur, | allt af mœna augu mín til þín *KJ.* 10₃₆.

röðulhreinn, a., *straalende som Solen*: Allt eins og rósin röðulhrein | blundar við bláan straum *KJ.* 92₇.

röðulljós, n., *Sollys, Solstraaler*: þar sem rósir reifast í | röðulljósum blíðum *LB. RF.* 4, 24₄.

röðulskin, n., *Solskin, Solstraaler*: Rann þá dagur, reis af norðurstraumum | r. *JH.* 2₁₀.

rögg, f., *Raskhed, Energi; Kraft, Eftertryk;* taka r. á. sig *oppe sig:* Síðustu árin hafa Reykvíkingar tekið mikla r. á sig til að rækta land víða umhverfis bæinn *Fk.* $^{6}/_{7}$ 90, 77a₄₅. Hjálpi r. og heppni *Lear* 38₂₅. Annað hegg þá hóf með rögg | hilmir gleggur móti *Núm.* 14, 47.

röggsamlega, adv., *med Eftertryk, djærvt*: rægðu r. *(calumniare audacter). Fróð.* $^{20}/_{4}$ 86, 47₁₉.

röggsamur, a., *driftig*: hún var einkar stjórnsöm og röggsöm í öllum framkvæmdum *Kb.* 3, 188₁₇.

röggsemi, f., *Driftighed, Energi.*

rögun (**raganir**), f., *Vragning, Sortering:* fer 'rögunin' talsvert eptir því hvernig ástatt er á markaðinum *Av.* 19, 188₂₂.

rök, n. pl., *Grunde:* En E. Ó. hefir ekki leitt til þess nein r. *Fjöl.* 3, 1, 10₂₂.

rökfimi, f., *Dialektik*: að vjer eigi . . látum hugi vora stjórnast af mannlegum vitnisburðum einum, af mannlegri r. *Ið.* 4, 34₂₂.

rökfimisíþrótt, f., *dialektisk Kunst:* og sem andleg œfing stóðu þær (ɔ: þessar síðast nefndu kapprœður) að sérhverju leyti á baki inni kröftugu r., er „Socratici viri" tömdu skilning sinn við *Mill* 90₂₂.

rökfróðlega, adv., *logisk*: að forfeður vorir firir þúsund árum hafi hugsað rétt og r. *TB.* 15, 87₂₀.

rökfræði, f., *Logik*: fyrir aðra menn en sannleiksgjarna menn er rökfræðin eigi rituð *TB.* 12, 213₂₉.

rökfræðilega, adv., *logisk*: Í sumtæknum málsgreinum er rökfræðislega látið ósagt til hve mikils af umtaki umsagnings umsögnin sé heimfæranleg *TB.* 12, 218₇.

rökfræðilegur, a., *logisk*: Guðshugmyndin . . gerði djöfulshugmyndina að rökfræðilegum ómöguleik *Fk.* $^{30}/_{7}$ 87, 87₃₆.

rökfræðingur (-s, -ar), m., *Logiker*: það er eg kalla hér málsgrein

að fornum sið, það kalla nú flestir rökfræðingar dóm *TB.* 12, 213₁₂. eftir strönguslu reglum rökfræðinganna 15, 87₂₄.

rökkur, n., *Aftendæmring, Tusmørke.*

rökkurdimma, f., *Aftenskumring:* súlnaraðirnar eru í rökkurdimmunni eins og musteri í hátíðarskrúði með stórum stoðum og útskornum bustum *Av.* 6, 53₆.

rökkurheimur (-s, -ar), m., *Mørkets Verden*: at svalgeimi rökkrheima *KJ.* 84₂₆.

rökkursvefn (-s, -ar), m., *Sövn i Tusmørket:* var myrkt og fólk í rökkursvefni *Þs.* 1, 301₂₀.

rökkva (a), 1, vi., *dæmre*: Fyrir trúfestina rökkvar ekkert kvöld og fyrir hana dimmir engin nótt *Saw.* 28₁₄. — 2. v. impers., *mørknes*: rökkvar að aldrlagi *GB.* 368₄. — 3. vt., *beskygge*: Ó, sæti jeg í sal, er laufin rökkva *ST.* 48₉.

röklegur, a., *logisk:* rökleg hugsun *Gefj.* 5₂₀. Í röklegu tilliti getr ekkert verið fjarstæðara *Fk.* $^{5}/_{7}$ 92, 106a₁₆.

rökleiðsla, f., *Bevisførelse, Argumentation*: Sú r., er herðingarhugmyndin byggist á, ristir eigi djúpt *Spenc.* 95₁₆. með svo einfaldri rökleiðslu, sem þeirri er hann lætr sér nægja *Mill* 208₁.

rökmálslist, f., *Dialektik*: R. Sókrates . . var vegr til þessa *Mill* 89₂₄.

rökréttur, a., *tankerigtig, logisk*: að geta látið hugmynd af hugmynd fæðast eptir rökrjettri hugsan *HP. Gr.* 23₂₂.

rökræða (i), vt., *debattere, diskutere, drøfte:* að r. þýðingarmikil úrlausnarefni heimspekinnar og lífsins *Mill* 89₂₁. það er of umfangsmikið mál til þess að það verði rökrætt rétt í ádrepu 168₂₂. að unt sé að r. það (ɔ: efnið) svona í hjáverkum 207₂₂.

rökræðing (-ar), f., *Debat, Diskussion, Drøftelse.*

röksamlegur, a., *grundig:* spurningin þarf annarar og röksamlegri rannsóknar *Mill* 2₈.

röksanna (a), vt., *bevise ved Argumenter:* það má r., að engin slík athöfn hefir átt sér stað svo þúsundum alda skiftir *Fk.* $^{20}/_{4}$ 92, 62₂.

röksemd (-ir), f., *Grund, Argument*: röksemdirnar sem hún (ɔ: sannfæringin) er sprottin af *Fjöl.* 3, 1, 64. það er fírsta röksemdin 4, 1, 20₂₈.

röksemdafærsla, f., *Bevisførelse, Argumentation*: röksemdafærsla yðar ber ljóslega með sér, að *Sk.* $^{26}/_{3}$ 78, 253₅.

röksemdakeðja, f., *Slutningsrække, Syllogisme:* Ótal hlekki vantaði í þessa röksemdakeðju, þegar hún var framsett fyrir 30 árum *Ald.* 1, 24₅.

röksemdaleiðsla, f., = rökleiðsla: Móður hans þókti þessi r. á góðum ástæðum byggð *Þús.* 3, 105₂₂. ef vér viljum ekki fallast á röksemdaleiðslu ofsóknarmanna *Mill* 171₂₇.

rökskýr, a., *logisk, logisk tænkende:* menn rökskýra og skarpa í hugsun *Mill* 67₂₂.

rökstuðning (-ar), f., *Begrundelse, Motivering*: eg hafna sérhverjum þeim létti í r. máls míns, sem leiða mætti af hugajón þess sem rétt er í sjálfu sér *Mill* 21₁₂.

rökstyðja (-styð, -styðjum; -studdi, -studdum; -studdur), vt., *støtte ved Grunde, begrunde, motivere*: að lærisveinninn gæti rök-

stutt sína skoðun *Mill* 90₁₈. atvik þau, er r. það, sem nú hefir verið sagt *Ið.* 5, 289₂₁. Í þeirri bók eru allar skoðanir þeirra visindalega rökstuddar *Skír.* 88, 42₂₇..

rölt, n., *langsom Gang.*

samræmistónn (-s, -ar), m., *harmonisk Tone*: Allir þessir tónar eru kallaðir samræmistónar *Fisch. Ef.* 198$_{6}$.

samrœmur, a., = samrœmilegur: Þetta er þá síðasta kveðjan til okkar Íslendinga frá þessum ástvinum vorum, og er hún þeim verðug, samræm þeirra dáðríka lífi *Nðl.* $^{28}/_{8}$ 80, 73a$_{48}$. Verkanin verðr þannig mótstæðileg (*antagonisk*) í stað þess að vera samræm (*harmonisk*). *MJ. Bfr.* 316$_{8}$.

samsafn, n., *Samling, Ophobning, Masse*: Menntun skilningsins er fólgin, ekki eins og margir hugsa í samsafni margháttaðs fróðleiks *TB.* 7, 119$_{21}$.

samsekur, a., *medskyldig*: (þeirra liðar) tjáðu sig samseka velferðarnefndinni *Ið.* 6, 294$_{15}$.

samseti, m., *Sidemand*: Guðmundur *consessor* (þ. e. samseti = sessunautur) minn *Fjöl.* 3, 1, 40$_{6}$.

samsetning (-ar), f., *Sammensætning, Synthese*: um samsetningu steina *LÍ.* 10$_{38}$. steinar þeir, sem eru í efstu skorpunni, eru mjög mismunandi bæði að hörku og vigindum eða samsetningu *StN.* 2, 48$_{16}$. tveir hættir eru í efnafræðinni, s. (*synthesis*) og deiling (*analysis*) *Gr. Ef.* 6$_{21}$.

samsetningur (-s), m., *Opdigtelse, Fiktion*: þó hún (ɔ: sagan) sje einber samsetningur *Fjöl.* 4, 1, 10$_{30}$.

samsíða, a. indecl., *samsidig, ved Siden af hinandan*: dyrnar á húsum þeirra voru alveg s. *Dægst.* 6$_{3}$.

samsíða, adv., *ved Siden af hinanden*: 6 vögnum mátti aka s. uppi

á þeim (ɔ: borgarmúrunum) *PM. Ág.* 11₂₀.

samsíðingur (-s, -ar), m., *Parallelogram:* S. (*Parallelogram*) er flatmynd takmörkuð af fjórum beinum línum *Hemp.* 57₂₂.

samsíðis, adv., *ved Siden af:* Aðrar dyr lágu úr anddyrinu, s. við stofudyrnar *JT. PoS.* 133₂₀.

samsinna (1), vt. med dat., *billige, bifalde:* ei s. þeir því *HF. Kv.* 1, 141₂₅.

samsinni, n., 1. *Bifald.* — 2. *Sympathi:* öflug meðöl til að vekja fjörugra s. hjá alþýðu við andagiptarmanninn *TB.* 7, 165₂₂.

samsinning (-ar), f., *Bifald, Tilslutning:* hvorki eptirdæmið nje kenningin gætu haft áhrif á manninn, ef þau hefðu ekki samsinningu í meðvitund mannsins *JG. Hv.* 64₂₉.

samskeiða, a. indecl., *koncentrisk:* hringfletir um sama miðpunkt eru nefndir samskeiða (*concentriske*) hringfletir *Hemp.* 63₁₀.

samskeyta (1), vt., *sammenföje, forene, sætte i Forbindelse:* s. og sundrskilja *AÓ. Af.* 15₅. Allir skólar í Svíaríki eru svo samskeyttir, að piltur getur farið úr einum í annan eptir vild sinni *Av.* 7, 109₅.

samskeyti, n. pl., *Sammenföjning, Forbindelse, Sammenhæng:* Um almennt aldatal og ártal og s. þess við íslenzkt tímatal í fornöld *Av.* 6, 133₂.

samskeyting (-ar), f., = samskeyti: Þá er að eins eptir að minnast lítið eitt á samskeytingu hins forna íslenzka tímatals og ártals við það hið nýja *Av.* 6, 181₂₁.

samskipaður, pp., *sammenstillet, stillet ved Siden af hinanden:* tvær samskipaðar persónur *Stoll* 53₅.

samskot, n. pl., *Sammenskud:* með samskotum handa söfnuðinum í Jerúsalem *HH. Ks.* 60₅. Ef til vill stofna menn til samskota handa vesalingsfólkinu *Sm.* 17₉.

samskylda, f., *fælles Pligt, fælles Forpligtelse:* samskyldur og samábyrgð *AÓ. Af.* 106₁₀.

samstéttarmaður, m., *Standsfælle:* bera lík ókunnugs landa síns og samstéttarmanns *Fjöl.* 2, 2, 25₁₉.

samsteypa, f., *Sammenstøbning, Forening:* Belgir undu illa þessari samsteypu *PM. Ág.* 250₁₁. Speki þessi var undarleg s. úr mörgum sundurleitum efnum *HH. Ks.* 111₁₃.

samstígur, a., *som gaar i Takt med en:* Sæmundr reyndi að verða samstígr henni *Ið.* 1, 91₂₇.

samstilling (-ar), f., *Samstemning, Harmoni:* slíkt spillir og eyðir hinni nákvæmu og háleitu samstillingu og hlutfallasetningu *Gr. Kv.* 61₂₂.

samstiltur, pp., *proportioneret, harmonisk:* til þess að geta orðið vel samstilt . . . vera *TB.* 7, 114₂₂. Auk þess heyrði hann samstiltan slátt margra hljóðfæra *Þús.* 1, 282₁₇.

samstjórn, f., *Fællesbestyrelse; Medregering.*

samstjórnari, m., *Medregent.*

samstjórnarmaður, m., *Medregent:* Diócletianus tók sér samstjórnarmann *PM. Ág.* 103₁₅.

samstofna, a. indecl., *af samme Stamme:* öðrum s. orðum *AÓ. Af.* 208₂₉.

samstæða, f., *Sammenstilling, Forbindelse:* flestir Íslendingar munu kannast við þá samstæðu úr Íslendingabók *Fjöl.* 2, 1, 17₁₄.

samstæða (1), vt., *systematisere:* að samstæða á vísindalegan hátt

þær kenslulegu reglur og bendingar, sem síðan hafa algildar orðið *Fk.* $^{27}/_{8}$ 86, 63b$_{5}$.

samstæði, n., 1. *System:* að hafa komið handvinnukenslunni í vandlega hugsað fræðivísindalegt samstæði (*system*) *Fk.* $^{27}/_{8}$ 86, 63b$_{1}$. Þó að hugmyndaheimurinn sje meira eða minna hinn sami hjá öllum mönnum, hefur þó hver þjóð eigið samstæði sitt af orðum eða táknum *BM. UM.* 38$_{10}$. — 2. *Parallelisme:* þó má sjá með samstæði hvernig föstnunin er *Sw. VE.* 235$_{10}$.

samstæðilegur, a., *systematisk.*

samstæður, a., *sammenhængende:* eg man ekkjert af því samstætt *Fjöl.* 3, 1, 37$_{27}$.

samstöfufræði, f., *Læren om Stavelser:* þá aflagaðist samstöfufræðin annað eins og orðafræðin lagaðist *Fjöl.* 2, 1, 19$_{1}$.

samsull, n., *Sammensurium:* samanhroðað s. *Gr. Kv.* 117$_{21}$.

samsvara (a), vt. med dat., *svare til:* svo hún (ɔ: tunglmindin) gjeti samsvarað tilgángi sínum *Urs.* 57$_{14}$. að þjer hafið einhverrar bænar að biðja, sem samsvarar gjöfinni *Þús.* 2, 356$_{1}$. að láta góðgjörðasemina koma þannig niður, að samsvari hinum góða tilgangi *Sm.* 144$_{21}$.

samsvæðis, adv., *paa samme Sted, paa samme Omraade:* Æðsta valdið yfir hinu eina og sama máli s. og samtiðis er jafnan eftir eðli sínu ódeililegt *Fróð.* $^{2}/_{2}$ 86, 325$_{11}$.

samsvörun (-svaranir), f., *Symmetri, Harmoni; Proportion:* á líkama hans (ɔ: mannsins) er hin fegursta s. *JJ. EML.* 5$_{1}$. en þó var það (ɔ: augnatillitið) í eðlilegri s. við hið jafna andlitafall *Saw.* 2$_{5}$15. Þessi samsvaran partanna hvers til annars er það, sem vér köllum hlutfall *Gr. Kv.* 59$_{20}$.

samsœri, n., *Sammensværgelse:* Einhvern pata höfðu menn af samsæri þessu *PM. Ág.* 92$_{9}$.

samsœrismaður, m., *den sammensvorne:* Þegar Cæsar var genginn til sætis, flykktust samsærismennirnir utan um hann *PM. Ág.* 92$_{20}$.

samsöfnun (-safnanir), f., *Sammensankning:* samsafnanir *Sw. VE.* 95$_{29}$.

samsöngur (-s, -var), m., *Koncert:* Eitt sinn var Egipti nokkur við samsöng og hljóðfæraslátt hjá Norðurálfumanni *Ið. SG.* 111$_{18}$. halda samsöngva *Sm.* 109$_{3}$.

samtak, n., *Sammenslutning, Sammenhold. Bruges sædvanlig i Flertal:* ef vér hefðim lag, samtök og góðan vilja *AÓ. Af.* 93$_{26}$.

samtaka, a. indecl., *arbejdende el. virkende i Enighed; enig:* að ásækendur verði ekki s. í sókninni *Fjöl.* 1, 84$_{8}$. hinir lærðu (eru) sjaldan s. 3, 1, 11$_{24}$.

samtakasnauður, a., *manglende Sammenhold:* enda hversu sundrlyndir, einförulir og samtakasnauðir sem vér landsmenn erum *AÓ. Af.* 93$_{6}$.

samtaksleysi, n., *Mangel paa Sammenhold:* af óframsini bænda og samtaksleísi *Fjöl.* 2, 3, 37$_{5}$.

samtal, n., *Samtale.*

samtala, f., *Sum:* Sérhver altæk málsgrein er, að umtaki sínu til, jöfn öllum kynseindum sínum, hún er heild, hún er s. þeirra *TB.* 12, 227$_{24}$.

samtalinn, pp., *sammenlagt:* í öllum námsgreinum samtöldum *LHA.* 3, 153$_{20}$.

samtals, adv., *i det hele, tilsammen:* s. 2,970,000 krónur *Sm.* 82$_{27}$.

samtalspípa, f., *Kommunikations-*

rør: Samtalspípan er öll jafnvíð *Fisch. Ef.* 190$_{27}$.

samtíð, f., *Samtid:* Sókrates ... lenti í minnisverðum ágreiningi við lögleg yfirvöld og almennings-álit samtíðar sinnar *Mill* 48$_{22}$.

samtíða, a. indecl., *samtidig:* Í Kaupmannahöfn var Jónas Hallgrímsson s. Gísla *GT.* XI$_{26}$.

samtíða, adv., *samtidig:* Bæði framhólfin dragast s. sundur *JJ. EML.* 35$_{1}$.

samtíðamaður, m., = samtíðarmaður: með því ræna menn eftirkomandi kynslóðir ekki síðr en samtíðamenn *Mill* 33$_{18}$. Enn nú skrifum vjer fyrir samtíðamenn vora *TUM.* 2, 19$_{25}$.

samtíðarmaður, m., *Samtidsmenneske:* Cæsar skildi betur en allir hans samtíðar menn aldarháttinn *PM. Ág.* 91$_{18}$. hann var miklu líkari fornkonungum Norðurlanda, en sínum samtíðarmönnum 275$_{9}$. inn dygðugasta allra sinna samtíðarmanna *Mill* 48$_{27}$.

samtíði, m., *Samtidsmenneske:* Svo þyki mjer . , . sem þetta sje meira sannmæli um hina fornu Íslendinga enn samtíða vora *JT. PoS.* 126$_{2}$.

samtíðis, 1. adv., *samtidig, til samme Tid:* samsvæðis og s. *Fróð.* $^{2}/_{2}$ 86, 325$_{12}$. — 2. præp. med dat., *samtidig med:* hafði sá flokkur hafizt s. heimspekinni *Stoll* 8$_{1}$.

samtíðismaður, m., *Samtidsmenneske:* höfum vér ómetanlegt gagn af öllum endrbótum og framförum forfeðra og samtíðismanna vorra *AÓ. Af.* 95$_{20}$. hann varð hinn máttkasti og voldugasti allra samtíðismanna sinna *Ið.* 3, 296$_{11}$.

samtíðungur (-s, -ar), m., *Samtidsmenneske:* Jórunn skáldmær og hennar samtíðungar *GB.* 16$_{6}$.

samtilfinning (-ar), f., *Medfølelse, Sympathi:* Þetta hreif á þau börnin, sem enn var ekki búið að hlýða yfir, með afli samtilfinningarinnar *BB. Kp.* 36$_{20}$. Hans alsherjarlyf var sú kærleiksfulla s., sem hann hafði með mönnunum *Gefj.* 36$_{25}$.

samtími, m., *Samtid:* ólíkt því, sem samtíma konungar gjörðu *PM. Ág.* 278$_{24}$.

samtímismaður, m., = samtíðismaður: að hafa heillavænleg áhrif á samtímismenn sína *Sm.* 197$_{5}$. jeg og mínir samtímismenn *Ið.* 6, 127$_{30}$.

samtímisrit, n., *samtidigt Skrift:* rit okkar frá miðöldunum eru að því leyti merkilegri en s. Dana, að *Sunnf.* 4, 76a$_{58}$.

samtíningur (-s), m., 1. *Sammenskrab:* Sumir af . . þessum mönnum eru alskonar rusl og s. *TB.* 4, 141$_{19}$. — *Kompilation:* Hann biður því Árna að lofa Finni syni sínum . . . að leiðrétta þenna samtíning eptir frumskjölunum *Safn* 2, 600$_{21}$.

samtínnd (-ir), f., *fælles Tiende:* Heimil er s. foreldrum og niðjum ef þeir eiga bú saman *LHA.* 3, 216$_{24}$.

samtvinna (a), vt., *sammenknytte; indflette:* Með þessum hætti samtvinnast orsakir og afleiðingar í sístrengda festi *Björl.* 33$_{30}$. kristindómurinn er orðinn svo mjög samtvinnaður öllum hag vorum *Myn.* 5$_{9}$.

samvalinn, pp., *samstemmende; lige udmærket:* vart munu finnast . . . konungur og ráðgjafi er samvaldari hafi verið *PM. Nls.* 153$_{27}$.

samvaxinn, pp., 1. *sammenvoxet, nøje forenet med:* Hagur hvers einstaks og hverrar einstakrar stjettar í landinu . . . er svo s. hag alls fjelagsins, að *Br.* 3, 64$_{22}$. — 2. *konkret:* Gagnvart eintæmisnöfnunum eru

samnefnin kölluð samvaxin eða viðkend *TB.* 12, 192$_{27}$.

samveiði, f., *Samfangst, fælles Fangst*: Gragás þekkir einungis s. í á að deildu *Þj.* $^{28}/_{11}$ 81, 71b$_{18}$.

samveikislækning (-ar), f., *homøopathisk Lægning, homøopathisk Kurmethode:* Samveikislækningar komu upp um miðja öldina *JB. Rht.* 104$_{25}$.

samveikislæknir (-s *el.* -rs), m., *Homøopath.*

samveldi, n., *Republikanisme*: Hinir þýzku menn vilja efla samveldið *Skír.* 84, 90$_{18}$.

samveldismaður, m., *Republikaner*: Það væri réttara að kalla þá einhverju öðru nafni t. d. samveldismenn í staðinn fyrir þjóðveldismenn *TB.* 4, 143$_{31}$. Samveldismennirnir vildu láta aðalstjórn og aðalþing ríkisins ráða sem mestu um öll mál *Þvf. Alm.* 94, 31$_{15}$.

samvera, f., *Omgang med*: þó er hún nú trylt orðin af samveru hennar við fólk þetta *Þs.* 1, 56$_{29}$.

Samverjar, m. pl., *Samaritanere*: Meðal þeirra Samverja, er látið höfðu skírast, var töframaður nokkur *HH. Ks.* 15$_{8}$.

samverk, n., *Samarbejde, fælles Arbejde:* því liðugri og léttvígari hann er í samverkinu *AÓ. Af.* 174$_{9}$.

samverka (a), vt. med dat., *samvirke*: að guðsandi samverki náðarmeðulunum *JG Hv.* 95$_{6}$.

samverkamaður, m., *Arbejdsfælle, Medarbejder*: verkfærið, þessi samverkamaður vor *AÓ. Af.* 174$_{17}$. vinir og samverkamenn Lúters *HH. Lút.* 52$_{19}$.

samverkandi, ppræs., *samvirkende, medvirkende*: eckert af þessu útaf fyrir sig gétur heilsunni viðhaldið, þó það sé með öðru s. og gott *HF. Kv.* 1, 15$_{11}$.

samverknaður (-ar), m., *Samvirken:* samtök og s. verknaðarmanna og iðnaðarmanna *Skír.* 85, 18$_{8}$. Fjelög til samverknaðar í þá stefnu 87, 49$_{5}$.

samverk|un (-anir), f., 1. *Samvirken, Kooperation:* s. allra. þessara orsaka *Mill* 148$_{1}$. — 2. *Medvirkning*: án samverkunar lungnanna *Sw. VE.* 233$_{4}$.

samverskur, a., *samaritansk*: samverskir menn *LLH.* 128$_{19}$.

samvinna, f., *Samarbejde, fælles Arbejde, Samvirken*: Jakob hafði opt verið í samvinnu með honum *Blk.* 53$_{21}$. Framfarir mannfjelagsins eiga rót sína í fjelagsskap eða samvinnu *Sm.* 51$_{20}$. S. og bræðralag efldist ár eptir ár með Svium og Norðmönnum og Dönum *PM. Ág.* 278$_{16}$.

samvinnandi, m., *Medarbejder*: hann ávarpaði svo samvinnendur sína á þinginu *Skír.* 83, 145$_{8}$.

samvinnufélag, n., *samvirkende Selskab*: í hinu viðlenda samvinnufélagi manna um allan heim *AÓ. Af.* 44$_{26}$.

samvinnumaður, m., *Medarbejder:* að lýsa nokkuð fjelögum Kjartans og samvinnumönnum *ÞJ. MV.* 12$_{17}$. vinum og samvinnumönnum Cavours greifa *Skír.* 87, 84$_{5}$.

samvizka, f., *Samvittighed.*

samvizkubit, n., *Samvittighedsbid, Samvittighedsnag:* Ólafur fjekk s. *EH. Von.* 28$_{8}$.

samvizkufrelsi, n., *Samvittighedsfrihed*: Inir miklu rithöfundar, sem heimrinn á að þakka það trúarbragðafrelsi, sem hann nú hefir, hafa flestallir haldið fram samvizkufrelsinu sem helgum rétti *Mill* 14$_{30}$. s. og trúfrelsi *AÓ. Af.* 87$_{8}$.

samvizkulaus, a., *samvittigheds-*

løs: Alvara tímans hittir marga fyrir, sem vondir eru og samvizkulausir *Myn.* 136$_{22}$.

samvizkuleysi, n., *Samvittighedsløshed:* með því tilfinningalausa s., er jafnan einkennir hann *Sk.* $^{14}/_{2}$ 80, *Sögur eftir E. Poe* 99$_{18}$.

samvizkunögun (-naganir), f., *Samvittighedsnag*: S. hennar lét hana aldrei í friði *Blk.* 50$_{19}$.

samvizkupísl (-ir), f., *Samvittighedskval:* muni eg geta slitið mig frá öllum samvizkupíslum *Myn.* 51$_{16}$.

samvizkusamlega, adv., *samvittighedsfuldt:* hann var fær um að leysa s. af hendi skyldur sínar *Blk.* 10$_{3}$. Það hefur ótrúlega mikla þýðingu fyrir velliðan og framför barnsins, að farið sje s. með næringu þess *TUM.* 1, 68$_{22}$.

samvizkusamur, a., *samvittighedsfuld:* s. og skyldurækinn embættismaður *Fr.* 76, 85$_{16}$.

samvizkusemi, f., *Samvittighedsfuldhed:* því lofa eg ykkur, að gæta þessa skilyrðis með slíkri s., að *Þús.* 1, 177$_{5}$. vandvirkni og s. *AÓ. Af.* 12$_{6}$.

samþegn (-s, -ar), m., *Medundersaat, Medborger:* samþegnar mínir skulu heyra þar rödd sannleikans *Skír.* 88, 149$_{3}$. hvort heldr þeir eru stjórnendr annara eða samþegnar *Mill* 27$_{26}$.

samþegnlegur, a., *medborgerlig*: hvorttveggja tekur til samþegnlegs jafnrjettis, eða rjettara sagt til samþegnlegs ójafnaðar *Skír.* 85, 11$_{14}$.

samþéttaður, pp., *kondenseret:* samþéttaðar háar og miklar hugsanir *Fk.* $^{12}/_{5}$ 91, 75b$_{33}$.

samþing, n., *fælles Ting, det forenede Ting*: ganga þær (ɔ: deildirnar) saman í eitt samþing *Fróð.* $^{20}/_{2}$ 86, 341$_{33}$.

samþingismál, n., *Sag, som henhører under det forenede Ting*: hjá oss hverfr allr meiri og minni hluti löggjafarvaldsins í samþingismálum *Fróð.* $^{20}/_{2}$ 86, 342$_{24}$.

samþjóðlegur, a., *mellemfolkelig, international:* tillaga um samþjóðlega („international") málþráðarlegging *Sk.* $^{24}/_{7}$ 80, 166$_{36}$

samþýðanlegur, a., *forenelig med*: hverjar ráðstafanir í því efni sé samþýðanlegar grundvallarreglunni *Mill* 194$_{11}$.

samþýðilegur, a., = samþýðanlegur: það málfrelsi, sem eigi þætti samþýðilegt við vísindalegt kennifrelsi *Sk.* $^{22}/_{10}$ 78, 360$_{26}$.

samþrýsting (-ar), f., *Kondensation, Kompression*: þar á móti skiptir miklu um samþrýsting (þjetting) vatnsgufunnar *Björl.* 24$_{1}$. S. (*kompression*) er gjörð á staðnum, sem blæðir úr *N. Hf.* 59$_{15}$.

samþrýstur, pp., *sammentrykt:* samþrýstir trjástofnar *ÞTh. LÍ.* 50$_{18}$.

samþykki, n., *Samtykke*; *Approbation.*

samþykkisleysi, n., *Mangel paa Samtykke el. Approbation*: sé aftr um staðfestingarleysi eðr s. að ræða *Fróð.* $^{2}/_{2}$ 86, 326$_{23}$.

samþykkisrómur (-s), m., *Bifaldsytringer:* var á Prússaþingi s. gerður að burtrekstri hinna aðkomnu Pólendinga frá hinum austlægu pörtum Prússaveldis *Skír.* 87, 98$_{29}$.

samþykkja (i), vt., *samtykke, approbere*: að s. reglugjörðina eða einstök atriði í henni *LHA.* 3, 92$_{21}$.

samþykt (-ir), f., 1. *Samtykke, Approbation*: (reglugjörðin) skal send landshöfðingja til samþykktar *LHA.* 3, 92$_{20}$. — 2. *Vedtægt*: að gjöra samþykkt annaðhvort fyrir alla sýsluna eða fyrir nokkurn hluta hennar *StA.* 77, 118$_{18}$.

samþyngdarstaður (-ar), m., *Tyngdepunkt*: mundum vjer sjá, að samþingdarstaður þeirra (ɔ: hnattanna) færi beint eptir slaunguleiðinni *Urs.* 106$_{16}$.

samþyrping (-ar), f., *Sammenhobning*: hið fyrsta framleiðir hið annað fyrir samþyrpingar eða samhrúganir *Sw. VE.* 95$_{29}$.

samöld (-aldar, -aldir), f., *Samtid*: eitt af hinum merkustu tímateiknum samaldar vorrar *Fk.* $^{9}/_{7}$ 87, 75a$_{25}$.

sandalda, f., *Sandbølge*: hvert sem litið var, var ekkert að sjá, nema gular sandöldur *Ið.* 3, 130$_{14}$. sumstaðar liggja stórir, lausir basaltsteinar ofan á sandöldunum *Av.* 16, 48$_{22}$.

sandauðn (-ir), f., *Sandørken*: hinar geysiviðu sandauðnir *Ið. SG.* 65$_{28}$. frá sandauðninni fyrir utan *Ið.* 3, 238$_{24}$.

sandbleyta, f., *opblødet Bund af Sand og Ler, Kvægler*: Hornafjarðarfljót . . . eru lygn og full af sandbleytu *ÞTh. LÍ.* 42$_{26}$. sumstaðar eru þar sandbleytur á eyrunum og í ánni *Av.* 16, 51$_{31}$.

sandbunga, f., *konvex Forhöjning af Sand:* allstór eyja með gróðurlausum sandbungum *Av.* 19, 98$_{19}$.

sanddrifinn, pp., *sandbestrøet*: sanddrifnar aurrunnar jökulfannir *Av.* 18, 19$_{14}$.

sanddust, n., *Sandstøv:* til þess að ná af oss sanddustinu *Ið.* 3, 132$_{2}$.

sandelstré, n., *Sandeltræ*: viðsmjörs og sandels tré *Þús.* 1, 290$_{11}$.

sandelsviður (-ar, -ir), m., *Sandeltræ*: Þaðan kemur sandelsviðurinn, sem hafður er í mörg læknismeðöl *Þús.* 1, 303$_{12}$.

sandfok, n., *Sandfog, Sandflugt*: hversu menn í ýmsum héruðum landsins styðja að eyðileggingum og sandfoki *Br.* 7, 41$_{12}$.

sandgeimur (-s), m., *Sandstrækning, Sandørken*: liggr auðr og ber | langa vegu | ógna s., | svo ei yfir sér *GB.* 96$_{7}$.

sandgræðsla, f., *Opdyrkning af Sandstrækninger*: Eptir þeim lögum hefir landstjórnin umsjón með allri sandgræðslu *Íf.* $^{3}/_{2}$ 93, 21a$_{51}$.

sandhóll (-s, -ar), m., *Sandhöj*: Þar eru og sumstaðar sandhólar og roksandur *ÞTh. LÍ.* 26$_{31}$.

sandhryggur (-jar, -ir), m., *Sandryg, langstrakt Sandbanke el. Sandforhöjning*: og myndast því s. við hann (ɔ: limagarð þenna) *Íf.* $^{3}/_{2}$ 93, 21c$_{13}$.

sandjurt (-ir), f., 1. *Sandplante:* ýmsar sandjurtir binda saman sandkornin með rótum sínum *Av.* 6, 46$_{15}$. — 2. *arenaria ciliata, Sandvaaner. OH. Gf.* 197$_{17}$. *Grl.* 34$_{21}$.

sandkaka, f., *Sandkage*: Sandkökur *EB. Kf.* 106$_{20}$.

sandkorn, n., *Sandkorn*: sökum þess að hin litlu sandkorn liggja svo gisin sín á milli *StN.* 2, 48$_{22}$.

sandkvika, f., *Kvægsand, Kviksand*: hesturinn lenti í sandkviku *Þs.* 1, 413$_{19}$.

sandlag, n., *Sandlag*: nokkuð vatn safnast í holur og hella neðanjarðar og nokkuð stöðvast í sandlögum *ÞTh. LÍ.* 41$_{9}$. S. til að mynda er gagnfærilegt *StN.* 2, 48$_{20}$.

sandló, f., *calidris arenaria Gr. Df.* 62$_{20}$.

sandlóa, f., *charadrius hiaticula. Mohr* 48$_{9}$. *Faber* 22$_{3}$.

sandmiga, f., *mya arenaria. Mohr* 128$_{3}$.

sandmörk (-markar, -merkur), f., *Sandslette*: mundu sandmerkurnar

vera bjartari að sjá, enn eingin *Urs.* 58₃.

sandnemi, m., *Sandfænger*: Nálægt sjávarströndinni eru víða gerðir garðar af trjálimum, er nefndir eru sandnemar (*Sandfængere*) *Íf.* ³/₂ 93, 21c₉.

sandorpinn, pp., *tilføget, bedækket af Sand:* Sandorpin hraun ná niður að Keldum *Av.* 16, 48₂₃.

sandpappír (-s), m., *Sandpapir*: reynið að kveykja á henni (ɔ: varúðarspýtunni) með því að strjúka henni á s. *StN.* 1, 82₉.

sandplanta, f., *Sandplante, Sandvæxt:* Sandplöntur hafa verið gróðursettar í þann jaðar sandanna, er veit inn að graslendinu *Íf.* ³/₂ 93, 21c₃₆.

sandreyr (-rs), m., *Sandrør, Sandhjælme:* Til skamms tíma hefir sandgræðslan að mestu verið í því falin, að gróðursetja sandreyr eða ammophila arenaria (á dönsku „*Klittag*" eða „*Hjelme*") á söndunum *Íf.* ³/₂ 93, 21b₃₇.

sandrif, n., *Sandrev, Sandbanke*: Veðrið mikla ... hafði keyrt það (ɔ: skipið) út af sandrifinu *Rób.* 51₉. sakir sandrifs *Av.* 19, 211₁₄.

sandrok, n., *Sandflugt:* áin hefir hlíft þeim (ɔ: hraunhólunum) fyrir sandroki *Av.* 16, 48₃₁.

sandsíl, n., *ammodytes, Sandgrævling*: S. silfurlit, blágræn á bakinu *Gr. Df.* 89₁₅.

sandsmugur, f. pl., *ammodytida*: S. (*Ammodytida*) eru mjóir og litlir fiskar með hvössu trýni, grafa sig í sand *Gr. Df.* 89₁₄.

sandsteinn (-s), m., *Sandsten:* í sandsteini eru kornin jafnstór *Gr. Stf.* 100₂₉.

sandsteinslag, n., *Sandstenslag:* Víðast eru þau (ɔ: steinkolalögin) hulin miklu sandsteins-lagi *Fjöl.* 1, 122₂₃.

sandstormur (-s -ar), m., *Sandstorm:* Ekkert er eins hræðilegt í Ástralíu eins og heitir sandstormar *Ið.* 3, 131₁₉.

sandsvæði, n., *Sandstrækning:* þótt sandfok hafi verið stöðvað á einhverju s. *Íf.* ³/₂ 93, 21c₄₅.

sandverpa, f., *myrmeleo, Myrelløve*: Sandverpan (*Myrmeleo*) á heima í Mið-Evrópu *Gr. Df.* 99₃₂.

sandörræfi, n. pl., *Sandørken:* lausir og liðugir ferðamenn komast yfir brennandi sandörræfi afarlangan veg ótrúlega fljótt á úlföldum sínum *Ið. SG.* 66₉.

sangur, a., *sveden*: grauturinn verður s. *Sm.* 192₅.

sáning (-ar), f., *Saaning*: að uppskeran komi tafarlaust á eptir sáningunni? *Myn.* 83₁₅. jeg byrjaði sáninguna *Rób.* 53₁₄.

sáningartími, m., *Saatid, Sædetid*: Jeg gaf þeim góðar bendingar um sáningartíma *Rób.* 107₂. Sá sem hefir eytt til ónýtis hinum dýrmæta sáningartíma *Auðv.* 92₂₆.

sannarlega, adv., *sandelig, virkelig.*

sannarlegur, a., *virkelig*: sannarleg kærleiksverk *JG. Hv.* 66₃₀. s. eðr staðreyndr *Nðl.* ²⁸/₂ 81, 8a₁.

sannarleiki, m., *Virkelighed*: s. eðr reynd *Nðl.* ²⁸/₂ 81, 8a₃.

sanneðli, n., *virkelig Natur*: ef vér kryfjum hina daglegu viðburði innað s. þeirra og sjálfsveru *AÓ. Af.* 51₂₂.

sannfæra (í), vt., *overbevise*: soldán sá meir en nóg til þess, að hann sannfærðist um svívirðingu sína og ólán *Þús.* 1, 9₄. Eg em sannfærðr um, að *AÓ. Af.* 27₃₄. við það sannfærðist hann enn betur en áður um yfirburði þingbundinnar konungsstjórnar *Ið.* 7, 65₁₂.

sannfœring (-ar), f., *Overbevisning*: var hún (ɔ: þvilík umbreiting) gagnstæð sannfæringu þeirra *Fjöl.* 1, 34₈. þá er undirstaðan fengin að þeirri s., að *Ald.* 1, 54₄.

sannfœrsla, f., *Handlingen at overbevise*; *Overtalelse*: að laðast til framfara við sannfœrslu og fortölur *Mill* 21₈. jafnvel við uppeldið er sannfœrslu og fortölum beitt eigi síður en nauðungu 151₁₈.

sanngildi, n., *virkelig Værdi*: s. málms þess, sem í henni (ɔ: myntinni) er *Þj.* ¹⁶/₁₂ 85, 190b₂₇.

sanngirni, f., *Billighed*: s., réttlæti og sannleiksást *AÓ. Af.* 24₃₄.

sanngjarn, a., *billig*: móti sanngjörnu ferðagjaldi *PM. Ág.* 121₃₄. sanngjörn krafa *Fjöl.* 1, 23₉. það er ekki sanngjarnt, að 2, 3, 51₁₆. sanngjarnt er það, þó mælst sje til, að 5, 1, 8₂₂.

sannheilagur, a., *höjhellig*: kring um Krýsiborg og hina sannhelgu Killiborg *Il.* 1, 20₉.

sannheitur, a., *virkelig varm*: því kossa sannheita | kann ein að veita | kona með augu sædjúp og blá *GB.* 294₂₁.

sannhygginn, a., *virkelig forstandig*: ef þú ert s. maðr *AÓ. Af.* 102₃₄.

sannindamerki, n., *Bevis for Sandheden af noget; Bevis*: „Mig vantar hann (ɔ: þumalfingurinn), líka á vinstri hendinni" ansaði kaupmaður og rjetti hana fram til sannindamerkis *Þús.* 2, 27₁₈. til sannindamerkis um, hvað hann er ráðvandur *PP. NS.* 55₂₁.

sannkallaður, pp., *virkelig*: sé hún aðeins sannkölluð framför *AÓ. Af.* 63₈.

sannlegur, a., *virkelig*: Sjálfir eru þeir engum sannlegum rétti svipt-ir, þó stjórnleg réttindi sé af þeim tekin *JÓ. Jafnr.* 24₆.

sannleiksást, f., *Sandhedskærlighed*: eflaust eru þær (ɔ: athugasemdirnar) ritaðar með mikilli sannleiksást af höfundinum *Fjöl.* 1, 47₂₁.

sannleiksdís (-ir), f., *Sandhedsgudinde*: sannleiksdísin hjelt nú áfram pílagrímsgöngu sinni *Ið.* 3, 219₂₁.

sannleiksfús, a., *sandhedskærlig*: hann var einlægr og s. maðr *GB.* 94₉.

sannleiksgjarn, a., *sandhedskærlig*: því sannleiksgjarnari er skynsemin er *AÓ. Af.* 140₂₂.

sannmáll, a., *sanddru, sandfærdig*: Þú heit ert bæn og hjartans sannmál tunga *KJ.* 25₉.

sannmentaður, pp., *virkelig dannet*: Hinar stærstu auðfræðislegu manndygðir eru og eigi síður ljósar hverjum sannmentuðum manni *AÓ. Af.* 27₂₉.

sann-nefndur, pp., = sannkallaður: að ferðast um sannnefndar vegleysur *Íf.* ⁴/₁ 90, 5b₁₈.

sann-nefni, n., *rigtigt, passende Navn*: Nú skulum vér íminda oss, að ... vér horfum yfir land þetta, er vér höfum kallað land drottins, er það er því sannnefni öllum löndum fremur *LLH.* 74₂₇.

sannreynd (-ir), f., *Virkelighed*; *Kendsgerning, Faktum*: hitt skiftir mestu, hvað hún (ɔ: verslunin) er í sannreyndinni *AÓ. Af.* 67₂₃. Það er viðurkennd s. (*en anerkendt Sandhed*). *Þj.* ⁹/₂ 92, 25c₆.

sannreyndur, pp., *virkelig, faktisk*: Það er sannreynt að allir þeir veraldar munir, sem menn mest keppast eptir, eru ekki meira virði en hismi *TÞH. Bs.* 43₆.

sannsagður, pp., *virkelig*: Það er sannsagt *det er en uomtvistelig*

Sandhed: Það er sannsagt, að það skiptir minnstu, um hvað menn deila *TB.* 7, 146₂₆. það er sannsagt og má ekki efa, að *Fk.* ²⁴/₉ 86, 70b₂₉.

sannsögli, f., *Sanddruhed, Sandfærdighed*: nytsemi ráðvendinnar og sannsöglis *JG. Hv.* 103₂₉.

sannsögulegur, a., *historisk*: sannsøgulegar norrænar persónur *Þj.* ⁹/₁₂ 92, 226c₅.

sanntrúaður, pp., *rettroende*: s. Maúmetsmaður *Þús.* 1, 22₂₁.

sannur, a., 1. *sand.* — 2. *virkelig*: Sannar eyðimerkur ... eru einkum fyrir sunnan Jórdanarmörk fram með Dauðahafi *LLH.* 83₁₆.

sansa (a), vt.; s. sig *besinde sig*: strax sem hann sansadi sig og sá Einsetu-manninn, støck hann upp *HF. Kv.* 1, 51₂₅. hann sansar sig 114₂₁. Hægri menn í Noregi eru nú farnir að sansast á því, að (*ere begyndte at indse*) *Fk.* ²⁸/₁₁ 84, 86a₃₅.

sápa, f., *Sæbe:* S. var óþekkt *Ið.* 6, 100₁₂. Af natron eða sóda kemur hörð s. *StN.* 1, 93₁₇.

sápubóla, f., *Sæbeboble*: Marglitar sápubólur þykja smámunir *Sm. Hps.* 39₂.

sápugerð (-ir), f., *Sæbetilvirkning, Sæbefabrikation*: Það var ekki fyrr en 1520, að sápugjörð var fyrst vakin upp í Lundúnum *Ið.* 6, 100₁₂.

sápukaup, n., *Indkøb af Sæbe:* Ekki kemur mjer samt til hugar að lasta hin auknu s. *TB.* 15, 218₁₉.

sápukúla, f., *Sæbeboble:* Sápukúlurnar *ÞH. SoÆ.* 65₄. Jeg ætla að búa mjer til sápukúlur með pípunni, sem hann afi gaf mjer um daginn 66₈.

sápulaust, adv., *uden Sæbe*: við þvoum hendur okkar s. *TB.* 15, 218₂₆.

sápuvatnsbóla, f., *Sæbeboble*: í eintómum smáblöðrum, er ... berast um loptið eins og sápuvatnsbólur *Björl.* 22₂₀.

sár, n., *Saar.*

sár, a., *saaret; smertelig, smertende.* Gera sitt sárasta til *göre alt muligt for*: vinir hans gerðu sitt sárasta til að koma honum undan hegningu fyrir afbrot þetta *Ið.* 1, 52₂₆.

sár- *bruges som første Sammensætningsled af et Ord i Betydningen*: *saare, meget.*

sárakanni, m., *Sonde*: leggja sárakanna (*Sonde*) eða annað þunnt utan á augnalokið *N. Hf.* 32₂₂.

sáralækning (-ar), f., *Saarlægning, Saarlægekunst, Kirurgi; kirurgisk Operation:* Minntíst ég nú þess, er ég hafði heyrt frá sagt um sáralækningar *Ið.* 1, 145₁₂.

sáralæknir (-s *el.* **-rs)**, m., *Saarlæge, Kirurg*: hinn ágætasti s., sem nú er uppi í heimi *Skír.* 89, 57₂₈.

sáramaur (-rs), m., *acarus ulcerum, Saarmide:* svo vildi þó stundum til, að smákvikindi nokkurt kviknaði í brandinum, og kölluðu menn það sáramaur (*Acarus ulcerum*) *Hirð* 1, 30₂₇.

sárbeiða (i), vt., *bede indstændig, bönfalde, besværge*: eg sárbeiddi hann að fara af baki *Þús.* 2, 12₂₉.

sárbeiðni, f., *indstændig Bön*: Skildi hún þá, hversvegna eg hafði þverskallazt við s. hennar *Þús.* 2, 24₁₂.

sárbeittur, a., *smertelig, pinlig*: hinar sárbeittu efasemdir, sem pína sálina *Myn.* 90₉.

sárblíður, a., *vemodig*: Sú tilhugsun ... setti grátstaf fyrir brjóst henni og fylti hana sárblíðum sorgartrega *Saw.* 19₂₁.

sárbœna (i), vt., = **sárbeiða**: hún

sárbændi mig að eiga sig *Þús.* 1, 36₁₈. jeg sárbæni þig, gefðu mjer frelsi 47₂₇. (hann) sárbændi hana að útvega sér leyfi hjá föður sínum til að fara eina stutta ferð *Rób.* 4₁₆.

sárfeginn, a., *overordenlig glad*: (soldán) varð s. að sjá hann svo glaðan *Þús.* 1, 6₂₅. þá varð eg sárfegin 26₄₁₄. urðu þau sárfegin þeim umskiftum *Blk.* 57₁₂.

sárfœttur, a., *ömfodet*: hesturinn varð sárfættur *Sm.* 86₁₅. ganga þeir (ɔ: hundarnir) opt sárfættir *Dv.* 87, 34₄.

sarga (a), vi., *bede idelig, trygle, trænge paa*: þángað til er hann að s. við karlinn, að hann tekur hann *Þs.* 1, 205₃₀.

sárgrátinn, pp., *forgrædt*: sefur og sárgrátna lætur | í svartnætti vaka *Þús.* 1, 276₂₂.

sárhryggur (-van), a., *overmaade bedrøvet*: Eg varð s. af því, er hinar fögru kongsdætur sögðu mjer *Þús.* 1, 252₁. sá hann hana sárhrygga sitja með táravot augu í legubekknum 3, 80₂₄.

sáriðrast (a), v. refl., *fortryde i höj Grad*: sáriðraðist hann þá eptir að hafa drepið fuglinn *Þús.* 1, 84₂₃.

sárindi, n. pl., *Smerte*: þessari drepsótt eru samfara s. í kverkunum *LÍ.* 30₁₃.

sárkenna (i), vi., *have en smertelig Fornemmelse;* s. í brjósti um *have inderlig Medlidenhed med*: gat eg ekki annað en sárkent í brjósti um hann *Saw.* 11₂₄.

sárlanga (a), v. impers.; mig sárlangar til *jeg længes i höj Grad efter*; *jeg har stor Lyst til*: þig sárlángaði til að berja hann *JT. PoS.* 95₁. Nú sárlangar mig til að hún væri hjerna í herberginu þessa nótt *Þús.* 1, 21₉.

sárlangur, a., *smertelig lang*: Veit jeg einn, sem vakir og verður ei rótt | um svartdimma, sárlanga, svefnlausa nótt *KJ.* 179₈.

sárlítill, a., *meget liden*: (hann) hafði fengið sárlitla menntun *PP. Sms.* 190₁₂.

sárlúinn, pp., *meget træt, udmattet af Træthed*: þegar s. maður leggst til svefns *Kt.* 2, 33₉.

sárna (a), vi., *smerte*: þegar Job heyrði þetta, sárnaði honum það svo, að hann gleymdi sjer *Tang* 84₁.

sárnauðugur, a., *meget uvillig, meget nødig*: (eg) varð að skilja við hann sárnauðug *Þs.* 1, 62₂₂.

sarpur (-s, -ar), m., *Fuglekro*: Margir fuglar hafa sarp *PJ. Ns.* 80₁.

sárreiður, a., *meget vred*: sannleikanum verður hver sárreiðastur *PM. Ág.* 42₁₇.

sársauki, m., *Smerte*: Á þennan hátt verður sársaukinn ... eitt af skilyrðunum fyrir því, að mönnum líði vel líkamlega *Sm.* 159₁₀.

sárshöfuð, n.; þeir geta aldrei setið á sárshöfði *de kunne aldrig forliges, de kunne aldrig være enige*: áður höfðu þeir aldrei setið á sárshöfði, þegar þeir hittust *Ið.* 6, 286₂₁.

sársvangur, a., *forfærdelig sulten*: matur handa mjer, sársvöngum manni *Þús.* 3, 104₉.

sárt, adv., *smertelig, med Smerte;* mig tekur sárt til e-s *noget smerter mig, vækker en smertelig Følelse hos mig*: hve fáa af oss tekur nokkuð sárt til þessarar andlegu auðnar? *TB.* 7, 169₂. *Comp.* sárar: því sárar sveið henni að vera skilin frá kóngssyni *Þús.* 2, 174₁₁.

sárveikur, a., *meget syg:* að hann í marga daga hefði haft ungan sam-

landa hennar sárveikan í húsi sínu *PP. NS.* 39$_{24}$.

sáryrtur, a., *som bruger bitre Ord, spydig*: en svo varð hún bálvond og sáryrt og byrst *JÓ.* 100$_{18}$.

sárþjáður, pp., *plaget af tunge Lidelser*: svo s. sem hann væri *Þús.* 1, 158$_{23}$.

sárþreyður, pp., *inderlig attraaet*: að hann (ɔ: guð) uppfylli okkar sárþreyðu óskir *Þús.* 2, 154$_{30}$.

sárþurfandi, ppræs., *i höj Grad trængende til*: að hún væri s. aðstoðar góðra manna *Blk.* 58$_{12}$.

sátt (-ir), f., *Forlig.*

sáttanefnd (-ir), f., *Forligskomission*: Mál þau, sem um er rætt... má kæra fyrir s. *LHA.* 3, 212$_{31}$.

sáttargerð (-ir), f., *Forlig, Forsoning*: Í því hún sagði þetta lagði hún hendur um háls manni sínum, og þar með var sáttargerðin fullkomnuð *Sak.* 57$_{12}$.

sáttasemjari, m., *Forligskommissær*: meðhjálparinn sat á hverjum degi með vinum sínum, hreppstjóranum og sáttasemjaranum, hjá mági sínum tilvonandi *Ið.* 4, 388$_{15}$.

sáttaumdæmi, n., *Forligsdistrikt, Forligskreds*: þó skal veita þeim, er búa utan sáttaumdæmisins, að minnsta kosti fjögra vikna frest á undan sáttaumleitun *LHA.* 3, 212$_{34}$.

sáttaumleit|un (-anir), f., *Forligsforsøg. Se* sáttaumdæmi.

sáttfús, a., *forsonlig.*

sáttfýsi, f., *Forsonlighed*: að láta einlægni og s. í ljósi *Skír.* 79, 32$_{27}$. Einn af keisarasinnum . . . hjelt langa og snjalla áminningarræðu... um samheldi og sáttfýsi 87, 72$_{3}$.

sáttfýsisandi, m., *Forsonlighedsaand*: er það íjarri þeim sáttfýsisanda, er vér ávalt höfum fylgt *Sk.* $^{26}/_{9}$ 80, 438$_{6}$.

sáttgirni, f., *Forsonlighed*: friðsemi og s. *JG. Hv.* 102$_{16}$.

sáttgjarn, a., *forsonlig*: hverjum er hin ástríka og góða móðir líkari, en hinum friðsama og sáttgjarna manni? *JG. Hv.* 101$_{4}$.

sátthafi, m., *Forligshaver*: að s. hafi af sinni hálfu inntað af hendi er honum bar *StA.* 87, 76$_{21}$.

sáttmál, n., *Overenskomst; Pagt.*

sáttmálsörk (*g.sg.* -**erkur** *el.* -**arkar**), f., *Pagtens Ark*: á Salómons dögum var ei annað í aðalhelgidóminum enn sáttmálsörkin og lögmálsspjöldin *LLH.* 113$_{12}$.

sauðageymsla, f., *Faarevogtning, Faarerøgt* (*kan ogsaa betyde: Vogtning af Beder*): (hann) tók við sauðageymslu að veturnóttum *Þs.* 1, 247$_{33}$.

sauðakjöt, n., *Faarekød, Bedekød*: íslenzkt s. er í sjálfu sjer smekkbetra en nokkurt annað s. *Br.* 3, 110$_{6}$.

sauðaklippur, f. pl., *Faaresax*: Þegar ull er skorin eða klippt af fje, eru skæri eða s. ætíð við hafðar á sumum stöðum *Av.* 12, 96$_{19}$.

sauðamergur (-jar), m., *azalea procumbens. Mohr* 165$_{7}$. *Loiseleuria procumbens Desv. Grl.* 61$_{32}$.

sauðamyrðir (-s *el.* -rs), m., *Faaremorder*: því falar hann Kjammi fjelag þitt | frambjóðandi þjer aptur sitt | margþekktum sauðamyrði *GT.* 98$_{9}$.

sauðarleggur (-jar, -ir), m., *Benpiben i Laaret af et Faar*: Drikkurinn úr horninu kjemur eins og fjandinn úr sauðarleggnum (*deus ex machina*) *Fjöl.* 3, 1, 20$_{23}$.

sauðarrif, n., *Bederib*: (Vinnumaðurinn) tekur fram sauðarrifið, sem hann hafði náð um nóttina *Þs.* 1, 107$_{29}$.

sauðarsíða, f., *Siden af en Bedekrop:* Tokur þá bóndi upp sauðarsíðu mikla *Þs.* 1, 107$_{27}$.

sauðatað, n., *Faaremøg:* Venjulega eldsneytið á öllu Íslandi er því s. (*törret Faaremøg*) *LÍ.* 41$_{8}$. ef menn notuðu til þess allt hrossatað og allt s., sem menn geta fært sér í nyt *Br.* 2, 55$_{14}$.

sauðauðugur, a., *faarerig, rig paa Faar:* sonur hins sauðauðga Ífikluss *Il.* 1, 54$_{24}$.

sauðfé (-fjár), n., *Faar* (*pl.*): þá þýddi orðið sauðir sama sem sauðfé nú *AÓ. Af.* 208$_{1}$.

sauðfita, f., *Fedtstof i Faareuld, Uldsved:* Meðan ullin er á kindinni, eru allar ójöfnur á hárinu fullar af sauðfitu og óhreinindum *Av.* 12, 77$_{8}$. ekki sögðu þeir, að hún (ɔ: askan) eyddi sauðfitunni *TB.* 15, 226$_{20}$.

sauðfjárrækt, f., *Faareavl:* Sauðfjárrækt er mjög almenn *PJ. Ns.* 66$_{22}$. Okkar búnaður hvíldi á mjög óvissum grundvelli, meðan hann styddist mest við sauðfjárrækt *Fk.* $^{18}/_{1}$ 88, 6a$_{25}$.

sauðganga, f., *Græsgang for Faar:* þar var sauðgánga góð *Þs.* 1, 181$_{17}$.

sauðgróður (-rar), m., *saa meget Græs, at det kan tjene til Græsning for Faar:* töluverður s. *Av.* 19, 85$_{24}$.

sauðheldur, a., *som kan holde Faar tilbage, som Faar ikke kunne springe over:* ef þú gjörir sauðheldan garð um tún þitt *AÓ. Af.* 179$_{21}$.

sauðjörð (-jarðar, -jarðir), f., *Jord el. Grundstykke, som har god Græsgang for Faar:* enda er það s. hin bezta *Þs.* 1, 197$_{19}$.

sauðkvistur (-s), m., *salix repens. BH. Grn.* 180$_{12}$.

sauðlaukur, m., *triglochin maritimum, Strand-Trehage Mohr.* 175$_{22}$.

sauðljóst, a. n., *saa lyst, at Faar kunne ses:* M. kvaðst hafa geingið upp með bæargilinu og leitað ánna þar í kring, meðan s. var *Þs.* 1, 50$_{27}$.

sauðrækt, f., *Faareavl:* nautrækt var hér miklu meiri en sauðrækt alla þá stund er uxakjöt var með góðu verði í kaupskránum *AÓ. Af.* 137$_{20}$.

sauðskinn, n., *Faareskind:* líklega s. *LÍ.* 70$_{20}$. Var jeg að selja þar vín og s. *Ss. Íf.* 1, 203$_{9}$.

sauðsvartur, a., *med Uldens naturlige sorte Farve:* hún er á mórauðu stuttpilsi og sauðsvartri peysu *Þs.* 1, 375$_{28}$.

sauður (-ar, -ir), m., 1. *Faar.* — 2. *Bede:* sauðurinn (var) um haustið . . . hálfa þriðju eða þrjár spesíur *Fjöl.* 3, 2, 16$_{24}$.

sauma (a), vt., *sy:* s. föt.

saumaborð, n., *Sybord:* eg missti dýrindis-gullhring, sem eg í annríki hafði lagt ofan í s. mitt *PP. NS.* 65$_{15}$. s. (var) út við glugga *Ss. Íf.* 1, 135$_{17}$.

saumakaup, n., *Sylön:* því lægra verðr saumakaupið *AÓ. Af.* 104$_{14}$.

saumakona, f., *Syerske:* Tökum til dæmis saumakonu *AÓ. Af.* 103$_{31}$.

saumandi, m., *en som syr:* að eigi verði meiri hagr fyrir saumandann á vélina en áðr var fyrir saumandann í hendinni *AÓ. Af.* 104$_{17}$.

saumaskapur (-ar), m., *Syning:* í sama stað sem saumaskaprinn á saumavélarnar mun lenda *AÓ. Af.* 104$_{12}$.

saumaskóli, m., *Syskole:* í saumaskólum eða handyrðaskólum *BM. UM.* 72$_{25}$.

saumastúlka, f., *Sypige*: Er eigi vefarinn opt og tíðum eigi annað en lifandi vefstaður? Eða saumastúlkan nál? *Auðv.* 40$_{22}$.

saumavél (-ar), f., *Symaskine*: eins og t. d. í saumavjel *Av.* 5, 28$_{6}$.

saumnál (-ar), f., *Synaal*: saumnálarnar yrðu hérumbil helmingi lengri en lengstu broddstafir *Av.* 8, 19$_{22}$. gild s. *KJ. Uf.* 16$_{33}$.

saumspretta, f., *Sømsprætning, Opløsning af Søm*: gjöra við saumsprettu *Verð.* 51$_{30}$.

saumur (-s, -ar), m., 1. *Syning*: B. hreppstjóri ámálgaði það opt við konu sína, að Sigríði væru kendir saumar *JT. PoS.* 21$_{32}$. hún þykist ekki gæta að öðru enn saumunum 112$_{2}$. að veita fátækum stúlkubörnum ókeypis kennslu í saumi og prjóni *Fr.* 78, 33$_{19}$. — 2. *Sømpaa et Klædningsstykke.*

saumvél (-ar), f., *Symaskine*: Tökum til dæmis saumakonu er hefir keypt sér s. *AÓ. Af.* 103$_{33}$.

saur (-rs), m., *Snavs, Skarn, Exkrementer*: Harðlífi kemur optast til af því, að saurinn þokast of hægt um langann *JJ EML.* 89$_{1}$.

saurblað, n., *Smudsblad*: nafn hans stendur á fremra saurblaðinu *Safn* 2, 604$_{15}$.

saurindi, n. pl., = saur: sökum harðnaðra saurinda *N. Hf.* 42$_{23}$.

saurkendur, a., *exkrementagtig*: sökum þessa hafa þau helviti nafn af því og kallast sum hrækennd, sum saurkennd *Sw. VE.* 186$_{19}$.

saurræsir (-s *el.* -rs), m., *Rendesten*: komi vatnið í nokkurt samband við saurræsa *StN.* 1, 47$_{17}$.

sautján, num. card., = seytján *sytten*: að einhvern af næstu dögunum mundu koma til þeirra s. Spánverjar *Rób.* 107$_{5}$.

seðilbanki, m., *Seddelbank*: Íslendingar hafa engan seðilbanka *Sk.* $^{31}/_{7}$ 78, 231$_{34}$.

seðill (**seðils, seðlar**), m., *Seddel; et lille Brev*: Er seðillinn til systur minnar búinn? *Lear* 35$_{15}$.

seðlabanki, m., = seðilbanki: þegar s. Niðrlandanna var stofnaðr 1814 *Av.* 13, 26$_{6}$.

seðlagerð, f., *Fabrikation af Sedler*: Kostnaðinn við seðlagjörð og endurnýjun seðla ber landssjóður *LHA.* 3, 318$_{24}$.

sef, n., *juncus, Siv. Grl.* 99$_{17}$.

sefa (a), vt., *lindre, mildne, berolige*: hjer sá, er neyð vill s. *Sb.* 137, 3$_{7}$.

sefari, m., *Beroliger, Lindrer*: grœðari sollinna sára, | s. tára *KJ.* 175$_{19}$.

sefgróinn, pp., *bevoxet med Siv*: en er þeir komu á hina sefgrónu og grasvöxnu Asópsbakka *Il.* 1, 95$_{14}$.

sefreipi, n., *Reb af Siv*: Jeg skar í sundur s. það, er hann var fjötraður með *Rób.* 93$_{20}$.

sefvefjur, f. pl., *Sivslyngninger*: Hægt lyftir höndin þessum léttu ársölum, ofnum af vafningsviði, . . . flóknum sefvefjum *Ið.* 2, 163$_{20}$.

segínn, a., *som fortælles*; segin saga *mundtlig Tradition*: það var segin saga, að gyðjan hefði fæðzt þar hjá Trítonsfljóti *Stoll* 46$_{7}$.

segl, n., *Sejl.*

seglbátur (-s -ar), m., *Sejlbaad*: þá seglbátar, þá seglskip *AÓ. Af.* 64$_{2}$.

seglbúnaður (-ar), m., *Tilrigning, Sejlføring, Sejlenes Indretning; Sejlmageri*: (Undirforingjar) segja þá fyrir allt um stefnu skips og seglbúnað *Fjöl.* 1, 56$_{21}$. hefir einkum verið bœttr seglbúnaðr skipanna *Ið.*

2, 78$_{15}$. til að kenna mönnum sjómensku, þorskanetabrúkun, seglbúnað og skipasmíðar *TB.* 4, 199$_{24}$.

segldúkur (-s), m., *Sejldug:* Jeg bjó mér til veiðitösku úr segldúk *Rób.* 57$_{4}$.

seglfesta, f., *Ballast:* varð að fella seglin og setja seglfestuna . . . út í kulborðið *TB.* 4, 201$_{4}$.

seglfesti, f., *Ballast:* Skipin mundu riða minna, því að þéttiloftið yrði nokkurskonar s. *Iðj.* 2, 74$_{20}$.

seglgarn, n., *Sejlgarn:* þar náði hann . . . vaxstykki og heilmiklu seglgarni *Rób.* 16$_{8}$.

seglskip, n., *Sejlskib:* sýnishorn af bátum og seglskipum frá elztu tímum til vorra daga *Av.* 5, 21$_{19}$. stundum sæta s. flóðinu til að hafna sig *Iðj.* 2, 75$_{7}$.

segulafl, n., *Magnetisme:* Orsökin eða aflið, sem hér kemur fram, er kallað s. (*Magnetisme*). *Fisch. Ef.* 333$_{30}$. athuganir um s. jarðar *LÍ.* 23$_{24}$. Menn hugðu, að dávaldurinn þyrfti að hafa eitthvert s. í sér *Iðj.* 7, 105$_{22}$.

segulaflsmælir (-s *el.* -rs), m., *Magnetometer:* þegar hann lítur á „*magnetometer*“ (segulaflsmælir, svo kallast hið nýja verkfæri), getur hann komið lagi á öflin í líkama vorum *Þj.* $^{4}/_{12}$ 91, 234c$_{36}$.

seguldrómi, m., *magnetisk Lænke, Tiltrækningskraft:* Sjást ei nema sólirnar | sínum fela ljóma | hnetti dimma', er hlaupa þar | í hömlum seguldróma *BG. Nj.* 35$_{4}$.

segulefni, n., *magnetisk Materie:* orsökin eða aflið, sem hér kemur fram, er . . . stöku sinnum kallað s. (*magnetisk Materie*) *Fisch. Ef.* 333$_{31}$.

segulhlaða, f., *magnetisk Magasin:* Að lyktum setlum vér að minnast á segulhlöðuna (*magnetisk Magazin*). *Fisch. Ef.* 346$_{12}$.

seguljárn, n., *Magnetjærn:* gull blandað öðrum málmum svo sem títanjárni, seguljárni *Iðj.* 2, 28$_{22}$.

segulkraftur (-ar), m., *Magnetisme:* þessi segulkraptur (*magnetism*) mælskumannsins hrífur tilfinninguna *Ald.* 2, 58$_{22}$.

segull (-s), m., *Magnet:* Frá norðrinu streymir um mannheima magnið | Mjölnis úr segul í hendi á Þór *BT.* 168$_{8}$. Segul köllum vér hvern þann líkama, sem vér getum án nákvæmrar rannsóknar fundið þenna eiginlegleika hjá *Fisch. Ef.* 333$_{24}$. afl segulsins 333$_{28}$. aðdráttarafl segulsins *LÍ.* 23$_{26}$.

segulljós, n., *magnetisk Lys, Nordlys:* Nú ljómar stjarna helgur her | um himinsali blá | og segulljósin leika sjer | ljettkvikum vængjum á *KJ.* 231$_{8}$.

segullögur (-lagar), m., *magnetisk Flydenhed:* Náttúrufræðingurinn Aepinus hélt að segullögurinn væri einúngis einn *Fisch. Ef.* 344$_{20}$.

segulmagn, n., *Magnetisme:* ef vjer færumst nær á morgun um vissa lengd, hrífur segulmagnið svo ákaft, að *Þús.* 1, 233$_{24}$. fjaðrmagnið, segulmagnið *AÓ. Af.* 18$_{15}$. (þeir) athuguðu veðurlag og s. jarðar *TB.* 7, 313$_{37}$.

segulmagna (a), vt., *magnetisere:* á dönsku er það nefnt *at magnetisere* (ɔ: segulmagna) *KJ. Uf.* 57$_{26}$. Tveir menn vóru segulmagnaðir 59$_{16}$. að „svæfa“ menn eða „segulmagna“ *Iðj.* 7, 104$_{10}$.

segulmagnaður, pp., *magnetisk:* „segulmagnað augnatillit“ *Iðj.* 7, 105$_{22}$.

segulmiðbaugur (-s), m., *magne-*

tisk Ækvator: þetta belti sem kallað er s. hnattarins *Fisch. Ef.* 349$_{27}$.

segulnál (-ar), f., *Magnetnaal:* Segulnálin er nú í kyrð *Fisch. Ef.* 339$_{11}$. segulnálar voru þá eigi komnar hér nyrðra *ÞTh. LfsÍ.* 54$_{27}$.

segulskaut, n., *magnetisk Pol*: Aðdráttarafl segulskautsins (*magnetisk Pol*) er á tvöfaldri vegalengd ekki nema fjórðungur þess, sem það var á einfaldri vegalengd *Fisch. Ef.* 335$_{17}$. Það er kunnugt, að segulskautið (sem segulnálin vísar á) er ekki í heimskautinu *FkA.* $^{24}/_{6}$ 90, 24a$_{22}$.

segulstál, n., *Magnetstaal*: Báðar þessar tegundir segulsins og allar aðrar slíkar kalla menn tilbúinn segul (segulstál) *Fisch. Ef.* 339$_{4}$. segulstálið tínir úr því (ɔ: gullsáldinu) mestallt það, er járnkennt er í því *Ið.* 2, 29$_{4}$.

segulsteinn (-s, -ar), m., (*gammeltysk* Segelstein), *Magnet*: s. hefur þá náttúru, að hann dregur að sjer járn *Þús.* 1, 233$_{26}$. Eins og kunnugt er þekktu Kínverjar segulsteina og segulstál löngu á undan Evrópumönnum *ÞTh. LfsÍ.* 54$_{22}$.

segulsvæfing (-ar), f., *Magetisering:* S. (*magnetisering*) heitir sú kunnusta að geta svæft menn og síðan lagt fyrir þá að gera hvað sem verkast vill, eftir að þeir eru vaknaðir aftr *Fk.* $^{30}/_{10}$ 84, 79b$_{25}$.

segultaumur (-s, -ar), m., *magnetisk Tøjle:* Mælt er sólna sólirnar | segultaums á eyki | ótal kringum eina þar | aðalsunnu leiki *BG. Nj.* 46$_{2}$.

segulþráður (-þráðar, -þræðir), m., *Telegraf*: þar eru nú komnar stórar borgir, járnbrautir, segulþræðir *PM. Ág.* 264$_{9}$.

seiða (í), vt., 1. *fortrylle; bringe etsteds hen ved Tryllekunster*: eins og sagt er um heggorma, að þeir stari á vessælar skepnur og seiði þær að sér *Myn.* 165$_{10}$. Við í djúpa dali, | þá dimmt er í sveit, | seiðum horska hali *GB.* 328$_{15}$.

seiðfremjandi, m., *Trolddomsudøver*: sjálfur seiðfremjandinn söng ekki með *ÞR.* 18$_{8}$.

seiðhringur (-s, -ar *el.* -ir), m., *Tryllekreds:* svo þær (ɔ: hinar vessælu skepnur) komist ekki út yfir seiðhringina *Myn.* 165$_{11}$.

seiðkvæði, n., *Trylledigt*: fjöldi kalevalakvæðanna eru s. *Nöf.* $^{11}/_{12}$ 80, 106b$_{17}$.

seiðmagn, n., *Tryllekraft:* þó hrökk hann saman af einhverri ósjálfráðri geðshræringu, af einhverju seiðmagni *TÞH. Dr.* 2, 40$_{21}$.

seiðmál, n., *Trylleprog*: seiðmál og kraptskálda eldheitur óður | undraverk gjörir *Nöl.* $^{15}/_{7}$ 85, 93c$_{12}$.

seifborinn, pp., *διογενής stammende fra Zeus:* Heyr þú, seifborni Patróklus *Il.* 1, 15$_{15}$.

seigja, f., *Sejhed*: hann hafði seigju og úthald *MJ. Bfr.* 106$_{16}$.

seigkvelja (-kvel, -kveljum, -kvaldi, -kvöldum; kvalinn), vt., *sejpine:* kæruleysi það og grimmd, sem kemur fram við skepnurnar, er þær seigkveljast í hungri og illri aðbúð *Dv.* 89, 14$_{9}$.

seigla, f., *Sejhed*: dugnaður, þolgæði og s. forfeðranna *Av.* 13, 224$_{29}$. seiglan og þráið í Englendingum reið hinum að fullu *Auðv.* 71$_{23}$.

seiglulega, adv., *langsomt*: áður mjakaði öllu svo seint og seiglulega áfram *Skír.* 87, 21$_{9}$.

seigmeltur, pp., *vanskelig at fordøje*: verða þá jurtirnar seigmeltar *Br.* 5, 66$_{12}$.

seigpína (í), vt., *sejpine, tilintetgøre ved Sejpineri:* að deyja úr hungri og láta þannig s. úr sér lífið *Sk.* $^{23}/_{7}$ 82, 71c35.

seigunninn, pp., *vanskelig at bearbejde:* bæði eir og gull og seigunnið járn *Il.* 1, 189$_{24}$.

seigur, a., *sej:* hlutirnir eru seigir og stökkvir *TB.* 12, 178$_{25}$.

seigþykkur (-van), a., *klæbrig:* Líkamir, sem eru eins og bil beggja, fastra og fljótandi, eru kallaðir þykkir eða seigþykkir *Fisch. Ef.* 16$_{18}$.

seimlaus, a., *ikke slæbende:* að fullkomnast í út-tali og náttúrlegum seimlausum lestri *HF. Kv.* XXIV$_{25}$.

seimur (-s), m., *langtrukken el. slæbende Udtale;* draga seiminn *tale el. læse med langtrukken Stemme:* þó að sumir, sem lesandi eru kallaðir, dragi hræðilega seiminn *Fjöl.* 2, 1, 5$_{17}$. Draga langan seim á orði *trække et Ord langt ud:* Guðmundr dró lángan seim á jáinu *JT. PoS.* 41$_{1}$. So! Sagði Jórunn með löngum seim *PS. Ast.* 203$_{12}$.

seinastliðinn, pp., *sidstforløben, sidstafvigt:* Beiddu þeir hann að segja sér, hvað sögulegt honum hefði viljað til seinastliðna nótt *Þús.* 2, 161$_{30}$.

seinbráðinn, a., *tungsmeltelig:* pípa úr seinbráðnu gleri *StN.* 1,34$_{11}$.

seinbræddur, pp., = seinbráðinn: frumefni þetta er seinbrætt *Gr. Ef.* 38$_{14}$.

seinfara, a. indecl., *langsom i sine Bevægelser:* Þeir (ɔ: gammarnir) lifa af hræjum og eru daunillir og s. *PJ. Ns.* 83$_{28}$.

seinfœr, a., *langsom i sine Bevægelser; langsom:* hlustum vér til hinnar seinfæru boðunar *Myn.* 67$_{27}$.

seinlærður, pp., *som kun læres langsomt, vanskelig at lære:* það er seinlært sund á þurru landi *Auðv.* 43$_{11}$.

seinstígur, a., *som gaar langsomt:* (hann) gekk næsta s. út í garðinn *Þús.* 2, 59$_{5}$.

seinunninn, pp., *som udføres langsomt, langsom:* En geta má nærri, að það hafi verið ákaflega seinunnið og torsótt verk *PJ. Ns.* 47$_{16}$.

seinvirkur, a., 1. *langsomt virkende:* Nú munum vjer kjósa það (ɔ: eitur), sem seinvirkast er *Þús.* 1, 56$_{4}$. — 2. *langsom:* rafmagn það, er fá mætti með seinvirkri kolabrenslu *Ið.* 2, 70$_{29}$.

seinþroska, a. indecl., *som udvikles langsomt:* þó að þær (ɔ: gáfurnar) sjeu s. *Auðv.* 25$_{16}$.

seitla, *se* seytla.

sekkína, f., *Zekin:* (hann) ljet hverri okkar eptir sig þúsund sekkínur *Þús.* 1, 260$_{15}$.

sekúnda, f., *Sekund:* á einni sekúndu *Urs.* 10$_{3}$. Ljósið fer 40,000 milur á sekúndu *Av.* 8, 19$_{12}$.

sel, n., *Sæter, Sæterhytte.*

selflutningur (-s), m., *Handlingen* að selflytja.

selflytja (-flyt, -flytjum; -flutti, -fluttum; fluttur), vt., 1. *overføre fra det ene Sted til det andet:* Hún (ɔ: hin nýja stjórnarskrárbarátta) selflytur að eins valdið *Fk.* $^{23}/_{2}$ 88, 22b$_{23}$. — 2. *flytte el. føre enkeltvis, et Stykke af det hele ad Gangen:* urðum við optast að teyma og s. hestana þar sem verst var *Av.* 20, 78$_{19}$. Varð að s. hvern klár fyrir sig yfir kílana 82$_{4}$.

selgresi, n., *plantago lanceolata, lancetbladet Vejbrød. Mohr* 16$_{10}$. *BH. Grn.* 182$_{14}$. *Grl.* 88$_{28}$.

selja, f., *salix caprea. Mohr* 218s.

selja (**sel, seljum; seldi, seldum; seldur**), vt., *sælge; levere, overlevere.*

seljanlegur, a., *som kan sælges, afsættelig*: seljanlegar vörur *KJ. Uf.* 45$_{20}$.

selkjöt, n., *Selhundekød:* s. er sjaldan haft til matar *LÍ.* 44s.

sella, f., *Celle:* Höfundurinn kveðst hafa talið í sárinu á mannshári, sem skorið var þvert yfir, allt að 1500 „sellum" *Av.* 12, 76$_{9}$. þau (ɔ: eggin) eru, eins og aðrir partar plöntunnar, samsett af örsmáum frumpörtum, er kallast sellur *TB.* 12, 170$_{20}$.

selmaður, m., *Person, som opholder sig i en Sæterhytte:* Selmenn höfðu sterkar gætur á ráðskonunni *Þs.* 1, 65$_{18}$. selmennina 65$_{29}$.

selmatselja, f., *Husholderske i en Sæterhytte:* Selmatseljan *Þs.* 1, 64$_{27}$. hvort þeir hefðu geingið allir frá selmatseljunni 65$_{30}$.

selningur (-s, -ar), = sendlingur *tringa striata. Mohr* 45$_{26}$. *tringa maritima. Faber* 28s. Það er eins og ef jeg tæki upp selning *Þús.* 1, 298$_{28}$.

selráðskona, f., = selmatselja: varð hún s. *Þs.* 1, 64$_{31}$.

selspik, n., *Sælspæk.*

sparnaðarmaður, m., *sparsommeligt Menneske:* ánauðugur þræll sparnaðarmannsins *Sm.* 13$_{11}$. sparnaðarmaðurinn 132$_{4}$

sparnaður (-ar), m., *Sparsommelighed, Økonomi; Besparelse:* að það, sem hún kallaði sparnað, væri ágirnd ein *Blk.* 132$_{5}$. að hafa lagt eitt eður annað í sölurnar fyrir sparnaðinn *Sm.* 16$_{22}$. Þeir eru margir, er láta sjer fátt um sparnaðinn finnast *Auðv.* 116$_{8}$.

sparrfugl (-s, -ar), m., *Spurvefugl:* ei segja hann fremri söngvara en s. *Ið.* 6, 315$_{10}$.

sparsamlegur, a., *sparsommelig:* að hætta þeim einstaklega sparsamlega lífnaðarhætti, sem *Dægst.* 21$_{16}$.

sparsamur, a., *sparsom:* Menn verða að vera sparsamir til þess að geta verið veglyndir *Sm.* 132$_{8}$.

sparsemd (-ir), f., = sparsemi.

sparsemdarmaður, m., = sparnaðarmaður: miklir sparsemdarmenn *Br.* 2, 6$_{23}$.

sparsemi, f., *Sparsommelighed:* Auðurinn myndast með vinnu, geymist með s. *Sm.* 3$_{15}$. Það er sitt hvað s. og smásálarskapur *Auðv.* 116$_{18}$.

Sparta, f., *Sparta:* Í Spörtu sátu því snemma á tímum tveir konungar að völdum *PM. Ág.* 17$_{30}$. Hagur kvenna í Spörtu *Ið.* 4, 380$_{1}$.

Spartverji (-ja), m., *Spartaner:* Einhver hin frægasta þjóð, er sögur fara frá, eru Spartverjar hinir fornu *Ið.* 4, 380$_{26}$. Það er of stutt, sagði ungr S. við móður sína *Ið.* 4, 386$_{19}$.

spartverskur, a., *spartansk:* að lýsa spartverskum konum *Ið.* 4, 381$_{4}$. Allir spartverskir sveinar voru vandir við glímur 6, 87$_{19}$.

spásagnargáfa, f., *Spaadomsgave:* Eins og spásagnargáfan sprettur einnig skáldakaparandagiptin af þeim hinum brennanda guðmóði *Stoll* 49$_{17}$.

spásagnari, m., *Spaamand, Sandsiger:* Vjer leyfum oss að eins að beina athygli almennings að þeim flokki þessara spásagnara, er takast á hendur að segja fyrir veðráttufar um heilt ár í einu *Björl.* 3$_{20}$.

spáséra (a), vi., *spasere:* hlutirnir hafa þó ekki sjálfkrafa spáséað ofan í kistu þína *PP. NS.* 68$_{10}$.

spáspakur, a., *udrustet med Spaadomsgave:* þá mér spáspakr | spjöll þau sagði | undirdjúps álfr | aldri vorpinn *ÓK.* 4, 251$_{5}$.

spaug, n., *Spøg:* án efa segir Hóratíus í spaugi einu þessi orð *Gr. Kv.* 116$_{10}$.

spaugilegur, a., *löjerlig, pudsig:* nokkrum sinnum eru þeir (ɔ: ketlingarnir) búnir að koma mér til að hlæa með sínum spaugilegu látum og tilburðum *Rób.* 68$_{5}$.

spé, n., *Spe, Spot.*

spegilbjartur, a., *spejlklar*: (var) flóinn umhverfis s. *Skír.* 84, 4₉.

spegilegg (*g. pl.* **eggja**), n., *Spejlæg. EB. Kf.* 85₁₀.

spegilfagur (-ran), a., *spejlblank*: hann gaf henni spegilfagran hnapp *Ib.* 1, 9₁₉. að litilli stundu liðinni komu þær með þá (ɔ: gripina) skínandi og spegilfagra *PP. NS.* 73₁₄.

spegilflötur (-flatar, -fletir), m., *Spejlflade:* opt mun hugurinn fljúga . . . yfir spegilflöt stórvatnanna *Ss. Þj.* 91, 49₉.

spegilgerð, f., *Forfærdigelse af Spejle:* Kvikasilfur er og notað til spegilgjörðar *StN.* 1, 98₂₈.

spegilgler, n., *Spejlglas*: gluggginn er að eins ein rúða úr allt að ½ þuml. þykku gleri; það er nefnt s. *KJ. Uf.* 7₃₁.

spegilglerrúða, f., *Spejlglasrude*: einungis til þess að ábyrgjast þessar spegilglerrúður *KJ. Uf.* 7₂₄.

spegilgljár, a., *spejlglat:* sjórinn s. eins langt og augað eygir *Björl.* 35₂₉.

spegilglær (-jan), a., *spejlglat:* lá Eystrasalt opið fyrir spegilglært. *Nöl.* ¹¹/₁ 79, 77a₁₆.

spegill (**spegils, speglar**), m., *Spejl:* Efnamennirnir hafa . . . borð, en sjaldnar spegil *LÍ.* 37₂₅.

spegilmynd (-ir), f., *Spejlbillede*: mannfjelagið er ekki annað en góð s. einstaklinganna *Sm.* 27₂₆.

spegilsléttur, a., *spejlglat:* töfra mig augun þín björtu og blán | blitt, eins og farmanninn spegilslétt haf *ST.* 35₇. með vatni spegilsljettu *KJ.* 229₁₈. ýfði sjóinn, er um morguninn var spegilsléttur *Av.* 18, 28₁₅.

spegla (**a**), vt., *afspejle, genspejle*: eptir því sem vera hins eylífa speglar sig í eðli þeirra (ɔ: mannanna) *Myn.* 71₁₅. tilveran speglar sig í sjálfri sjer *Gr. Kv.* 74₂₂. sólar-geisla hreina | speglar daggar-dropinn skær *KJ.* 80₁₂. það (ɔ: hjartað) getur hreint og trúlega speglað þína elskuðu mynd *Sak.* 59₁₈.

spéfugl (-s, -ar), m., *Spottefugl*: hann var kátur spjefugl *Þús.* 3, 73₉.

spéhlátur (-rs, -rar), m., *Haanlatter*: með spéhlátrum og als konar ánauð og réttleysi *AÓ. Af.* 204₂₂.

spéhræddur, a., *bange for Spot:* Jeg er nú ekki svo spjehrædd *JT. PoS.* 117₃₀. hann var ákaflega s. *GP. ÞS.* 33₁₂.

speki, f., *Visdom.*

spekingasteinn (-s, -ar), m., *de vises Sten*: að alt væri undir því komið að finna efni, er kallað var „spekingasteinninn" *Ib.* 6, 100₂₇.

spekingskapur (-ar), m., *Visdom*: (konungur) sagðist nú ekki framar skyldu leggja trúnað á orð vitringa sinna nje vezíra eða spekingskap þeirra *Þús.* 1, 128₃₀.

spekingsurt (-ir), f., *haloscias Scoticum Fr., skotsk Lostilk. Grl.* 59₁₈.

spekja (**spek** *el.* **speki, spekjum; spakti, spöktum; spakinn**), vt., *berolige*: A. spekir þær (ɔ: sær sínar) aptur á þeirra vanastöðvum *PS. Ast.* 52₁₈. að láta sjúkdómana . . . s. vorar ástríður og girndir *JG. Hv.* 53₂₇.

spékoppur (-s, -ar), m., *Smilehul*: hvurnin spjekopparnir á kinnunum á henni ýmist voru að myndast eða hverfa *JT. PoS.* 111₂₉. jafnvel sömu litlu spékoppa í kinnunum *PP. NS.* 3₂₇. spjekopparnir urðu svo djúpir, að *TÞH. Dr.* 1, 2, 99₈.

spekt, f., 1. *Stilhed, Stilfærdighed.* — 2. *Visdom.*

spektarflokkur (-s, -ar), m., *det konservative Parti:* Í þessu félagi hefur t. a. m. ekkert fyrirtæki verið kallað, hvorki af nýjunga- né spektarflokkinum, jafnháskalegt eignarréttinum *TB.* 7, 149$_{22}$

spektarmaður, m., *stilfærdig Person:* seinn til reiði Svartur var, | sagður s. *JT.* 246$_{4}$.

spelkur, f. pl., *Skinner:* þá eru gjörðar s. úr pappa eða guttapercha lagaðar eptir handleggnum *N. Hf.* 86$_{27}$. Nú var búið að taka spilkurnar af fætinum *TÞH. Tíb.* 1, 23$_{2}$.

spenagrís (-s, -ir), m., *Pattegris:* Þú gætir þá einhverntíma gefið mjer að minnsta kosti einn s. *Hd.* 25a$_{30}$.

spendýr, n., *Pattedyr:* Hryggdýr eru s., fuglar, skriðdýr, froskdýr og fiskar *Gr. Df.* 36$_{11}$. á hinni nýrri öld (var) mest af spendýrum og fuglum *Av.* 6, 70$_{10}$.

spendýrafræði, f., *Mammaliologi. Gr. Stf.* III$_{10}$.

spengilegur, a., *spinkel, slank:* spengilegan og laglegan vöxt *PP. NS.* 64$_{1}$.

spenna, f., *Spænding:* án mjög mikillar spennu eða þenslu *MJ. Bfr.* 284$_{17}$.

spenna (i), vt., *omfatte, omslutte;* s. greipar *folde Hænderne:* Mér varð eins og ósjálfrátt að s. greipar *Rób.* 54$_{19}$.

spenniafl, n., *Spændkraft, Elasticitet:* af samdrætti jarðarinnar og þar af leiðandi spenniafli í jarðlögunum *Av.* 13, 218$_{26}$.

spennikraftur (-ar), m., = spenniafl: spennikraptur sá, sem verður úr mörgum smákröptum *Av.* 6, 48$_{21}$.

spennimagn, n., spenniafl: s. vatnsins *Av.* 6, 54$_{4}$.

spenningur (-s), m., *Spænding:* vöðvarnir hvílast ekki, enn eru í einhverjum spenningi *Fk.* $^{18}/_{4}$ 88, 47b$_{16}$. veiklun heila-sæðanna af hinum ónáttúrlega spenningi veggjanna *MJ. Bfr.* 284$_{18}$.

spenniskór (-s, -r), m., *Spændesko:* hann var með spenniskó á fótum *Ss. Þj.* 91, 94$_{11}$.

spensla (a), vt., *lukke ved Hjælp af Spænder:* svo má heita, að það (ɔ: árið) sé þó enn nýtt og hulið fyrir oss, líkt og spennslað bók *HGTh.* 100$_{12}$.

spenvolgur, a., (speni *Patte;* volgur *lunken*) *nymalket:* aldrei var svo hart um mjólk á Hóli, að I. yrði ekki að fá pott af spenvolgri nýmjólk í hvurt mál *JT. PoS.* 4$_{17}$.

sperra, f., *Sparre, Tagsparre:* baðstofan var bygð á bekk og skammbitar í sperrum ofarlega *Þs.* 1, 42$_{12}$. hún batt barnið upp um sperru í baðstofunni 403$_{15}$.

sperra (i), vt., *udspile, udstrække;* sperrast við *anstrenge sig:* að vera að sperrast við að finna í kenningu Krists þær algildar reglur fyrir breytni vorri í hvívetna, sem hann hefir aldrei ætlazt til að í þeim skyldi liggja *Mill* 103$_{1}$.

spertur, pp., *knejsende:* glápa sperrtir búðarslápar *JH.* 15$_{12}$.

spesía, f., *Species* (*en Mønt*): hið sama er einnig um allar spesíur, spesíudali *StA.* 76, 60$_{16}$.

spesíudalur (-s, -ir), m., *Speciesdaler; se* spesía.

spéskera (-sker, -skerum; -skar, -skárum; -skorinn), vt., *rage el. klippe Haar el. Skæg paa en latterlig Maade:* Ástriður litla greip upp í spéskorna hárið sitt *TÞH. Tíb.* 1, 24$_{18}$.

spéspegill (-spegils, -speglar), m., *Spejl, som giver et Vrængebil-*

lede: það er spjespeigill, sem ekki sínir hvern hlut eins og hann er *Fjöl.* 2, 3, 47₁₉.

spík, n., *Spæk.*

spík (-ur, -ur), f., *Le, som ved at bruges er bleven smal*: (hann) hirðir spíkina *Þs.* 1, 11₂₅.

spíkfeita (í), vt., *mæske*: til þess að s. með því sjálfan sig *AÓ. Af.* 98₁₃.

spíkfeitur a., *smækfed*: kom hann aptur með spíkfeitan kálf *Þús.* 1, 30₁₆.

spíkspora (a), vi., *spanke, spankulere*: þeir slangra og spíkspora á strætum og torgum *Skír.* 83, 11₂₉.

spil, n., *Kort, Spillekort; Kortspil.*

spila (a), vi., *spille Kort*: Ingveldi þótti og gaman að spila *JT. PoS.* 19₂₉. S. upp á eigin spýtur *staa paa sine egne Ben.*

spilamenska, f., *Spil, Kortspil; Hasardspil:* varð svo ekki úr spilamenskunni framar *JT. PoS.* 21₁. þá fór jeg að sóa út peningunum mínum í spilamennsku *Hd.* 58b₄₅.

spilari, m., *Spiller, Dobler*: hann gerðist s. *Ið.* 1, 50₂₁.

spilda, f., 1 *Strækning:* Undirlendið er eins og ein samfóst s. *ÞTh. LÍ.* 18₁₈. — 2. *Masse*: Hrynja þá niður stórar spildur úr berginu *Ið.* 2, 5₁₈.

spilkoma, f., *Spølkum*: 4 eða 6 stórar spilkomur *Fjöl.* 1, 87₂.

spilla (í), vt. med dat., *fordærve.*

spilling (-ar), *Fordærvelse*: hefur snemma brytt á megnri spillingu *HH. Ks.* 61₈.

spiltur, pp., *fordærvet*: Enginn getr því lýst norskum alþýðumönnum, spiltum né óspiltum, svo að kyrkjan komi þar ekki líka við söguna *Ið.* 1, 18₂₅.

spinna (spinn, spinnum; spann, spunnum; spunninn), vt., *spinde;* s. upp *opspinde, opdigte:* eður þær (ɔ: sögurnar) eru spunnar upp úr hugum manna *Fjöl.* 4, 1, 12₁₀.

spinnvél (-ar), f., *Spindemaskine*: spinnvélar, prjónvélar og saumvélar *AÓ. Af.* 200₉.

spjald, n., 1. *Tavle.* — 2. *Skilt:* stórt s. með gylltum stöfum var yfir dyrunum *TÞH. Tib.* 1, 41₁₄. — 3. *Bindplade paa en Bog, Perm:* spjaldanna á milli *fra Perm til Perm.*

spjaldapappír (-rs), m., *Pap:* Nú var búinn til góður s. úr basti *Fjöl.* 1, 133₁₇.

spjaldbein, n., *Krydsben:* þar að auki spjaldbeinið *PJ. Ns.* 9₈.

spjaldhryggur (-jar -ir), m., *den Del af Ryggen, som er nærmest ved Hofterne, Kryds*: Nýrun eru tvö, sitt hvoru megin aptur við spjaldhrygg *JJ. EML.* 95₅₁. spjaldhryggurinn *N. Hf.* 15₄.

spjátra (-a), vt., *lapse;* s. sig *lapse sig:* (hann) lætur son sinn vera að s. sig á asnanum *Þús.* 1, 73₉. (hann) spjátraði sig því jafnaðarlega í spánýjum fötum *Ið.* 1, 47₁₈.

spjátrungslega, adv., *lapseagtig, uhøflig:* og þú (hagaðir þjer) reglulega s. *TÞH. SoÆ.* 44₁₇.

spjátrungur (-s, -ar), m., *Laps, Spradebasse:* Þessi s. frá mjóu götunum í Kaupmannahöfn *ÞJ. MV.* 12₂₆. annar eins oflátungur og s. og þjer eruð *Hd.* 55a₂₃. ungur s. getur ekki fengið sig til að segja nei *Sm.* 129₁₇.

spjót, n., *Spyd.*

spjótfimi, f., *Øvelse i Spydkamp*: að styrkleik, handafli og s. *Il.* 1, 78₁₅.

spjótfimur, a., *øvet i Spydkamp:* vegna hinna spjótfimu Trójumanna *Il.* 1, 7₂₉. hinn spjótfimi Ídomeneifr 52₁₄.

spjótfrægur, a., *spydberömt, berömt af Spydkamp:* hinn spjótfrægi Menelás *Il.* 1, 104₉.

spjótmaður, m., *Spydkæmper:* þeir voru spjótmenn góðir *Il.* 1, 59₂.

spjótsoddur (-s, -ar), m., *Spydspids:* bjuggu þeir til örvarodda og spjótsodda úr steini *Sm.* 4₂₈.

spjótöxi, f., *Spydøxe, Hellebarde:* fimmtíu sveina vopnaða spjótöxum . . . hafði hann að fylgdarliði *Ss. Íf.* 2, 131₁₉.

spjör (**spjarar**, **spjarir**), f., *daarligt Klædningsstykke, Pjalt;* spjarir *bruges ogsaa om Klædningsstykker i Almindelighed uden Bibegreb af Daarlighed:* til hvurs skollans er að taka það, sem ekki á spjarirnar á sig? *JT. PoS.* 41₁₂. þá varð jeg sjálfur að hafa fyrir að færa Frjádag minn í spjarirnar *Rób.* 84₂₈. Spyrja e-n úr spjörunum *udspörge en nöjagtig:* Hún virti mig grandgæfilega fyrir sjer og spurði mig úr spjörunum *Þús.* 2, 54₂₅.

splunkurnýr (-jan), a., *splinterny:* þessi splunkurnýi lautenant *lð.* 1, 234₁₅.

spóka (a), vt.; s. sig *spanke, spankulere:* Það var því engin furða, þó Sveinn hefði sáralítla ánægju af því að vera að s. sig á götunum *GP. ÞS.* 34₂.

spól, m., *numenius phæopus, Spove. Mohr* 45₈. *Faber* 24₁₂. *Gr. Df.* 62₁₁. *Gr. Sk.* 95, 40₁.

spólormur (-s, -ar), m., *ascaris, Spolorm. Gr. Df.* 118₁. Spólormur verður eins stór og ánamaðkur *PJ. Ns.* 115₁₅.

spónamatur (-ar, -ir), m., *Skemad, Sødemad:* eg á nóg í fernskonar spónamat *Þús.* 2, 63₂₅.

spónblað, n., 1. *Skeblad:* krónublöðin eru löguð líkt og spónblöð *Sak.* 64₁. — 2. *Skefuld:* þó jeg láti nokkur spónblöð hjerna á kútholuna. *JT. PoS.* 58₂₀.

spónbrotna (a), vi., *gaa i smaa Stykker:* að skipið mundi þá og þegar s. *Rób.* 8₁₈.

spónn (**spóns**, **spœnir**), m., 1. *Spaan.* — 2. *Ske, Spiseske* (*af Horn el. Ben*).

spónnýr (-jan), *splinterny:* hin spónnýa uppáfinning *Fjöl.* 3, 1, 7₂₈.

spor, n., *Spor.*

sporaskja, f., *aflang Æske i Form af et Fodspor.*

sporbaugsgeiri, m., *elliptisk Sektor:* bogar, er samsvara jafnstórum sporbaugsgjeirum *Urs.* 77₄.

sporbaugslína, f., *Ellipselinje:* Bjúga línan er nefnd s. *Hemp.* 66₂₂.

sporbaugur (-s, -ar), m., *Ellipse:* Braut hans er s. (*Ellipse*) þ. e. aflángur hringur *Urs.* 19₁₁. allar jarðbrautirnar eru nokkuð svo hringskakkar . . . og eru raunar sporbaugar 101₂.

sporbraut (-ir), f., *elliptisk Bane:* Sporbrautu Merkúrs er svo háttað, að *Urs.* 19₂₀.

sporðaköst, n. pl., (*om Fiske*) *Halebevægelser:* (ef hann sjer) laxa og silúnga leika þar með sporðaköstum *Fjöl.* 1, 3₁.

sporðdrekamerki, n., *Stjærnebilledet Skorpionen:* Scorpio, s. *BJ. St.* 30₂₄.

sporðdreki, m., *Skorpion:* jeg mun refsa yður með sporðdrekum *Tang* 62₅.

sporður (-s, -ar), m., *Hale paa en Fisk.*

sporjárn, n., *Stemmejærn:* þá

tók hún upp hjá sjer naglbít, s. og litla öxi *TÞH. Dr.* 1, 2, 115$_{22}$.

spormynd (-ir), f., *Grundrids:* höfum vér hér s. af 4 þeirra (ɔ: liðanna í tóli þessu) *Fisch. Ef.* 399$_{1}$.

sporna (a), vi.; s. við e-u *forhindre, forebygge noget:* það var hlutur, sem S. vildi s. við í lengstu lög *PS. Ast.* 152$_{23}$.

sporrakki, m., *Støver:* sem s. veiðimanns *Björl.* 90$_{25}$.

sporvagn (-s, -ar), m., *Sporvogn:* Í Chicago gengr s. einn, sem knúðr er með soda-hreyfi *Fk.* $^{16}/_{8}$ 86, 59a$_{15}$. að fara með sporvögnum *KJ. Uf.* 18$_{5}$.

sporvegur (-ar, -ir), m., *Sporvej:* ef sporvegurinn er ekki alstaðar tvöfaldur *KJ. Uf.* 18$_{30}$. Fyrir tíu árum voru sporvegirnir á Englandi 94 enskar mílur 19$_{18}$.

sporvís, a., *som har fin Lugtesans:* Mun hún hægt í húmi | að hæls og friðils rúmi | rekja s. sporin forn *GTh. Lm.* 251$_{10}$.

sporvísi, f., *fin Lugtesans:* s. veiðirakkans *Björl.* 90$_{23}$.

sporöskjulagaður, a., *elliptisk:* Brautirnar eru ekki reglulegir hringir, heldur sporöskjulagaðar *BJ. St.* 1í$_{14}$.

sporöskju|lögun (-laganir), f., *elliptisk Form:* Tvær halastjörnubrautir sjást á myndinni, á þeim sjest sporöskjulögunin *BJ. St.* 13$_{15}$.

sporöskjumyndaður, a., 1. *elliptisk:* dalur s. að lögun *PS. Ast.* 309$_{2}$. — 2. *oval:* Heilinn er hvítleitur, linur og sporöskjumyndaður *JJ. EML.* 48$_{19}$.

spotti, m., *en Stump af noget* (*f. E. af Garn*); *kort Stykke Vej:* sáu þeir nokkrar skrautbúnar konur spotta korn frá salnum *Þús.* 2, 135$_{2}$.

spranga (a), vi., *gaa med stolte Skridt:* þar sem fákar sprækir spránga *JT.* 207$_{9}$.

sprek, n., *lille Stykke Træ el. Kviste, som bruges til Brændsel:* þau fóru þegar að sækja sér kvisti og s. *Ið.* 1, 36$_{14}$.

spreka (a), vi., (*t.* sprechen *tale*); s. e-m til *tiltale en, drille en:* hafði hann einatt gaman að því að s. Björgu til með giptingarleysið *PS. Ast.* 68$_{23}$. Það var nærri því eins og þær (ɔ: bárurnar) hugsuðu sér að kitla smáhnullungana þar, langaði til að s. þeim til *GP. ÞS.* 118$_{13}$.

sprengibátur (-s, -ar), m., *Sprængbaad, Brander, Torpedo:* auk 20 sprengibáta (torpedos) *Skír.* 79, 48$_{10}$. Seinna smíðaði hann sprengibát (torpedo), sem tók öllum öðrum fram 90, 107$_{2}$.

sprengiefni, n., *Sprængstof, Dynamit:* Það er óþolandi skömm, að Íra skuli vanta s. (dynamit) *Fk.* $^{29}/_{2}$ 84, 4b$_{45}$. ný s. *Þj.* $^{17}/_{5}$ 89, 86c$_{36}$.

sprengigos, n., *Explosion:* getum vjer þess mannskaða, er varð af sprengigosi 11. september í kolanámu einni *Skír.* 79, 29$_{1}$. varð s. í kolanámu *Íf.* $^{6}/_{2}$ 92, 42a$_{66}$.

sprengiknöttur (-knattar, -knettir), m., *Sprængkugle, Bombe:* að kaupa kúlur, sprengiknetti *Skír.* 55, 27$_{12}$.

sprengikúla, f., = sprengiknöttur: 30 þúsundir landhers, er umkringdu Kaupmannahöfn, skutu á hana sprengikúlum *PM. Ág.* 285$_{22}$. Sprengikúlu var kastað á lögreglustofu *Skír.* 89, 41$_{12}$.

sprenging (-ar), f., *Sprængning:* Á gufukatlinum er tryggingartappi (*Sikkerhedsventil*) hafður til að forðast sprengingu *N. Hf.* 92$_{30}$.

sprengiskip, n., *Torpedo:* Nokkur s. (Torpedoer) undir stjórn Valdimars prins fylgdu skipinu *Skír.* 89, 48₁₁.

sprengitundur, n., *Sprængstof, Dynamit:* verkmenn lögðu s. undir eina kirkjuna *Skír.* 83, 73₂₂. að sprengitundrið mundi senda á helveg allra landa konunga 85, 15₂₂.

sprengivél (-ar), f., *Sprængeapparat:* hjá þeim fundust sprengivjelar af ymsu tagi *Skír.* 85, 55₂₅.

sprenglærður, pp., *sprænglærd:* enda hversu s. sem vera kann *AÓ. Af.* 45₁₂.

sprengur (-s, -ir), m., *Sprængning.*

spretta (**sprett, sprettum; spratt, spruttum; sprottinn**), vi., (*om Græsset*) *spire frem;* sprottinn *bevoxet med Græs:* verður hún (ɔ: jörðin), þegar frá líður, að því skapi firr sprottin sem firr er farið að slá hana *Fjöl.* 3, 2, 16₇. — s. af, vera sprottinn af *opstaa af, stamme fra, være Følge af:* Slíkar bágkomur milli hagsmuna einstaklinga s. oft af illu félags-skipulagi *Mill* 189₂₆. eru þær (ɔ: sögurnar) sprottnar af einhvurjum atburðum *Fjöl.* 4, 1, 12₉.

spretta (i), vt. med dat., *sprætte noget op; løsne, løse:* geturðu sprett belti Orions? *Myn.* 99₂₇. s. (söðli *el.* hnakk) af hesti *afsadle en Hest.*

sprettur (-s, -ir), m., *forceret Løb, Galop:* hlaupa í (einum) spretti *løbe et Stykke Vej uden at stanse:* Hlauparar keisara hlaupa það í spretti *Ið.* 3, 244₂₈. sprett læt eg fara bítil-ljón *EÓ.* 40b₈. hérnæst lætur heim í tjeld | hestinn sig á spretti bera *Núm.* 5, 97.

sprikl, n., *Sprøl:* Vér erum orðnir svo vanir að horfa á verðið og sjá í því spriklið og sporðaköstin *AÓ. Af.* 107₁₁.

sprikla (a), vi., *sprælle:* hann (ɔ: hesturinn) skal fá að s. hérna á flóunum *PS. Ast.* 144₁₅.

spritt, n., *Sprit:* hafði hann styrkt sig á nokkrum ölglösum af óþynntu spritti *Ið.* 4, 389₂₀.

sprotvaldur, a., *scepterbærende:* Nú skyldi einginn | af alhuga | vísir sprotvaldr | votta framar | mildi og blíðskap | börnum þjóðar *OK.* 2, 107₂.

sprunga, f., *Sprække, Rift, Kløft:* að þar sje löng rifa eða s. í jarðarskorpuna *Av.* 6, 54₁. ótal sprungur í jörðina 13, 221₂₀. Jeg fór því á undan til að sjá við sprungum *Skír.* 90, 28₁₀. Eða hugur og hönd, | sem að hrauð þessi lönd | og sem heflaði slétt fjöll og sprungur *JÓ.* 154₆.

sprækiegur, a., *rask af Udseende:* Vil ég, að þeir menn, sem firstir eiga að taka móti gestum frá ímsum löndum, séu hreifir og sprækiegir *Fjöl.* 1, 63₁₈.

sprækleikur (-s), m., *Raskhed, Fyrighed:* sprækleik engan sparði *BT.* 193₁₆.

sprækur, a., *rask, fyrig.*

spúa (**spúi, spúum; spúði, spúðum; spúinn**), vt. med dat., *kaste op; udspy, udkaste, udslynge:* bára fróðu spúði *LB. RF.* 4, 20₄. Hræsni þeir í hjarta ala og henni s. 5, 4.

spunagyðja, f., *Spindegudinde, Skæbnegudinde:* Spunagyðjur *Stoll* 71₁₉.

spunahús, n., *Spinderi:* klæðasmiðjur, s., járnsmiðahús *TUM.* 2, 34₁₇.

spunakona, f., *Spinderske.*

spunamaður, m., *Spinder:* spunamenn og vefarar *Sm.* 69₁₄.

spunavél (-ar), f., *Spindemaskine:* Sjálfur keypti M. eina slíka spunavjel *Av.* 12, 115₃₀. A. bar niður á að reyna að smíða spunavjel *Sm. Hps.* 20₇.

spunaverkstaður (-ar, -ir), m., *Spinderi:* Árið 1816 var stofnaður þar fyrsti s. *Ið. SG.* 68₁₅.

spuni, m., *Spind, det spundne:* stundum (gefur) ormurinn spunann sinn *HF. Kv.* 1, 139₂₃. við kembingu og spuna *Av.* 12, 120₂₇. Í hvað spinna þeir spunann umgetinn? *JT.* 264₁₁.

spunvél (-ar), f., = spunavél: nema vér notum bæði spunvélar og prjónvélar *AÓ. Af.* 137₃₀.

spurning (-ar), f., *Spörgsmaal.*

spurningadagur (-s, -ar), m., *Katekisationsdag:* Næsta spurningadag var Sigrún komin á undan öllum hinum börnunum *Ið.* 1, 29₆.

spurningarmaður, m., *Spörger:* spurningarmaðurinn í Sunnanpósti *Fjöl.* 3, 1, 5₆.

spyrða (1), vt., (sporður *Hale paa en Fisk*) *binde sammen ved Halerne.*

spyrðuband, n., *et Par Fiske sammenbundne ved Halerne.*

spyrja (spyr, spyrjum; spurði, spurðum; spurður), vt., *spörge. I dette Verbum udtales* y *ofte som* u *og skrives undertiden saaledes:* hafa menn eins og kynokað sjer við að spurja, hvernig *BM. UM.* 12₆. Hann til Kúres heldur staðar; | um hetju spur hann þar; frétti trúr sá ferðum hraðar | filkirs bur hvar var *Núm.* 16, 43.

spyrna (1), vi., *sparke;* s. móti *göre Modstand, modstaa:* Allt, sem lifir, lifa girnir; | lifið heli móti spyrnir *KJ.* 171₁₂.

spýta, f., *et lille Stykke Træ, en Pind.*

spýtingur (-s), m., *Spytafsondring:* sjúklingar með miklum spýting mega ei leggjast til svefns á bakinu *N. Hf.* 28₈.

spæna *el.* **spœna** (1), vt., 1. s. e-ð upp í sig *spise noget ved Hjælp af en Ske.* — 2. s. e-ð sundur *splintre noget:* Þær (ɔ: rotturnar) höfðu nagað og spænt í sundur nef og eyru og kinnar á þessum heilaga manni *Ið.* 5, 313₂.

spæta, f., *picus, Spætte, Træpikker:* Spætur (*Picus*) hafa beint og strent nef *Gr. Df.* 58₂₃. alvarleg s. þar í næsta tré hafði hlegið, svo að henni lá við að veltast um *Ið.* 1, 37₅. *Da dette Ord er dannet efter det tyske* specht, *synes dets rigtige Form at være* spéttur, m.

spölkorn, n., *et lille Stykke Vej:* þegar vjer vorum komnir s. áleiðis *Þús.* 1, 202₂₆. þjer sögðust, herra, ætla að fylgja lögmönnum s. hjerna upp fyrir *TÞH. BS.* 254₁₀.

spör (-s, -var), m., *passer, Spurv:* brunaði kerran þín um mána slóðar | hágöngur létt af hvítum spörvum dregin *GTh. Lm.* 180₁₇.

spörfugl (-s, -ar), m., *Spurvefugl:* Spörfuglar (*Passeres*) eru flestir smávaxnir skógarfuglar *Gr. Df.* 56₁₉. Spörfuglar hafa setfætur *PJ. Ns.* 84₈.

spörfuglategund (-ir), f., *Art Spurvefugle:* Auk þessa eru algengar margar spörfuglategundir *ÞTh. LÍ.* 57₃₁.

stabbi, m., *en fast sammenpakket Høstabel i et Høhus:* Minnkar stabbinn minn, magnast harðindin *KJ.* 38₂₁.

stábótalega, adv., *med Stortalen-*

hed, overmodig R. fór nú aptur að tala s. *Skír.* 87, 80₉.

staða, f., *Staaen, Stilling:* einstök fjöll, sem merkileg eru sökum stöðu sinnar *Urs.* 63₁₁.

staðaldur, n., *Vedholdenhed;* að staðaldri, *stadig, vedholdende, uafbrudt:* nema því að eins að nokkur af þeim að staðaldri starfi að þeim verkum *LHA.* 3, 177₁. maður, sem hefur að staðaldri líkamlegt eða andlegt strit *Íf.* ⁸/₈ 90, 78a₄₀.

staðalýsing (-ar), f., *Topografi:* ritið er þannig eins konar s. *LÍ.* 47₂₇.

staðarhreyfing (-ar), f., *stedlig Bevægelse:* það sem getur hreyfzt . . . það verður einhvern tíma, fyr eða síðar, að breytast, ef það er breytilegt, og vera á ferð, ef því er s. ætlað *TB.* 6, 92₂₂.

staðarlegur, a., *prægtig:* Og heldur enn ekki er það staðarlegt að líta yfir Víkina *JT. PoS.* 93₁₄.

staðátta, f., *Fænomen; Tilstand; Beskaffenhed:* Lýsingarorðin lýsa eðli hlutanna og inntaki þeirra, eigindum þeirra, staðáttum og tilstæðum *TB.* 12, 187₈.

staðbreyting (-ar), f., *Forandring af Sted:* s. krónanna *Av.* 8, 134₁₆.

staðfastur, a., *stadig, standhaftig:* sá, sem er s. í því er hann veit *HF. Kv.* 1, 21₁. með staðföstum vilja *Myn.* 87₂₀.

staðfesta, f., *Stadighed.*

staðfesta (í), vt., *stadfæste; konfirmere:* Verður hvert barn, er staðfestist, að sýna presti vottorð frá skólanum *Av.* 7, 96₇.

staðfesti, f., *Standhaftighed:* Trúin er s. í því, sem vænt er eptir *HF. Kv.* 1, 147₁₉.

staðfesting (-ar), f., *Stadfæstelse; Konfirmation:* jafnvel prestar álitu kennsluna í alþýðuskólunum nokkurs konar undirbúning undir staðfestingu *Av.* 7, 100₅.

staðfestingarleysi, n., *Mangel paa Approbation:* Sé aftr um staðfestingarleysi eðr um samþykkisleysi að ræða *Fróð.* ²/₂ 86, 326₂₁.

staðfestuleysi, n., *Ustadighed:* Hvað ætli hún vilji, nema að seðja í sjer ferðafýsnina og staðfestuleysið? *TÞH. SoÆ.* 19₂₂. S. er einn höfuðlöstur ungra manna *Auðv.* 27₂₅.

staðgildi, n., *stedlig Gyldighed:* Um s. samþykktarinnar *StB.* 90, 176₁₉.

staðgóður, a., *stærk, solid:* Varð floti þessi næsta s. *Þús.* 1, 323₄.

staðgæði, n. (?), *Fasthed, Soliditet:* allt bar vott um rögg, staðgæði, þegnfrelsi *Skír.* 83, 6₁₉. að menn þyrftu þó vart lengur að bera neinn kvíðboga fyrir staðgæði þjóðveldisins 85, 69₁₇. friðurinn og atvinnustarfi í friði og staðgæði hvorstveggja 87, 96₂₂.

staðhættir, m. pl., *lokale Forhold:* vegna hinna sjerstöku staðhátta Íslands *Eimr.* 2, 2₂₁.

staðhæfa, (í), vt., *paastaa:* hitt vil eg fullyrða og staðhæfa *AÓ. Af.* 222₁. heldr hljóta þeir að staðhæfa það, að *Ald.* 1, 84₂₂.

staðhæfing (-ar), f., *Paastand:* að færa sönnur að s. sinni *Ald.* 1, 84₂₆. Það er sama staðhæfingin og *Kb.* 1, 84₂₇.

staðhæfur, a., *faktisk, virkelig:* Hún tekur píslarvættið sem staðhæfan vott þess, að *Ið.* 7, 36₂₄.

staðhöfn (-hafnar, -hafnir), f., *Faktum, Kendsgerning:* um þá óvæntu og lærdómsríku s. *Mill* 184₈. en að eins tekið tillit til þeirrar staðhafnar, að 216₈.

staðlaus, a., 1. *utopisk, kimerisk:* hann hafði hina mestu skömm á öllum draumórum og staðlausum hugmyndum *Ið.* 3, 282$_{7}$. — 2. *ustadig:* allt mundi hverfa og verða eins og reykur, staðlaust, verulaust og sibreitanlegt *Myn.* 56$_{9}$.

staðlyndi, n., *Karakterfasthed:* Peningar veita s. *Sm.* 18$_{28}$. s. og þrek hverfur 178$_{19}$.

staðnám, n., *Stansning.*

staðnámsstöð (-var, -var), f., *Station:* fáein timbrhús á hverjum staðnámsstöðvum *Alm.* 85, 42$_{25}$. síðasta s. áðr en komið er til Liverpool *Ið.* 3, 264$_{2}$.

staðreynd (-ir), f., *Faktum, Kendsgerning:* að minsta kosti einn af forustusauðum þeirra fyrirliti reynslu og s. *Fróð.* $^{20}/_{4}$ 86, 38$_{44}$.

staðreyndur, pp., *faktisk.*

staðstaða, f., *Stagnation:* staðstaðan er dauði, en hreifingin er líf *Sunnf.* 3, 91a$_{55}$.

staðstjarna, f., *Fixstjærne:* hin skærasta stjarna af öllum staðstjörnum *Av.* 6, 138$_{13}$. ef miðað er við staðstjörnur 141$_{18}$.

staður, a., *(om en Hest) stædig:* hesturinn gjörði sig staðan *Fjöl.* 4, 2, 28$_{16}$. klár einn gamall og s. *JT. PoS.* 28$_{26}$.

staðviðrasamt, a. n., *Vejrforholdenes Regelmæssighed:* Þar er svo dæmalaust s. *Björl.* 49$_{18}$.

staðviðri, n., *stadigt Vejr:* S. í 6 daga samsvarar logn einn dag LÍ. 20$_{23}$.

staðvindabelti, n., *Passatvindenes Bælte, Passatvindenes Omraade:* Þegar sumar er á norðurhveli jarðar, nær staðvindabeltið norður á móts við Spán *Björl.* 35$_{14}$. þar sem mætast staðvindabeltið og lognbeltið 40$_{23}$.

staðvindur (-s *el.* -ar), m., *Passatvind:* blása staðvindar á víxl *Þús.* 1, 333$_{31}$. líklegra er samt, að standvindar (Passater) miklir sjeu á Júpíter *Urs.* 38$_{18}$. staðvindarnir 175$_{15}$. staðvindarnir og regnbeltin *Ið.* 3, 306$_{10}$.

staðvænn, a., *vedvarende, varig:* að bíða eftir inum heilsusamlegu og staðvænu afleiðingum frelsisins *Mill* 26$_{9}$.

stafa (a), vt. og i., 1. *stave, bogstavere:* að við stöfum ekki eins og almenningur stafar *Fjöl.* 2. 1, 25$_{m}$. þeir sem vilji s. eftir uppruna *TUM.* 2, 10$_{6}$. — 2. s. af. *el.* frá, *stamme fra; skrive sig fra, hidrøre fra:* Öll óhamingja þín stafar að ætlun minni af því. að *TÞH. SoÆ.* 63$_{10}$. að þau (ɔ: flóð og fjara) stafi mestmegnis frá áhrifum tunglsins *TB.* 6, 58$_{5}$. — 3. med dat., *sprede:* Sókratess heimspeki rann upp eins og sólin á loftið og stafaði sínum geislaljóma á alla ina andlegu himinhvelfing *Mill* 66$_{20}$.

stafalogn, n., *Blikstille:* S. var úti *Ið. SG.* 8$_{8}$.

stafarröð (-raðar, -raðir), f., *Bogstavfølge:* Á hverri kjörskrá skal raða niður nöfnum kjósanda eptir s. *LHA.* 3, 161$_{21}$.

stafasetning (-ar), f., *Stavemaade, Retskrivning:* Hvað stafasetninguna áhrærir, áskiljum við okkur að meiga ráða henni á hvurri grein *Fjöl.* 1, 17$_{1}$.

stafbera, f., *Stavbærerske:* völva merkir því „stafbera" *ÞR.* 8$_{18}$.

staffræði, f., *Retskrivningslære:* jafnvel þótt að hvur vísindagrein, staffræðin eins og aðrar, sé nokkurskonar samfast hugmindakjerfi *Fjöl.* 2, 1, 9$_{22}$.

staffræðingur (-s, -ar), m., *Or-*

thograf: gjerum nú, það væri svo, að staffræðingarnir hefðu þegar fundið allar þessar uppsprettur orðanna *Fjöl.* 2, 1, 29₁₉.

stafgólf, n., *Tømmerfag, Bjælkefag:* hún (ɔ: stofan) var í þremur stafgólfum *JT. PoS.* 44₁₈. voru til vinstri handar þrjú s. byggð á palli *PS. Ast.* 17₁₃.

stafkona, f., = stafbera: og merkir því „stafkonu" *ÞR.* 8₁₄.

staflaus, a., *stavløs, stokløs.*

staflaust, adv., *uden Stok*: ganga staflaust *(om et Rygte) udbrede sig uhindret, fortælles som sikkert:* þó það kynni að liggja illa á þjer út úr hansvitisslaðrinu, sem geingur s. hjerna í sveitinni *JT. PoS.* 53₁₈. Þetta gekk s. og þeir trúðu því *Skir.* 90, 12₅.

stafliður (-ar, -ir), m., *Led el. Afdeling i et Skrift indledet ved ét Bogstav, Litra*: í annari grein nefndrar tilskipunar stafliið a. 2. *StA.* 75, 86₁₉.

stafmynd (-ir), *Bogstavform:* einhvurjar stafmindir *Fjöl.* 2, 1, 11₂₀.

stafn (-s, -ar), m. *Stavn; Gavl.* Hafa eitthvað fyrir stafni *være sysselsat med noget:* Finna það margir, sem eitthvað hafa firir stafni *Fjöl.* 2, 3, 49₉.

stafnbjúgur, a., *krumstavnet:* að halda heim á hinum stafnbjúgu skipum *Il.* 1, 8₂₂.

stafnbogiun, pp., = stafnbjúgur: þó þeir eiri ekki hjá hinum stafnbognu skipum *Il.* 1, 39₆.

stafnlok, n., *Knæ i en Baads Stavn*: hvergi var rúm fyrir stúlkuna að sitja nema aptur í stafnloki *Þs.* 1, 298₁₁.

stafnþil, n., *Gavlvæg af Tømmer:* gaflar snúa viða fram að götunni líkt og s. á íslenzkum torfbæjum *KJ. Uf.* 61₃₁.

stafregla, f., *orthografisk Regel:* um stafreglur Fjölnis *Fjöl.* 3, 1, 6₆.

stafreglumaður, m., = stafsetningarmaður: Ef s. ætlast til, að adrir menn fylgi reglunum hans *Fjöl.* 3, 1, 14₁₃.

stafregluþáttur (-þáttar, -þættir), m., *orthografisk Afhandling:* hún (ɔ: þessi grein) snertir ekkji stafregluþáttinn í Fjölni *Fjöl.* 3, 1, 14₂.

stafrétt, adv., *diplomatisk, med diplomatisk Nöjagtighed*: hið eina skinnblað, sem til er úr sögunni, er prentað aftan við hana nákvæmlega stafrjett *TB.* 12, 65₁₃.

stafréttur, a., *bogstavret, diplomatisk*: Hann hefir og skrifað mér stafrétta nokkra kafla úr þessu handriti *Safn* 2, 605₈.

stafróf, n., *Alfabet.*

stafrófskver, n., *ABC-Bog:* að nefna stafina eptir þeirri röð, sem þeir standa í í stafrófskverinu *TUM.* 1, 4₂₃. Þó var ein afmælisgjöf hans hvorki dýr né ásjáleg, það var s. *TÞH. SoÆ.* 98₆.

stafrófsröð (-raðar, -raðir), f., *alfabetisk Orden*: er plöntunum raðað eptir s. *Gr. Sk.* 91, 77₃₃.

stafsetja (-set, -setjum; -setti, -settum; -settur), vt. og i., *bogstavere orthografere:* læra að lesa og s. *TUM.* 2, 9₁₉.

stafsetning (-ar), f., *Bogstavering, Retskrivning*: breitingar á stafsetningu vorri *TUM.* 2, 23₁₁.

stafsetningarbreyting (-ar), f., *orthografisk Forandring, orthografisk Reform:* Versti þröskuldr fyrir hverri stafsetningarbreitingu er vaninn *TUM.* 2, 23₄.

stafsetningarmaður, m., *Ret-*

skriver, Orthograf: hinir fornu stafsetningarmenn *Fjöl.* 3, 1, 9$_{22}$.

stafsetningarþáttur (-**þáttar**, -**þættir**), m., *orthografisk Afhandling:* hvurt stafsetningarþættinum okkar er af þeim röksemdum nokkur hætta búin *Fjöl.* 3, 1, 7$_{10}$.

stafstuddur, pp., *støttet paa en Stok:* Þegar s. | jeg stari lotinn | á fullkomins | friðar hvílu *KJ.* 187$_{23}$.

stafvilla, f., *Bogstavfejl.*

stafur (-**s**, -**ir**), m., 1. *Stav, Stok.* — 2. *Stav i et Kar:* falla í stafi *falde i Staver*: féll hann hreint í stafi yfir nægtaforða mínum *Rób.* 84$_{11}$. — 3. = fjöðurstafur *Fjederpose*: Hver fjöður er samsett af þremur hlutum: staf, skapti og fönum *PJ. Ns.* 78$_{2}$.

staga (**a**), vt. og i., *stoppe:* s. sokk *Sm.* 187$_{20}$. að bæta og s. fötin okkar barnanna 195$_{11}$. hann stagaði sjálfr í sokkana sína *Fk.* $^{19}/_{11}$ 87, 136a$_{33}$. — *Refl.* stagast á e-u *idelig gentage noget:* eg vil ekki þreyta yður með því að stagast á hinu sama aptur og aptur *Þús.* 1, 250$_{14}$. heldur var (hann) einlægt að stagast á því, að *Ss. Íf.* 1, 198$_{8}$.

stagbœttur, pp., *overalt lappet*: er hann virti fyrir sjer hina stagbættu garma, er öldungurinn var í sjálfur *PS. Ast.* 238$_{22}$.

stagfeitur, a., *smækfed:* hafði hann (ɔ: hesturinn) þá verið stagfeitur *Dv.* 5, 54$_{9}$.

stagl, n., *Gentagelser, Tautologi*: Þetta jag og s. gengur á hverjum einasta og eilífasta degi, sem guð gefur yfir *PS. Ast.* 175$_{12}$.

stagla (**a**), vi.; s. á e-u *gentage noget idelig*: Er engin önnur betri huggun til en sú, sem heimurinn svo opt staglar á? *HGTh.* 95$_{26}$.

staglsamt, adv., *paa en tautologisk Maade:* nokkuð s. og óáheyrilega *Fk.* $^{29}/_{10}$. 86, 79b$_{9}$.

staglsamur, a., *idelig gentagende, tautologisk.*

stakka (**a**), vt., *stakke, staksætte*: Eptir að við höfðum stakkað hveitið, hélt eg aptur til H. *Austri* $^{3}/_{7}$ 85, 51a$_{20}$.

stakkaskifti, n., 1. *Skiften af Overklædning.* — 2. *Forandring:* Þú hefur tekið þeim stakkaskiptum síðan í gær, . . . að jeg þekki þig ekki *JT. PoS.* 104$_{27}$. San Francisco tók öll stakkaskiptum *Ið.* 6, 293$_{8}$. Hugsunarfar og álit manna verða að taka mikil stakkaskipti *maa undergaa en stor Forandring. Skir.* 87, 18$_{4}$.

stakkstæði, n., *Staksted, Fiskeförringsplads tæt ved Stranden:* annar lét bera fjóshauginn sinn rétt fram undir flæðarmál fast við stakkstæðin hins *Ið.* 6, 165$_{6}$.

staklega, adv., *overordenlig:* ef nokkur ár í senn hafa verið staklega góð. *Fjöl.* 2, 3, 31$_{15}$.

staklegur, a., *ualmindelig, overordenlig:* með staklegri góðgjirni *Fjöl.* 3, 2, 23$_{35}$. staklegasta veðurblíða 4, 3, 34$_{27}$. heldur varð þá og landið að sæta staklegri kúgun af hinum útlendu kaupmönnum 5, 1, 19$_{28}$.

staksteinóttur, a., (stakur *enkelt, isoleret), besat med enkelte, spidse Stene, knudret*: En Odysseifr gekk | upp fra vogi | staksteinóttan | ok stíg ósléttan *OK.* 14, 1$_{8}$.

stakur, a., 1. *enkeltstaaende, isoleret:* Allir Bolvíkingar vissu gjörla, hvar hann (ɔ: klettur inn) stóð, því hann var s. *Þs.* 1, 212$_{8}$. — 2. *over-*

ordenlig, mageløs: tók hún með stöku lítillæti þátt í hússtjórn og heimilisverkum *Saw.* 7₁₉.

stál, n., 1. *Staal.* — 2. *den tilbagestaaende kompakte Masse Høi et Høhus i Mods. til det tomme Rum og det løse Høi:* þeir hafa ekkert . . . til að gefa hrossunum, nema almennilegt hey úr stálinu *ÓÓ. Hv.* 22₂₅.

stálbátur (-s, -ar), m., *Staalbaad:* jeg fer á fleygiferð til vatnsins og set stálbát á það *Skír.* 90, 5₈.

stálbrynjaður, pp., *staalpanseret:* hversu lítt nokkur sönn ást gat enn þroskast í hans stálbrynjaða hjarta *Fróð.* ¹⁰/₅ 84, 122₅₁.

staldra (a), vi.; s. við, *stanse for en kort Tid:* Ó. staldraði við fyrir ofan tjaldið *TÞH. BS.* 188₂₇.

stáldreki, m., *Panserskib:* Það eru „trjemúrar Pyþíu eða Þemistoklesar — nú að stáldrekum orðnir *Skír.* 87, 50₂₂.

staldursamur, a., *som foraarsager Ophold:* Varð þeim særið staldursamt *(der indtraadte flere Stansninger)* norður skarðið *Sunnf.* 1, 47b₂₇.

stálfjöður (-fjaðrar, -fjaðrir), f., *Staalfjeder:* þá spretta þeir upp eins og stálfjöðr og stunda atvinnu sína af kappi *Fk.* ¹⁵/₇ 90, 81b₄₇.

stálgrár, a., *staalgraa:* Í stálgráu, kviklegu, hálfhlæjandi augunum hennar höfðu þeir leitað sjer afþreyingar *EH. Von.* 10₁₆. lá stálgrá hjelubreiða yfir jörðinni *Eimr.* 2, 82₂₁.

stálharður, a., *haard som Staal;* s. vilji *Jærnvilje HH. Ks.* 169₈. allt hlaut að lúta hans stálharða vilja *TÞH. BS.* 171₁₂.

stálhjarta, n., *Staalhjærte, følesløst Hjærte:* Það býr s. í brjósti því, | sem bragðhresst fer hjá þínu leiði *GT.* 13₁₁.

stálhvelfing (-ar), f., *Staalhvælving:* himininn (var) s. og stjörnurnar blikandi naglahausar *Av.* 8, 18₂.

stáliðinn, a., *som har Jærnflid, myreflittig:* Hann var s. *Sm. HÞs.* 51₄.

stálklæddur, pp., *staalklædt:* þá sól skein á stálklædda feðranna fjöld *ST.*² 14₂₀.

stalla, f., *Selskabssøster, Veninde:* Þær stöllur geingu inn fyrir borðið *JT. PoS.* 76₁₂. Síðan ríða þær stöllur 82₂₁.

stallagrjót, n., *Trap:* Stallagrjótið, sem áður er nefnt, er haldið að hafi myndað mestan hluta landsins *LÍ.* 9₁. Það heitir Trapp (s.), ef það er í tröppum eða stöllum *Gr. Stf.* 105₂₇. Þétt s. heitir *Anamesit* (blágrýti) 105₂₉. þykkum lögum af stuðlabergi og stallagrjóti er hlaðið hverju ofan á annað *ÞTh. LÍ.* 10₁₆.

stallagrjótslag, n., *Traplag:* þar er nærri eingöngu hlaðið hrikalega stórum stallagrjótslögum hverju ofan á annað *ÞTh. LÍ.* 47₂₀.

stállás (-s, -ar), m., *Staallaas:* Hann bar á höfðinu stórann glerkistil, læstann með fjórum stállásum *Þús.* 1, 10₄.

stállásaður, pp., *med Staallaas:* Þeir komu aftr . . . með stállásaðan leðrkambpung *Dægst.* 19₄.

stalli *el.* **stallur** (a *el.* -s, -ar), m., *Afsats, Trin:* voru í honum (ɔ: brunninum) stallar til að ganga niður á botninn *Þús.* 1, 89₁₈. Sá jeg þá stalla, sem lán djúpt niður í jörðina 205₂₈. mig bar þar að landi, sem stallar lágu upp að tindi fjallsins 234₂₀.

stallsystir (-ur, -ur), f., *Sel-*

skabssøster, *Veninde:* Varð samtal þeirra stallsystra ekki leingra að því sinni *JT. PoS.* 80₂₀.

stallur (-s, -ar), m., 1. *Krybbe i en Hestestald.* — 2. *Afsats i en Fjældside:* áin fellur í mörgum fossum stall af stalli *Av.* 20, 6₁₀.

stálmafullur, a., *svulmende af Mælk*: stálmafull júfur *Tegn. Frþ.* 17₂₀.

stálmeitill (-meitils, -meitlar), m., *Staalmejsel*: Dropinn holar steininn, sem stálmeitillinn stendur varla á *ÓÓ. Hl.* 26₇.

stálmi, m., *Yverets Opsvulmen (paa Køer og Faar, naar de ere nær ved at føde):* því júfr voru | þrútin og þrúngin | þúngum stálma *OK.* 9, 21₈.

stálminni, n., *Jærnhukommelse, overordenlig stærk Hukommelse:* Auk þessa hafði hún s. *Þús.* 1, 13₅.

stálminnugur, a., *som har overordenlig stærk Hukommelse:* Hann var s. *Sk.* $^{21}/_{7}$ 80, 170₅.

stálnefjaður, a., *staalnæbbet*: Gullu gammar | grimmúðlega | stálnefjaðir *MJ. Lm.* 32₂₁.

stálnegldur, pp., *staalnaglet:* styrjarskrúð stálneglt og fáð *Tegn. Frþ.* 19₁₃.

stálpaður, pp., *voxen:* gjøra stálpadann *HF. Kv.* 1, 20₄. tvö börn nokkuð stálpuð *Þs.* 1, 112₁₇. stálpuð börn *Sm.* 66₁₁.

stálpast (a), v. refl., *voxe til:* þegar drengirnir stálpuðust *Ið.* 1, 47₁₁.

stálpípa, f., *Staalrør*: fín s. *N. Hf.* 62₂₉. enda möstrin setja menn saman úr stálpípum *Fk.* $^{28}/_{4}$ 91, 66b₂₂.

stálrönd (-randar, -rendur *el.* randir), f., *Staalrand:* má kalla þar sé s. um gullskjöld undin *Tegn. Frþ.* 15₁₀.

stálskápur (-s, -ar), m., *Staalskab:* Ekki voru til peningahirslur óbilugar fyr en menn fengu stálskápana með brahmalásunum *Fk.* $^{28}/_{4}$ 91, 66b₄₂.

stáltunga, f., *Staaltunge*: hvassa og lipra . . . stáltungu *Hd.* 39a₁₈. ið helgasta verjum vjer stáltungum branda *TB.* 17, 232₈.

stálþynna, f., *Staalplade*: Hvelfingin er gerð úr stálþynnum *TB.* 6, 265₂₂.

stam, n., *Stammen:* alkóhólið verndar munninn fyrir stami *MJ. Bfr.* 238₁₇.

stama (a), vi., *stamme; ogsaa* vt. med dat., s. e-u upp *stamme noget frem*: (hann) stamaði þessu upp *Þús.* 1, 131₁₇.

stampa (a), vt. med dat., = stappa *stampe:* hún stampaði fætinum *(stampede med Foden)* á gólfið *Þús.* 1, 189₉.

stampur (-s, -ar), m., (*n. Stamp*) *Balje:* skal troða nokkuð laust kembdri ull milli stampanna *EB. Kf.* 11₂₂. Reka stampinn á e-n *gendrive en:* hugsaði móðir Norðmanns gott til að geta rekið á Guðrúnu stampinn *Þs.* 1, 360₇.

standa (stend, stöndum; stóð, stóðum; staðinn), 1. vi., *staa*: s. í e-m *göre en Modstand; fortsætte Kampen med en:* Naumast hefðu Grikkjir núna í frelsisstríðinu staðið svo leingji í Tirkjum, ef *Fjöl.* 4, 1, 17₂₇. efni standa til *Forholdene give Anledning til at vente:* að úr vandræðum vorum hafi ráðist betur, enn efni stóðu til 3, 2, 4₂₅. s. yfir *staa paa, vare:* eins og þessi tími, sem er og yfirstendur *Saw.* 9₉. — 2. v. impers.; stendur á

forholder sig: oft getr svo á staðið, að *det Tilfælde kan ofte indtræde, at. Mill* 189$_{21}$. — stendr á e-u *noget staar paa, noget varer:* meðan á ófriðnum stendur *medens Krigen varer, under Krigen.* sem stendur *nu for Tiden, for Øjeblikket:* Ekki eru þær lausar sem stendur *JT. PoS.* 144$_{14}$.

standandi, ppræs. 1. *staaende.* — 2. *overordenlig; rædsom, gruelig:* voru þar á mörgum stöðum heilar sveitir komnar í s. þrot *Fjöl.* 2, 3, 83$_{27}$. eg er í s. vandræðum *jeg er i den største Forlegenhed.*

standberg, n., *lodret Klippevæg:* er það 100 faðma hátt s. *Þs.* 1, 144$_{15}$.

standfugl (-s, -ar), m., *Standfugl:* Hann telur 8 tegundir standfugla *Gr. Sk.* 95, 24$_{16}$. standfuglar eru þeir fuglar, sem eru hér allt árið 28$_{20}$.

standklettur (-s, -ar), m., = standberg: Fyrir framan sjáfarhamrana eru snarbrattar skriður upp undir standklettana *Av.* 18, 24$_{9}$.

standmynd (-ir), f., *Standbillede, Billedstøtte, Statue:* s. hennar sú er Fídías gerði *Stoll* 46$_{24}$. Af standmyndum Afrodíte eru margar enn við lýði 64$_{11}$. fám dögum síðar afhjúpaði hann s. af Mirabeau *Skír.* 89, 40$_{35}$. var vígð s. Giordano Bruenós *Fk. A.* $^{4}/_{8}$ 90, 9a$_{17}$.

standpallur (-s, -ar), m., *Altan:* á allbreiðum standpalli, er gengur fram af og aptur af hverjum vagni *Nöl.* $^{16}/_{11}$ 80, 95a$_{21}$.

standþil, n., *Brædevæg:* Var gluggi sá á austurstafninum, er hafði standþil niður til miðs *PS. Ast.* 355$_{25}$.

stangagull, n., *Guldbarrer:* í hinu fjórða (húsi var) s. *Þús.* 1, 254$_{5}$.

stangajárn, n., *Stangjærn:* þetta hreina járn er miltisjárn eða s. *StN.* 1, 84$_{13}$.

stangasilfur, n., *Sølvbarrer:* s. (var) í tveimur hinum næstu (húsum) *Þús.* 1, 254$_{6}$.

stangdýna, f., *Madras:* Sænguarnar eru stangdýnur með viðarull í *Ið. SG.* 91$_{19}$.

stangl, n., *Adspredthed;* á stangli *adspredt, afbrudt:* þegar það ber oss fyrir augu bert og dauft og á stángli *Myn.* 154$_{9}$. jeg ærsddi að tala orð og orð á stangli *PP. Sms.* 178$_{22}$.

stanglingur (-s), m., *spredte Enkeltheder, spredte enkelte Exemplarer:* gróðursnauðir melar með stanglingi af nokkrum háfjalla- og kuldaplöntum *Av.* 18, 18$_{12}$.

stans *(mangler Genetivm.)*, m. *el.* n., 1. *Stansning, Ophør, Ende:* Göldrum s. á orðið er | ei sem mætti trúa *LB. RF.* 6, 8$_{1}$. — 2. *Forundring, Forbauselse:* Mig rak í ramma stans *HF. Kv.* 1, 53$_{26}$.

stappa (a), vt. med acc. og dat., *stampe; stoppe; støde, knuse.* S. stálinu í e-n *opmuntre en:* Meðan andinn stappaði þannig stálinu í B. H. *Þús.* 1, 361$_{27}$.

starblína (í), vi., *stirre:* Karlmennirnir og Lena starblíndu á allt þetta umstang *Hd.* 9b$_{15}$. hann starblíndi stöðugt framan í gest sinn *Ið.* 3, 273$_{14}$. starblíndi jeg þaðan út á sjóinn *Rób.* 104$_{22}$.

starblinda, f., *Stær:* sjúkdómur í auganu, sem menn kalla „hina svörtu starblindu“ *JJ. EML.* 101$_{8}$. hin gráa s. *MJ. Bfr.* 286$_{22}$.

starblindur, a., *stærblind:* í göm-

lum mönnum, sem lengi hafa verið starblindir *JJ. EML.* 101$_{15}$.

starengi, n., *en med Stargræs bevoxet Eng*: víða eru teigar so loðnir á stareingji seinna hluta sláttar, að *Fjöl.* 3, 2, 15$_{20}$.

starengjar, f. pl., = starengi: grasmiklar s. beggja megin árinnar *Av.* 18, 32$_{6}$.

starf, n., *Arbejde, Sysselsættelse, Forretning.*

starfa (a), vt. og i., *arbejde, virke, handle*: þó eru þau (ɔ: tilfinningin og viljinn) eigi eitt, en þau starfa eins og eitt *SW. VE.* 211$_{10}$.

starfár, n., *Forretningsaar*: Starfár bankans er almanaksárið *LHA.* 3, 322$_{3}$.

starfatími, m., *Arbejdstid:* Ó, starfatímann látið eigi líða, | en leggið þegar hendur verkið á *JÓ.* 114$_{18}$.

starffús, a., *arbejdslysten, virkelysten:* dag frá degi yfirgefa hinir ungu og starffúsu menn trú feðra sinna *Gefj.* 39$_{17}$.

starffýsn (-ir), f., *Arbejdslyst, Virkelyst:* Ef þú ekki leitast við að fullnægja s. lærisveina þinna *Fk.* $^{27}/_{8}$ 86, 64a$_{22}$.

starfhugi, m., = starffýsn: að börnin sjeu örugg og s. vakandi hjá þeim *TUM.* 1, 76$_{12}$. þegar s. þeirra er horfinn 76$_{14}$.

starfhús, n., *Arbejdsværelse, Værksted:* Hann fór opt að finna iðnaðarmenn og listamenn í starfhúsum þeirra *Saw.* 8$_{6}$. þegar hann kom inn í starfhúsið *Ið.* 1, 237$_{20}$.

starflaus, a., *uvirksom, usysselsat.*

starfleysi, n., *Uvirksomhed:* Hvaða máttr skyldi hafa getað kúgað þau (ɔ: öfl náttúrunnar) til eilífs starfleysis? *Gefj.* 8$_{10}$.

starfsamur, a., *arbejdsom, virksom:* þó voru þeir starfsamari *LLH.* 30$_{16}$. þegar saga þessi byrjar, endaði hinn starfsami verkahringur hans *TÞH. BS.* 303$_{11}$. sjerhver, sem er s. *Sm.* 26$_{10}$.

starfsemd (-ir), f., = starfsemi: ef þú ekki fær þeim annað til starfsemdar enn bækr og penna *Fk.* $^{27}/_{8}$ 86, 64a$_{22}$.

starfsemdarlyst, f., = starffýsn: starfsemdarlystin er holl og ánægjuleg gjöf af skaparans hendi *Fk.* $^{27}/_{8}$ 86, 64a$_{24}$.

starfsemi, f., *Arbejdsomhed, Virksomhed*: hin andlega s. sækumannsins *Spenc.* 39$_{13}$.

starfsetja (-set, -setjum; -setti, -settum; -settur), vt., *sysselsætte*: sé þeir starfsettir við eitthvað á heimilunum *Fk.* $^{27}/_{8}$ 86, 63a$_{58}$.

starfshæfileiki, m., *Arbejdsdygtighed, Virkeevne*: að hana (ɔ: hina góðu veru) muni gleðja sérhver framför starfshæfileika þeirra (ɔ: skepnanna) *Mill* 125$_{20}$.

starfslíf, n., *det praktiske Liv*: hvað þýðingarmest væri í almennu starfslífi *Þj.* $^{13}/_{9}$ 89, 174a$_{27}$.

starfsmaður, m., 1. *arbejdsomt Menneske.* — 2. *Arbejder*: til verndar starfsmönnum í hættulegum verknaðargreinum *Mill* 191$_{20}$. band það, sem tengir starfsmanninn við arðinn af starfi hans *TUM.* 2, 30$_{18}$.

starfstofa, f., *Arbejdsværelse*: Þremur mánuðum síðar kom lögreglustjórinn inn til bæjarstjórans, þar sem hann var í starfstofu sinni *PP. NS.* 58$_{2}$.

starfstöð (-var, -var), f., *Værksted, Arbejdssted:* Við ána fyrir neðan Nýjakastala eru margar stórkostlegar starfstöðvar þar sem skip eru byggð *KJ. Uf.* 29$_{4}$.

starfsveina (-s, -ar), m., *Tjener:* líkaminn er s. andans *AÓ. Af.* 27₂₀.

starfsveitandi, m., *Arbejdsgiver:* til þess að hræða velkunnandi starfsmenn frá að þiggja eða starfsveitendr frá að veita hærri laun fyrir gagnsamlegra starf *Mill* 176₇.

starfsvið, n., *Virkekreds:* S. kvenna var þá nokkuð annað *Skir.* 76, 14₁₈.

starftíð (-ir), f., *Arbejdstid, Virketid:* á nýrri, kirkjulegri s. á Íslandi *Ald.* 1, 134₂.

starfþegi, m., *Arbejdstager:* að sérhverr starfþegi vili sem minst gefa *AÓ. Af.* 78₁₁.

starfþol, n., *Arbejdskraft:* Að minnsta kosti er s. manna, í hverri stöðu sem þeir eru, byggt á heilsu og hreysti *Sm. Hps.* 124₉.

stari, m., *sturnus, Stær. Gr. Sk.* 95, 35₃₄.

starkongur (-s, -ar), m., *Slags Knude paa Bidseltömmen:* hattur prests og starkóngur af beizli hans (sáust) hinu megin *Þs.* 1. 1, 897₁₄.

starsýni, n., *Stirren:* alt „rómantiskt" s. aftr fyrir sig á horfna gullöld *Þj.* $^{26}/_{3}$ 85, 51b₁₁.

starsýnn, a., *som stirrer paa noget;* e-m verður starsýnt á e-ð *en betragter noget med stor Opmærksomhed:* Þá er þeir koma að fossinum, verður Aðalsteini starsýnt á *PS. Ast.* 20₂₂. varð honum starsýnt á hin fögru, útlendu blóm Sigrúnar *Ið.* 1, 29₂₃.

starungur (-s), m., *carex vulgaris, incurva:* Engin eru vaxin starung. *Av.* 20, 164₂₃.

stáss, n., *Stads, Flitterstads, Pynt:* Hinar eldri systurnar eru gefnar fyrir glingur og s. *Þs.* 1, 201₁₂.

stássmey (-jar, -jar), f., *Stadsmø, Stadspige:* Hún gæfa er s. laus í lundu *TB.* 17, 234₁₇.

stássrófa, f., = stássmey.

státinn, *a., (eng.* stout) *stolt:* Goðin státin mundu mest | mænia-dýrið prýða *LB. BF.* 1, 28₁. (hann) gengr heldr s. við hlið föður sins *Ið.* 1, 17₇.

státsmey (-jar, -jar), f., = stássmey: S. sat í sorgum *StÓ.* 2, 19₁₄.

staulast (a), v. refl., *slæbe sig frem, stagre:* jeg skal reyna að s. með þjer *JT. ÞoS.* 42₁₇. S. hann nú með tilhjálp dóttur sinnar ofan að sjónum *Þs.* 1, 87₂₂. Loksins fór hann að s. fram í stofuna sina *GP. ÞS.* 11₂₂.

staup, n., *Snapseglas, Vinglas:* að vita hvurt Hreppstjóri vildi ekkji koma inn og fá sjer í staupinu *Fjöl.* 4, 3, 55₂₂. Dauðinn er glensöl sjaldan saup | sagði nú „skenktu mér í staup!" *JÞ. Lb.* 1,278₁₀.

staupa (a), vt. *med personligt Pron. som Objekt;* s. sig *snapse:* hann vandi sig nú á að s. sig daglega *Ið.* 1, 49₂₇. þá staupar hann sig af ánægju *Eimr.* 2, 28₃₁.

staupasölubúð (-ir), f., *Snapseudsalgssted:* Ómaga og letingjahús, fanga- og betrunarhús hafa fengið flesta íbúa sína meðal þeirra, sem lært hafa fyrstu hvatir glæpanna á drykkjuskálum og í staupasölubúðum *TB.* 7, 135₄.

staupgjarn, a., *tilböjelig til at snapse, drikfældig:* reyndar var G. fremr s. *Fk.* $^{15}/_{10}$ 95, 171a₄.

staur (-rs, -ar), m., *Pæl, Palisade.*

stauragirðing (-ar), f., 1. *Befæstning af Palisader.* — 2. *Stakit:* Nú hef jeg áformað að setja upp stauragirðingu í kringum bústað minn *Rób.* 41₁₂.

staurslegur, a., *stiv, uböjelig, klodset:* því ekkert er svo staurslegt, stirt og þungfært, | að söng-list geti ei snöggvast breytt þess eðli *Ið.* 6, 314$_{11}$. varð því afstaða hans gagnvart þinginu frá upphafi staurslegr fjandskapr *Þj.* $^{21}/_{10}$ 85, 163a$_{30}$.

staut, n., *Bestræbelse, Anstrengelse:* Kenslu s. yfir nautheimskum lærisveini *Ið.* 2, 185$_{18}$.

stauta (a), vi., 1. *slæbe sig frem:* Hann stautaði fremur vonum á hækjunni *Fjöl.* 1, 151$_{27}$. — 2. *stave sig frem, læse langsomt og med Vanskelighed:* þeir þóttu töluverðir menn, ef eigi höfðingjar . . ., sem gátu stautað á bók *Fjöl.* 2, 1, 5$_{10}$. Hann hafði lært að lesa, eða þá heldur að s. *Skír,* 87, 53$_{31}$.

stautur (-s, -ar), m., *Støder (i Morter):* Jeg hugsaði mjer að búa til mortél úr sandsteini og staut úr járnviði *Rób.* 64$_{6}$.

stefill (-s, *pl.* **steflar**), m., *Bacil.*

stefna, f., 1. *Retning; Tendens.* — 2. *Standpunkt:* s. hugleiðinganna *Myn.* 7$_{18}$.

stefnimark, n., *Maal, Formaal:* S. stjórnarinnar er velferð þegnanna *Fk. A.* $^{28}/_{12}$ 90, 57b$_{29}$.

styðja (styð, styðjum; studdi, studdum; studdur), 1. vt., *støtte, understøtte.* — 2. vi.; s. að e-u *bidrage til noget:* Þessi tíði söngur . . . styður mikið að því að vekja athygli manna á samfundum vorum *Ið.* 7, 38$_{15}$.

stygðaryrði, n., *fornærmende, krænkende Ord:* töluðu þeir þó ekki eitt einasta stygðaryrði við hann *FP.* 107$_{28}$.

stygglyndi, n., *Gnavenhed, Arrighed:* Margar sögur gengu í fornöld um Xantippu konu Sókratesar og stygglyndi hennar *Ið.* 6, 262$_{4}$.

stygglyndur, a., *gnaven, arrig.*

stynja (styn, stynjum; stundi, stundum; stunið), vi., *stönne, sukke:* Styn eg yfir þínum þungan | þrautum *GTh. Lm.* 286$_{19}$. Stynur lopt og stynur viðir 287$_{1}$.

stýrandi, m., *Styrer, Leder:* með orðum vitrum einatt fræddi | efni stýrenda þessa lands *BT.* 179$_{16}$.

stýri, n., 1. *Ror.* — 2. *Hale (paa en Kat):* á því hvernig köttur reisir s. hafa veðurspámenn tekið mark *Björl.* 3$_{8}$.

stýrilegur, a., *styrlig:* stýrilegt og sjálfhreyfilegt loftfar *Fk.* $^{8}/_{6}$ 92, 90a$_{21}$. stýrilegu loptbátana *Þj.* $^{27}/_{12}$ 89, 238a$_{7}$.

stýrimaður, m., *Styrmand:* Stýrimaðurinn tók þá að sér formensku skipsins *Rób.* 12$_{19}$. Jeg skipaði stýrimanninum að fara með Frjádegi 102$_{12}$.

stýrimannskunnátta, f., *Styrmandskunst:* má bóknámi þeirra skipta í tvo höfuðflokka, stýrimannskunnáttu og herkunnáttu *Fjöl.* 1, 56$_{29}$.

stýrislaus, a., *rorløs, uden Ror:* að hans stírislausa lífsbáti, hvunær sem hann gjætir sín ekkji, kasti firir ofurebli stormanna og boðanna *Fjöl.* 3, 1, 67$_{10}$.

styrjöld (-aldar, -aldir), f., *Krig:* þú skalt halda þér með öllu frá styrjöldinni *Π.* 1, 19$_{2}$. Voru um þær mundir hugir manna gagnteknir af . . . styrjöldinni, sem þá lá fyrir höndum *Ið.* 5, 349$_{20}$.

styrking (-ar), f., 1. *Bestyrkelse.* — 2. *Bekræftelse.* — 3. *Støtte*: Þessu til styrkingar má geta þess, að *ÞR.* 36₈.

styrktarsjóður (-s, -ir), m., *Understøttelsesfond*: úr styrktarsjóði þeim, sem *StA.* 75, 50₈.

styrkvana, a. indecl., *kraftløs, svag, afmægtig*: styðja þá, er s. eru *Sm.* 6₂₄.

styrkþegi, m., *Stipendiar*: hann var framan af ritari Árna Magnússonar og síðan hinn fyrsti s. af gjafasjóði haus *JB. Rht.* 41₃. varð s. alla sína tíð af sjóði þeim, sem Árni hafði stofnað *FJ. BÍ.* 2, 45₅.

styrming (-ar), f., *Storm, Heftighed, Voldsomhed:* hávaði, kapp og styrming *Skír.* 83, 135₈₈.

stýrsla, f., *Styrelse:* Í hjeraðs stýrslu ungur áður | ítrasta sýndi' hann vit og megn *BT.* 178₁₆.

stýrur, f. pl.; *se* stírur.

stytta, f., *Støtte, Söjle:* að jafnhá stitta úr kvikasilfri þurfi að vega móti annarri stittu jafndigurri úr lopthafinu uppúr ígjegn *Urs.* 180₁₅.

stytta (í), 1. vt., *forkorte:* eg kynntist við marga menn, sem . . . gerðu sitt til að s. mjer stundir *Þús.* 2, 15₁₅. Vinnutíminn hefir verið styttur *Sm.* 38₈. s. sér aldur *dræbe sig*: hitt (er) sjaldgæft að þeir (ɔ: konungarnir) stytti sjer aldur *Skír.* 87, 102₂₁. — s. sig *opkilte sine Klæder.* — 2. v. impers., styttir upp *Regnen ophører:* eptir að upp er stytt *StN.* 2, 45₈.

stytting (-ar), f., *Forkortelse*: eðr þú fær mjög hentuga stytting vegar *AÓ. Af.* 111₄. sökum nauðsynlegrar styttingar *Skír.* 87, 109₃₀. var þar talað um styttingu vinnutímans *Íf.* ¹⁴/₆ 90, 189a₃₇.

styttingur (-s), m., *uvenlig Sindsstemning*: Sveinn heitinn reið burt í styttingi *PS. Ast.* 22₃₀.

styttuband, n., *Opkiltningsbælte*: hún brá styttubandi sínu í bæjarhurðar-hringinn *Huld.* 2, 29₁₄. máttu skáldin á þeim árum vera viðbúin að yrkja slíkar vísur . . . í styttubönd kvenna *TB.* 15, 245₈.

stækindi, n., *Ammoniak*: Ammoniak, sem kynni að kalla mega s. *GÓ. ÆB.* 27₃₁.

stækja, f., *ubehagelig Lugt, Stank.*

stækjuloft, n., *Ammoniak. Íf.* ¹⁹/₉ 96, 259a₁.

stækjulykt, f., *ubehagelig Lugt, stikkende Lugt*: Ammoniak eða salmiakspiritus er líka haft í daglegu lífi og er auk þess í sumum meðulum, en þekkist af stækjulyktinni *N. Hf.* 79₈.

stækjusalt, n., *Salmiak. Íf.* ¹⁹/₉ 96, 259a₂.

stækur, a., 1. *ubehagelig lugtende, stinkende.* — 2. *heftig, voldsom, fanatisk:* stækari óstjórnargarpa þarf eigi að leita *Skír.* 85, 15₁₆.

stæla, f., *Ordstrid*: fóru þeir í allharðar stælur *Fróð.* ¹⁰/₃ 87, 246₃₄. Leiðinlegar stælur um þetta viljum vjer ekki hafa *Þj.* ¹³/₁ 88, 6b₄₆.

stæla (í), vt., 1. *hærde.* — 2. s. upp *opflamme, optænde*: stælti hún (ɔ: Púrimshátíðin) svo upp í Gyðingum bæði þjóðardramb og hefndargirni, að *LLH.* 39₂₃. — 3. *efterligne, efterabe*: maður, sem er aðeins náttúrlegur getur talað og prédikað himnesk efni og einnig stælt þau í athöfnum sínum *Sw. VE.* 135₃₃. fólk stælir þá í smáu sem stóru *Sm.* 131₁₅. *Bruges ogsaa som* vi., s. eftir e-u *eftérligne noget:* að s. eptir hásetum þiljubátanna *Fjöl.* 4, 3, 38₁₄.

stæling (-ar), f., 1. *Spændighed, Elasticitet:* En aptur á móti er mjög lítil sem engin s. í því (ɔ: gullinu) *Ið.* 2, 32₉. Þegar andinn er orðinn linur og lúinn, þá megnar hún (ɔ: sönglistin) að gefa honum aptur sína fyrri stælingu *Sak.* 35₃. — 2. *Mod, Kækhed:* Það voru Englendingar, sem . . . settu s. í Alexander fursta *Skír.* 87, 25₃₀. — 3. *Efterligning:* að eddukvæðin væri eiginlega ekkert annað en s. á kristilegum ritum *TB.* 13, 3₃₀.

stæltur, pp., *elastisk:* vér köllum skíðið stæltan eða fjaðurmagnaðan líkama *Fisch. Ef.* 17₁₀.

stæði, n., *Plads el. Sted, hvor noget staar:* Á ströndum Reteu | stæði borgar | velja vísir | vildi frægur *KJ.* 140₁₂.

stækka (a), 1. vt., *forstörre, forøge, udvide:* Þeir stækkuðu og prýddu Alexandríu *Ið. SG.* 14₇. — 2. vi., *blive större, voxe, tiltage:* allt af hækkar og stækkar rifið meira *Av.* 6, 62₄. Rúmið yrði þá að stækka og minnka með líkömunum *TB.* 6, 72₂₇.

stækk|un (-anir), f., *Forstörrelse, Forøgelse, Udvidelse; Vækst, Tiltagende.*

stækkunargler, n., 1. *Forstörrelsesglas, Lupe; Mikroskop:* ef sá sandur er skoðaður í stækkunargleri *Ið.* 2, 23₂₃. — 2. *optisk Glas:* Ef vjer fáum oss s., þikkra til miðju enn randar, svo sem eru eldgler og gleraugnagler fjærsinna manna *Urs.* 159₁₅.

stæra (í), vt., *forstörre;* s. sig af e-u *rose sig af, være stolt af noget:* Við stærum okkur af atorku þeirra (ɔ: forfeðranna) og mentun *Fjöl.* 4, 1, 17₁₈.

stærð (-ir), f., *Störrelse:* hörku, mýkt, lit, smekk, stærð *Spenc.* 87₇. Þegar á unga aldri sjáum vér, að hlutirnir eru misjafnir að stærð og fjarlægð *TUM.* 2, 53₁₇.

stærðafræði, f., *Læren om Störrelser, Mathematik:* Þessi aðferð, sem einúngis fylgir reynslunni, er aðgreind frá þeirri aðferð, sem fylgir stærðafræðinni *Fisch. Ef.* 3₃₀.

stærðafræðingur (-s, -ar), m., *Mathematiker.*

stærðafræðilegur, a., *mathematisk:* hina stærðafræðislegu landafræði *Fisch. Ef.* 24₃₀.

stærðarmunur (-ar), m., *kvantitativ Forskel:* stærðarmunr, sem hér verðr, er eigi kominn að eins undir megni alkohólsins. *MJ. Bfr.* 361₁₃.

stærðfræði, f., *Mathematik:* vel upplagður fyrir stærðfræði *Ið.* 1, 237₃. nægir slík kensla í slíku efni sem stærðfræðin yfir höfuð er *Mill* 74₄.

stærðfræðilegur, a., *mathematisk:* stærðfræðisleg áhöld *Rób.* 47₇. hið stærðfræðislega stryk *TB.* 12, 200₃. þessi stærðfræðilega mynd *Gefj.* 5₁₅.

stærðfræðingur (-s, -ar), m., *Mathematiker:* Þessar eltingar hafa þeim verið enda örðugri en stærðfræðingunum að ferskeyta hringinn *AÓ. Af.* 143₁₀. hann var sjálfur afbragðs stærðfræðingur *Ið.* 1, 237₅.

stærilátur, a., *stolt, overmodig:* Hafi kirkjan verið stærilát og lítið umburðarlynd á dögum velgengni sinnar *Ald.* 2, 115₁₃.

stærilæti, n., *Stolthed, Overmod.*

stöð (-var, -var), f., 1. *Sted, Plads; Station:* Þegar við förum að nálgast stöðvar, fer vagnlestin að hægja á sjer *KJ. Uf.* 38₁₅. við tuttugustu hverja minútu hitta menn stöðvar og gististaði *Ið.* 3, 244₁₇.

— 2. *Stilling:* að koma Frökkum á fasta s. í Tongking *Skír.* 84, 60$_{19}$.

stöðublettur (-s, -ir), m., *Standpunkt:* Nú erum vér komnir á stöðublett realista-skáldanna *Ald.* 1, 60$_{23}$.

stöðuglega, adv., *stadig, uafladelig:* þú vitjar s. þíns safnaðar *HGTh.* 10$_{4}$. felum þau (ɔ: börn vor) og oss s. guðs líknandi miskunn í bænum vorum *JG. Hv.* 42$_{18}$.

stöðugleiki, m., *Bestandighed:* með stöðugleika í góðum verkum *Myn.* 135$_{12}$.

stöðugleikur (-s), m., 1. *Stadighed, Uforanderlighed:* Kveður svo mjög að þeim stöðugleik, að *Björl.* 49$_{17}$. — 2. *Standhaftighed:* Í starfhring smáum stórt hann vann | með stöðugleik og snilli *ST.* 280$_{2}$. að hann hafi ekki nógan stöðugleik móti þrái hennar *Þús.* 1, 19$_{8}$.

stöðuglyndi, n., *Standhaftighed.*

stöðuglyndur, a., *standhaftig, karakterfast:* Sigríður var kona stöðuglynd *JT. PoS.* 106$_{19}$. maður s. og fastheldinn *Br.* 9, 24$_{20}$.

stöðuher (-s, -ir), m., *staaende Hær:* þar sem s., konungdæmi og ríkisskuldir eru ekki til að spilla *Skír.* 90, 63$_{28}$. meðan stöðuherirnir á friðartímum kosta Evrópu 5 milliarða *Fk.* $^{25}/_{8}$ 91, 134a$_{41}$.

stöðulög, n. pl., *Forfatningslov:* peninga, tolla, löggjöf og s., *Skír.* 91, 44$_{5}$. með stöðulögunum 2. jan. 1871 *Eimr.* 2. 3$_{26}$.

stöðupollur (-s, -ar), m., *stillestaaende Vandpøl:* væru þeir (ɔ: þessir fáu menn) ekki, yrði lífið einn fúll stöðu-pollur *Mill* 129$_{18}$.

stöðuvatn, n., *Indsø:* hinn forni sjávarbotn var auðugur af stöðuvötnum. *Eimr.* 2, 40$_{29}$.

stöðuvindur (-s *el.* -ar, -ar), m., *Monsun:* Nú munu stöðuvindar bráðum flytja hingað skip, er sækja filabein *Þús.* 1, 333$_{12}$.

stöðva (a), vt., *stanse.*

stöðv|un (-anir), f., *Stansning:* til að komast hjá legusárum og s. blóðs í lungunum *N. Hf.* 22$_{25}$. hafa s. við e-ð *have Standhaftighed til at forsætte en Handling, Energi:* hann hafði aldrei s. við neitt lengur en í mesta lagi missirið *Ið.* 6, 222$_{23}$.

stöfun (stafanir), f., *Stavning:* þingja stöfunina öldúngis að þarflausu *Fjöl.* 2, 1, 8$_{24}$. að frelsa börn við stöfunina *TUM.* 1, 7$_{9}$. Rjettritun má byrja að kenna jafnframt stöfuninni *BM. UM.* 37$_{4}$. Koma sér í s. um e-ð *lære Begyndelsesgrundene til noget:* (hugvitsmaðurinn) sjer það í svip . . ., er aðrir verða að reyna að koma sjer í s. um smátt og smátt *Auðv.* 56$_{1}$.

stökk, n., *Spring, Firspring, Galop:* svo lángt leggja þeir undir sig á stökkinu *Il.* 1, 132$_{16}$. hentist maður út úr dyrunum í stóru stökki *Ið.* 1, 268$_{17}$. í einu stökki *Trh.* 16$_{26}$. þjóðirnar hafa sjaldan gjört stór s. í einu til framfara og menntunar *PJ. Ns.* 45$_{11}$.

stökkdans, *(uden Genitivm.,* -ar), m., *Springdans:* Það var s. *Ið.* 1, 68$_{27}$.

stökkfimi, f., *Færdighed i at springe:* glímur, s., hlaup og kappreiðar er líka að rétta við *ÓD. ÍS.* 23$_{11}$. s. er ein listin *Ss. Íf.* 92, 238$_{18}$.

stökkfótur (-fótar, -fœtur), m., *Springfod:* Flær hafa stökkfætur *PJ. Ns.* 111$_{15}$.

stökkhveli, n., = stökkull *Mohr* 17$_{22}$.

stökkmús (-mýs), f., *dipus, Springmus. Gr. Df.* 42$_{21}$.

stökkull (**stökkuls, stökklar**), m., 1. *Springer, en fabelagtig Hval. Mohr* 17$_{22}$. — 2. *Springer, Slags Tunfisk:* Hann hendir sig stundum upp úr sjónum og kalla danskir sjómenn hann „Springeren" (stökkul) *Gr. Sk.* 95, 5$_{15}$.

stökkur(-**van**), a., *brækkelig, skør:* Með aldrinum eykst kalkið í beinunum og gjörir þau harðari, en jafnframt stökkvari *PJ. Ns.* 11$_{17}$. hlutirnir eru . . . seigir og stökkvir *TB.* 12, 178$_{25}$.

stökkvari, m., *Springer:* Góðir stökkvarar stökkva umsvifalaust yfir hæstu fila *Ss. Íf.* 92, 238$_{18}$. hinir fræknustu stökkvarar *Gefj.* 57$_{13}$.

stöndugur, a., *holden, velstaaende:* þá verðurðu gildur og s. maður *Lear* 27$_{12}$.

stöngulber, a., *som kun har de nøgne Stængler tilbage:* að horfa á þessa stöngulberu garða *Blk.* 67$_{24}$.

stöngull (**stönguls, stönglar**), m., *Stængel:* Það má líkja hárinu við stöngul sumra jurta *Av.* 12, 76$_{12}$. Á þeim (ɔ: þessum söfnum) er sýnd hin almenna bygging jurtanna, t. d. rót, stöngull, blöð og blóm *TUM.* 2, 51$_{16}$.

stöpulkúpa, f., *Kuppel:* þar sem þú finnur nýtt greptrunarhús með stöpulkúpu *Þús.* 1. 193$_{1}$. Í honum (ɔ: salnum) var glæsileg s., sem hvildi á hundrað hvítum marmarasúlum 2, 184$_{10}$.

stöpull (**stöpuls, stöplar**), m., *Taarn.*

stör (*g. sg.* **starar**), f., *carex, Stargræs. Mohr* 211$_{10}$. *Grl.* 109$_{21}$.

suða, f., 1. *Kogen, Kogning:* Suðuna skal láta koma sem fyrst upp aptur *EB. Kf.* 7$_{7}$. — 2. *Summen:* s. flugnanna. — 3. *Susen:* heyrir hann nið mikinn og suðu *Þs.* 1, 241$_{16}$. Eg vatna suðu hugðist heyra *TB.* 17, 220$_{22}$. bólgan getur orsakað suðu fyrir eyranu og heyrnarleysi *JJ. EML.* 107$_{11}$.

suða (a), vi., 1. *brumle, summe:* engin fluga suðaði þar *Eimr.* 2, 40$_{22}$. — 2. *suse:* Suðaði blær í meiði mjög *GB.* 285$_{20}$.

suðandi, ppræs., *summende:* Hvort rafurmagnsstraumur hefur komið fram í vjelinni, má heyra á Induktionsvjelinni á hinu skellandi og s. hljóði *N. Hf.* 75$_{2}$.

suðaustanstaðvindur (-s *el.* -ar, -ar), m., *Sydostpassat:* til þess að hafa gagn af suðaustanstaðvindinum *Björl.* 48$_{24}$.

suðaustanvindur (-s *el.* ar, -ar), m., *Sydostvind:* Nú fyllir snarpur s. allar voðir *Björl.* 36$_{16}$.

suðaustur, n., *Sydost:* loks nær (hann) í s. *Björl.* 35$_{17}$.

suddarigning (-ar), f., *Støvregn:* Þessa dagana var kalsi í loptinu með sífeldri sudda rigningu *Rób.* 53$_{19}$.

suddi, m., *Fugtighed:* þá er kuldinn svo bitur, ad suddinn, sem jafnan er í hverju húsi nockurr, verdur ad snió allt í einu *HF. Kv.* 1, 6$_{30}$.

suðlægur, a., *sydlig:* þetta er einkum unnið í þarfir enna suðlægu þjóða vorrar álfu *Skír.* 79, 5$_{28}$. Gras á Íslandi stendur þéttara og er kjarnbetra en í suðlægari löndum *ÞTh. LÍ.* 53$_{24}$. svo þeir þaðan geti brotizt til valda og verzlunar við hin suðlægari lönd *TB.* 7, 294$_{28}$.

suðudepill (-depils, -deplar), m., *Kogepunkt:* frá klakamarki til suðudepils *Fisch. Ef.* 234$_{28}$.

suðuhiti, m., *Koghede:* hefir eflaust verið s. í þeim holunum, sem

þar eru næstar *Av.* 19, 104$_{29}$. S. drepur hana (ɔ: bakteríuna) *Eimr.* 1, 34$_{5}$.

suðumaður, m., *Kok*: þá voru suðumenn tilfeingnir *Fjöl.* 2, 2, 21$_{17}$.

suðumark, n., *Kogepunkt*: frá klakamarki upp að suðumarki *Björl.* 26$_{15}$.

suðurálfa, f., *Afrika*: í suðurálfunni (eru taldar) 188 milliónir *JJ. EML.* 5$_{25}$.

suðurbreidd, f., *sydlig Bredde*: frá 40. að 60. mæslistigi suðurbreiddar *Björl.* 47$_{12}$.

suðurheimskaut, n., *Sydpol*: norður-heimskautið og suður-heimskautið *StN.* 2, 17$_{21}$.

suðurheimskautsbaugur (-s), m., *Sydpolarkreds*: suðurheimskautsbaugurinu liggur mestmegnis yfir hafið og snertir sumstaðar suðurheimskautslöndin *Gr. Lf.* 3$_{24}$.

suðurheimskautsland, n., *Sydpolarland. Se* suðurheimskautsbaugur.

suðurheimur (-s), m., *Jordens sydlige Del*: það varð flóð um suðurheim *Urs.* 129$_{22}$. Nú sólin var í suðrheim um stundu *GB.* 427$_{14}$.

suðurhelft, f., *den sydlige Halvdel*: Fyrir nokkrum árum sáu menn á s. hans (ɔ: Júpiters) blett blóðrauðan á lit *Ið.* 3, 306$_{24}$.

suðurhelmingur (-s, -ar), m., *den sydlige Halvdel*: Stundum hefir suðrhelmingr Júpiters sést með einkennilegum gráleitum lit *Ið.* 3, 306$_{19}$. hver sá hlutur, er hreyfing er á, leitar afleiðis, til hægri handar á norðurhelming jarðar, en til vinstri á suðurhelmingnum *Björl.* 16$_{22}$.

suðurhringur (-s, -ar *el.* -ir), m., *den sydlige Polarcirkel*: sá hluti jarðar, sem liggur firir innan suðurhring *Urs.* 191$_{22}$.

suðurhvel, n., *den sydlige Halvkugle*: á suðurhveli jarðarinnar *Ið.* 3, 131$_{5}$. Sömu breytingar koma fram á suðurhvelinu *BJ. St.* 37$_{14}$.

suðurkafli, m., *den sydlige Del*: s. Afriku *Björl.* 44$_{27}$.

suðurland, n., *Sønderland, den sydlige Del af Island*: mun hann samt allt af hafa þráð s. *Fjöl.* 3, 1, 50$_{19}$. hvað skemtilegt sje á suðurlandi *JT. PoS.* 66$_{21}$.

suðurljós, n., *Sydlys*: Norðurljósin byrja aptur fyrir sunnan miðjarðarlínuna . . .; þar kalla menn þau s. *Fisch. Ef.* 440$_{10}$.

suðurloft, n., *den sydlige Himmel*: (halastjarnan) verður þá so lágt á suður-loptinu, að *Fjöl.* 1, 176$_{24}$. Tvöfaldur regnbogi teygði sig yfir suðurloptið *TÞH. BS.* 219$_{29}$.

suðuroddi, m., *Sydspids*: þær leiðir, er menn fundu að vestan fyrir suðurodda Afríku *Av.* 6, 113$_{17}$. umhverfis suðurodda Afríku og Ameríku *Björl.* 47$_{13}$.

suðurpóll (-s), m., *Sydpol*: Sá punktur er nefndur s. himinsins *BJ. St.* 4$_{22}$.

suðurskaut, n., *Sydpol*: nær suðurskautinu *Urs.* 60$_{22}$. suður- og norðurskaut 148$_{19}$.

suðursólhvarfabaugur (-s), m., *den sydlige Vendekreds*: steingeitarbaugur eður s. *Urs.* 192$_{9}$.

suðurströnd (-strandar, -strendur *el.* -strandir), f., *Sydkyst*: Á austurhluta norðurstrandarinnar og suðurströndinni eru nærri því engir firðir *LÍ.* 16$_{10}$.

suðurumdœmi, n., *Sønderamt*: eptir umburðarbrjefi frá amtmanninum í suðurumdœminu *LÍ.* 89$_{9}$.

suðurþjóð (-ir), f., *sydlig Nation*:

og enda sem um Sirius og Sóþis með suðurþjóðum *Av.* 6, 183$_{19}$. Um þá daga fengu suðurþjóðirnar miklu meiri og betri vitneskju um Bretland *ÞTh. LfsÍ.* 1, 9$_{7}$.

suðuvél (-**ar**), f., *Kogemaskine, Kogeapparat*: Undir tjaldið á óhultan stað er sett suðuvjel *N. Hf.* 70$_{29}$. Suðuvjelar skal hreinsa opt *EB. Kf.* 2$_{10}$. Vinnustrákurinn kom með suðuvjel *Hd.* 23b$_{30}$.

suðvestanmissirisvindur (-s *el.* -**ar**), m., *Sydvestmonsun*: við norðurendimörk suðvestan-missirisvindarins *Björl.* 42$_{21}$.

suðvestanverður, a., *sydvestlig*: Stundum er hástigsreitur yfir suðvestanverðri álfunni *Björl.* 73$_{17}$.

suðvestanvindur (-s *el.* -**ar**), m., *Sydvestvind*: það sætti að stafa frá suðvestanvindi þeim, er *Björl.* 67$_{8}$.

suðvestur, n., *Sydvest:* flestar stórár, sem suður falla, renna frá norðaustri til suðvesturs *ÞTh. LÍ.* 42$_{11}$.

suðvesturtá (*g.sg.* -r), f., *Sydvestspids*: að ná fyrir s. eýarinnar *Fjöl.* 1, 52$_{8}$.

súglaus, a., *trækløs*: þar sem dúkurinn gerir húsin hlý, s. og vatnsþjett *Íf.* $^{18}/_{12}$ 90, 397a$_{41}$.

súgur (-s), m., *Træk, Trækvind*: komi gustur eða s., þegar gluggi eða dyr eru opnaðar *N. Hf.* 20$_{20}$; ganga í súginn *gaa i Løbet, gaa tabt, gaa til Spilde*: það, sem eigi er látið fyrir húsakynnin, gengur í súginn á annan hátt *Sm.* 165$_{24}$.

suguvél (-**ar**), f., *Luftpumpe*: að með eldi eða s. megi tæma lopt úr heldu íláti *TB.* 6, 78$_{30}$.

súkkulaði, n., *Chokolade*: Svo kemur merkur-kanna af s. *Ið.* 5, 313$_{31}$.

súla, f., *Söjle.*

súla, f., *sula Bassana, sula alba, Sule. Faber* 84$_{28}$. *Gr. Df.* 64$_{28}$. *Gr. Sk.* 95, 44$_{8}$.

súld, f., *Regnvejr*: Hví svo þrúðgu þú | þokuhlassi, | súldar norn! um sveitir ekur? *JH.* 15$_{16}$. Opt þó að viðri súld í sveitum, | sólskinið bjarta ljómar hér *Sigv. Lm.* 38$_{19}$.

sulla (a), vt. med dat.; s. saman *sammenblande (i ringeagtende Betydning)*: að s. saman latinu og grísku í sama kvæði *Gr. Kv.* 106$_{8}$.

sullaveiki, f., *Ekinokoksygdom*: S. er alltíð *ÞTh. LÍ.* 64$_{30}$. Hver er þá orsökin til sullaveikinnar? *JJ. Sullav.* 4$_{8}$.

súlnagangssvalir, f. pl., *Veranda*: Hann vissi ekki af sér fyr en hann staðnæmdist í dimmu inst undir súlnagangssvölum framan við eitthvert alþýðlegt stórhýsi *Ið.* 3, 268$_{7}$.

súlnagöng, n. pl., *Buegang, Propylæer*: Upp að hofinu gengu s. *(propylæa) PM. Ág.* 37$_{19}$.

súluhöll (-**hallar**, -**hallir**), f., *Söjlehal*: Á þakinu eru herbergi í kring og smáar súluhallir *Ið. SG.* 182$_{22}$.

sultardropi, m., *Næsedraabe, Næsedryp*: hangir jafnaðarlega s. niðr úr nefbroddinum *Fk.* $^{27}/_{7}$ 85, 53a$_{33}$.

sultarlegur, a., *som ser ud til at være sulten*: rakki mjög hrakinn og s. *Þs.* 1, 11$_{16}$.

sumar, n., *Sommer.*

sumaraftan (-s, *pl.* -**aftnar**), m., *Sommeraften:* Á eg aptr ei | yndis njóta | hinna sælu | sumaraptna? *GB.* 362$_{4}$.

sumarangan, f.. *Sommerduft*: Elsku mey! um mjúka vangann | mildar golur vængjum hreifi, |

svali þér og sætri dreifi | s. *Sak.* 80₂₂.

sumarblíða, f., *mildt Sommervejr*: upp frá því gjörði fyrst reglulega sumarblíðu *Fr.* 78, 13₂₂.

sumarblóm, n., *Sommerblomst:* Til þín flýja vildi eg víst, | vorið góða kemur, | og þar búa sæll ósíst | sumarblómum fremur *GB.* 8₂₀.

sumarblær (-jar), m., *Sommerluftning.*

sumarbústaður (-ar, -ir), m., *Sommerbolig*: Að endingu réð jeg það af, að reisa mér sumarbústað í dalnum *Rób.* 59₇.

sumardagur (-s, -ar), m., *Sommerdag:* með gnægtir auðs og gull í mund | á glöðum sumardegi *Sb.* 53, 2₄.

sumargjöf (-gjafar, -gjafir), f., *Sommergave (Festgave paa den første Sommerdag):* Eg ætlaði að fara að tala um sumargjafirnar, sem við höfum fengið *HF. Kv.* 1, 161₆.

sumargola, f., *Sommerluftning:* sæl eins og s. | sunnan of liljur runnin *Þús.* 1, 176₁.

sumarhagi, m., *Sommergræsgang*: hvurnig tilhagar í hvurjum stað með vetrarbeit og sumarhaga *Fjöl.* 2, 3, 36₂₂.

sumarhiti, m., *Sommerhede, Sommervarme*: sumarhitinn mundi drepa oss jafnt sem vetrarkuldinn *JJ. EML.* 33₂.

sumarhold, n. pl., *Sommerhuld (det Huld, som Kreaturerne faa om Sommeren):* en um veturinn hefði hann mest lifað á sumarholdunum *Dv.* 5, 54₉.

sumarhöll (-hallar, -hallir), f., *Sommerslot:* s. konungs *Skír.* 55, 11₁₉.

sumarklæðnaður (-ar), m., *Sommerklædning, Sommerdragt*: Gjöra menn sér sumarklæðnað af því (ɔ: léreptinu) *Ið. SG.* 69₂₄.

sumarkveld, n., *Sommeraften:* að hlaupa út og leika sér eptir kl. 9 á sumarkvöldin *Ið.* 1, 47₂₉. þá gyðjan söng og fyllti bikar Braga | í bæskilundinum um sumarkvöld *GT.* 117₉.

sumarleyfi, n., *Sommerferie:* vorið kom og sumarið og þar með sumarleyfið *Ið.* 1, 253₉.

sumarlilja, f., *Sommerlilje:* þú sýnist grönn sem s. *Tegn. Frþ.* 44₂₂.

sumarmáni, m., *Sommermaane*: Ei sólin né sumarmáninn, | er sýnir þau straumur minn hreinn, | svo inndælt fá endurskinið | sem elskandi heitmey og sveinn *ST.* 23₁₂.

sumarmorgun (-morguns, -morgnar), m., *Sommermorgen:* á hinum dýrðlegu vor- og sumarmorgnum *Blk.* 13₂₉. Á sumarmorgni er himinn opt heiður og skýjalaus *StN.* 2, 39₁₈.

sumarnótt (-nætur, -nætur), f., *Sommernat*: Um s. væra þá silfraði skóg | hinn svífandi máni í lágnættis ró *ST.* 32₇. Oft um ljúfar, ljósar sumarnætur | læðist kvæðið fram í skáldsins önd *Verð.* 62₂₅. mey við hörpu eg heyri syngja | hátt um væra s. *GB.* 442₂₄.

sumarprýði, f., *Sommerpragt:* Ei fær töfrað oss frá þér | útlend s. *ST.*² 6₁₆.

sumarrós (-ir), f., *Sommerrose, Sommerblomst*: í svells- og sumarrósum *Sb.* 32, 1₅.

sumarskáli, m., *Sommerbolig:* Einhvern af fyrstu dögunum í mánuði þessum fór jeg til sumarskála míns *Rób.* 61₁₅.

sumarskart, n., = sumarskrúði:

Eg elska land með algrænt s. *ST.*[2] 17$_{16}$.

sumarskin, n., *Sommérskin*: það var þitt sæla s. | þú sólin dýrðarbjarta *Eimr.* 2. 141$_{1}$.

sumarskrúði, m., *Sommerskrud, Sommerdragt:* vetrar fötum frá sér kastar grima, | færist hvítan sumarskrúða í *JT.* 8$_{8}$.

sumarskúr (-ir), f., *Sommerbyge, Sommerregnskyl:* Sem sól eg lít þig loga, | er laugar s. *ST.* 37$_{6}$.

sumarsól, f., *Sommersol:* Þúsundasta s. | signir Ingólfs höfuðból *ST.*[2] 16$_{19}$.

sumarsólhvörf, n. pl., *Sommersolhverv:* nyrðst á landinu sezt ekki sól í viku um s. *LÍ.* 23$_{14}$.

sumarsólstöður, f. pl., *Sommersolhverv:* vöxtur í ánni Nil hefst æ um sumarsólstöður *Av.* 6, 138$_{20}$.

sumarsæla, f., *Sommerlykke, Sommerlyst*: Sumarsælu eina, | sólargeisla hreina | speglar daggardropinn skær *KJ.* 80$_{10}$.

sumarvinna, f., *Sommerarbejde:* hvur bóndi . . . sætti jafnan að hafa so marga vinnumenn, sem jörðin þarf til vorvinnu og sumarvinnu *Fjöl.* 5, 1, 27$_{19}$.

suminntak, n., *partielt Indhold:* Yfirvarpsálykt frá alinntaki til suminntaks *TB.* 12, 228$_{24}$.

sumjákvæður, a., *delvis bekræftende*: eigi er gagn að sumneita sumjákvæðri málsgrein *TB.* 12, 220$_{20}$.

sumneita (a), vt. med dat., *benægte partielt:* að aljáta einhverju í einu orðinu, en s. sjálfr aftr í næsta orði *TB.* 12, 220$_{17}$.

sumpart, adv., *dels:* þannig lifir maðurinn s. í náttúru þessa heims og s. í hinu mikla allsherjarlífi mannkynsins *Myn.* 64$_{18}$. Dessi bandvefur er s. laus í sjer, . . ., s. er hann fastur *JJ. EML.* 6$_{27}$.

sumsé, adv., *nemlig:* sumsje: að stafa so *Fjöl.* 3, 1, 8$_{15}$. Dú heldur sumsje, sagði O., að *JT. PoS.* 67$_{18}$.

sumstaðar, adv., *paa nogle Steder:* eru toppar hans (ɔ: fjallgarðsins), s. mjög háir *Av.* 20, 52$_{26}$.

sumtækur, a., *i delvis Betydning, partiel*: sumar málsgreinir eru sumtækar, aðrar altækar *TB.* 12, 217$_{22}$. Umsögnin verðr hér að standa í sumtækri merkingu 224$_{18}$.

sund, n., 1. *Svømning.* — 2. *Mellemrum (i mellem to Huse):* hann geingur því fram fyrir húsgaflinn og þar um, sem s. nokkuð skildi hús Möllers frá næsta húsi *JT. PoS.* 186$_{17}$.

sundfimi, f., *Svømmefærdighed, Svømmedygtighed.*

sundfimur, a., *svømmedygtig:* Sofa sundfimir | selar umhverfis *OK.* 4, 184$_{5}$.

sundfit (-jar, -jar), f., *Svømmehud:* þeir (ɔ: selirnir) hafa sundfitjar milli tánna *PJ. Ns.* 61$_{10}$. nokkrir vaðfuglar hafa og fullkomnar sundfitjar 89$_{5}$.

sundfótur (-fótar, -fœtur), m., *Svømmefod*: Selir hafa fjóra sundfætur *PJ. Ns.* 61$_{4}$.

sundfugl (-s, -ar), m., *Svømmefugl:* þeir (ɔ: vaðfuglar) mynda millumlið milli hænsfugla og sundfugla *PJ. Ns.* 88$_{29}$. sundfuglar *Gr. Sk.* 95, 43$_{22}$.

sundfœrl, n., *Svømmedygtighed:* þarf gott s. til að komast úr þeirri sogiðu *Skír.* 79, 28$_{22}$.

sundfœrni, f., = sundfimi: sundfærni (á við) alstaðar *ÓD. ÍS.* 26$_{25}$.

sundhani, m., = óðinshani *Gr. Sk.* 95, 43$_{2}$.

sundhrollur (-s), m., *Svømme-*

gysen, Kuldegysning efter Svømning: Við þurftum ekki að óttast, að hestar okkar rynnu of langt með sundhrollinn *Sunnf.* 1, 47a18.

sundhúð (-ir), f., *Svømmehud:* Þeir fætur eru með fit eða s. milli tánna *PJ. Ns.* 90a20.

sundkennari, m., *Svømmelærer.*

sundkensla, f., *Undervisning i Svømning:* Það mun vera í ráði, að koma á sundkenslu í vor *Fk.* 15/3 84, 5b21.

sundkœnn, a., *svømmekyndig:* og sundkœnir | selir bygðu | fjörutorg | flœðiskerja *MJ. Lm.* 99i.

sundkœnska, f., *Svømmekyndighed.*

sundl, n., *Svimmel, Hovedsvimmel:* það er nærri eins og manni liggi við sundli *Av.* 18, 220i2.

sundla (a), vi. impers.; e-n sundlar *en svimler:* sundli mann af að líta ofan af nokkrum stigum, hvað mundi þá ofan af þúsund þúsunda! *TÞH. SoÆ.* 37i. Sesselju sundlaði af þessum ginnandi orðum *PP. NS.* 46i7.

sundlhætt, a. n., *Fare for Hovedsvimmel:* verðr mönnum hér svo s., að þeir fara út af stýflunum *FP.* 9i1.

sundleikr (-s), m., *Svømmekunst:* Kendi hann syni sínum allar iðróttir, vopnfimi, boglist, sundleik og tafl *Vilm.* 10a0.

sundlist, f., *Svømmekunst.*

sundmaðr, m., *Svømmer:* Mikið mannvit í óhraustum líkama er eins og gull í vasa örmagna sundmanns *Auðv.* 82a3.

sundmagalím, n., *Fiskelim, Husblas:* Soðið er siað, mælt og sett yfir eld, og látið út í það s. *EB. Kf.* 80a0.

sundmagi, m., *Svømmeblære:* hrognunum, sundmaganum, kútmaganum og lifrinni er safnað hverju út af fyrir sig *LÍ.* 58i2. taka sundmagann *EB. Kf.* 37i4.

sundmóðr, a., *trœt af Svømning:* og s. andann hann djúpt að sér dró *Svh.* 5s.

sundpollur (-s, -ar), m., *Svømmebassin:* það (o: sæljónið) hafði vænan sundpoll *KJ. Uf.* 55s.

sundríða (-ríð, -ríðum; -reið, -riðum; -riðinn), vt., *ride saaledes over en Aa el. Elv, at Hesten svømmer:* hún hjelt sjer í faxið og sundreið svo ána *Ss. Íf.* 92, 84a4.

sundrung (-ar), f., 1. *Adskillelse, Adsplittelse.* — 2. *Sønderlemmelse, Analyse:* Alla þessa sundrung og einstakning gjörum vér með greind vorri *TB.* 12, 204a0. — 3. *Uenighed:* og sátt og eining semji jeg, | en s. aldrei vekji *Sb.* 307, 5i.

sundrungarflokkur (-s, -ar), m., *skismatisk Kirkeafdeling:* Hann var . . . biskup yfir sundrungarflokki, sem skildi sig frá kirkjunni *HH. Ks.* 158i. foringi sundrungarflokks 178a0.

sundur, í sundur, adv., *sønder, i Stykker, itu.*

sundurbút|un (-anir), f., *Udstykning, Parcellering:* Eitt af átumeinum landbúnaðarins er s. jarðanna *Fk.* 10/3 96, 41b27.

sundurdrœgur, a., *adsplittende:* þá er samkepnin nægilega sundrdræg og samdræg *AÓ. Af.* 81i8.

sundurgerð, f., *Affektation.*

sundurgerðarlaus, a., *uaffekteret, ligefrem:* hann var að öllu s. eins og óbreyttur múgamaður *Ið.* 6, 266s.

sundurgreina (i), vt., *adskille:* hann lét börn sjálf s. hljóð, sem

urðu æ erfiðari í framburði *Ið.* 6, 223₂₈.

sundurgreining (-ar), f., *Adskillelse, Deling, Distinktion*: ofsmásmugull í sundurgreiningum hljóðanna *Fjöl.* 3, 1, 12₄. s. starfanna *AÓ. Af.* 48₂₆. ýmsir menn á landi voru eru að fást við slíkar skiftíngar og sundurgreiningar 150₂₂.

sundurhertni, f., *(discordia), Uenighed, Splid:* samhertni (samlyndi), s. (sundurlyndi) *Sw. VE.* 217₁₂.

sundurkraminn, pp., *sønderknust:* auðmjúkur og s. andi *TÞH. BS.* 260₈. því balsami, sem læknar sundurkramin hjörtu *HGTh.* 83₆. sært og sundurkramið hjarta *JG. Hv.* 95₂₅.

sundurlaus, a., 1. *usammenhængende*: sundurlausar greinir *Fjöl.* 2, 1, 9₂₀. s. stig *Sw. VE.* 92₂₄. eptir sundurlausum stigum 131₆. — 2. *ubunden, prosaisk:* s. ræða *Fjöl.* 2, 1, 47₅.

sundurlausn, f., *Opløsning*: s. þjóðernisbandanna *Skír.* 87, 19₁₉.

sundurleitni, f., 1. *Uligeartethed, Forskellighed*: meðvitund um, að það sé gott að s. eigi sér stað *Mill* 148₇. Sinnisfar hans var auðugt af ósamkvæmni og s. *TÞH. Dr.* 1, 1, 31₈. — 2. *Uenighed, Splid*: s. eða flokkadeiling í fylkingu frelsismanna *Skír.* 85, 93₂₉. þegar til s. dregur um málin í Norðurafríku 87, 66₂₂.

sundurleitur, a., *uligeartet, forskellig*: þá gátu hagsmunir goðanna orðið sundurleitir *Maur.* 187₂₄.

sundurleysa (i), vt., *opløse:* sambinda og s. *AÓ. Af.* 15₈.

sundurleysi, n., *Mangel paa Sammenhæng, Inkohærence:* s. hugsunariunar er nálega orðið einkenni steínu þessarar *HP. Gr.* 23₈₇.

sundurleysing (-ar), f., *Opløsning, Analyse:* Þessi vitstarfi vor er kallaðr sundrleysing eða uppleysing *TB.* 12, 204₂₂.

sundurleystur, pp., *opløst:* að loptið hafi í sjer „mátt til að halda vatninu sundurleystu" *Björl.* 28₇. það (ɔ: vatnið) hefur í sjer einhver sundurleyst efni úr steinaríkinu *StN.* 2, 56₉.

sundurliða (a), vt., 1. *sønderlemme, analysere*: í miðkaflanum sundurliðum vjer hann (ɔ: kærleikann) *HD. MiH.* 14₈. — 2. *specificere, detaillere:* þar sem greinilega væri sýnt og sundurliðað, hverja uppskeru og arð hver þeirra hefði fengið það árið af bújörð sinni *Br.* 8, 74₂. sundurliðað eptirlit yfir þetta efni 77₁₉.

sundurlið|un (-anir), f., 1. *Sønderlemmelse; Analyse, Udvikling:* með slíkum sundurliðunum og samsteypum *AÓ. Af.* 149₁. skáldskapurinn þolir ekki s. hins visindalega í þess einstöku parta *Gr. Kv.* 69₁. sundurliðunin *HD. MiH.* 20₁. — 2. *Artikulation:* Englarnir þekkja elsku mannsins af málrómi hans, speki hans af s. hljóðsins *Sw. VE.* 151₂₆.

sundurnístur, pp., *sønderknust*: Mitt gamla hjarta er sundurnist af sorg *Lear* 41₂₄.

sundurpörtun (-partanir), f., *Udstykning, Parcellering*: s. á jörðum í smáábúðir *Íf.* ¹²/₁₁ 92, 353₂₆₀.

sundurrifn|un (-anir), f., *Sprængning*: gegn s. æða *MJ. Bfr.* 238₂₁.

sundurskifta (i), vt. med dat., *dele, analysere*: samblanda og s. *AÓ. Af.* 15₉.

sundurskifting (-ar), f., *Sønderlemmelse, Deling:* s. Þóllands *PM.*

Ág. 212$_{15}$. s. landanna *PM. Nls.* 117$_{29}$.

sundurskiftur, pp., *delt:* Síðan á miðöldum var Ítalía sundurskipt milli margra stjórnenda *PM. Ág.* 255$_{27}$.

sundurskilja (-skil, -skiljum; -skildi, -skildum; -skilinn), vt., *adskille:* samskeyta og s. *AÓ. Af.* 15$_{8}$.

sundurskilning (-ar), f., *Adskillelse.*

sundurskorinn, pp., *gennemskaaren:* sjálft er fjallið . . . allt sundurskorið af lægðum og skörðum *Av.* 19, 105$_{36}$.

sundurvafinn, pp., *oprullet:* hið sundurvafna umband er tekið með hægri hendi *N. Hf.* 82$_{19}$.

sunna, f., *Sol:* Er á sumrum sunna | í svalar voðir unna | vefur bjartra geisla glit *Sn.* 125$_{4}$.

sunnan, adv., *fra Syd, søndenfra.*

sunnanátt, f., *den sydlige Verdenskant; Søndenvind:* bráðum linaði þessum harðindum aptur með hægri s. *Fjöl.* 4, 3, 33$_{13}$.

sunnanlands, adv., *i den sydlige Del af Landet:* hefur þó að minnsta kosti sunnanlanz ekkji á það reint *Fjöl.* 4, 3, 34$_{21}$.

sunnanverður, a., *sydlig:* að sunnanverðu *imod Syd. LLH.* 4$_{6}$.

sunnar, adv. comp., *sydligere, længere mod Syd:* aðalengjarnar eru neðar og s. *Av.* 20, 48$_{9}$.

sunnlenzkur, a., *fra Sønderlandet, sønderlandsk:* þar hittir hann mann sunnlenskan *JT. PoS.* 83$_{21}$.

sunnudagaskóli, m., *Søndagsskole:* jafnframt varð þessi skóli kveldskóli fyrir unglinga og s. *Sm.* 104$_{1}$. í sunnudagaskólunum *TB.* 7, 162$_{20}$.

sunnudagsbókstafur (-s, -ir), m., *Søndagsbogstav:* Menn einkenndu vikudagana með A, B, C, D, E, F, G á þann hátt, að það var kallaður sunnudagsbókstafur ársins *Av.* 6, 153$_{12}$.

sunnudagsskólabörn, n. pl., *Søndagsskolebörn:* til að heyra tölur þær, sem hann hjelt fyrir sunnudagsskólabörnunum *Ald.* 2, 23$_{12}$.

sunnudagsskólakennari, m., *Lærer ved en Søndagsskole:* Meðal annars gjörðist hann s. *Ald.* 2, 23$_{10}$.

sunnudagsskóli, m., *Søndagsskole:* Allgóðir sunnudagsskólar eru og haldnir í sumum söfnuðum kirkjufjelagsins *Ald.* 1, 127$_{9}$.

sunnudagur (-s, -ar), m., *Søndag.*

sunnukerfi, n., = sólkerfi, *Solsystem:* S. semur eitt | sól hver með plánetum *BG. Nj.* 37$_{1}$.

súpa, f., 1, *Suppe:* Vellinga og súpur skal búa til eins og þegar soðið er yfir eldi *EB. Kf.* 13$_{25}$. — 2. *Suppe, trykkende Gæld:* kysi jeg heldur fyrir landsmenn, að þeir væru frjálsir úr þessum skuldaviðjum . . ., en að þeir væru á kafi í sömu súpunni *Fróð.* $^{5}/_{4}$ 86, 18$_{29}$.

súra, f., *rumex, Syre. BH. Grn.* 203$_{2}$. vaxa þar þó fleiri matjurtir af sjálfum sjer, t. a. m. súrur, skarfakál *LÍ.* 44$_{10}$.

súrbragð, n., *syrlig Smag:* Lyptidupt í kökur má spara með því að brúka í þær dálitið af súrri mjólk, en ekki svo mikið, að s. finnist að þeim *EB. Kf.* 98$_{21}$.

súrbrunnur (-s, -ar), m., *Surbrønd:* Vötn þau er hafa mikla kolsýru kallast súrbrunnar eða ölkeldur *GÓ. ÆB.* 34$_{17}$.

súrdeig, n., *Surdeig:* Síðan er súrdeiginu haldið við með því að

taka ögn af deiginu, þegar brauðin eru hnoðuð, og láta í krukku *EB. Kf.* 89$_{19}$.

súrefni, n., *Surstof, Ilt, Oxygen*: (fiskarnir) nota einúngis súrefnið, sem finnst í því lopti, er ætið er sameinað vatninu, til að halda blóðinu so, að það gjeti runnið *Fjöl.* 2, 2, 6$_{14}$. á seinustu árum hefir auk þess fundizt s. *(oxygenium). Av.* 8, 80$_{4}$.

súrefnisloft, n., *Surstofgas*: er glóandi kalk er látið í straum af súrefnis og vatnsefnislopti *Fisch. Ef.* 322$_{29}$.

súreygður, a., *suröjet:* Látum á bekkjum sveina sitja | súreygða' og lesa gömul blöð *KJ.* 254$_{6}$.

súrhey, n., *Surhø:* ritgjörð um s. *Br.* 2, 95$_{8}$. notagildi súrheysins 95$_{10}$.

súrheysverk|un (-anir), f., *Tilvirkning af Surhø:* til þess að kynna mönnum sögu súrheysverkunarinnar *Br.* 2, 95$_{8}$.

súrmjólk *(g. sg.* -ur), f., *Surmælk:* sár fullur blóðmörs og annars ágætis, er svam þar í hálfþykkvu súrmjólkur mauki *JT. PoS.* 37$_{9}$.

súrna (a), vi., *blive sur*: hlutirnir s. *GÓ. ÆB.* 24$_{22}$. moldin súrnar *Kvbl.* 2, 18b$_{11}$.

súrsa (a), vt., *sylte*: að s. blóðmör og lifrapylsu *EB. Kf.* 161$_{6}$.

súrsaður, pp., *syltet:* hinir súrsuðu rjettir *Þús.* 1, 172$_{18}$. sár fullur súrsaðra hrútsviða *JT. PoS.* 37$_{8}$.

surtarbrandslag, n., *Brunkulslag*: menjar þess finnast í surtarbrandslögunum *ÞTh. LÍ.* 50$_{10}$.

surtarbrandur (-s), m., *Slags Lignit, Brunkul*: S. er ein tegund af lignit *TB.* 2, 38$_{36}$. stofnar trjánna urðu að surtarbrandi *Av.* 13, 220$_{17}$.

sussu, interj. *Gud behare os:* Ó, s., s., Jón minn! og prestur hristi höfuðið *TÞH. Dr.* 1, 2, 51$_{26}$.

súta (a), vt., *garve*: Á nokkrum stöðum er skinnaverkun og sútuð alls konar skinn *Ið. SG.* 69$_{2}$.

sút|un (-anir), f., *Garvning:* Kaupmenn neituðu að selja þeim skinn til sútunar *Eimr.* 1, 22$_{28}$.

sútunarhús, n., *Garveri:* járnsmiðahús eða s. *TUM.* 2, 34$_{17}$. s. og beykishús *Eimr.* 1, 24$_{12}$.

sútunarsýra, f., *Garvesyre:* í hinni (ɔ: ánni) er vatnið blandað sútunarsýru *Þj.* $^{4}/_{12}$ 91, 234$_{cos}$.

svaðalegur, a., *gyselig, gruelig*: svartar hlóu systurnar | að svaðalegum járnahrinum *Núm.* 6, 52. Eg veit að því eldingar ógna | og aldimm og svaðaleg nótt *Smást.* 17$_{21}$.

svaðilför (-farar, -farir), f., *uheldig Rejse, uheldig Tildragelse:* ljótar svaðilfarir eru þetta *TÞH. BS.* 271$_{18}$.

svaðilmenni, n., *raa og voldsom Person*: Mikið s. ertu, Hallgrímur *TÞH. BS.* 91$_{22}$.

svakafenginn, a., *raa, plump; voldsom:* drykkjugjarn, s. *Huld.* 2, 20$_{26}$.

svakalegur, a., = svakafenginn: var Guðbrandur s. og lítt gætinn *Þs.* 1, 340$_{10}$. þegar á hann svífur, gerist hann s. *Skír.* 85, 80$_{23}$.

svakk, n., *Optöjer:* í óþolandi svakki, sukki, drabbi *Lear* 30$_{4}$.

svala, f., *hirundo, Svale. Gr. Sk.* 95, 37$_{6}$.

svala (a), vt. med dat., 1. *læske:* saknaðar-tárin silfurtæru | þau s. best, þá annað dvín *KJ.* 23$_{18}$. — 2. *tilfredsstille:* þá getur lösturinn orðið til að s. löngun þinni í bráðina *JG. Hv.* 41$_{6}$. — 3. *vederkvæge:* (vatnið) vökvar jarðveginn og svalar honum *StN.* 2, 44$_{14}$.

svaladrykkur (-jar, -ir), m., *Svaledrik, læskende Drik:* Því næst byrlaði hann svaladrykk *Þús.* 1, 380$_{13}$. þá gefur þú honum svaladrykk *ÓÓ. PS.* 15$_{22}$.

svalalind (-ir), f., *læskende Kilde:* Þú sæla heimsins s., | þú silfurskæra tár *KJ.* 40$_{5}$. og s. fær þorstann bætt *Sb.* 202, 4$_{4}$.

svalgeimur (-s, -ar), m., *køligt Rum:* sælum frá jólna sölum | að svalgeimi rökkrheima *KJ.* 84$_{20}$.

svali, m., *Kølighed:* ber hann (ɔ: andvarinn) með sjer þægilegan svala af landi ofan *StN.* 2, 29$_{27}$.

svalka (a), vi., *omtumles:* Þegar þú ert búinn að s. eins lengi á sjónum og jeg *Rób.* 7$_{10}$.

svalkaldur, a., *svæl, kølig:* norður við heimskaut í svalköldum sævi *KJ.* 65$_{19}$. í hringiðu svalköldum straumi *Eimr.* 2, 182$_{16}$.

svall, n., 1. *Udsvævelser; uordenligt Levned; Ødselhed:* þar ber einna minnst á svalli *Fjöl.* 1, 77$_{13}$. Hinir sæðri klerkar . . . sökktu sér ofan í s. og sællífi *PM. Ág.* 170$_{17}$. — 2. *Svir, Sviregilde:* Þar heyrir hann kvisað um gullnámu, í svalli einu, er hann var viðstaddur *Ið.* 2, 21$_{15}$.

svalla (a), vt. med dat.; s. e-u upp *el.* út *bortødsle noget:* svo auð hins gamla upp þeir gætu svallað *Lear* 42$_{4}$. þegar hann var búinn að s. út fje því, sem hanu hafði stolið *PP. Sms.* 197$_{14}$.

svallari, m., *Udhaler; Ødeland:* Sæll er sá mann, sem hafna kann | hrekkvísra okurráði, | svallara bollum ekki ann *JT.* 248$_{13}$. s. svá mikill, at hann eyddi á skömmum tíma öllum föðurarfi sínum *Esp.* 87$_{1}$.

svallsamur, a., *udsvævende:* s. og óeirðagjarn *PM. Ág.* 198$_{7}$. svallsamt saurlift fólk *Lear* 31$_{13}$.

svalnótt (-nætur, -nætur), f., *kølig Nat:* um svalnætur skeið *Eimr.* 2, 232$_{24}$.

svalur, a., *sval, kølig:* sjáargolan leikur | svöl þar ódáins við mærar eikur *GTh. Lm.* 197$_{20}$.

svaml, n., 1. *Svømning:* En vér skiljum ekki þar, hvað orðið þýðir, | svamli vanir sjóar-lýðir *JT.* 303$_{14}$. — 2. *Omvanken.*

svamla (a), vi., 1. *bevæge sig i Vand, svømme:* þó að hvalurinn svamlaði í sjónum *Skír.* 89, 60$_{22}$. — 2. *vanke om, omstrejfe:* víða trú' eg hann svamli | hinn gamli *Bs.* 2, 578$_{8}$.

svanahljómur (-s), m., *Svaneloner:* né svanahljómi sætum raddar þinnar *GB.* 254$_{12}$.

svanasöngur (-s, -var), m., *Svanesang:* Heyri eg svanasönginn blíða *JT.* 209$_{12}$. og svanasöngr eigi, | né svanna hljóðin blíð | á feigðar duga degi *GB.* 153$_{8}$.

svanbrjósta, a. indecl., = svanbrjóstaður: svanni s. *Tegn. Frþ.* 80$_{21}$.

svanbrjóstaður, a., *med Svanebryst:* þá mun svífa sunnan úr Vík | svanbrjóstaða drósin *KJ.* 285$_{16}$.

svanfagur (-ran), a., *svanefager, overordenlig skön:* svanfagurt hold *ST.* 50$_{8}$.

svanfríður, a., = svanfagur: hve svanfríðu samdi ráð sprundi *Tegn. Frþ.* 37$_{17}$.

svangur (-s), m., *Mave, Skrut;* kasta e-u á svanginn *fylde noget i Skrutten, fylde Skrutten med noget:* undir eins og þeir fá eitthvað gott að kasta á svanginn *JT. PoS.* 105$_{8}$.

svanhvítur, a., *svanehvid, hvid som en Svane:* er yndisleg mær beygir svanhvítan háls *Gr. Kv.* 25$_{26}$.

svansöngur (-s, -var), m., *Svanesang:* Vér árnum þér heilla, vor

sættmóðir kær | með árglóar ljóma búnum tindum | og svansöngva hljóminum heiðríkju nær *GB.* 357₃.

svanur (-s, -ir), m., *cygnus, olor, Svane. Gr. Sk.* 95, 48₇.

svar, n., *Svar.*

svaragreiður, a., *som svarer hurtig:* að vera ekki s. *PS. Ast.* 12₂₃.

svartabrauð, n., *Skibsbrød:* nú sortnar hún eins og s. *GT.* 59₂₅.

svartagallsmaður, m., *Melankoliker; Pessimist:* hann var enginn s. (pessimiste) *Fróð.* ¹⁰/₅ 84, 12₅₁₃.

svartagallsraul, n., *melankolsk Nynnen:* fyrir sönglystar sætan eym | s. er helzt í þeim *EÓ.* 32₂₂₃.

svartbakur (-s, -ar), m., *larus marinus, Svartbag. Mohr* 42₆. *Gr. Df.* 65₇. Af þeim fiokki eru svartbakar og skeglur *PJ. Ns.* 91₂₆. *Gr. Sk.* 95, 44₁₄.

svartbrýndur, a., *med sorte Öjenbryn:* ungan mann loðbrýndan og svartbrýndan *Ið.* 3, 264₁₅.

svartdimmur, a., *bælgmørk:* um svartdimma, sárlanga, svefnlausa nótt *KJ.* 179₃.

svarteygur, a., *sortöjet:* s. mínum sat hjá með | svanninn og nákvæmt að mér gáði *TB.* 17, 228₉.

Svartfellingur (-s -ar), m., *Montenegriner:* Enda tíðkast slikt enn hjá einstökum þjóðflokkum, t. a. m. Svartfellingum *BB. RK.* 10₁₇. höfðu Svartfellingar löngum betur *Ið.* 2, 97₁₇.

svartfelskur, a., *montenegrinsk:* svartfellska konu *Ið.* 2, 98₁₇. ₂₀.

Svartfjallaland, n., *Montenegro:* Svartfjallaland *(Montenegro)* heitir smáriki eitt á Balkanskaga *Ið.* 2, 97₂.

svartfræði, f., *den sorte Kunst:* svartfræðin margpartist *TB.* 15, 156₁₂.

svartfugl (-s, -ar), m., *Svartfugl, Sortfugl, fælles Benævnelse for flere Fuglearter, nemlig* álkur, langvíur, hringvíur, nefskerur: Svartfuglinn er alfarinn í 18. og 19. viku sumars *Av.* 13, 111₂₄. Svartfuglar sjást hér ekki að kalla *Gr. Sk.* 95, 19₂₂.

svarthol, n., *Fangehul, Fængsel:* ef þeir setja þau í svartholið *Blk.* 33₂₇. Farið þið nú niðr í svartholið ykkar aftr *FP.* 110₃₀.

svartklæddur, pp., *sortklædt:* sem svartklædd ekkja *Tegn. Frþ.* 67₁₀.

svartkollóttur, a., *sort og kullet:* svartkollótt gymbur *TÞH. Tíb.* 1, 21₁₁.

svartnætti, n., *Nattemørke, Bælgmørke:* Keyrðist báturinn af sliku afli inn í s. hvelfingar þessarar *Þús.* 1, 111₃. í s. heiðindómsins *Ið.* 5, 290₆.

svartröndóttur, a., *sortstribet:* Jeg sá sjálfan mig í anda íklæddan gul- og svartröndóttum fötum *Ið.* 1, 228₁₆.

svartsjáandi, ppræs., *pessimistisk:* s. grýluleg vilsemi *Þj.* ²²/₃ 85, 51b₁₀.

svartsjáandi, m., *Pessimist:* margar þæa meinsemdir, sem enn þá kæta hjörtu svartsjáendanna *FkA.* ²⁴/₆ 90, 23b₅₅.

svartskýjaguð (-s), m., *de sorte Skyers Gud:* Κελαινεφής s. *Stoll* 31₇.

svartsýni, f., *Pessimisme.*

svartviður (-ar, -ir), m., *Ibenholt:* vængjahurðir úr svartviði *Þús.* 1, 298₇. Aðalhliðið var úr svartviði 2, 114₂₀.

svartþröstur (-þrastar, -þrestir), m., *turdus merula, Sortdrossel, Solsort:* J. Jónassen hefur útvegað

einn svartþröst *Gr. Sk.* 91, 5s. *Gr. Sk.* 95, 36$_{14}$.

svefn (-s, -ar), m., *Sövn:* Leti med langa Svefna *Vb.* 207$_{19}$.

svefndoði, m., *Sovesyge, Døsighed:* upp af svefndoða vektu þjóð *JÓ.* 128$_{15}$.

svefndrukkinn, pp.. *sövndrukken:* hinn svefndrukkni, deyfðarþrungni Grundtvig *HP. Gr.* 7$_{17}$.

svefnduft, n., *Sovepulver:* verkunartími svefnduptsins var á enda *Þús.* 3, 67$_{1}$.

svefnengill (-engils, -englar), m., *Sövnens Engel:* með þessa hugsun í hjartanu lokaði svefnengillinn augum hins unga manns *TÞH. BS.* 219$_{11}$.

svefnganga, f., *Sövngængeri, Somnambulisme:* Á fimmta og sjötta stiginu kemur svefngangan *Ið.* 7, 115$_{30}$. Á fimta og sjötta stigi hefjast svefngöngur *Fk.* $^{18}/_{4}$ 88, 47b$_{3}$.

svefngras, n., *papaver, Valmue:* sóttþjáðum sínu' honum augu | svefngrasi snerti *BT.* 111$_{12}$. Og hvert sinn er álfröðull sigur að sæ | og svefngrasið hallast í kvöldskugga blæ *Gr. Kv.* 4$_{14}$.

svefnguð (-s), m., *Sövngud, Sövnens Gud:* Fékk hún Hypnos, svefnguðinn í lið með sér *Stoll* 32$_{23}$.

svefnherbergi, n., *Sovekammer:* í því (ɔ: gestahúsinu) eru 100 s. fyrir utan borðsali *KJ. Uf.* 51$_{30}$.

svefnhugs|un (-anir), f., *Tanken om Sövn:* til þess að smeygja svefnhugsuninni inn hjá þeim, er svæfa á *Ið.* 7, 109$_{2}$.

svefnhýsi, n., *Soveværelse:* sætlaði jeg aðra (ɔ: kompuna) fyrir s., *Rób.* 46$_{9}$. s. sætt, | sem fær lífsandvökur bætt *Sb.* 174, 3s.

svefnhöfugur, a., *sövnbetynget; sövndyssende:* iðni og atorka halla sér aftr á bak niðr á svefnhöfgan svæfil leti og lítilmensku *AÓ. Af.* 23$_{20}$.

svefnlaus, a., *sövnløs:* um svartdimma, sárlanga, svefnlausa nótt *KJ.* 179$_{8}$.

svefnleyfi, n., *Tilladelse til at sove:* Hefir hvur sitt rúm og ber niður með sér, þá svefnleýfi er gefið *Fjöl.* 1, 54$_{23}$.

svefnleysi, n., *Sövnløshed:* s. mikit ásótti Vilborgu *TÞH. BS.* 102$_{1}$. Svefnleysið fylgir auðmanninum eins og skugginn hans *Sm.* 139$_{25}$.

svefnmeðal, n., *Sovemiddel:* að hann hafi haft í henni (ɔ: töskunni) einhver svefnmeðul *Þs.* 1, 886$_{18}$.

svefnmók, n., *let Sövn, Dvale, Slummer:* til að rugga trúarlifi manna . . . í s. *AÓ. Af.* 203$_{25}$. hann getur einnig um unga . . . stúlku, er féll í s. *Ið.* 7, 111$_{23}$.

svefnórar, m. pl., *intetsigende Drömme, Drömmerier:* Meira er opt | en mönnum sýnist | satt í svefnórum *GB.* 302$_{5}$.

svefnpoki, m., *Sovepose:* með tvo svefnpoka úr hreindýrsskinni *Skír.* 90, 21$_{23}$.

svefnrof, n., *Sövnens Afbrydelse, halvvaagen Tilstand:* slikar hugsanir og tilfinningar liggja enn blundandi í brjósti þeirra eðr þá í svefnrofum hálfvaknaðar *AÓ. Af.* 202$_{23}$. ef menn gjöra annað meira en brosa í svefnrofunum *MJ. Bfr.* 371$_{18}$.

svefnsalur (-ar, -ir), m., *Sovesal:* Ljómaði þá dagur um svefnsal soldáns *Þús.* 1, 254$_{21}$.

svefnsamt, a. n.; e-m verður ekki s. *en faar ikke Ro til at sove:* Síður varð Ástríði s. *TÞH. SoÆ.* 32$_{24}$.

svefnstaður (-ar, -ir), m., *Sovested:* Greptrunarstaðirnir voru nefndir svefnstaðir (cimeteria, dormi-

toria), af því að dauðinn er svefn eptir kristilegri hugsun *HH. Ks.* 183$_{12}$.

svefnstyggur, a., *som vaagner ved den mindste Støj.*

svefntími, m., *Sovetid*: þó bænariðja mannsins sje ætíð nauðsynleg, er hún þó aldrei eins nauðsynleg eins og á svefntímum lífsins *JG. Hv.* 44$_{12}$.

svefnurt (-ir), f., *papaver nudicaule, nøgenstænglet Valmue. Grl.* 49$_{23}$.

svefnvagn (-s, -ar), m., *Sovevogn*: Við höfðum ekki ráð á að borga 8 dollars aukreitis fyrir Pullmanns s. um hverja nótt *Alm.* 85, 43$_{27}$.

svefnværöð, f., *rolig, vederkvægende Søvn*: leið hún (ɔ: nóttin) af í stöðugum andvörpunum og tárum í stað svefnværöar *FP.* 2$_{9}$.

svefnþyngsli, n. pl., *Søvnighed*: sóktu á hann ómótstæðileg s. *Þús.* 8, 66$_{19}$.

svei, interj., *fy*; s. mér *saamænd*: Jeg skal. s. mér, fara að taka betur eptir *PS. Ast.* 209$_{9}$.

sveia (a), vt. med dat., 1. *skænde paa, udskelde*: Það fyrsta sem hann gjörði var það að sveija þeim eins og hundum *FP.* 107$_{27}$. — 2. s. sér upp á *forsikre*: S. hefði sveiað sér upp á, það væri satt *PS. Ast.* 208$_{22}$.

sveif (-ar), f., *Svingel; Rørpind*: að þau (ɔ: skipin) mundu láta ljúft að stýri, þótt sveifin ljeki í mjúkum meyjarhöndum *Björl.* 35$_{12}$.

sveifgras, n., *poa, Rapgræs. Grl.* 180$_{1}$.

sveifla, f., *Svingning; hvirvlende Bevægelse*: sjaldfengni, torfengni, nægð, skortr veldr jafnan miklum eðr litlum sveiflum á verðlaginu kringum þúngamiðjuna *AÓ. Af.* 140$_{16}$. það hoppaði í mjer hjartað við hverja sveiflu, sem kom á þráðinn *Verð.* 53$_{22}$. Sveiflan á loptinu er táknuð með örvum, sem fljúga forviðris *Björl.* 55$_{9}$.

sveifla (a), vt. med dat., *svinge, slynge*: guð sveiblaði þeim (ɔ: himintúnglunum) útí himingeiminn *Fjöl.* 1, 105$_{10}$. meðan túnglið er að sveifla sjer eina ferð í kring um hana (ɔ: jörðina) *Urs.* 106$_{22}$. Og hún (ɔ: lindin) sveiflast silfurtær | svöl og hrein um vegu bláa *KJ.* 228$_{1}$.

sveiflnafl, n., *Svingkraft*: sveifluablíð svokallað, er leitast við að slíta líkamann á burt frá miðju þess hrings, er hann þítur um *Urs.* 94$_{25}$.

sveiflubrú (-brýr), f., *Svingbro*: varð að byggja sveiflubrýr *Fk.* $^{21}/_{5}$ 92, 86b$_{15}$. Lítlu neðar er svo köllud Swingbridge (ɔ: sveiflubrú) *KJ. Uf.* 28$_{12}$.

sveifludvöl (-dvalar, -dvalir), f., *Svingningstid*: veiðingartími eða s. *Fisch. Ef.* 180$_{15}$.

sveiflubjól, n., *Svinghjul*: Enn er eptir að skoða sveifluhjólið *Fisch. Ef.* 272$_{4}$.

sveifl|un (-anir), f., *Svingning*: getr hann leikið á hjartastrengi þeirra og fengið þá til þeirra sveiflana, er hann vill *MJ. Bfr.* 100$_{29}$.

sveiflustokkur (-s, -ar), m., *Sving-Akvædukt*: þá tók Mr. L. W. það djarflega ráð að byggja sveiflustokk *(swing aqueduct)*, það er að segja hreyfanlegan stokk *Fk.* $^{21}/_{5}$ 92, 86b$_{29}$.

sveigja (i), 1. vt., *böje*. — 2. vi., *böje af til Siden, dreje*: kaupmaður A. og kona hans . . . sveigðu fyrir húsgafl einn *JT. PoS.* 122$_{1}$.

sveigjanlegur, a., *böjelig, eftergivende, föjelig*: gullið er allra

málma sveigjanlegast *Ið.* 2, 81₁₈. Kærleikurinn gjörir það (ɔ: barnið) blítt og sveigjanlegt *TUM.* 1, 67₂₄.

sveigur (-s, -ar), m., 1. *Krans:* þá var eins og hún sæi ástarguði hnýta sveiga *Þj.* ³/₄ 82, 25c₅₈. — 2. *Afvigelse fra den rette Linje, buet Bane:* þær (ɔ: loptiðurnar) fara optastnær í sveig um Norðurálfu *Björl.* 87₄.

sveim, n., *Vandren; Bevægelse:* ódáins sæi | er eilíf gleði, eilíft s. *BT.* 250₅. og rak sig á fólkið, sem alls staðar var | utan og innan á sveimi *Eimr.* 2, 144₂.

sveima (a), vi., *svæve:* hinir afarsmáu vatnsdropar . . . verða að síðustu að svo stórum dropum, að of þungir eru til að geta sveimað í loptinu *StN.* 2, 41₉. lifandi smákvikindi og önnur efni, er s. um í loptinu 55₈.

sveimhugalegur, a., *sværmerisk:* s. nokkuð, enn sannr hjartans maðr *Fk.* ¹¹/₉ 86, 66a₁₅.

sveimhugi, m., *Sværmer:* hann var fremr skoðaðr sem visindalegr s., heldr en háskalegr byltingamaðr *Þj.* ²⁰/₁ 83, 7a₄.

sveinbarn, n., *Drengebarn:* Meybörn og sveinbörn fæðast að tiltölu álíka og í Danmörku *LÍ.* 27₁₉.

sveinn (-s, -ar), m., *Dreng.*

sveipadjúpur, a., *dybthvirvlende:* βαθυδίνης, hinn sveipadjúpi *Stoll* 101₁₁.

sveipharður, a., δινήεις *hvirvlende:* við hið sveipharða Ksantusfljót *Il.* 1, 121₄.

sveipóttur, a., = sveipharður: frá hinu sveipótta Ksantus-fljóti *Il.* 1, 61₇.

sveiskur, a., *sveitsisk:* Maður heitir Zeltner, sveiskur, og hefir verið sendiherra Sveissa hjer á Frakklandi *Fjöl.* 4, 2, 24₂₆.

Sveissar, m. pl., *Sveitsere; jf.* sveiskur.

sveit (-ir), f., 1. *Afdeling, Afdeling af en Armé, Kompagni:* Af allri s. minni stóðu eigi uppi nema 6 menn auk mín *Ið.* 1, 149₁₆. — 2. *Kommune, Landkommune:* í sveitum er hreppstjórinn í skattanefndinni *LHA.* 3, 178₁₆.

sveitabóndi, m., *Oplandsbonde* (*i Mods. til Kystbonde el. Fisker*): velgjeingni sveitabóndans . . . er komin undir grasvegsti og nítingu *Fjöl.* 3, 2, 9₂₆.

sveitabúskapur (-ar), m., *Landhusholdning, Landbrug:* Margt hafa menn, hjá oss sem annarstaðar, rætt um sveitabúskap *Fjöl.* 3, 2, 7₉. um þúfnasljettun og fleira sveitabúskap áhrærandi 3, 2, 27₂₆. ágóði sveitabúskaparins *AÓ. Af.* 153₁₆.

sveitabýr (-jar, -ir), m., *Landsby:* Varð brátt úr þessum herbúðum eins konar fagur s. *Ið. SG.* 78₂₂.

sveitafólk, n., *Folk fra Oplandet:* sveitafólk var komið til sjávar *Fjöl.* 3, 2, 17₂₂.

sveitakaupmaður, m., *Landhandler:* Þessi ágóði fer í vasa verzlunarmanna og sveitakaupmanna *Sm.* 55₁₅.

sveitakrytur (-s,-ir), m., *Rivninger imellem enkelte Landskaber el. Bygdelag:* fjarri öllum sveitakryt *TB.* 7, 157₁₉.

sveitalíf, n., *Landliv:* Idylle lýsir hinu einfalda náttúru- og sveitalífi *Gr. Kv.* 121₁₁.

sveitamaður, m., *Landmand, Landbruger:* flosna þeir upp, er á sjónum hafa lifað, og verða að leita bjargar hjá sveitamanninum *Fjöl.* 1, 66₂₁.

sveitarbók (-bœkur), f., *Kommunens Protokol*: skal það framtal rita í sveitarbókina *LHA.* 3, 214$_{27}$.

sveitarbragur (-ar), m., *den i en Egn herskende Tone:* Það var svo lagaður s. í Tunguhreppi, að *Ið.* 3, 84$_{19}$.

sveitarbyrði, f., *Kommunalbyrde:* og sveitarbyrðina, sem jeg bar, | jeg segi ei neinum, hvað þung hún var *GT.* 71$_{19}$.

sveitardýrlingur (-s, -ar), m., *Herredshelgen:* sveitar-dýrling eða lands-dýrling *Mill* 41$_{28}$.

sveitarendi, m., *Egnens Grænse:* það sem við bar eða tíðindum þótti sæta var komið næsta dag á sveitarenda *Ið.* 3, 84$_{21}$.

sveitarfélag, n., *Kommune*: að hvurt sveitarfjelag eða hvur hreppur hafi sinn þingstað *Fjöl.* 2, 3, 52$_{29}$. Þegar ágreiningur verður milli íslenzkra sveitarfjelaga um framfærslu þurfamanna *LHA.* 3, 74$_{3}$.

sveitarforingi (-ja), m., *Anfører for en Hærafdeling, Officer, Kompagnichef*: Leið ekkji á laungu, áður hann irði sveitarforingji *Fjöl.* 4, 2, 4$_{26}$.

sveitarforstjóri, m., *Fattigforstander:* að sveitarforstjórarnir sjeu í tíma nógu kunnugir peningsfjölda og fóðurbirgðum *Fjöl.* 3, 2, 14$_{12}$.

sveitarfundargerðir, f., *Forhandlinger paa et Kommunalmøde:* Vér höfum orðið að skýra svo nákvæmlega frá þessum ósögulegu og óskemtilegu sveitarfundargerðum *Ið.* 3, 89$_{25}$.

sveitarhöfðingi (-ja), m., *Taxiark:* þjer eruð hershöfðingjar, sveitarhöfðingjar og hundraðshöfðingjar *AK.* 61$_{11}$.

sveitarígur (-s), m., = sveitakrytur: Vegna sveitarígs verða þeir að vinna sjer borg líkt og Washington í Bandaríkjunum *Skir.* 91, 25$_{28}$.

sveitarlega, adv., *som man kan vente af et godt Landbrug:* Mér leizt búlega og sveitarlega á það sem ég sá af Húnavatns-sýslunni *Fjöl.* 1, 89$_{10}$.

sveitarmaður, m., *Husfader som Medlem af en Kommune:* Það var almennt álit manna, að átta af sveitarmönnum mundi komast af með hey fyrir sig *Ið.* 3, 87$_{19}$.

sveitarmálefni, n. pl., *kommunale Anliggender*: að því er stjórn sveitarmálefna snertir *StA.* 77, 128$_{9}$.

sveitarnefnd (-ir), f., = hreppsnefnd *Sogneraad:* gegn ábyrgð sveitarnefndarinnar *Ið.* 3, 82$_{5}$.

sveitarsakir, f. pl., *kommunale Anliggender*: má það mart verða í sveitarsökum, er sitt list hvurjum *JT. PoS.* 2$_{23}$.

sveitarsjóður (-s, -ir), m., *Fattigkasse:* þetta rann allt í sveitarsjóð *GT.* 71$_{27}$.

sveitarstjórn (-ir), *Kommunalbestyrelse:* til þess að vekja embættismenn og sveitarstjórnir af svefni sínum *Sm.* 179$_{23}$.

sveitarstrákur (-s, -ar), m., *Bondelømmel, Bondeknold:* Viltu ekki svara, sveitarstrákurinn þinn *ÞJ. MV.* 15$_{7}$.

sveitarstyrkur (-s, -ir), m., *Understøttelse af Fattigvæsenet*: Þau börn, er sökum fátæktar eigi geta fengið fót og fæði hjá foreldrum sínum meðan þau eru í skóla, fá sveitarstyrk *Av.* 7, 94$_{24}$.

sveitartillag, n., *Fattigbidrag:* Sveitartillög hafa lengi . . . verið þyngstu álögur, sem hafa legið á almúga á Íslandi *LÍ.* 93$_{5}$. að þið

fengið s. með Aðalsteini *PS. Ast.* 80₂₅.

sveitarútsvar, n., *Kommuneskat.*

sveitaskóli, m., *Landsbyskole, Skole i en Landkommune*: framfarir gáfaðra unglinga í mörgum sveitaskólum vorum *TB.* 7, 162₁₈.

sveitastúlka, f., *Pige fra Landet:* Hún var einarðleg og brjóstgóð s. *PP. NS.* 66₁₀.

sveitaverzl|un (-anir), f., *Landhandel*: bæði strandverzlun og s. *AÓ. Af.* 64₂₀.

sveitavörur, f. pl., *Varer fra Landet*: er sveitavörurnar voru komnar annað *Fjöl.* 8, 2, 19₁₀.

sveitfesti, f., *Forsørgelsesberettigelse:* þótti þeim s. ómaga svo torfundin, að *Av.* 14, 150₇.

sveitlægur, a., *som forsørges af Fattigvæsenet; forsørgelsesberettiget i en vis Kommune*: Nú verða menn ekki sveitlægir, fyr en menn hafa verið 10 ár samfleytt í hreppnum *LÍ.* 93₁₁. þótti bændum í Hólshrepp ísjárvert að gera kellingu þar sveitlæga *JT. PoS.* 3₄.

Sveitsi, m., *Sveitser*: S., sem við björg átt bú, | barst og sama vitni þú *GB.* 442₁.

svell, n., *glat Is.*

svellfreðinn, pp., *haardfrossen og isdækket*: en um svellfreðið þak | dynur salar hin grimmúðga hríð *KJ.* 36₂₁.

svellgaddur (-s), m., *haardfrossen og glat Is*: Sól mun á vori | svellgadd þýða *JÓ.* 22₁₄.

svellkaldur, a., *iskold*: Og sorgin réttí' honum svellkalda hönd *Sunnf.* 1, 63a₂₂.

svellkrýndur, pp., *iskronet:* svellkrýnda, eldþrungna minninga láð *KJ.* 66₁₈.

svellspikaður, a., *smækfed:* var hann (ɔ: hesturinn) s. *Þs.* 1, 80₈.

svelta, f., *Hunger:* varð sveltan hálfu verri en áður *Ið.* 6, 283₃₁.

sveltilaun, n. pl., *Sultelön*: því miðr verðr ekki neitað, að margir prestar hafa s. *Fk.* $^{28}/_{2}$ 93, 33a₁₈.

svengd, f., *Hunger*: ekkert fæst við ströndu mor, | s. er metti mína *JT.* 80₂₁.

svenska, f., *Svensk, det svenske Sprog:* Á sama máli eru og flest hin fyrri rit hans og aðeins smáritgjörðir eru á svensku *Sw. VE.* VI₁₈.

svenskur, a., *svensk.*

sveppur (-s, -ar *el.* -ir), m., *Svamp*: grasker, melónur, sveppa *Ið.* 3, 250₁₂. Jeg hefi tekið það fram, að veikinni valdi lifandi sveppir *Eimr.* 1, 35₂₅. ofurlítill s. 2, 132₂₆.

sverð, n., *Sværd.*

sverðbjarmi, m., *Zodiakallys:* Enn fremur filgir sólunni bjarmi sá, er vér köllum sverðbjarma af lögun hans *Urs.* 8₁₄.

sverðdans *(uden Genitivm, pl.*, -ar), m., *Sværddans*: S. er önnur listin *Ss. Íf.* 92, 238₂₀.

sverðfetill (-fetils, -fetlar), m., *Axelhæng, Axelskærv.*

sverðfiskur (-s *el.* -jar, -ar), m., *xiphias, Sværdfisk Gr. Df.* 85₂₀. S. er 6—10 álnir að lengd *PJ. Ns.* 100₂₂.

sverðlaus, a., *sværdløs, som intet Sværd har:* una sigri þú skalt og ei sverðlausum hal | gríða synja *Tegn. Frþ.* 120₁₁.

sverðmyndaður, a., *sværdformet.*

sverðmæringur (-s, -ar), m., *berömt Kriger, Helt:* sverðmæringur sig um kring | safnaði dýngju haugum *Núm.* 14, 26.

sverta (í), vt., 1. *sværte.* — 2. *sværte, nedsætte*: hjá þeim, sem með

ósannsögli hefur ánægju af s. hinn saklausa *JG. Hv.* 103₂₁.

svertingi, m., *Neger*: Hinar ógöfugri (ɔ: sálir) voru þær, sem áttu fyrir höndum að verða hér í heimi svertingjar *HH. Morm.* 6₂₃. Flýðu þá svertingjar allir *Rób.* 22₄. hvorki Tyrkir né Svertingjar mundu hafa látið þjá sig svo *Ið.* 6, 216₉.

sveskjá, f., *Sveske*: rúsinur, sveskjur, hamp og hör *GT.* 55₁₁.

svið, n., *Rum, Plads*: Lyptir sjer sál | um s. endalaust *BT.* 250₁₇.

svið, n, pl., *svedne Hoveder og Ben af Faar el. Kalve.*

svíða (**svíð**, **svíðum**; **sveið**, **sviðum**; **sviðinn**), 1. vt., *svide.* — 2. vi. og v. impers., *smerte;* e-m sviður e-ð *noget smerter en, en ærgrer sig over noget*: Ingveldi í Túngu sveið það mjög að Ormur hafði fallið fyrir Indriða *JT. PoS.* 15₇.

sviðafloti, n., *smeltet Fedt af svedne Hoveder og Ben af Faar el. Kalve*: sambland af hrossafeiti, lýsi, sviðafloti *Av.* 12, 91₁₂.

sviðamikill, a., *smertelig*: þó þér þyki það sárt og sviðamikið *Þs.* 1, 61₁₇.

svíðingsháttur (-ar), m., *Gnieragtighed*: að svíðingsháttr og nápínuskapr sé auðvirðilegr galli *AÓ. Af.* 221₃₁.

svíðingur (-s, -ar), m., *Gnier*: var hann mesti s. *Þús.* 2, 282₇. að lifa eins og vesalingar eða svíðingar *Sm.* 83₂₇. svo fer einnig fyrir svíðingnum 49₁₇.

svif, n., 1. *Svæven, Flugt*: s. um himinsalinn | hjá sólvanga þreytir *ST.* 70₁₂. — 2. *Bevægelse*: allir reistu sik í einu svifi *(alle paa en Gang). Milt. Pdm.* 38₂₂₃.

svífa (**svíf**, **svífum**; **sveif**, **svífum**; **svifinn**), vi., *svæve, bevæge sig, glide hen*: þegar jeg svíf um sæinn *Gr. Kv.* 8₁₂. mundum vjer að öllum líkum yrkja kvæði til hinnar nýju og undurfögru stjörnu, sem svífur á bylgjum ljósvakans *Trh.* 11₂₇. s. á *göre Indvirkning paa, stige til Hovedet*: vinið var nú tekið að svífa á gestina *Þús.* 2, 115₂₂. — svífast ekki *ikke tage i Betænkning, ikke afholde sig fra*: Joab sveifst ecke ad taka lijfed af Abner *Vid.* 1, 8₁₇.

svífamikill, a., *höjt flyvende, höjtravende*: Byron brúkar sterk, brennheit, svífamikil orð *Skír.* 90, 70₃₁.

svífaseinn, a., *langsom i sine Bevægelser*: Hann þótti þungur til vinnu og s. *Ss. Íf.* 91, 208₈.

svífastirður, a., = svífaseinn: Guðmundi þykir hann reyndar nokkuð s. *PS. Ast.* 77₂₂.

svifferja, f., *Trækfærge*: Allt þetta má fá með því að koma á hinum svonefndu svifferjum *Hd.* 15₂₁₄.

svífhraður, a., *lynsnar; hurtig henglidende; hurtig forsvindende*: s. andi | svífur til þín *KJ.* 56₁₄. Svífhröð elskendum svífur frá | sælasta stund, er lifið á 159₁₄.

svífrúm, n., *Spillerum, Tumleplads, Omraade*: var það hreysti þeirra, er gaf þeim s. til slíkra vígvéla *LLH.* 6₁₂. Hið eintóma hugtak frelsis er þá 's. hæfileika mannsins' *TB.* 12, 202₂₂.

Svíftinorn (-ir), f., *Harpye:* Í flokk með vindagoðum teljast einnig Harpýjur . . . eða Sviptinornir *Stoll* 98₁₂.

svífvængur (-s, -ir), m., *hurtig henglidende Vinge*: gullu glymhálsar, | glóðu svífvængir *MJ. Lm.* 97₁₂.

svig, n., *Handlingen at böje, Böjning;* vinna s. á e-m *faa Bugt med en.*

svigatala, f., *parenthetisk, indklamret Tal*: þá yrði svigatalan 25 *HB. Fl.* 34₂₆.

svighallur, a., *skraa, skraaliggende*: hlíðarnar (á dalnum) eru svighallar *Av.* 18, 16₁.

svigi, m., 1. *tynd, böjelig Kvist.* — 2. *pl.* svigar *Parenthestegn*: Þegar íslenzku nöfnin eru nýgjörfingar, þá hef jeg þau í svigum *Av.* 18, 18₂₄.

svigna (a), vi., *böjes, krummes, bugne*: Nú gengu allir inn og settust við borðin, sem svignuðu af matnum *PP. Sms.* 213₁₁.

svign|un (-anir), f., *Böjning, Krumning, Bugnen; Afböjning*: s. lárjettra loptstrauma *Björl.* VII₇.

svigrúm, n., = svifrúm: þar að auki hafa þeir (ɔ: rómanarnir) svo mikið s., að *Gr. Kv.* 91₁₇. mögn þau, er jarðskjálftum valda, fá við það s. til umbrota *Björl.* 53₈.

svigurmæli, n. pl., *store Ord, Trusler*: þegar landar hans sáu, að ekki varð meira úr . . . öllum svigurmælunum *Íf.* ⁶/₁₁ 89, 355a₁₂.

svik, n., *Svig, Bedrageri; Forræderi.*

svikagylling (-ar), f., *bedragerisk Forgyldning*: s., fölskvi fagur *Sb.* 98, 3₈.

svikakeisari, m., *falsk Kejser*: þeir kalla alla keisara, sem setið hafa að völdum á Rússlandi síðan Pétr 3, svikakeisara *Gefj.* 50₁₄.

svikari, m., *Bedrager; Forræder.*

svikráður, a., *bedragerisk; forrædersk*: þú, svikráða ambátt *Blk.* 112₂₄.

svikseni, f., *Svigagtighed, Upaalidelighed*: s. í viðskiftum *Fk.* ²²/₂ 88, 21b₂₄.

svima (a), v. impers.; e-n svimar *en svimler:* mig sundlaði og svimaði *GT.* 66₂₂.

svimi, m., *Svimmel:* hún fær jafnan svima, þegar hún fer á fætur *Spenc.* 106₁.

svími, m., 1. *Besvimelse, Bedøvelse.* — 2. *taaget Tilstand, fuldstændig Uvidenhed om noget:* Menn vaða' í villu og svíma, | veit enginn neitt um það | hverninn, á hverjum tíma, | eða hvar hann kemur að *HP. SK.* 2, 257₉.

svín, n., *Svin.*

svínafeiti, f., *Svinefedt:* B. eyðir ekki allri svínafeitinni í eldhúsinu *Ss. Íf.* 3, 36₁₃.

svínahirðir (-s *el.* -rs), m., *Svinehyrde:* svínahirðar þóttu eigi í húsum hæfir *PM. Ág.* 6₈.

svínakjöt, n., *Svinekød, Flesk:* var villimönnum á Suðurhafseyjunum fyrst komið af því að eta mannakjöt með því að láta þá fá svínakjöt *Sm.* 207₃₀.

svínarækt, f., *Svineavl:* Í Gönyar er svínarækt einnig helzti atvinnuvegur þorpsbúa *Ss. Íf.* 1, 190₁₁.

svínaverzl|un (-anir), f., *Svinehandel, Handel med Svin:* enda liggur þorpið vel við s. *Ss. Íf.* 1, 190₁₃.

svingla (a), vi., *vanke om:* menninna, sem voru að s. innan um leiðin *FP.* 114₃₀.

svínkaður, a., *beruset:* þurfti hann ekki meira til að verða svínkaður *Þús.* 1, 318₈.

svínsali, m., *Svinehandler:* Í Khöfn hefi eg séð einn Íslending, svínsala *Fk.* ¹²/₂ 96, 27a₁₇.

svínslær, n., *Svineskinke, Skinke*: s., bjúgu, hjerar *Ið.* 6, 92₃₀.

svíntennur, f. pl., *Svinetænder:* sá hún svíntennurnar í munni honum *Þús.* 2, 77₃₀.

svíntentur, a., *som har Tænder, der ligne Svinets:* Einn var krypplingur, annar var svíntenntur *Þús.* 2, 71₂₉.

svipa, f., *Svøbe.*

svipa (a), v. impers.; e-m svipar til e-s *en ligner nogen:* Þeim hefir svipað til Pólverja *Íf.* ²⁶/₁₀ 89, 341b₁₀. þeim svipar til Grettis í því *ÓÓ. PS.* 6₁₂.

svipaður, a., *lignende:* baunir svipaðar þeim tegundum að samsetningu, sem vjer höfum skýrslur um *Br.* 3, 99₈.

svipdimmur, a., *med mørk Mine:* sannlega var hér einhver alvarlegur og s. maður *Saw.* 32₄.

svipfríður, a., *med et smukt Ansigt:* konu fjörlega í yfirbragði og svipfríða *Þús.* 1, 269₂₅.

svipfræði, f., *Frenologi.*

svipfræðingur (-s, -ar), m., *Frenolog:* sumt eptir nafnfrægum svipfræðingum og eðlisfræðingum, sumt eptir eigin rannsóknum og athugunum *Austri* ⁶/₈ 84, 197₅₈. þeir voru eigi miklir svipfræðingar *Ss. Íf.* 1, 19₆.

svíphreinn, a., *med et rent (aabent) Ansigtsudtryk:* beinvaxin, svíphrein *JH.* 35₂₁. hið svíphreina andlit hans *TÞH. BS.* 194₅.

svíphýr, a., *smilende:* Hin fríða og snotra útkjálkasveit var svo s. og laðandi í sumarskrúða sínum *Av.* 18, 16₈.

svipkenning, f., *Doketisme:* (Hann berst) móti kenningu þeirra manna, sem sögðu, að líkami Krists hefði eigi verið annað en svipur (Svipkenning Doketismus) *HH. Ks.* 78₂₁. Sjer í lagi er hjer varað við . . . svipkenningunni . . ., sem neitaði mannlegu eðli Krists 147₂₈.

svíplega, adv., *pludselig:* eptir að þau skildu svo s. *Þús.* 2, 165₁₁. Ef hann drukknar eða deyr s. *Sm.* 17₈.

svíplegur, a., *pludselig, pludselig indtruffen:* látum okkur bera þetta svíplega mótlæti með þolinmæði *Þús.* 2, 154₂₈. ef vjer förum mest eptir svíplegri geðshræring *Sm.* 126₁₄.

svipléttur, a., *med glad Mine:* Ali varð ekki svipléttari við þetta svar *Austri* ¹¹/₁₁ 85, 107b₅₈.

svipligur, a., *lignende:* Lénsmenn kallast í Norvegi embættismenn, sem hafa á hendi svipligt umboðsleg störf, sem sýslumenn og hreppstjórar hér *Dægst.* 51₂₂.

spipljótur, a., *styg af Udseende:* það (ɔ: fjallið) er hátt og svipljótt *LLH.* 80₈.

svipmikill, a., 1. *udtryksfuld, majestætisk, imponerende, storartet:* fögur og svipmikil þjónustugjörð *Fjöl.* 2, 2, 24₂₉. Berlín er ekki eins svipmikil og hinar *Þj.* ⁶/₉ 89, 169b₁₇. Vjer geymum fagnaðarríkt minni . . . um hina svipmiklu náttúru Íslands *StA.* 75, 24₁.

svipsjón (-ir), f., *et Öjeblikks Syn, kortvarigt Syn:* þessi s. fjekk honum svo mikils, að *Þús.* 2, 72₁₉.

svipstund, f., *et Öjeblik:* Já, eptir s., sagði biskup *TÞH. BS.* 61₉. óáranir og drepsóttir kollvarpa opt á svipstundu árangrinum af heilu lífi *JG. Hv.* 14₂₈. Lífið er skammvint og á svipstundu horfið *Ald.* 1, 7₂₁.

svipstundarvilla, f., *et Öjeblikks Forseelse:* að jafnvel ósönnuð s. verði þyngri á metaskálinni en

margra ára ágæt hegðun *PP. NS.* 58$_{24}$.

svipubróðir (-bróður, -bræður), m., *Svøbebroder, Flagellant*: umferð þessara svipubræðra *Ið.* 6, 97$_{1}$.

svipull, a., *ustadig, kortvarig, forgængelig:* Allt annað í lífi voru er svipult *HD. MiH.* 66$_{7}$. Þetta þunga stríð | þreytir svipul tíð *MJ. Lm.* 58$_{12}$.

svipur (-s, -ir), m., 1. *Udseende, Skikkelse.* — 2. *Skin:* að Krists líkami hafi verið einber s. *HH. Ks.* 171$_{20}$.

svipþungur, a., *med melankolsk Udtryk i Ansigtet:* þó hann væri venju fremur s. *TÞH. BS.* 223$_{2}$. hann varð enn svipþyngri *Austri* $^{11}/_{11}$ 85, 107b$_{24}$.

Sviss, f., *Svejts:* var sá maður uppi í S., er Zvingli hét, *PM. Ág.* 177$_{31}$. Frá S. breiddist siðabótin út til Hollands 178$_{26}$.

Svissaland, n., *Svejts*: stórhöfðingjar á Svissalandi *PM. Ág.* 130$_{14}$.

Svissari, m., *Svejtser:* Svissarar féllu á kné *PM. Ág.* 131$_{24}$.

Svissland, n., *Svejts*: sumir urðu að illum ráðum uppvísir, er þeir vildu fremja á Svisslandi sjálfu *Skír.* 85, 99$_{2}$. Eg er frá Svisslandi *Ið.* 3, 272$_{9}$.

Svisslendingur (-s, -ar), m., *Svejtser:* Svisslendingar og Habsborgarmenn *PM. Ág.* 130$_{8}$. Keisarar reyndu opt eptir þetta að brjóta Svisslendinga undir sig 131$_{18}$.

svissneskur, a., *svejtsisk*: hið nafnkennda svissneska lýðstjórnarríki *PM. Ág.* 130$_{30}$. s. að ætt og uppruna *Ið.* 2, 18$_{8}$.

svitahola, f., *Svedehul, Pore*: hann (ɔ: vetrarnæðingurinn) drekkur í sig rakann úr svitholunum í hörundi manns *Björl.* 26$_{23}$. eru það svitaholurnar, sem er áríðandi að sjeu opnar *JJ. EML.* 109$_{12}$.

svitakápa, f., *Svedekappe*: skal hin svonefnda s. höfð *N. Hf.* 50$_{27}$.

svitakirtill (-kirtils, -kirtlar), m., *Svedkertel*: í henni (ɔ: leðurhúðinni) eru einnig svitakirtlarnir *JJ. EML.* 55$_{26}$.

svitalækning (-ar), f., *Svedekur*: Eigi að viðhafa svitalækningu *N. Hf.* 50$_{26}$.

svitalöður, n., *stærk Sved*: hann varð allur í einu svitalöðri *Rób.* 9$_{24}$.

svitameðal, n., *Svedemiddel:* þegar svitameðul eru höfð *N. Hf.* 51$_{18}$.

sviti, m., = sveiti *Sved:* svitinn stóð á enninu á honum *Fjöl.* 1, 165$_{23}$.

svitna (a), vi., *komme i Sved, svede*: Hann svitnaði og titraði af hræðslu *FP.* 13$_{8}$. Sje oss mjög heitt, svitnum vjer von bráðar *JJ. EML.* 58$_{23}$. Fagnaðu þá, því sá, sem svitnar, | sýnir, að honum getur hitnað *GT.* 67$_{2}$.

svofeldur, a., *saadan:* gjörðu þeir því við þá svofeldan samning, að *PM. Ág.* 68$_{14}$.

svolalegur, a., *usleben, raa:* blóðið skolar heldur heitt | hendur á svolalegum kappa *Núm.* 6, 75.

svoli, m., 1. *utilhugget Træstub:* Sýndist öllum oss, | er á litum, | s. sá vera | sem siglutré *OK.* 9, 156$_{8}$. — 2. *uslebent, raat Menneske, Grobian:* þér er nær að hugsa um hann föður þinn, sem var mesti s. hér í dalnum *PS. Ast.* 66$_{26}$. Hafði' hann ei mök við svola þá, er þjóna | í flokk míns föður? *Lear* 41$_{28}$.

svunta, f., *Forklæde*: (hún) breiddi svuntuna sína ofan á hana *JT. PoS.* 113$_{8}$. svo ætla eg að festa svuntuna mína upp á hana (ɔ: spýtuna) *TÞH.*

Bs. 29₁₈. eins konar svuntu *Ið.* 3, 258₁₅.

svuntufaldur (-s, -ar), m., *Kantningen paa et Forklæde:* svo lagði hún svuntufaldinn sinn í fellingar *Ið.* 1, 44₈.

svuntuhorn, n., *Hjörnet af et Forklæde, Forklædessnip:* Ingveldur brá svuntuhorninu neðan undir botninn á honum (ɔ: katlinum) *JT. PoS.* 45₄. Í því tekur húsfreya upp bæði s. sín að neðan *Þs.* 1, 889₉.

svæfa (í), vt., *bringe til at sove, dysse i Sövn. Se* svæfandi.

svæfandi, m., *Hypnotisør:* svæfandinn lét þann, er hann ætlaði að svæfa, horfa stöðugt á sig *Fk.* $^{18}/_{4}$ 88, 47a₃₀.

svæfill (-s, *pl.* svæflar), m., 1. *Hovedpude:* Vinur minn ljet svæfil undir höfuðið á mjer *PP. Sms* 41₁₀. hrein samvizka er mjúkur s. *Blk.* 32₅. (hann hafði) stein að svæfli *Ið.* 3, 220₁₂. — 2. *Hynde:* dýnur með mjúkum svæflum til að sitja á eða liggja *Ið. SG.* 91₈.

svæfillyf, n., *Sovemiddel:* sá er fann s. það, er 'klóroform' nefnist *HD. MiH.* 55₁₄.

svæfing (-ar), f., *Dyssen i Sövn, Hypnotisering:* með svæfingu tilfinninga líkamans *Sw. VE.* 132₄. til þess að reyna á henni áhrif svæfinganna *Ið.* 7, 99₈. lýsa þeir þannig hinum ýmsu stigum svæfingarinnar 118₁₄.

svæfingamaður, m., = svæfandi: alkunnur s. eða dávaldur *Ið.* 7, 98₃₀.

svækja, f., 1. *raakoldt og fugtigt Vejr:* er það þá optast nær s., úði eða smáregn *Fisch. Ef.* 419₂₂. — 2. *kvælende Dunst:* Og inn verður maður að fara . . . inn í svækjuna, matarlyktina, svitalyktina *EH. Von.* 5₁₂.

svæla, f., *Røg og Dunst; Stank:* þegar á norðan andaði, þá lagði svæluna um endilangan bæinn *Ið.* 6, 165₁₅. Héðan burt úr svælu sölum, | sólin þar sem aldrei skín, | svölum heim að heiðadölum | hugum flýgr löngun mín *GB.* 322₂₀. svælan úr henni (ɔ: eldstónni) rýkr um allt húsið *Fk.* $^{7}/_{10}$ 85, 70b₈₃.

svæla (í), 1. vi., *røge, smøge:* (Dupin) svældi sem ákaflegast *Ið.* 2, 41₁₈. — 2. vt., s. e-ð undir sig *tilrane, tilvende sig noget:* til að geta svælt undir sig meira land í Afríku.

svæsinn, a., 1. *fræk; heftig, voldsom:* þegar Gísli varð of s. *PS. Ast.* 72₁₅. og aga yðar svæsna fylgdar-flokk *Lear* 56₁₉. Byltingamennirnir voru of svæsnir *Ið.* 7, 62₂. s. og illúðugur í svörum *Skír.* 79, 56₂₅. hjer er þeim svæsnustu blöðum og ritum út haldið 85, 18₃₄. svæsið hóstakast *PS. Ast.* 349₂₂. — 2. *ublid, streng:* þó hann (ɔ: veturinn) irði nokkuð s. *Fjöl.* 4, 3, 34₂₁.

svæsni, f., *Frækhed, Heftighed, Voldsomhed; Ublidhed, Strenghed.*

svölun (svalanir), f., 1. *Læskelse:* voru þær (ɔ: kókoshneturnar) í einu bæði til saðnings og svölunar *Þús.* 1, 307₁₄. Sæta veitir s. lindin skír 2, 138₄. Vatnið, sem vér höfðum meðferðis, var oss til litillar svölunar *Ið.* 3, 130₁₀. — 2. *Husvalelse, Trøst:* önnur (ɔ: tár) frá himins sælu sölum, | er s. veita mœddum hölum *KJ.* 50₂₂. — 3. *Lindring:* að dreypa svölun í hinn beiska bikarinn *Myn.* 74₂₇. — 4. *Tilfredsstillelse:* þar sem afleiðingin af s. fýsnar hans (ɔ: einstaklingsins) verðr

eymdar og spillingarlíf eins afkvæmis eða fleiri *Mill* 219₄.

svölunarlind (-ir), f., *læskende Kilde:* Það er sú s., sem aldrei hefur brugðizt neinum þeim, sem þreyttur hefur sér að henni hallað *ÓÓ.* 4₂₂.

svörull, a., *som giver trodsigt Svar:* verið ekki svörulir *HGTh.* 84₂₄.

syðst, adv. superl., *(kan betragtes som superl. til* sunnarlega; *comp.* sunnar), *længst mod Syd, sydligst:* S. á Íslandi er stytztur dagur ekki lengri en 4 stundir *LÍ.* 23₈.

syðstur, a. superl., *længst mod Syd:* tveir syðstu bæirnir í Örræfum *Av.* 20, 46₈.

sýkimagn, n., *Virulens:* hins vegar getur s. *(Virulens)* einnar og sömu sýki-bakteríu verið mjög mismunandi á ýmsum tímum *Eimr.* 2, 122₅.

sýking (-ar), f., *Smitte:* Þar var ræðt um ýmsa s. manna og fjenaðar *Skir.* 82, 14₁₁.

sýkingarefni, n., *Smitstof:* ætla má, að sýkingarefnið eyðileggist við suðu *Þj.* $^{24}/_{10}$ 90, 195b₁₆.

sýkja (i), vt., *smitte:* Veikur maður getur sýkt aðra *JJ. EML.* 2₈. Sýkjast *blive syg.*

sýkna (a), vt., *frikende:* Hann lýsti því yfir, að þó dómendurnir vildu s. sig með því skilyrði, að hann léti af uppteknum hætti, þá *Ið.* 6, 280₁₀. að s. heldur en sakfella *TUM.* 1, 80₁₆. það er hin daglega framganga og hegðun hinna einstöku til orða og verka . . ., sem annaðhvort dæmir eða sýknar kynslóð þessara tíma *ÓÓ.* 8₁₅.

sýknudómur (-s, -ar), m., *Frikendelsesdom:* þar til er mál hans væri útkljáð og s. upp kveðinn *Ið.* 6, 300₂₅.

sykra (a), vt., *sukre, forsøde, (formilde):* hún vill s. það remma' er á *EÓ.* 41b₁₁. í þessari elsku sykrast allur mótgangur *JG. Hv.* 22₇. Kristín gamla . . . mátti nú s. ekkjudóm sinn með því að hugsa um liðna daga *TÞH. Dr.* 1, 2, 57₂₂.

sykur (-rs), n. *el.* m., *Sukker:* G. stífði sikrið úr hnefa sínum *JT. PoS.* 45₁₄. steyttur hvítur s. *EB. Kf.* 97₁₉. með sykrinum 30₁₀.

sykurakur (-rs, -rar), m., *Sukkermark, Sukkerplantage:* Enn fremur kváðust þeir fúslega skyldu sjá um sykurakra hans *Rób.* 25₂₀.

sykurkendur, a., *sukkerholdig:* þegar forðast á sikurkenndan og mjelkenndan mat *N. Hf.* 78₇.

sykurker, n., *Sukkerskaal:* s. og rjómakönnur úr gleri eða pletti skal þvo úr heitu vatni *EB. Kf.* 6₁₁.

sykurmoli, m., *et Stykke Sukker:* sykurmolinn, sem látinn er í kaffibollann *StN.* 1, 2₁₇.

sykurmylna, f., *Sukkermølle:* til að hreyfa vatnsveitingarvélar, kvarnir eða sykurmylnur *Ið.* 2, 80₁₆.

sykurplöntunarsvæði, n., *Sukkerplantage:* Skipstjórinn kom Róbinson til vistar hjá einum kunningja sínum, sem átti stórt s. *Rób.* 24₈.

sykurreyr (-rs), m., *Sukkerrør:* Sumstaðar er plantaður s. í Delta *Ið. SG.* 61₅.

sykurrækt|un (-anir), f., *Dyrkning af Sukkerrør, Sukkerrørsavl:* að leggja stund á sikurræktun *Rób.* 24₇.

sykurskál (-ar *el.* -ir), f., *Sukkerskaal:* Sigríður bar Guðmundi kaffibollann í annari hendi, enn s. í

annari *JT. PoS.* 45s. Músin í sykurskálinni *GT.* 81$_{18}$.

sykursuða, f., *Sukkerkogeri, Sukkersyderi*: Englendingur nokkur hefir stofnað sikursuðu í Ramadou í efra Egiptalandi *Ið. SG.* 69$_{5}$.

sykurtollur (-s, -ar), m., *Sukkertold*: að lækka sikurtoll *Skír.* 91, 46$_{18}$.

sykurtoppur (-s, -ar), m., *Sukkertop:* og sirópsbrúsa og sykurtoppa *GT.* 122$_{24}$.

sykurveiki, f., *Sukkersyge, Diabetes*: kemr og stundum í ljós hin svonefnda s. *MJ. Bfr.* 292$_{12}$.

sylla, f., *en Planke mellem Stolperne i en Bygning, som gaar horisontalt indvendig langs den øverste Kant af Væggen.* Á sillunni rjett fyrir ofan sáinn *JT. PoS.* 37$_{16}$.

sýna (í), vt. og i., *vise;* sýna fram á *paavise*: fyrir fám árum sýndi þjóðverskr læknir fram á það, að *Ið.* 6, 174$_{22}$.

synd (-ir), f., *Synd.*

syndaflóð, n., *Syndflod:* hvernig Whiston ímindaði sjer sýndaflóðið *Urs.* 124$_{12}$.

syndagjald, n., *Syndestraf*: s. mannsins *AÓ. Af.* 209$_{31}$.

syndakvittunarbréf, n., *Afladsbrev*: Menn gátu keypt syndakvittunarbrjef *PM. Ág.* 172$_{14}$. Þar komu mangarar og seldu s. 178$_{2}$.

syndaþrælll (-s, -ar), m., *Syndens Træl, Synder:* til þess að sannfæra syndaþrælana *Ið.* 7, 28$_{24}$.

syndga (a), vi., = syndgast *synde:* í augum þeirra verður frelsi kristindómsins sama sem leyfi til þess að s. *JG. Hv.* 31$_{3}$.

syndsamur, a., *syndig:* vegna míns syndsama svefns *FP.* 37$_{1}$.

syndsemi, f., *Syndighed*: s. hans og afvega leidd skynsemi *FP.* 76$_{3}$.

sýnileikur (-s, -ar *el.* -ir), m., *Skuespil:* dansleikir, sýnileikir og aðrar almennar skemmtanir *HH. Ks.* 137$_{12}$. um sýnileiki 171$_{22}$.

sýning (-ar), f., 1. *Forevisning, Fremvisning.* — 2. *Udstilling:* mundi sýningin eigi verða stórum fullkomnari *Fk.* $^{31}/_{8}$ 84, 9b$_{1}$. Allar menntaðar þjóðir leggja mikla stund á sýningar *Hd.* 141$_{22}$. s. listaverka og iðnaðarmuna *Skír.* 85, 25$_{9}$.

sýnisdœmi, n., *Prøve:* Af þessu sýnisdæmi má sjá, að *BJ. EÓ.* 33$_{7}$.

sýnishorn, n., *Pröve*: að sem s. af rithætti sínum taki bókin „um frelsið" langt fram öllu hinu *Alm.* 85, 38$_{14}$. að fá s. af ýmiskonar varningi *Br.* 3, 80$_{5}$. 44 sínishorn af íslenskum fornritum *TB.* 12, 75$_{24}$.

sýnismunir, m. pl., *Udstillingsgenstande:* Hjer voru líka s. frá nálega öllum Evrópulöndum *Skír.* 85, 25$_{15}$.

sýniskáldskapur (-ar), m., *dramatisk Digtning*: meðal rétt-trúaðra Shakspeares-dýrkenda mun það goðgánni næst að álíta eigi rit hans sem alfullnægjandi hugsjón sýniskáldskapar *Sk.* $^{25}/_{11}$ 78. 415$_{9}$.

synja (a), vt. med dat., *afslaa*: synjið mjer ekki um bæn mína *Þús.* 2, 65$_{14}$.

synj|un (-anir), f., *Afslag, Vægring:* þá hjálpar ekki framar nein s. *JG. Hv.* 51$_{16}$.

synjunarréttur (-ar), m., *Afslagsret, Forkastelsesret.*

sýra, f., 1. *sur Valle.* — 2. *Syre*: Þegar sýrur og stofnar blandast saman, kalla efnafræðingar það sölt *GÓ. ÆB.* 22$_{4}$.

sýra (í), vt., *syre, göre sur:* eldinu fylgir sú náttúra að sýra hlutina *GÓ. ÆB.* 24$_{14}$.

sýri, n., *Ilt, Surstof:* brenni-

steinssúrt koparsýri; s. = Ilt *Íf.* $^{12}/_{10}$ 95, 329c45.

sýring (-ar), f., *Oxydation:* kalla menn bruna þennan eldun eður s. *GÓ. ÆB.* 23$_{20}$. Sérhver sameining súrefnisins kallast í efnafræðinni oxyd eða sýringur, en oxydation eða s. er gangurinn sjálfur eða það að sameiningin verður *Gr. Ef.* 15$_{19}$.

sýringur (-s), m., *Oxyd. Se* sýring.

syrpa, f., *Tegnebog, Notitsbog, Mindeblade, Hefte til Optegnelser:* að kvæðin sé ef til vill ekki ávalt kveðin í þeirri röð, sem þau hafa í hverri syrpu *GT.* 150$_{4}$.

syrta (i), v. impers., *blive mørk, mørknes:* syrtir í heimi *JH.* 21$_{14}$. Syrtir hafs um víða voga *GB.* 323$_{9}$.

sýrublanda, f., *Blanding af sur Valle og Vand:* við þorstanum er kalda vatnið eða góð s. hollasti drykkurinn *JJ. Lb.* 5$_{22}$.

sýruefni, n., *Surstof:* með tilliti til þess er lífsloptið kallað s. *Fisch. Ef.* 162$_{15}$.

sýrustofn (-s, -ar), m., *Base:* Sýrur og sýrustofnar eru þeirrar náttúru, að þau samlagast *GÓ. ÆB.* 22$_{9}$.

sýrutegund (-ir), f., *Syreart:* ýmsar aðrar sýrutegundir *StN.* 2, 55$_{17}$.

sýsl, n., *Sysselsættelse, Forretninger:* með veraldlegu sýslí og daglegum umsvifum leitast hann við að flýja hugsanir sjálfs sín *HGTh.* 21$_{8}$.

sýsla, f., *Syssel.*

sýslubréf, n., *Bestalling:* kom út Sigmundur fótur Eyjólfsson með s. herra Ketils *Safn* 2, 612$_{24}$.

sýslufélag, n., *Sysselkommune:* skal Dingeyjarsýslu og Skaptafellssýslu, hvorri um sig, skipt í tvö sýslufjelög *StA.* 77, 128$_{10}$.

sýslumaður, m., *Sysselmand.*

sýsl|un (-anir), f., *Bestilling:* Nú er maður, sem eigi er í embættisstöðu, settur í embætti eða sýslan *LHA.* 3, 77$_{28}$. embættinu eða sýslaninni 77$_{18}$.

sýslunarmaður, m., 1. *Bestillingsmand:* embættismaður eða s. *LHA.* 3, 77$_{15}$. — 2. *Funktionær:* Aðra sýslunarmenn skipar forstjórnin *LHA.* 3, 321$_{18}$.

sýslunefnd (-ir), f., *Sysselforstanderskab:* hlutaðeigandi sýslunefndir *LHA.* 3, 80$_{20}$.

sýslunefndarumdæmi, n., *Sysselforstanderskabs Distrikt:* Í hverju sýslunefndarumdæmi og kaupstað skal skipuð yfirskattanefnd *LHA.* 3, 180$_{6}$.

sýsluvegur (-ar, -ir), m., *Sysselvej:* Byggðavegum skal skipt í sýsluvegi og hreppavegi *StA.* 75, 90$_{19}$.

systir (-ur, -ur), f., *Søster.*

systkini, n. pl., = systkin *Søskende:* þegar s. hennar voru að leika sér á túninu *Þs.* 1, 55$_{26}$.

systurlegur, a., *søsterlig:* af elsku og systurlegri umhyggju *Sak.* 32$_{28}$.

sýtingskapur (-ar), m., *Smaalighed:* Þessi andlega nærsýni og sýtingsskapr stendr þjóðinni mjög fyrir þrifum *Fk.* $^{28}/_{2}$ 88, 21b$_{14}$.

sýtinn, a., *smaalig, nöjeregnende:* En varaðu þig, þú sem varst æ svo stór, | að verða' ekki í smámunum s. *JÓ.* 110$_{5}$.

sæbjúgu, n. pl., *holothurioidea, Søpølser. Gr. Df.* 134$_{29}$.

sæbjörn (-bjarnar, -birnir), m., *otaria ursina, Søbjörn Gr. Df.* 46$_{10}$.

sæblár, a., *havblaa*: Og hennar getur aldrei meir | sæblåa sjónarlind | speglað ástvina mynd *KJ.* 93₅.

sæborinn, pp., *havfødt, født i Havet:* Sagan af Gulnare drottningu hinni sæbornu *Þús.* 2, 328₁₀. að láta hann eiga sæborna kóngsdóttur 350₂₂. því oss ángraði | óhollastr | þefr sárt sela | sæborinna *OK.* 4, 203₈.

sæbréf, n., *Søkort*: hvurt sem það eru landabrjef eða sæbrjef *Urs.* 182₂.

sæbúi, m., *Søbeboer:* Álfar og sæbúar eða vatna eru náskyldir *Þs.* 1, 131₈.

sædjúpur, a., *dyb som Havet*: kona með augu sædjúp og blá *GB.* 294₂₂.

sædýr, n., *Sødyr*: fyrst s. og sæjurtir *Gr. Kv.* 110₄.

sæepli, n. pl., *cystidea. Gr. Df.* 133₈.

sæeyra, n., *haliotis. Gr. Df.* 124₅.

sæfíflar, m. pl., *actinida, actinia, Søanemoner. Gr. Df.* 139₁₀.

sæfíll (-s, -ar), m., *phoca proboscidea, Sø-elefant. Gr. Df.* 46₁₂.

sæfjöður (-fjaðrar, -fjaðrir), f., *pennatula, Søfjeder. Gr. Df.* 140₁₂.

sæfólk, n., *Havfolk, Havmennesker, Mennesker, som bo i Havet*: sá hann þá, að þetta var s. *Þs.* 1, 119₂₀.

sægrár, a., *havgraa:* marbendlar eiga kýr góðar, eru þær allar sægráar að lit *Þs.* 1, 131₂₂.

sægrœnn, a., *søgrön*: Vér rérum vorum örskreiða báti yfir sægrœnar bárurnar *Ið.* 1, 182₁₁. en hárið var sægrænt *Tegn. Frþ.* 24₁₂.

sæhestur (-s, -ar), m., *hippocampus, Søhest. Gr. Df.* 88₁₃.

sæjurt (-ir), f., *Søplante, Havplante*: Sæjurtirnar eru lángtum yngri *Fjöl.* 1, 121₇.

sækind (-ur), f., *Sødyr, Havdyr*: þá hafa þeir, sem við hafið búa, | heyrt og sjeð mikinn sækinda-grúa *GT.* 124₂₇.

sækonungur (-s, -ar), m., *Søkonge, en i Havet herskende Konge*: að við gætum fengið af okkur að fastna hana nokkrum af hinum voldugu sækonungum, er báðu hennar *Þús.* 2, 344₈.

sækringdur, pp., *omgivet af Havet*: Sækringd í norðri | sögufold aldin | heims býr við enda | hafiss und vegg *ST.*[2] 50₁.

sækvikindi, n., = sædýr: Þetta safn er 140 tegundir sækvikenda *Gr. Sk.* 91, 4₁₇.

sækýr, f., 1. *Søko, Ko, som antages at leve i Havet*: sækúa kyn *Þs.* 1, 134₂₄. — 2. *manatus, Søko*: selir, sækír og rostungar *Fjöl.* 2, 2, 4₁₅.

sæla, f., *Salighed, Lykke; Nydelse:* hver fær talið allar þær sælur, er Faðir lífsins hefir fyrirbúið hinum lifendu á jørðinni *Myn.* 159₂₇.

sælda (1), vt. og i., 1. *sælde, sigte.* — 2. eiga (hafa) e-ð saman við e-n að sælda *have noget med en at göre el. bestille, komme i Berøring med en, staa i et vist Forhold til en*: hjá hverjum manni fyrir sig þýðir „heimurinn" hér þann part af heiminum, sem hann á við að sælda *Mill* 35₁₈. Burt! eg hef ekkert saman við þig að s. *Lear* 44₂₀. auk þess eigum vjer meira saman að s. við Dani en nokkra aðra þjóð *BM. UM.* 40₃₀. Við höfum ekkert saman að s. *Hd.* 55₂₂.

sældarlíf, n., *lykkeligt Liv*: við búum hjer saman og lifum sældarlífi *Þús.* 1, 251₈.

sældingur (-s), m., *triglochin*, *Trehage. Grl.* 103$_{16}$.

sælgæti, n., *Lækkeri*, *Bonbon*: skorti þar eigi sykr og s. *TÞH. Sms.* 5$_{11}$. gefur hann þeim epli og ýmislegt s. *TB.* 12, 122$_{12}$.

sælgætiskaka, f., *Sukkerkage*: (var þá) gyltum skóghnotum, sælgætiskökum og skildingum kastað niðr til þeirra *Ið.* 3, 267$_{18}$.

sæliljа, f., *Sølilje*: má þaraf nefna sæliljurnar, sem eru nokkurskonar kórallar *Fjöl.* 1, 123$_{4}$.

sæljón, n., *otaria jubata*, *Søløve*: Hjer var s., sem svo er nefnt *KJ. Uf.* 55$_{1}$. *Gr. Df.* 46$_{11}$.

sælkerabragur (-ar), m., *Vellevned*, *Overdaadighed*, *Yppighed*: þó tók út yfir ofát þeirra og sælkerabragr *Ið.* 6, 92$_{21}$.

sælkeri, m., 1. *blødagtig Person*: við sváfum miklu betr en nokkur s. á dúnsængum *Ið.* 2, 162$_{14}$. — 2. *Lækkermund*: einhvur hin drígsta óhófskrás sælkjera og ríkispaura *Fjöl.* 2, 2, 10$_{23}$.

sællífi, n., *Vellevned*, *Overdaadighed*, *Yppighed*: allt of hneigð hafði hún gjörzt til sællífis *Ið.* 6, 93$_{24}$.

sælublandinn, pp., *blandet med Lykke*: allt er lífið myrkur draumur | sælublöndnum sollinn hörmum *KJ.* 178$_{8}$.

sæludagur (-s, -ar), m., *lykkelig Dag*: hinn mesti s. gjörvallrar sæfi vorrar *Fjöl.* 3, 1, 64$_{19}$.

sæludraumur (-s, -ar), m., *salig Dröm*: í sæludraumi þegar kossar brenna *ST.* 6$_{8}$.

sælufrjór (-van), a., *heldbringende*, *velsignelsesrig*: er hann (o: þessi sannleikr) eins s., sem hinn er geigvænlegr *MJ. Bfr.* 820$_{8}$.

sælufullur, a., *salig*: hver sem nokkurntíma hefur haft þetta hugarfar, mun hafa fundið, að það er gott og sælufullt *Myn.* 12$_{5}$.

sælugeisli, m., *lyksaliggörende*, *velgörende Straale*: að hafa sjeð þig, sólin blíð | og sælugeisla þína *Eimr.* 2, 141$_{8}$.

sælugjafi, m., *Salighedsgiver*: Hve sælt það land, hve sælt það hús, | er sælugjafinn líknarfús | sjer trútt og hlýðið fundið fær *Sb.* 190, 4$_{2}$.

sæluhús, n., *Fjældstue*: sæluhúsið á Kolviðarhóli *TB.* 12, 188$_{8}$. um draugasögurnar, sem fóru af heiðinni, einkum af sæluhúsinu *Ið.* 5. 360$_{26}$.

sælulíf, n., *saligt Liv*: að fara til himins í hið eilífa s. frelsara míns *Blk.* 86$_{29}$.

sæluóminni, n., *salig Selvforglemmelse*, *salig Henrykkelse*: og himinblóm | hjartna ungra | í sælu-óminni | saman grreru *KJ.* 163$_{8}$.

sæluríkur, a., *salig*: öllu stríði loks þú breytir | sælurikt í sigurhrós *Sb.* 164, 3$_{4}$. sú er mín sælurík von *Blk.* 83$_{10}$.

sælusól, f., *Lyksalighedens Sol*: s. upp runnin *Sb.* 232, 5$_{5}$.

sænaut, n., 1. *Sønød*, *Havnød*, *Fæhøved*, *som antages at leve i Havet*; því hann þóktist vita, að það mundu vera s. *Þs.* 1, 135$_{12}$. — 2. n. pl., *sirenia*, *Søkøer*. *Gr. Df.* 50$_{25}$.

sæng (-ur, -ur), f., 1. *Seng*. — 2. *Dyne*.

sængurfatnaður (-ar), m., *Sengeklæder*: Kalífinn sendi honum heilan sængurfatnað úr gullfjölluðu rósasilki *Þús.* 1, 329$_{28}$.

sængurhús, n., *Soveværelse*: mér var vísað til sængurhúss *Fjöl.* 1, 159$_{20}$.

sængurkalda, f., *Barselfeber*:

kemur það einkum til af því, að svo margar deyja úr sængurköldu á fæðingarhúsinu *LÍ.* 88$_{21}$.

sængurkona, f., *Barselkvinde:* Í Kaupmannahöfn deyr 1 af 85 sængurkonum *LÍ.* 88$_{20}$. að sitja yfir sængurkonum *LHA.* 3, 98$_{29}$.

sængurmök, n. pl., *Samleje:* í hvert skipti sem hann væri að hafa s. við konu *Þús.* 1, 70$_{25}$.

sæormur (-s, -ar), m., *Søslange:* sæ-ormar og öll hin margbreitta froska-ætt *Fjöl.* 2, 2, 4$_{19}$.

sær (-var), m., *Sø, Hav:* norður við heimskaut í svalköldum sævi *KJ.* 65$_{19}$. eygló að svölum sævi rann 156$_{16}$. og við Heming kljást á köldum sævi | kalla sé við færri manna hæfi *GTh. Lm.* 19$_{21}$.

særa (í), vt., *saare.*

særanlegur, a., *saarlig, som kan saares:* Það er á hverjum manni einhver s. blettur, sem hin andlegu vopnin bíta á *ÓÓ. PS.* 14$_{17}$. þenna særanlega blett 14$_{22}$.

særok, n., *Sødrev:* Sjest í særoki | svartur blettur *KJ.* 217$_{22}$.

sæstjörnur, f. pl., *stellerida, Søstjærner. Gr. Df.* 132$_{8}$.

sæsveppar, m. pl., *ascidiae, Søpunge. Gr. Df.* 129$_{22}$.

sæta (í), vt., *sætte i Stakke:* til að þurka og s. heyið *PS. Ast.* 75$_{10}$.

sæti, n. 1. *Sæde.* — 2. *Høstak:* Var fögur sjón að sjá hinn mikla grúa af sætum, smáum og stórum *PS. Ast.* 75$_{12}$.

sætilegt, a. n., *muligt at sidde, muligt at være paa Søen paa Grund af Vejrliget:* ef menn hefðu ekkji hlifst við helgjidagana, þegar s. var *Fjöl.* 4, 3, 35$_{22}$.

sæúr, n., *Søur, Kronometer:* Til þess er haft nokkurskonar sigurverk, er heitir tímamælir *(Chronometer)* eður s. *Urs.* 187$_{21}$.

sævarbotn (-s), m., *Havbund:* aptur á móti verður sævarbotninn eigi fyrir þeim áhrifum af vatni, jöklum og lopti, sem naga í sundur meginlandið *ÞTh. Jf.* 6$_{7}$.

sægur (-s), m., *Mængde, Vrimmel:* óteljandi sægur *Fjöl.* 2, 2, 22$_{6}$. Af óæðri kennslustofnunum var til mikill sægur *Iðn.* 1, 273$_{19}$.

sækja (sæki, sækjum; sótti *og* sókti, sóttum *og* sóktum; sóttur *og* sóktur), vt., og i., 1. *søge, besøge:* unz hann kom til musteris eins, er fáir sóktu *Þús.* 2, 165$_{4}$. — 2. *hente:* gimsteinakaupmaðurinn var sóktur *Þús.* 2, 166$_{36}$. biðið mín hjer stundarkorn, meðan eg sæki þær (o: peningapyngjurnar) 167$_{24}$. — 3. *med Præpositioner.* s. á *forurolige, ængste, plage:* Í þessum eymdarstað sókti hálfu meiri harmur á Kristinn *FP.* 107$_{12}$. — s. að *trænge ind paa, angribe:* er þjett skothríð dyndi á og margir menn sæktu að *AK.* 105$_{30}$. — sækjast eftir *eftertragte, stræbe efter:* Þeir, sem sækjast eins eptir barneign eins og eg eptir þessum syni mínum, eru meira enn meðalflón *Þús.* 2, 180$_{19}$. — sækja um e-ð *ansøge om noget:* maður nokkur sótti til Vilhjálms Prússa konungs um embætti *PP. Sms.* 48$_{26}$.

sækjandi, m., *Ansøger:* Annar þeirra er yðar hátign, svaraði sækjandi, en hinn er jeg *PP. Sms.* 49$_{10}$. þar sem 9 sækjendr honum fremri að lögboðnum hæfileikum höfðu sótt á móti honum *GT.* 163$_{6}$.

sœmilega, adv. *temmelig, temmelig godt:* Kaupverzlun var ár þetta sæmilega góð *Fjöl.* 4, 3, 41$_{21}$. leingi varð jeg að láta mjer lynda að

vera sæmilega gáfaður *JT. PoS.* 68₅.

sænska, f., *Svensk, det svenske Sprog*: (málfræðin íslenzka), sem prentuð er á sænsku í Stokkhólmi 1818 *Fjöl.* 4, 3, 52₇.

særa (i), vt., *besværge.*

særandi, m., *Besværger, Aandebesværger, Exorcist*: Særendurnir *(exorcistæ)* áttu að bera andlega umhyggju fyrir þeim, er haldnir voru illum öndum, og lesa bænir og særingar yfir þeim *HH. Ks.* 114₂₆.

særing (-ar), f., *Besværgelse, Aandebesværgelse:* Á 3. öld var særingunni *(exorcismus)* bætt við *HH. Ks.* 127₁₇. (þið) hafið við særingar *TÞH. Dr.* 1, 2, 77₂.

særingamaður, m., = særandi: ófarir særingamanna nokkurra *HH. Ks.* 26₆.

sæta (i), vt., *forsøde:* ástin sorg í sælu breytir, | sætir hverja gleðistund *JT.* 242₂₁.

sætabrauð, n., *Bagværk, Bakkelse, Sukkerbrød*: Búðar í loptið hún Gunna upp gekk | gráfíkjur nógar og sætabrauð fjekk *JT. PoS.* 77₁₂.

sætabrauðsbakari, m., *Sukkerbager:* Fór eg með henni til . . . kryddsölumanna og sætabrauðsbakara *Þús.* 1, 191₂₄.

sætabrauðskaka, f., *Sukkerkage:* voru bornar fram sætabrauðskökur *Þús.* 1, 848₁₇.

sætindasall, m., *Urtekræmmer*: einn selur t. d. kaffi, sykur, te o. fl. því líkt; hann er nefndur sætindasali (á dönsku *Urtekræmmer*) *KJ. Uf.* 14₂.

sætindi, n. pl., *Slikkerier, Bonbon*: sykr, kaffi og sætindi *AÓ. Af.* 150₂₇. þegar hann bað um sykur og sætindi *Ið.* 1, 47₂.

sætkendur, a., *beskænket og munter*: Var nú hinn gamli klerkur orðinn sætkenndur *PS. Ast.* 373₁₁.

sætmáll, a., *sødtalende:* Þá spratt upp hinn sætmáli Nestor *Il.* 1, 11₂₃. Alténd ertu nógu sætmál *Sak.* 11₁₁. þegar hún er sem sætmálust við trén 11₁₃.

sætmeti, n., *søde Retter:* síðan kom sætmeti *Ið. SG.* 107₁₃.

söðulbakaður, a., *(e. saddle-backed), svejbaget, svejrygget*: þeir (ö: asnarnir) eru ekki söðulbakaðir *PJ. Ns.* 71₂₁.

söðulhestur (-s, -ar), m., *Sadelhest*: áburðar- og söðulhestar *Ið.* 3, 244₂₃.

söðull (söðuls, söðlar), m., *Sadel; bruges nu mest om en Damesadel*: aldrei hafði fyrr verið lagður s. á hana (ö: hryssuna) *JT. PoS.* 28₂₃.

söðulnef, n., *Braknæse*: nefið er margvíslega lagað (arnarnef, s.) *JJ. EML.* 105₁₃. Eptir löguninni er nefið nefnt ýmsum nöfnum, svo sem þúfunef, arnarnef, s. *PJ. Ns.* 29₁₀.

söðulnefjaður, a., *braknæset*: úteygður, s., kinnamikill og varaþykkur *Ið.* 6, 259₂₂.

söðulreiði, m., *Rumperem til en Kvindesadel*: söðulreiðinn var úr íslenzku, vel eltu leðri *TB.* 15, 243₁₅.

söfnuður (safnaðar, safnaðir), m., 1. *Samling.* — 2. *Forraad af Skyr el. opsat Mælk*: Var svo flutt úr selinu um haustið heim bæði menn, fénaður og s. *Þs.* 1, 65₂₇. — 3. *Menighed*: presturinn gagnvart söfnuðinum *Ið.* 6, 213₂₃.

söfnunarmaður, m., *Samler*: fræðimenn, söfnunarmenn, iþróttamenn og skáld *Ið.* 2, 159₆.

sög (sagar, sagir), f., *Sav:*

Indriða þótti harla vænt einkum um hefilinn og sögina *JT. PoS.* 21$_{17}$.

sögubórinn, pp., *historisk:* þeir (ɔ: fræðimennirnir) þykjast vera komnir að raun um, að mörg íslensk saga, sem áðr þótti ágæt, sé ekki annað en sögubórin skáldsaga (historisk Roman) *TB.* 10, 71$_{24}$.

sögufni, n., *Genstand for Fortælling:* þó jeg hjer hafi valið mjer fyrir s. lifskjör þeirra manna, sem töluvert hefir kveðið að í þjóðfjelaginu *TÞH. BS.* 307$_{20}$.

sögufróður, a., *sagnkyndig, kyndig i Historien:* Þú kristalls-hjálmi krýnd um daga og æfi, | þú konungborna, sögufróða dís *TÞH. BS.* 269$_{1}$.

sögufræði, f., *historisk Kundskab, Historie.*

sögufræðingur (-s, -ar), m., *Historiker, Historieskriver:* sögufræðingi og sögukennara *ÞR.* 1$_{4}$.

sögugyðja, f., *Historiens Gudinde, Historiens Muse:* Þig sögugyðjan himinhrein | til hœlis valdi sjer *KJ.* 71$_{22}$.

söguhetja, f., 1. *Sagnhelt:* Söguhetjan „Ragnar loðbrók" *TB.* 10, 87$_{15}$. — 2. *Helten i en Fortælling el. Roman:* þessi sömu atriði voru hirtingarvöndur söguhetjunnar *TÞH. BS.* 308$_{22}$.

sögukennari, m., *Lærer i Historie; se* sögufræðingur.

sögukensla, f., *Undervisning i Historie:* við sögukennsluna (eru) sýndar myndir af merkum viðburðum *Av.* 7, 98$_{27}$.

sögukorn, n., *Smaafortælling:* ef „fylgjandi" s. „mætti þéna" iður til skjemtunar *Fjöl.* 2, 3, 57$_{17}$.

sögulaun, n. pl., *Belönning for Angivelse:* má vera, að hann borgi mjer sögulaunin vel *TÞH. BS.* 252$_{16}$.

sögulega, adv., *historisk:* vjer vildum óska, að það væri s. rjett, er kaþólsk kirkja kennir um líf og dauða Pjeturs postula í Róm *Ið.* 4, 405$_{16}$. þótt slíkar frásagnir sjeu ekki s. áreiðanlegar *BB. RK.* 12$_{9}$.

sögulegur, a., *historisk:* ein hin merkilegasta sögulega uppgötvun vorrar tíðar *Av.* 6, 180$_{12}$. fyrir utan sjóndeildarhring sögulegrar minningar *Skír.* 85, 81$_{4}$. eg verð að bæta nokkrum sögulegum athugasemdum við *GB.* 122$_{15}$. í sögulegu tilliti 127$_{7}$. söguleg rit *Tang* 151$_{24}$.

sögulestur (-rar), m., *Læsning af Sagaer:* þó illt sé, er s. líka víðast orðinn miklu minni en áður var *ÞTh. LÍ.* 63$_{22}$.

sögulljóð, n. pl., *episk Digtning:* Hin fyrri stefnan deilist eptir skáldskaparforminu í tvo flokka, nefnilega leikrit og s. *Gr. Kv.* 87$_{3}$. menn höfðu hliðsjón af Hómer og hinni glæsilegu hetjutíð, sem viðfrægð var í sögulljóðunum *Stoll* 22$_{20}$.

sögumaður, m., 1. *Historiker, Historieskriver:* Í sínu skauti sagnagrund | nú sögu-manninn geymir *KJ.* 76$_{4}$. — 2. *Hjemmelsmand:* Sögumaðr minn var á skipinu Agincourt *Fk.* $^{12}/_{2}$ 88, 20a$_{20}$. — 3. *Angiver:* hversu mikið af sektunum skuli falla til sögumannsins *StA.* 76, 58$_{24}$.

sögun (saganir), f., *Savning.*

sögunarmylna, f., *Savmølle:* enda er s. geysistór norðantil í bænum hjá dálitlum fossi *Av.* 5, 22$_{11}$. sumt eru líka sögunarmyllur *TUM.* 2, 34$_{16}$. Þar ætlaði S. að koma sjer upp sögunarmyllu *Ið.* 2, 18$_{14}$.

sögunarvél (-ar), f., *Savmaskine:*

mundi vel borga sig að setja þar s. *Austri* $^{8}/_{7}$ 85, 50b$_{61}$.

sögurríkur, a., *sagnrig, rig paa historiske Minder*: af helgri forsjón hann var loksins sendur | að hefja' á ný sitt ættland sögurika *Sk.* $^{19}/_{8}$ 80, 193$_{12}$. á þessum sögurika stað *TÞH. BS.* 246$_{20}$.

sögurit, n., *historisk Skrift:* hið fimmta s. nýja testamentisins *HH. Ks.* 64$_{29}$.

söguritari, m., *Historieskriver*: þá er ekki orðið svo auðvelt fyrir söguritarann að sýna, að þeir sjeu sviplíkir *Ið.* 3, 294$_{22}$.

söguskáld, n., *episk Digter*: segir söguskáldið frá öllu þessu sjálfur *Gr. Kv.* 89$_{6}$.

sögusögn (-sagnar, -sagnir), f., *mundtlig Fortælling, mundtlig Overlevering:* þó eg hafi nockra sögusögn um, ad vida í Austfirdínga Fiórdúngi sé vedur-sælt *HF. Kv.* 1, 8$_{11}$. Margt hlýtr auðvitað að hafa farið milli mála í sögusögninni *TB.* 10, 94$_{2}$.

söguviðburður (-ar, -ir), m., *historisk Begivenhed*: Fyrst var myndaletrið haft til að skýra frá ýmsum söguviðburðum *Ið. SG.* 184$_{23}$.

sögurísindi, n. pl., *historiske Videnskaber:* Kappræða þessi . . . knúði Lúter til þeirra rannsókna í guðfræði og sögurísindum, sem *HH. Lút.* 34$_{25}$.

sökkhlaða (-hleð, -hlöðum; -hlóð, -hlóðum; -hlaðinn), vt., *lade et Fartöj saaledes at det er nær ved at synke:* síðan sökkhlóðu þeir skipin *Tang* 96$_{22}$. sökkhlaðinn byrðing af fjörugum snótum *Tegn. Frþ.* 126$_{5}$.

sökkva (sökk, sökkvum; sökk, sukkum; sokkinn), vi., *synke;* sokkinn niður í *fordybet i:* Hann var sokkjinn niður í bókiðnir *Fjöl.* 3, 2, 29$_{16}$. (hann) var sokkinn niður í djúpar hugsanir eins og vant var *Ið.* 3, 38$_{12}$.

sökkva (i), vt. med dat., *at bringe til at synke, sænke*: s. sér niður í *fordybe sig i:* að maðurinn sekkur *(skulde være* sökkvir) huga sínum og sálu niður í sitt eigið *Sw. VÆ.* 230$_{15}$. hann sökkti sjer öllum niður í minningar Niflungatíma *Skír.* 87, 103$_{9}$.

söl *(g. pl.* -va), n. pl., *alga saccharifera, stor Strandkløver. BH. Grn.* 194$_{9}$. *Mohr* 245$_{22}$.

sölna (a), vi., *gustnes, falme:* rætr og aldin rotna' og s. *EÓ.* 42b$_{15}$. stormarnir hvína, stráin s. *KJ.* 31$_{9}$.

sölsa (a), vt., *anmasse, tilrane:* Þjóðverjar munu s. undir sig *(ville tilrane sig)* sveitir þær, sem liggja norðan til og austan til í Frakklandi *Skír.* u. á. 93, 45$_{23}$.

söltun (saltanir), f., *Saltning, Nedsaltning*: að leggja fiskjinn blautan inn til söltunar *Fjöl.* 4, 3, 39$_{17}$.

sölubúð (-ir), f., *Butik:* Lauk hann þá upp s. sinni *Þás.* 1, 35$_{12}$. Var forgarður sjálfs musterisins þá orðinn s. *LLH.* 22$_{19}$.

sölumaður, m., *Sælger; Handelsbetjent*: Úr garði þessum var það að Kristur rak sölumenn og kaupendur *LLH.* 111$_{7}$. Tel ég þá fyrst, er . . . hafa hjer kaupvöru og setja yfir sölumenn *Fjöl.* 1, 73$_{22}$.

sölumenska, f., *Handel*: þó stjórnin léti það viðgángast, að sölumennska útlendínga öll þryti *Fjöl.* 1, 77$_{4}$.

sölur, f. pl.; *Se* sala.

söluskilmálar, m. pl., *Auktionskonditionér*: semur innheimtumaður

frumvarp til söluskilmála *LHA.* 3, 196₂₅.

sölustaður (-ar, -ir), m., *Udsalgssted*: að leyft sé að drekka þá (ɔ: áfenga drykki) á sölustaðnum *Mill* 203₂₀.

sölustöð (-var, -var), f., *Stabelplads:* Sem s. hefur England aptur á móti mjög mikla þýðingu fyrir saltfiksverkun okkar *Av.* 19, 166₂₃.

sölutorg, n., *Torv, Markedsplads*: Þá eru ávextir, kjöt, fiskur og margt annað selt á sölutorgunum *KJ. Uf.* 14₉. með sölutorgum, skemmtivegum og ótal þægindum *TB.* 7, 142₂₇.

söluverð, n., *Udsalgspris:* (skyldu þeir) skipta milli sín þeirri upphæð, sem söluverðið væri hærra en innkaupsverðið *Þj.* $^{24}/_{10}$ 90, 198a₂₆.

sölvamœður, f. pl., *fucus reticularis. BH. Grn.* 195₁₄.

sömuleiðis, adv., *ligeledes*: s. Ó. B. frá Hitardal *Fjöl.* 3, 1, 51₁₉.

söngblíður, a., *sangblid, vellydende, melodisk*: Í gullstrengjum sefur hið söngblíða hljóð *Þj.* $^{24}/_{5}$ 76, 75b₄₉.

söngdís (-ir), f., *Sanggudinde, Muse*: það er ekki rétt af þeim að neyða söngdísina til að dansa í hlekkjum *BJ. EÓ.* 6₈.

söngeyra, n., *musikalsk Øre:* nema hann sje viss um, að sveinninn hafi s. *Auðv.* 20₄.

söngfegurð, f., *Musikkens Skönhed, Behagelighed:* því s. á við oss alla *ÓS.* 7₁₅.

söngfélag, n., *Sangforening*: eru bæði söngfjelög og söngflokkar í bænum *Sm.* 108₃₁.

söngflokkur (-s, -ar), m., *Sangkor. Se* söngfélag.

söngfróður, a., *kyndig i Musik.*

söngfræði, f., *Tonelære, Musik:* Í söng er kennt hið auðveldasta í söngfræði *Av.* 7, 96₁.

söngfræðilegur, a., *som hører til Tonekunsten, musikalsk*: hér nægði ekki að hafa nokkra söngfræðislega þekking á hinum algildu undirstöðuatriðum sönglistarinnar *Kb.* 1, 90₂₂.

söngfræðingur (-s, -ar), m., *Tonekunstner*: hið síðasta þess konar verk hins ágæta söngfræðings *Fr.* 78, 29₂₅. ágætur söngfræðingur *Kb.* 1, 90₉.

söngfugl (-s, -ar), m., *Sangfugl*: þar búa ekki saungfuglar *LLH.* 75₁₆. flytja söngfuglar sætast lag | svífandi um lopt á vængjum skjótum *ST.* 8₅

sönggáfa, f., *musikalsk Begavelse.*

sönggyðja, f., *Sanggudinde, Muse*: þar voru saunggyðjurnar *Il.* 1, 26₁₃. sönggyðjurnar og þokkagyðjurnar *Stoll* 14₁₃.

söngghljóð, n. pl., *Syngestemme:* hlaut hver maður að viðurkenna, að hann hafði geysimikil s. *PS. Ast.* 156₂.

söngghljómur, m., *Sangtoner, musikalske Toner*: sönghljómar hafa snemma hrifið anda mannsins *Gr. Kv.* 102₁₃.

trafaðskjur, f. pl., *Æske til at forvare Linned i*: Einhver kynni að segja, að börnin sjeu of mjög höfð hjer í trafaðskjum *Ið.* 5, 298₂₅.

tralla (a), vi., *tralle*: þar gátu þau sungið og trallað *Eimr.* 2, 81₂₄.

trana f., *Trane*: T. nokkur lét loksins til leiðast *Esóp* 49₉.

trana (a), vt. med dat.; t. e-u fram *fremholde noget*; t. sér fram *trænge sig frem*: vilia þó sifeldlega vera í samqvæmum og t. sér fram *HF. Kv.* 1, 33₁. Hann var einn af þeim, sem aldrei vilja t. sér fram *Skír.* 87, 53₇.

trappa, f., 1. *Trappetrin*: þá voru nú margar tröppur upp að gánga *LLH.* 111₁₇. voru upp að honum (ɔ: legubekknum) tröppur *Þús.* 1, 157₁₆. — 2. *Point*: afbragðsvel, jafnt 8 tröppum *LHA.* 3, 145₂₅.

tráss, n., *Trods*; í trássi við *til Trods for, imod ens Vilje*: að yngismennirnir elti dæturnar í trássi við feðurna *PS. Ast.* 358₁. Hann jók og bjó her sinn í trássi við þingið *Skír.* 89, 42₂₅.

trassa (a), vt., *forsömme, vanrøgte*: þótt menn trassi og niðrniði jarðirnar *AÓ. Af.* 188₄. hve ófyrirgefanlega verzlunarfélagið trassaði stofnanirnar *Safn* 3, 91₁₂. Er sem hann hafi þá fremr farið að t. að færa inn í syrpur sínar *GT.* 149₁₀.

trassadómur (-s), m., *Forsömmelighed, Vanrøgt*: Landeigendr geta litið gefið fyrir þá eign . . ., er leiguliði getr gert og gerir ónýta skjótt aftr með vanrækt sinni og trassadóm *AÓ. Af.* 184₇.

trassafenginn, a., *forsömmelig, skødesløs*: hvað jeg hafði verið t. við latínulærdóminn *Ið.* 1, 236₄.

trassaskapur (-ar), m., = trassadómur: Það er hætt við, að það komi af trassaskap og kæruleysi *ÓÓ. Hv.* 26₂₂. svo og t. manna og kæruleysi *Br.* 6, 80₂₄.

trassi, m., *skødesløs Person*: trassinn, sóðinn, jarðvöðullinn *AÓ. Af.* 34₂₂.

traustavinur (-ar, -ir), m., *fortrolig Ven*: þegar þeir menn, sem embættum ráða, veita þau jafnast traustavinum sínum *Skír.* 85, 68₂₂.

traustsmíðaður, pp., *stærktbygget*: í hinni traustsmíðuðu höll *Il.* 1, 53₈.

trébekkur (-jar, -ir), m., *Træbænk*: Í Leith, Edinburgh og víðar . . . eru berir trjebekkir í vögnum 3. flokks *KJ. Uf.* 87₁₄.

trébyrgi, n., *Træskur, Skur*: Hjerna á hliðinni, sem snýr út til kálgarðsins, læt jeg gjöra dyr og setja þar fram af dálitið trjebyrgi *JT. PoS.* 184₄.

trédrumbur (-s, -ar), m., *Træ-*

klods: fleygði hann trédrumb niður í vatnið *Esóp* 11₉.

trefjaefni, n., *Trævlestof*: Aðalefni blóðvökvans er . . . 3. trefjaefnið *JJ. EML.* 23₅.

trefjavefur (-jar, -ir), m., *Trævlevæv*: Þræðir þessir samanstanda af eggjahvítuefni og trefjavef *JJ. EML.* 11₂₀.

tréfætur, m. pl., *Træben, daarlige Ben, daarlig Tilstand*: allt gekk á tréfótum *(alt var i Uorden)* í húsinu *GP. ÞS.* 8₁.

tregalaust, adv., *uden Sorg:* að jeg geti t. skilið við þessa lífs fögnuð *Þús.* 1, 25₁₂.

tregða, f., *Vægring, Uvillighed, Ulyst*: greiddu skuldir þínar bæði seint og illa, ætíð með tregðu *AÓ. Af.* 27₁₈. Hér af leti, heimskan blind | og holdsins tregða kemur *BG. Nj.* 195₂.

tregðast (a), v. refl., *vægre sig ved, undslaa sig for*: þær sveitirnar, er tregðuðust við að þekkjast þá ráðstöfun *Fjöl.* 3, 2, 5₂₁. og tregðist jeg að þjóna þjer *Sb.* 15, 4₃. en störf til sáluhjálpar þörf | vjer tregðumst við að vinna 135, 2₇.

tregi, m., *Sorg.*

treglega, adv., *med Vanskelighed, langsomt*: þó eitthvað virðist að gánga heldur t. *Fjöl.* 2, 3, 49₂₃.

trégrind (-ur), f., 1. *Trægitter*: Fyrir öllum gluggum eru trégrindur *Ið. SG.* 91₂₆. — 2. *Ramme (af Træ):* er það trjegrind með tveimur langrimum *N. Hf.* 89₁₀.

tréhamar (-hamars, -hamrar), m., *Træhammer, Kødhammer*: Allt kjöt verður meyrara, ef það er barið ögn með trjehamri *EB. Kf.* 23₆.

tréhestur (-s, -ar), m., *Træhest:* Albert kom með skipið sitt, trjehestinn sinn og alla rauðflekkóttu hermennina sína *TÞH. SoÆ.* 91₂₂.

treina (i), vt., *spare noget saaledes at det strækker til*: En þótt oss treindist nestið alla leið til tunglsins *Trh.* 9₂₄. hafði jeg þynt með vatni það (ɔ: blekið), sem seinast var eptir, til þess að t. það sem lengst *Rób.* 69₇. t. í sér lífið *friste Livet:* Margir lögðust á náinn til að t. í sjer lífið *Íf.* $^{36}/_{10}$ 89, 341b₅₇.

trékendur, a., *træagtig:* þessi breyting gjörir hið upphaflega trékenda efni að meira eða minna dökkleitum . . . líkama *TB.* 2, 37₄.

trékoppur (-s, -ar), m., *Træbøtte*: hlandinu er safnað og geymt í trékoppum til að þvo úr því *LÍ.* 39₆.

trekt (-ir), f., *Tragt*: Vatnið í trektinni sýnist að sjóða *StN.* 1, 24₅.

trékubbur (-s, -ar), m., *Træstump, Træknub, lille Tømmerstykke:* að draga upp ýmislega lagaða, sívala og margstrenda trékubba *Av.* 7, 99₃.

trélíkneskja, f., *Billede af Træ:* Þeir sýndu honum þá trélíkneskjur *Ið. SG.* 131₅.

trémúr (-s, -ar), m., *Træmur*: að þeir skyldu verjast fyrir innan trémúra Aþenu *PM. Ág.* 32₃.

trémynd|un (-anir), f., *Trædannelse*: sést venjulega trémyndunin í henni (ɔ: þessari kolategund) *TB.* 2, 38₂₄.

tréna (a), vi., *blive haard som Træ.* V. refl., trénast upp á e-u *blive ked af noget*: jeg er farinn að trénast upp á því að segja þessar sögur *PS. Ast.* 175₂₃.

trénegla (i), vt., *nagle med Trænagler*: urðu menn þá að t. skipin *TB.* 4, 198₂₀.

tréni, n., *Træstof, Cellulose:* þó meltist mjög lítið af hratinu, ef þess

er neitt, vegna trjenisins, sem í því er *GB. Matv.* 18$_{11}$.

tréskór (-s, -r), m., *Træsko:* Stigvjel einu sinni, enn t. tvisvar *Sm.* 135$_{7}$. á trjeskóm 135$_{9}$. Vefa hafði stóra trjeskó á fótunum *Hd.* 52b$_{30}$.

tréskurðarlist, f., *Træskærerkunst:* í tréskurðarlistinni stendr Evrópa á baki Bandaríkjum Ameríku *Sk.* $^{2}/_{10}$ 80, 241$_{28}$.

tréskurðarmynd (-ir), f., *Træsnit:* tréskurðarmyndir ná skamt til að gefa hugmynd um málverk *Sk.* $^{2}/_{10}$ 80, 241$_{26}$.

tréskurður (-ar), m., *Træskæring.*

trésleif (-ar), f., *Træsløv:* Bárður jós með trésleyf vatni á 10 potta tunnu *JT. PoS.* 58$_{21}$.

trésmíði, n., *Snedkerarbejde:* rennismíði, fínt trjesmíði *KJ. Uf.* 40$_{25}$.

trésmiður (-s, -ir), m., *Snedker:* smiðjur trjesmiða *LHA.* 3, 90$_{24}$.

tréstampur (-s, -ar), m., *Træstamp, Trøbalje:* Á botninn á trjestampinum skal láta kembda ull *EB. Kf.* 11$_{19}$.

tréstokkur (-s, -ar), m., *Trækasse:* (hann) hóf upp úr kistlinum tréstokk *PS. Ast.* 283$_{24}$.

tréstubbur (-s, -ar), m., *Træklods:* eigandinn hafði engin önnur ráð enn að binda tréstubb um háls honum (ɔ: hundinum) *Esóp* 67$_{19}$.

tréstærð (-ir), f., *Størrelsen af et Træ:* ávöxtur trésins en eigi tréstærðin *AÓ. Af.* 161$_{24}$.

trippi, n., 1. *ung Hest el. Hoppe fra første til fjærde Aar.* — 2. *letsindigt ungt Menneske:* þetta er mesta t., stelpan *Tøsen er overmaade letsindig.*

trissa, f., *Tridse:* reim, sem liggur utan um nokkrar trissur á vjelinni *N. Hf.* 89$_{21}$. Um allar trissur *til alle mulige Steder:* hann hefur farið um allar trissur með hernum *PP. Sms.* 211$_{7}$.

trítla (a), vi., *trippe:* hann tapaði dáltri tára-dregg, | trítlaði burt og stundi *GT.* 81$_{17}$. þóktust menn sjá hana (ɔ: Skottu) t. á undan séra Jóni *Þs.* 1, 364$_{30}$. barn eitt trítlaði yfir strætið rjett fyrir framan hestinn *Dv.* 89, 11$_{11}$.

trjá-, *gen. pl. af* tré, *betragtes nu undertiden som Rodstavelse og bruges som første Sammensætningsled i samme Betydning som* tré.

trjábolur (-s, -ir), m., = trébolur: tröllslegir trjábolir *Ið.* 2, 161$_{15}$.

trjáefni, n., = tréefni *Træstof:* Trjáefnið er leyst í sundr með sýrum *Fk.* $^{30}/_{11}$ 85, 86a$_{75}$.

trjágangur (-s, -ar), m., *Trægang, Allé:* framantil í trjágangi einum *Þús.* 2, 136$_{15}$. um leið komu hinar svörtu konur úr trjáganginum 137$_{30}$. gegnum trjáganga nokkra 308$_{2}$.

trjágarður (-s, -ar), m., *Trægaard, Trøhave, Træskole:* haninn flaug upp í trjágarðinn *Ið.* 3, 300$_{29}$.

trjákendur, a., = trékendur: trjákendir burknar *Ið.* 2, 168$_{23}$. mókolin eru opt trjákend *ÞTh. Jf.* 12$_{3}$.

trjákongur (-s, -ar), m., *Træernes Konge:* Sedrustréð á Líbanon . . . var trjákóngurinn í Gyðingalandi *LLH.* 94$_{15}$.

trjákvoða, f., *Gummi:* þeir selja kol, trjákvoðu (Gummi), lútarsalt *Ið. SG.* 37$_{18}$.

trjáplanta, f., *Træplante:* Hann hefir fengið 1200 trjáplöntur frá Danmörku *Fjöl.* 1, 91$_{18}$.

smáfugli *TÞH. SoÆ.* 73₁₁. Heyrist manns ei málið | mjúku fyrir tísti *GTh. Lm.* 303₁₉.

tísta (í), vi., *kvidre.*

títa, f., *tringa:* Titur *(Tringa)* hafa langt nef eða lítt bogið *Gr. Df.* 62₁₉.

titilblað, n., *Titelblad:* Nú er oss það síðast sagt þeim sé á hraði, | til mun næstum titilblaðið *JT.* 305₄.

titlingur (-s, -ar), m., *Spurv:* þángað til hann var orðinn á stærð við titling *Þs.* 1, 337₂₉.

titra (a), vi., *sitre:* titrandi lífsins æðar slá *KJ.* 24₆.

titring (-ar), f., *Sitren, Vibration:* Ljósið er eigi annað en t. á ljósvakanum *Av.* 6, 68₆.

titringur (-s), m., *Sitren, Svingning, Vibration:* Sú líking, sem er á milli lita og hljóða að því leyti, að hvorttveggja er framkomið af titringi, hefir einu sinni leitt fram kátlega hugmynd *Gr. Kv.* 101₂₀.

titr|un (-anir), f., *Sitren, Bæven, Gysen:* með ótta' og t. aðgæt þú, | hvort eigi sjertu' í voða *Sb.* 249, 1₃. en málið smeika | á munni dó með t. veika *TB.* 17, 209₂₅.

títt, adv., *tit, ofte;* comp. tíðar *tiere, oftere:* Tárin fjellu nú tíðar *TÞH. Dr.* 1, 2, 28₅.

tituprjónn (-s, -ar), m., *Knappenaal:* eptir verða ölhúsdónar | og svo drottins tituprjónar *JT.* 180₂₀. Mætti jeg vera svo frí og biðja um eitt brjef af tituprjónum *ÞJ. MV.* 18₁₃. Tituprjónninn er lítill og auðvirðilegur hlutur, þegar hann er í fötum *Sm.* 85₁₇.

tituprjónshaus (-s, -ar), m., *Knappenaalshoved:* steinkornin eru optast á stærð við t. *ÞTh. Jf.* 12₂₂. Í annað glasið látum vjer saltkorn, ekki stærra en t. *StN.* 1, 39₂.

tíu, num. card., *ti.*

tíufjórðungavætt (-ir), f., *Centner:* að þola hérumbil 300 tíufjórðungavætta þrýstingu *Fisch. Ef.* 136₁₂.

tíund (-ir), f., *Tiende:* t. af fimm hundruðum *LHA.* 3, 217₆.

tíunda (a), vt., *angive til Tiende:* Hver maður . . ., sem á 60 álna eða hálft hundrað í tíundbæru lausafje, skal tíunda það á hverju ári *LHA.* 3, 214₂₃.

tíundandi, m., *Tiendeyder:* í þeirri þinghá, sem t. á lögheimili í *LHA.* 3, 217₃.

tíundarbær, a., *tiendepligtig:* gjaftollurinn, sem eptir gamalli venju er goldinn af öllu tíundarbæru lausafje *LÍ.* 77₂₂.

tíundarframtal, n., *Tiendeangivelse:* að gjöra rjettarrannsókn um t. manna *LHA.* 3, 216₉.

tíundarskýrsla, f., *Tiendefortegnelse:* skal telja hann (ɔ: leigupeninginn) sjer í tíundarskýrslunum *LHA.* 3, 216₂₀.

tíundatakandi, m., *Tiendetager:* nema allir tíundatakendur leyfi *LHA.* 3, 216₂₅.

tíundbær, a., = tíundarbær: í tíundbæru lausafje *LHA.* 3, 214₂₃.

tíutíu, num. card., *ti Tiere, Hundred; bruges som uböjeligt Adjektiv:* auktu tölu aptur með þúsund | og aptur t., | enn þá kossum þúshundruð | og enn þá t. *BT.* 245₁₃.

tjá, f. *el.* n., *Forvirring, Oprør:* Kynni svo til ad bera, ad adkomandi ormur eda fluga kiæmi inní stockinn, þá er allt á tjá og tundri *HF. Kv.* 1, 72₁₆. þá var allt á t. og tundri *Ið.* 3, 291₁₅. Allt komst

á t. og tundur í höfuðstaðnum *HP.* (*Jr.* 10₂₀.

tjá (tjái, tjáum; tjáði, tjáðum; tjáður), 1. vt., *te, vise; meddele.* — 2. *hjælpe, nytte*: að tarna tjáir ekki *Ss. Íf.* 1, 156₂₄. það tjáði ekki, að málaranum var sýnt fram á, að 214₁₉.

tjald, n., 1. *Telt.* — 2. *Forhæng.*

tjalda (a), 1. vi., *opslaa et Telt.* — 2. vt., *tjælde, behænge med Tæpper.*

tjaldgerðariðn, f., *Teltmageri, Teltmagerhaandværk:* auk þess lærði hann tjaldgjörðariðn *HH. Ks.* 18₇.

tjaldgerðarmaður, m., *Teltmager*: Akvílas var tjaldgjörðarmaður *HH. Ks.* 23₃₁.

tjaldhimin (-himins, -himnar), m., *Tronhimmel:* Falskalífinn settist í gullið hásæti, alsett perlum og gimsteinum, undir grænum tjaldhimni *Þús.* 2, 114₂₅.

tjaldhæll (-s, -ar), m., *Teltpæl*: Ekki var hægt að festa tjaldhælana *Av.* 19, 114₅.

tjaldur (-s, -ar), m., *haematopus ostralegus, Strandskade. Mohr* 49₅. *Faber* 21₇. *Gr. Df.* 62₁. *Gr. Sk.* 95, 39₁₈.

tjara, f., *Tjære.*

tjarnaelting, f., *equisetum fluviatile. Mohr* 222₂₀.

tjarnastör (-starar), f., *carex acuta. Mohr* 213₁₁.

tjóðra (a), vt., *töjre*: (kálfurinn) var tjóðraður í túninu *Þs.* 1, 387₆. þar sem hún (ɔ: kýrin) gekk tjóðruð *Dægst.* 53₄.

tjóður, n., *Töjr.*

tjóðurband, n., *Töjr*: Maðurinn getur ekki tekið eðlilegum framförum í tjóðurbandi ófrelsis *Sm. Hps.* 127₅.

tjón, n., *Tab, Skade.*

tjónkast (a), v. refl., *være muligt*: þar eð ekkji t. að herða fiskjinn firir þjófnaði og stjörnleysi *Fjöl.* 4, 3, 39₁₂.

tjörugerð (-ir), f., *Tjærekogning:* tjöru- og bikgjörð *LHA.* 3, 87₂.

tjöruspýta, f., *Tjærepind*: en í öðru munnvikinu hafði hún langa tjöruspýtu, sem logaði á og lýsti henni við verkið *TÞH. Dr.* 1, 2, 75₁₈. Hún kveikti á nýrri tjöruspýtu 76₁.

tóbak, n., *Tobak*: enda er t. engin nauðsynjavara *TÞH. Dr.* 1, 2, 117₁₂.

tóbaksbaukur (-s, -ar), m., *Slags Tobaksdaase*: kom nú á lopt fallegasti hópur af tóbaksbaukum *PS. Ast.* 158₈.

tóbaksdósir, f. pl., *Tobaksdaase*: framan til á borðinu liggja stórar t. úr silfri *PS. Ast.* 128₂₆.

tóbakslauf, n., *Tobaksblad*: Íngveldur var jafnan vön að stinga að henni tóbakslaufi *JT. PoS.* 30₁₉.

tóbakslaus, a., *blottet for Tobak:* eg er alveg t. *Ið.* 3, 85₉.

tóbaksleysi, n., *Mangel paa Tobak.*

tóbakspípa, f., *Tobakspibe:* Hver maður gengur með þriggja álna langa tóbakspípu *Ið. SG.* 88₂₂.

tóbaksreyking (-ar), f., *Tobaksrygning:* til útrýmslu tóbaksreykinga *Ið.* 1, 49₄. hvort t. er leyfð *KJ. Uf.* 36₃₄.

tófa, f., *Ræv*: Hjer var íslenzk tóa *KJ. Uf.* 55₈. er það tóan *Av.* 4, 87₇.

toft (-ir), f., *udtales nu* tótt.

tófugras, n., *phleum alpinum, Rottehale. Mohr* 155₁₈. *Grl.* 123₂₂.

tófuskott, n., *Rævehale*: þeir binda tóuskótt á húu þess sem hræddur er *Fjöl.* 1, 174₁.

trúarofstœkismaður, m., *Religionsfanatiker:* þannig er þess dœmi um trúarofstœkismann, að *Mill* 167$_{10}$.

trúarrannsókn (-ir), f., *Trosundersøgelse.*

trúarrannsóknardómur (-s, -ar), m., *Inkvisition*: Trúarrannsóknardóminn *(inkvisition)* stofnaði Ferdinand konungr hinn kaþólski á Spáni um 1480 *Gefj.* 14$_{21}$.

trúarringl, n., *religiøst Sværmeri*: t. fluttist hingað frá útlöndum *ÞTh. LfsÍ.* 2, 4$_{25}$.

trúarsaga, f., *Religionshistorie:* Því eru hér talin tíma-skipti í trúarsögu Grikkja *Stoll* 4$_{4}$.

trúarsetning (-ar), f., *Trossætning, Dogme*: Hann móttekur það blindandi svo sem t. *TÞH. Dr.* 1, 1, 43$_{27}$.

trúarskortur (-s), m., *Vantro:* t. og vonarleysi *Myn.* 70$_{21}$.

trúarspeki, f., *Gnosis*: að skapa rjetta kristilega t. (gnósis), gagnstæða hinni röngu villumannaspeki *HH. Ks.* 158$_{33}$.

trúarsveimsmaður, m., *Religionssværmer:* að trúarsveimsmenn . . . yrði, er fram í sótti, grimmir óvinir hennar (ɔ: kirkjunnar) *Ið.* 7, 32$_{13}$.

trúarvandlæting (-ar), f., *Trosiver, religiøs Nidkærhed:* er það einkum að kenna of mikilli t. presta á þeim tímum *LÍ.* 45$_{15}$.

trúarvilla, f., *Kætteri:* sökum hinnar ýmislegu trúarvillu *HH. Ks.* 36$_{16}$.

trúarvillingur (-s, -ar), m., *Kætter*: Eg sé glöggt, að þessi maðr er t. *FP.* 89$_{33}$.

trúarvillumaður m., = trúarvillingur*:* Trúarvillumenn eru þeir, sem gjörast kristinni trú móthverfir *Tang* 155$_{11}$.

trúarvingl, n., *religiøst Vanvid, religiøst Sværmeri:* hjátrú og t. eru þar víða mjög tíð *LÍ.* 93$_{3}$. að með þessu tökum vér allar skorður frá trúarvinglinu *Myn.* 103$_{6}$.

trúarvinglsmaður, m., *Religionssværmer*: svo voru nefndir trúarvinglsmenn, er uppi voru á 13. og 14. öldinni *Ið.* 6, 96$_{8}$.

trúarþörf (-þarfar, -þarfir), f., *religiøs Trang*: hinir, sem hafa látið leiðast til hersins af sannri t. *Ið.* 7, 51$_{18}$.

trúarœrsl, n. pl., *religiøst Vanvid:* Trúarærslin versnuðu nú um allan helming *Skír.* 74, 69$_{23}$.

trubla (a), vt.; *se* trufla.

trúboð, n., *Trosforkyndelse:* sá kraftr, er snöri sínu fyrsta trúboði, ekki að hyggjuviti mannkynsins, heldr hjarta þess og samvizku *Gefj.* 32$_{9}$.

trúboðandi, m., *Religionsforkynder, Missionær:* kristnir trúboðendur mæta hjer engri tálman *Skír.* 79, 165$_{24}$.

trúboðari, m., = trúboðandi.

trúboði, m., = trúboðandi: trúboðar Mormóna eru svo leiknir í því að blanda saman sannleik og villu í kenningum sínum *HH. Morm.* 3$_{20}$. Það er mjög titt, . . . að trúboðar eru bindindismenn *MJ. Bfr.* 120$_{17}$.

trúboð|un (-anir), f., *Religionsforkyndelse, Mission:* þessvegna ræðst höfundrinn á hina ytri t. *Fk.* $^{18}/_{10}$ 87, 123a$_{10}$.

trúbók (-bœkur), f., *Religionsbog:* það sýnum vér enn betr hér á eptir af vorri hinni heilögu t. *MJ. Bfr.* 373$_{23}$.

trúbragðafrelsi, n., *Religionsfrihed.*

trúbragðakensla, f., *Religionsundervisning*: Við trúbragðakennsluna verður kennarinn tvennt að forðast *TUM.* 1, 66₂₉.

trúbragðalegur, a., = trúarlegur: Pjetur er í munnmælunum gerður að trúbragðalegri fyrirmynd, sem vjer viljum nauðugir sleppa *Ið.* 4, 405₂₂.

trúbróðir (-bróður, -bræður), m., *Trosfælle:* urðu trúbræður hans að fara með hann um nótt *HH. Ks.* 18₂₂. kaþólski flokkurinn tók málstað trúbræðra sinna *Skír.* 87, 98₂₄.

trúbrögð, n. pl., *Religion:* allt hið bezta úr trúbrögðum Egypta *MJ. Bfr.* 24₆.

trúdeilumaður, m., *Skismatiker*: loftið endrómar af ópi og köllum trúdeilumanna *Gefj.* 27₁₄.

trúðleikur (-s, -ar *el.* ir), m., *Skuespil, Drama:* Það er sagt um Plató, að hann hafi kveðið margt í æsku . . . og eins líka samið trúðleika *GB.* 18₃.

trúeflandi, m., *Trosbefordrer*: Er þá einn t. *(promotor fidei)* til skipaðr í embættis-nafni að véfengja kraftaverkin *Mill* 42₂₂.

trufl, n., (*e.* trouble, *fr.* trouble), *Forvirring, Uorden*: á þessum tímum truflsins og efasemdanna *Myn.* 11₂₀. það kom t. á hann *PP. Sms.* 241₂₂.

trufla (a), vt. *(e.* trouble, *fr.* troubler), *forstyrre, forvirre*: hvurki gátu illviðrin trublað hana (ɔ: dægradvölina) *Fjöl.* 1, 2₁₇. (hann) trublaðist enn þá meir 168₂₄. ef ekkjert er til að trubla hann (ɔ: hraðann) *Urs.* 90₁₄. hann truflaði samtal okkar Jägers *Ið.* 1, 244₆.

trúflokkur (-s, -ar), m., *Sekt*: Eins og sumir eldri trúflokkar fyrirdæma þeir barnaskírnina *HH. Morm.* 8₂₆. Annar t. eru umrenningarnir *Gefj.* 48₁₈. varð þá hver kyrkjan eða trúflokkrinn um sig að færa saman vonarkvíarnar *Mill* 14₁₅.

truflun (-anir), f., *Forstyrrelse, Forvirring, Uorden*: Við skotin kom ógurlegt fát og t. á villimennina *Rób.* 91₁₈. hafi maðurinn ranga hugmynd um eitthvað af þessu, kemst t. á allt hans andlega líf *JG. Hv.* 63₂₇. Nú leizt konungi ráðlegast að skilja eptir vagninn, svo ekki yrði t. að honum *Sak.* 8₂₆.

trúfrekjumaður, m., *Fanatiker, Religionsværmer:* Allir kennifeður kirkjunnar, sem eigi voru trúfrekjumenn *HH. Ks.* 141₈.

trúfrelsi, n., *Religionsfrihed*: Sumir vilja ná t., aðrir eigi *AÓ. Af.* 34₁₀.

trúfræði, f., *Troslære, Dogmatik*: Það er hin elzta kristilega trúfræði í vísindabúningi *HH. Ks.* 164₂₀. Mormónar hafa enga ákveðna trúarjátning eða trúfræði með greinilegri niðurskipun *HH. Morm.* 3₁₉.

trúfræðilegur, a., *dogmatisk:* Hún (ɔ: kenningin) verðr ekki rígbundin í trúfræðilegar setningar *Gefj.* 34₂₄.

trúfræðingur (-s, -ar), m., *Dogmatiker:* hinn nafnfrægi trúfræðingur Pjetur Langbarði *HH. Ks.* 53₂₂. hinn þýzki t. Marheinecke *HP. Gr.* 22₂₂.

trúfræðisrit, n., *dogmatisk Skrift*: Flest þeirra (ɔ: ritanna) voru biflíuskýringar, trúfræðisrit og deilurit gegn villumönnum *HH. Ks.* 158₁₅.

trúfræðsla, f., *religiøs Opdragelse:* það, sem fram kemr í siðferðismeðvitund daglegs lífs af göfuglyndi, sálarháleik, þegnskap eða

jafnvel sómatilfinningu, sprettur af því í uppeldi voru, sem einvörðungu er veraldlegt, en eigi af trúfræðslu vorri *Mill* 102₂.

trúgirni, f., *Lettroenhed*: Kænskan getur hjer í lífi svo þrásinnis syndgað að ósekju í skjóli veldisins eða stöðunnar. En hún getur það einnig í skjóli trúgirninnar *JG. Hv.* 50₂₆. Trúgirnin opt tælir heimskan *GJ. ÍO.* 338₁₇.

trúgjarn, a., *lettroende:* T. er tíðum málgjarn *GJ. ÍO.* 338₁₆.

trúhrœsinn, a., *bigot*: Klerkar og trúhræsnir *(bigotte)* höfðingjar voru mestir hvatamenn ofsóknanna *Nöl.* ²⁸/₂ 81, 7a₂₉.

trúhrœsni, f., *Bigotteri.*

trújátning (-ar), f., = trúarjátning: fyrir trújátningar og ritgerðir ágætra kennimanna *Gefj.* 31₁₅.

trúkennari, m., *Kateket:* Trúkennararnir (kateketar) voru settir á þeim stöðum, þar sem vísindaleg menntun var í mestum metum *HH. Ks.* 115₁₀.

trúleysi, n., *Religionsløshed, Vantro*: Upprunalega var það kenning Buddhatrúarmanna, að enginn guð væri til, eða að alheimurinn væri ópersónulegur guð, svo hún var þá fullkomið t. *PJ. Ns.* 41₁₈. þeir menn og fleiri trúaðir . . . hafa spáð um böl og ófarnað landi og þjóð til handa, sem af lögunum mundi leiða og af hinu sívaxandi t. *Skír.* 87, 72₂₂.

trúleysingi, m., *religionsløs Person; Vantroende*: einskisverðr, fyrirlitlegr t. *FP.* X₁₇. mikill þorri trúleysingja á öllum öldum hafa verið frábærlega ráðvandir og heiðvirðir menn *Mill* 61₁₂. Hann kannaðist ekki við, að nokkru sinni hefði litað fullkominn og einlægur t. *Ið.* 3, 282₂₂.

trúleysingur (-s, -ar), m., = trúleysingi: Niels Lyhne er t. *Skír.* 81, 132₂.

trúlofa (a), vt., *forlove*: þau umgéngust ekki hvort annað á sama hátt og aðrir trúlofaðir unglingar í dalnum *Ið.* 1, 33₁₄.

trúlof|un (-anir), f., *Forlovelse*: ekki veit jeg neinar sönnur á t. Vilborgar og Sæmundar *TÞH. BS.* 176₂₅.

trúlofunarhringur (-s, -ar *el.* -ir), m., *Forlovelsesring:* þeir hafa hana (ɔ: kolahnotina) líka sem trygðaveð, eins og vér höfum trúlofunarhringa *FkA.* ²⁵/₁₁ 90, 47b₁₅.

trúmaður, m., *Troende (mods. Vantro)*: þessir menn, sem innanum fleirgyðinga (polytheista) trúðu á einn Guð, voru þeir ekki trúmenn? *TB.* 6, 60₂₂.

trumba, f., 1. *Trompet.* — 2. *Tromme*: menn létu slá trumbur og leika á hljóðfæri *LLH.* 107₂₁.

trumbuglamur, n., *Trommehvirvel:* Nú kvað við t. í virkinu *Ið.* 1, 149₉.

trúmenska, f., *Troskab, Redelighed*: (Sigríður) gat ekki sjeð þar annað enn einskæra trúmensku og einlægni *JT. PoS.* 55₁₁. Lúter leysti það af hendi með alúð og trúmennsku *HH. Lát.* 29₈.

trúnemandi, m., *Katekumen*: Allir fullorðnir menn, sem vildu láta skírast, urðu að láta kristna kennara fræða sig áður og undirbúa. Meðan á því stóð, hjetu þeir trúnemendur (katechumenoi) *HH. Ks.* 127₁.

trúníðingur (-s, -ar), m., *Religionsfornægter, Apostat*: fyrirdæm-

ingarverðr t. *FP.* 118$_{21}$. nokkrir meðal vor hafa á þessari öld gjörzt trúniðingar *HH. Morm.* 8$_{8}$.

trunta, f., *Krik, daarlig Hest:* Stattu á löppunum fjandans truntan *Dv.* 5, 51$_{22}$.

trúr, a., *tro;* ekki er trútt um *det er ikke sikkert:* Ekki var heldur trútt um, að gyðingatrúin væri ei að nokkruleiti blönduð egipzkri trú á Krists dögum *LLH.* 29$_{22}$.

trúringl, n., *Religionsværmeri:* af trúringli og hóflausu vandlætiskappi *HH. Ks.* 188$_{20}$.

trúrœkilegur, a., *religiøs:* Í annan stað er sjálfs-menntunin trúrækilegs eðlis *TB.* 7, 116$_{16}$. hið siðferðislega og trúrækilega uppeldi hinna ungu 117$_{24}$.

trúrœkinn, a., *religiøs, from:* hvaða þjóð sem er trúrækin *LLH.* 23$_{27}$. Nálega allir trúrœknir menn . . . viðrkenna að eins umburðarlyndisskylduna *Mill* 15$_{10}$.

trúrœkni, f., *Religiøsitet:* Henderson lýsir allt öðruvisi trúrækni Íslendinga *Fjöl.* 1, 47$_{8}$. enda segist kunnugum mönnum svo frá trúrækni þessa fólks, að *Skír.* 79, 107$_{4}$.

trúrœkniskona, f., *religiøs, from Kvinde:* (hún) var þá orðin trúrækniskona hin mesta *TÞH. BS.* 305$_{1}$.

trúrœknislegur, a., *religiøs:* í trúræknislegum og siðferðislegum tilgangi *MJ. Bfr.* 401$_{8}$.

trúrœknistilfinning (-ar), f., *religiøs Følelse:* menn, sem í fullum . . . mæli vóru gœddir trúrœknis-, siðferðis- og föðurlandsástar-tilfinningum sinnar tíðar *Mill* 50$_{18}$.

trúsetning (-ar), f., *Dogme:* Ef vér spyrjum: Hvað er kristindómur? þá svara guðfræðingarnir því, að hann sé samsafn af opinberuðum 'dogmum' (trúsetningum) *Gefj.* 31$_{12}$.

trúvarnarfrœði, f., *Apologetik. StA.* 95, 38$_{35}$.

trúvarnarmaður, m., *Religionsforsvarer, Apologet:* eru þeir sjer í lagi nefndir trúvarnarmenn (Apologetar) *HH. Ks.* 151$_{35}$.

trúvendi, f., *Rettroenhed, Orthodoxi:* að hugsunarfrelsi og t., eða kirkjutrú, ræður nokkru um þá deiling *Skír.* 83, 136$_{30}$.

trúverðleikur (-s), m., *Troværdighed:* slíkan trúverðleik hafa guðirnir gefið henni *Ið.* 3, 280$_{18}$.

trúverðugleiki, m., = trúverðleikur: Hvað verður fært móti trúverðugleika sögu þessarar? *Sw. VE.* IX$_{34}$. að meta mest vitnisburði samtíðarmanna, en ræða svo hinum niður eptir trúverðugleika hvers um sig *TB.* 10, 78$_{22}$.

trúverðugur, a., *troværdig:* Hversu góð drottins gjöf er t. vinur? *JG. Hv.* 66$_{18}$.

trúverður, a., *troværdig:* í hinum áðurnefndu 4 stórum brjefum, sem 'kritikin' hefir orðið að viðurkenna sem trúverð í alla staði *Kb.* 3, 162$_{22}$.

trúverjandi, m., = trúvarnarmaður: trúverjendurnir vitna til þeirra (o: Sibylluspánna) eins og til hinna helgu bóka í ritningunni *HH. Ks.* 181$_{26}$.

trúvilla, f., *Kætteri:* að þeim yrði brugðið um trúvillu eða siðleysi *Mill* 69$_{11}$.

trúvillingur (-s, -ar), m., *Kætter:* að neinn einstakr flokkr . . . skoði utanflokksmenn sem trúvillinga *Þj.* $^{28}/_{8}$ 85, 51c$_{21}$. að brenna á báli galdramenn og trúvillinga *Mill* 12$_{28}$.

trúvillumaður, m., *Kætter:* var trúvillumönnum . . . hegnt með burtrekstri úr kirkjufjelaginu *HH. Ks.* 141$_{8}$.

trúvingl, n., *Religionsværmeri:*

Berum trúvinglið hjá Franciskusi af Assisi eða hjá Guðmundi byskupi Arasyni . . . saman við það, er vjer vitum um Jesúm *HH. SK.* 41$_{24}$.

trúvinglsmaður, m., *Religionssværmer:* hann gat hvergi fundið hreinan og lifanda kristindóm, nema hjá villuflokkum og trúvinglsmönnum *HH. Ks.* 11$_{27}$.

trygð (-ir), f., *Troskab:* T. er tíðum lángræk *GJ. ÍO.* 338$_{30}$. Eg tryggðir minar bera skal of Bifröst *Tegn. Frþ.* 53$_{10}$.

trygðaleysi, n., *Utroskab, Troløshed:* (vjer) megum bera blygðun fyrir tryggðaleysi vort í samanburði við þá (ɔ: fornmenn) *ÓÓ. Hv.* 8$_{11}$.

trygðarlaus, a., *troløs:* hvert hjarta tel eg nú trygðarlaust *Tegn. Frþ.* 99$_{9}$.

trygðaveð, n., *Troskabspant:* þeir hafa hana líka sem t. eins og vér höfum trúlofunarhringa *FkA.* $^{25}/_{11}$ 90, 47b$_{15}$.

trygðfastur, a., *trofast:* því tryggðföst hjörtu' ei skilur gröf *KJ.* 225$_{14}$. falslausum faðmlögum bundin | fet það við stignm | og tryggðföst með hugprúðu hjarta | höldum þar niður 240$_{18}$.

trygðfesting (-ar), f., *Hengivelse til:* Í byrjun sinni vóru kristileg trúbrögð ekkert annað enn aðhneiging mannlegra sálna að Kristi og t. við hann *Gefj.* 42$_{12}$.

trygðreyndur, pp., *den, hvis Troskab har staaet sin Prøve; trofast:* Sá eg Torfa- | tryggðreyndan vin, | hraustan, hreinskilinn | og hjartaprúðan- | lífi ljúka *JH.* 47$_{22}$. Tryggðreyndast hjarta hulið stáli | halur sá undir rifjum bar *GT.* 133$_{4}$.

trygðrjúfandi, ppræs., *som brytder sit Løfte, troløs:* trygðrjúfandi refar *JT.* 281$_{8}$.

tryggilega, adv., *sikkert, med Sikkerhed:* Þetta var hjá Tritons ósum táknað, | t. Seifs af þruma báknað *GTh. Lm.* 199$_{21}$.

trygging (-ar), f., *Betryggelse, Sikkerhed, Garanti:* soldáni mundi einhverju hafa verið heitið um tryggingu fyrir ríki hans og völdum *Skír.* 82, 6$_{22}$. það er tryggingin fyrir fjenu *Sm.* 81$_{18}$. Mikla tryggingu fyrir að þetta sje satt hafa menn á seinni tímum fengið með því að rannsaka eðli ljóssins *Av.* 6, 67$_{22}$.

tryggingarfélag, n., *Assuranceselskab:* að mynda alþjóðlegt tryggingarfjelag *Sm.* 78$_{30}$.

tryggingarnál (-ar), f., *Sikkerhedsnaal:* er bláendinn festur með prjón eða t., *N. Hf.* 82$_{21}$.

tryggingartappi, m., *Sikkerhedsventil:* Á gufukatlinum er t. hafður til að forðast sprengingu *N. Hf.* 92$_{20}$.

tryggja (1), vt., *betrygge, sikre; assurere:* til þess að t. land sitt fyrir slíkum óförum *Ib.* 3, 252$_{12}$. að t. yfirráð sín 7, 61$_{6}$. til að tryggja friðinn í vorri álfu *Skír.* 87, 26$_{22}$. að tryggja líf sitt eða fá lífsábyrgð fyrir árlegt fjárframlag *Sm.* 59$_{19}$.

trygglundaður, a., *tro, trofast:* Það er ekki nema in trygglundaða kona, sem fylgir manninum einnig eptir dauðann *Ib.* 2, 187$_{14}$.

trygglyndur, a., = trygglundaður: móðirin trygglynd treysti drottni *KJ.* 49$_{2}$. því trygglynd í dauða | dvalanum snauða | dökkbláu augun titra svo gljúp *GB.* 294$_{22}$.

tryggur (-van), a., *tro, trofast:* þeir voru tryggvir og viðkvæmir

Myn. 10₁₁. Harðýðgi mín snerist upp í hina tryggustu ást *Sak.* 56₁₂. Og guða blessun gerir hana trygga 59₂₆. tryggir og trúir menn *Skír.* 90, 16₅. tryggvan biðil *Tegn. Frþ.* 91₁.

trygt, adv., *trygt, sikkert; comp.* tryggvar: til þess að þu þess tryggvar mættir í allre Ohæfu þiona Fiandanum *Vid.* 1, 10₇.

tryldur, pp., 1. *forrykt:* Hann varð eins og trylltur *Þús.* 3, 70₂₉. og bjóst það (ɔ: fólkið) við, að hún mundi vera orðin trylt *Þs.* 1, 120₂₁. — 2. *vild:* upprisuhátíð náttúrunnar var haldin með vopnadansi og tryldum fögnuði *Stoll* 35₂₂.

trylla (í), vt., 1. *göre vild, forvilde:* Skatna tryllist skap óveila *Núm.* 7, 34. — 2. *forvirre, bringe fra Forstanden:* ágirnd knúði áfram hann, | opt hún tryllti betra mann *GB.* 27₂₁. Lá við sjálft, að börnin mundu tryllast *Þs.* 1, 257₂₂. — 3. *fortrylle:* og mundir þú verða trylltur af fegurð hans *Þús.* 2, 186₂₂.

tröll, n., *Trold.*

tröllagrös, n. pl., *lichen rangiferinus, Rensdyrmos. Mohr* 236₂₆.

tröllasaga, f., *Fortælling om Trolde; fabelagtig Fortælling, Røverhistorie:* hann heyrði miklar tröllasögur af því landi *Ið.* 3, 250₂₅.

tröllaukinn, pp., *kæmpemæssig, gigantisk:* tröllaukin þjóð *PS. Ast.* 8₈. regnboga-litir titra tærir | tröllauknum bárum þínum í *KJ.* 30₂₂. þá er týhraustur | tröllaukinn varg | báðum höndum | í bœli kyrkti *MJ. Lm.* 31₁₄. stórskeyti þeirra voru svo tröllaukin, að *Skír.* 83, 82₅.

tröllaurt (-ir), f. *Troldurt:* eldgul t. *pedicularis flammea, flammende Troldurt. Grl.* 65₁₅.

tröllslegur, a., = tröllaukinn: þessi tröllslega bygging *Ið. SG.* 162₁₆. tröllslegir trjábolir *Ið.* 2, 161₁₈. tröllslegir skuggar *Ss. Íf.* 3, 5₁₂.

tröllvaxinn, pp., = tröllaukinn: tröllvaxin grenitré *Av.* 13, 215₁₂. (páfinn) lagði fyrsta steininn undir eina af súlum þeim hinum tröllvöxnu, er hvelfingin átti að standa á *Ið.* 4, 409₂.

tröllvirki, n., *Kæmpeværk, Kæmpearbejde:* var t. þetta unnið af 600 múrsmiðum á ótrúlega stuttum tíma *Ið.* 4, 411₂. ið mikla t., brúin á milli New-York og Brooklyn *Suðr.* ⁸/₈ 84, 24b₁₁.

tröllvirkisbrú (-brýr), f., *Kæmpebro:* tröllvirkisbrúin yfir East River við New-York *Fk.* ²⁸/₄ 91, 66b₅₄.

tröðnusíli, n., *ammodytes Tobianus, Tobisfisk. Mohr* 64₁₈.

tröppugangur (-s, -ar), m., *Trappe (Vindeltrappe):* lá þar djúpt niður í jörðina undinn t. *Þús.* 1, 193₁₂.

tröppustig, n. pl., *Trappetrin:* En hvað líf er, enginn veit, | utan sá það reynir; | t. þess telur sveit, | til sem eilífð greinir *BG. Nj.* 86₈. þær (ɔ: bergtegundirnar) mynda t. eptir efnasamsetningu sinni *Av.* 6, 82₂₂.

tuddalegur, a., *plump, raa:* það (ɔ: orðfærið) er ofur abllaust og tuddalegt *Fjöl.* 3, 1, 27₂ (*JH.* 320₁₂).

tuddi, m., 1. *halvvoxen Tyr:* Eg á bæði tudda, vetrung og kálf *Ið.* 3, 88₂₂. — 2. *udannet Person.*

tugabrot, n., *Decimalbrøk:* eru margar stærðir ritaðar með svo kölluðum tugabrotum *Urs.* 71₁₆. brot, t. og þriliða *Av.* 7, 98₁₉. Eiginleg eru þau t. nefnd, þar sem öngvir tölustafir, er hafa gildi, standa

vinstra meginn við kommuna *Hemp.* 23$_{32}$.

tugakerfi, n., *Decimalsystem*: þó notuðu þeir (ɔ: eyjarskeggjar) tugakerfið *Ið.* 4, 182$_{7}$. Þetta talnakerfi er nefnt t. *Hemp.* 5$_{2}$.

tugakvarði, m., *Decimalskala*: Væri einingu skift í 10 jafnstóra parta, . . þá er mælikvarðinn nefndur t. *(Decimalskala) Hemp.* 73$_{17}$.

tugatal, n., *Decimalsystem*: þeir (ɔ: Kaldear) sýnast fyrstir manna hafa tekið upp að fullu tylftatal *(Duodecimal-System)* við hliðina á hinu miklu eldra tugatali *(Decimal-System) Av.* 6, 146$_{4}$.

tugfylling (-ar), f., *dekadisk Komplement*: að nota tugfyllingu *Hemp.* 42$_{14}$.

tugstafur (-s, -ir), m., *Decimal*: má flytja kommuna fram um svo mörg sæti sem tugstafir eru í gjöranda *Hemp.* 24$_{16}$.

tugur (-ar, -ir), m., *Tier*: segs tugir vetra *Fjöl.* 4, 1, 19$_{7}$.

tukthús, n., = betrunarhús *Tugthus*: menn álíta það sama sem að fara í tukthúsið *Ið.* 5, 308$_{8}$. J. C. hafði verið mörg ár í tukthúsinu í New-York *Ið.* 6, 299$_{31}$. þeir vildu heldur sumir fara nokkra daga í tukthúsið *ÓÓ. Hl.* 40$_{10}$.

túli, m., *Mund (i nedsættende Betydning), Snude*: í gröfinni brölti Sommer sinni | og sáluðum mælti túla *GT.* 134$_{18}$.

túlípantré, n., *Tulipantræ*: þá uxu hér furutegundir margar, elri og birki, álmur og eik, hnottré og t. *Av.* 13, 215$_{10}$.

tún, n., *Tun, Hjemmemark.*

túnarækt, f., *Tundyrkning, Dyrkning af Hjemmemarken:* Engjarækt og túnarækt mun varla standa framar nú en í fornöld *Br.* 7, 6$_{9}$.

túnarektun, f., = túnarækt: sá ég fyrst hvurju túnaræktun og girðíngar gætu hjá oss til leiðar komið *Fjöl.* 1, 88$_{26}$.

túnasláttur (-ar), m., *den Tid, paa hvilken Høbjærgningen paa Hjemmemarken foregaar;* það bar til einu sinni í byrjun túnasláttar *Þs.* 1, 107$_{26}$. enda var þá komið fast að túnaslætti *PS. Ast.* 27$_{24}$.

túnaslétt|un (-anir), f., *Tuers Udjævning paa Hjemmemarkerne:* aptur á hinn bóginn þarf að gjöra mikið að t. *Br.* 2, 54$_{8}$. Nú á tímum er nokkuð unnið að túnasljettun 7, 6$_{30}$.

túnblettur (-s, -ir), m., *Tunstykke:* túnblettir þeir eða svæði, sem bæjarstjórnin hefir veitt stofnunum eða ýmsum mönnum án eptirgjalds *LHA.* 3, 171$_{12}$.

tundur, n., *Tønder; Sprængstof:* fyrirmæli um afhending og sölu tundurs *Skír.* 85, 110$_{16}$.

tundurbirgðir, f. pl., *Forraad af Sprængstof*: (þeir) höfðu þar miklar t. fólgnar *Skír.* 84, 41$_{23}$. sprengivjelar af ýmsu tagi og tundurbyrgðir 85, 55$_{28}$.

tundurefni, n., *Sprængstof*: Annars furðaði bæði hugvitsmeistara og efnafræðinga á kunnáttu hans, hvað tundurefnin snerti *Skír.* 84, 42$_{2}$.

tundurgerð (-ir), f., *Tilvirkning af Sprængstof:* að Feníar settu sjer bækisstöð í París bæði til tundurgerða og sprengivjela *Skír.* 85, 57$_{4}$.

tundurgos, n., *Explosion:* Manntjón varð ekki af því tundurgosi *Skír.* 85, 56$_{15}$.

tundurkúla, f., *Bombe, Sprængkugle*: í Lyon sprungu þrjár tundurkúlur í veitingahúsi *Skír.* 83, 74$_{16}$.

tundurskúta, f., *Brander. JJ. DO. u. Brander.*

tundursprenging(-ar), f., *Sprængning ved Dynamit el. andet Sprængstof:* í miðjum marz varð t. í höll stjórnarráðsins *Skír.* 84, 41₁₀.

tundurvél (-ar), f., *Sprængningsapparat:* Annari tundurvjel hafði verið komið inn í prentstofu blaðsins Times *Skír.* 84, 41₁₁. Hjer er líka miklu fje samanskotið . . . til allra tundurvjelanna 85, 13₃₀.

túnfífill (-fífils, -fífilar), m., *taraxacum officinale. Av.* 18, 17₂₈.

túnfiskur (-s *el.* -jar, -ar), m., *thynnus vulgaris, Tunfisk. Gr. Sk.* 95, 4₂₂.

túnfit (-jar, -jar), f., *Udkanten af et Tun:* sér hann mann suður í túnfitinni *Þs.* 1, 78₂.

tunga, f., *Tunge; Landtunge.*

túngarðahleðsla, f., *Opførelse af Tungærder:* um túngarðahleðslu *Br.* 9, 7₉.

túngarður (-s, -ar), m., *Tungærde:* túngarðar hlaðnir *LÍ.* 53₃₀. á túngörðunum *Gr. Sk.* 95, 19₁₆.

túngirðing (-ar), f., *Indhegning af Hjemmemarken:* Um túngirðingar, þúfnasljettun, lokræsi *Br.* 3, 88₁₈.

tungl, n., *Maane:* Eingin þeirra (ɔ: aukajarðstjarnanna) er oss jafnmerk og túnglið er *Urs.* 48₁₉.

tunglbraut (-ir), f., *Maanebane:* Enn nú hallar túnglbrautinni $5^1/_2$ gráðu frá sólbrautinni *Urs.* 48₈.

tunglbúi, m., *Maanebeboer:* til þess að kalla til vor, ef unnt væri, einhvern tunglbúa *Trh.* 14₇.

tunglflóð, n., *Maaneflod:* sólflóðinu og túnglflóðinu ber saman *Urs.* 110₇.

tunglför (-farar, -farir), f., *Rejse til Maanen:* svo að hver, sem ekki vill eða getur nestað sig nokkurn veginn vel til slíkrar ferðar . . . setti helst að sitja heima og hyggja ekki á t. *Trh.* 4₂₁.

tunglhelft (-ir), f., *Halvdelen af Maanen:* að vjer jarðbúar sjáum á mis dálítið inná randir þeirrar túnglhelftar *Urs.* 45₈.

tunglkoma, f., *Nymaane:* Þegar túnglið er á þessum stað, kellum vjer það túnglkomu eður kveikingu, eður nitt túngl *Urs.* 46₂₂.

tunglkringla, f., *Maanens Overflade, Maanens Skive:* nefna þeir enn . . . suma staði á túnglkringlunni hef *Urs.* 56₂₂. Fyrstu dagana, sem nýtt tungl er, sjáum vjer einnig hinn dimma hl ut tunglkringlunnar *BJ. St.* 42₁.

tungl-laust, a. n., *intet Maaneskin:* þegar dagur er allur af himni og túnglaust er *Urs.* 136₂₂.

tunglmánuður (-mánaðar, -mánuðir), m., *Maanemaaned:* Beda segir og að Engilsaxar hafi í heiðni haft tunglmánuði *Av.* 6, 178₂.

tunglmyrkvi, m., *Maaneformørkelse:* eptir þeim (ɔ: himintöblunum) segjum vjer fírir sólar- og túnglmirkva *Urs.* 50₂₁. Á þessu augnabliki eru frændur vorir á jörðinni að skoða algjörðan tunglmyrkva *Trh.* 26₁.

tunglskin, n., *Maaneskin:* Gekk hann því eptir kvöldverð út með konu sinni í tunglskininu *Þús.* 1, 16₃₀.

tunglsljós, n., *Maanelys, Maaneskin:* til þess, ef auðið yrði, að við fyndum hring hennar í tunglsljósinu *TÞH. SoÆ.* 44₁₂. tunglsljóssins gætti ekki fyrir gasljósum á götunni og rafmagnsljósum í búðunum *KJ. Uf.* 52₁₆.

tunglurt (-ir), f., *osmunda lunaria. Mohr* 223₂₂.

tungl|öld (-aldar, -aldir), f., *Maanecyklus:* t. *(cyclus lunaris)* eða 19 ára öld *Av.* 6, 186₂₁.

tungnafróðleikur (-s), m., *Sprogkundskab:* Í tungnafróðleik stóðu þeir fullkomlega jafnfætis öðrum þjóðum *Fk.* ⁶/₅ 90, 56a₁₉.

túngresi, n., *Græs, som voxer paa Hjemmemarken; kraftigt Græs:* þar í hliðunum er víða t. milli steinanna *Av.* 20, 24₂₄.

túngróður (-rar), m., *frodig Plantevæxt som paa et Tun:* hverahitinn hefir framleitt mikinn t. kringum laugarnar *Av.* 19, 104₂.

tungubein, n., *Tungeben:* Tungurótin er með vöðvum áföst við tungubeinið *JJ. EML.* 107₁₂.

tungubroddur (-s, -ar), m., *Tungespids:* liggur tunguhaftið niður undan tungubroddinum *JJ. EML.* 107₁₇.

tunguhaft, n., *Tungebaand; se* tungubroddur.

tunguhvass, a., *hvastalende:* Jeg hefi raunar betri trú á því að vera nógu illgjarn og t. *TÞH. Dr.* 1, 2, 188₁₀.

tungulaus, a., *tungeløs:* hafi tunglbúar engin bragðfæri, eru þeir tungulausir *Trh.* 15₇.

tungumál, n., *Tungemaal, Sprog.*

tungumálakensla, f., *Sprogundervisning:* í allri tungumálakennslu *LHA.* 3, 147₂₂.

tungumálakunnátta, f., *Sprogkundskab:* (hann) tók það skýrt fram, að t. væri hin nauðsynlegasta fyrir guðfræðina og kirkjuna *HH. Lát.* 42₂₀.

tungumjúkur, a. *tungefærdig, tungerap.*

tunguriti, m., *Lingua-graf:* Hinn nafnkunni Edison hefur árið 1888 fundið tvær vélar, Fonograf (hljóðrita) og Lingua-graf (tungurita) *Skír.* 89, 21₂₂.

tungurót (-rætur), f., *Tungerod; se* tungubein.

tunguröND (-randar, -rendur *el.* -randir), f., *Tungerand:* flestir álíta, að aðalaðsetur þess (ɔ: bragðsins) sje á tungurótinni, en auk þess finnist bragðið á tunguröndinni og tungubroddinum *JJ. EML.* 108₇.

tungutak, n., *Snakketøj:* þó að daglaunamaðurinn hefði liðugt t. *Þús.* 1, 174₂₀.

túnjaðar (-jaðars, -jaðrar), m., = túnfit: að 7 kýr sægráar að lit væru komnar þar í túnjaðarinn við fjöruna *Þs.* 1, 184₁₄.

túnkrepja, f., *tremella nostoch, Troldsmör. Mohr* 288₄.

tunna, f., 1. *Tønde.* — 2. *Bimpel, Dunk:* (Bárður) jós með trjesleyf vatni á 10 potta tunnu *JT. PoS.* 58₂₁.

túnrækt, f., = túnarækt: þegar talað er um jarðarrækt á Íslandi, þá eiga menn einungis . . . við t. og engjarækt *LÍ.* 52₂.

túnsléttun (-anir), f., *Udjævning af Tuer paa Hjemmemarken:* vextirnir af kostnaði túnsléttunar *AÓ. Af.* 182₂₁.

túnstæði, n., *Tunplads, den Plads, som et Tun optager:* til þess að koma sem fyrst rækt í túnstæðið *JT. PoS.* 146₁₂.

túnsúra, f., *rumex acetosa, Syre-Skræppe. Av.* 18, 17₂₀.

túnvarzla, f., *Beskyttelse af et Tun:* þá hefirðu með frumkostnaði þessum sparað þér alla túnvörzlu *AÓ. Af.* 179₂₂.

túrban (-s, -ar), m., *Turban:*

(þú) leggur túrbaninn á andlit mitt *Þús.* 3, 75₂₀.

turn (-s, -ar), m., *Taarn.*

turnklefi, m., *Taarnkammer:* þegar þær fóru upp að hátta í turnklefann *Ið.* 1, 256₂.

turnprýddur, pp., *taarnprydet:* alkendr var hann | af áðr bygðum | turnprýddum húsum *Mílt. Pálm.* 22₂₂.

turnskip, n., *Taarnskib:* t. af stáli *Fk.* $^{24}/_{12}$ 87, 146₂₀₀.

turnspíra, f., *Taarnspir:* því mænir t. hennar (o: kirkjunnar) nokkuð hærra, en hún sýnist að ná *Ið.* 1, 16₁₇.

turtildúfa, f., *Turteldue:* sem turtildúfan í suðurlundi *Tegn. Frþ.* 100₉.

tuska, f., *Pjalt; Klud, Lap; værdiløst Stykke:* Eg vildi eg mætti rífa þig í þúsund tuskur *Blk.* 25₄.

tuskulegur, a., *pjaltet, laset; af daarligt Udseende:* á öðrum bæjum eru þau (o: hrossin) allt af hálfhoruð og meidd, skökk og tuskuleg *ÓÓ. Hv.* 26₂₀.

tútna (a), vi., *opsvulme:* (hann) tútnaði út, þangað til hann varð viðlíka stór og asnafolald *Þús.* 1, 361₂₄.

tútnaður, pp., *opsvulmet:* annad augad sást ei, hitt lá tútnad út á kinnina *HF. Kv.* 1, 120₂₀. tútnaður af heipt *Dv.* 5, 2₁₁.

tvefalda (a), vt., *fordoble:* Þó tvöfaldaði | þessa vondsku | döglingr deilugjarn *Mílt. Pálm.* 15₂₇.

tvend, f., *Par:* þeir eru tvendir (þör) sömu heildarinnar *TB.* 12, 196₂₀.

tvíbaka, f., *Tvebak:* M. sókti að vörmu spori fulla körfu af tvíbökum *Róð.* 15₂₂.

tvíbendur, a., *tvivlraadig:* hann varð tvíbentur um hvað hann setti að gjöra *PS. Ast.* 350₁₅.

tvíblaðka, f., *listera cordata, hjærtebladet Fliglæbe. Av.* 18, 13₂₂.

tvíbrandar, m. pl., *de tosværdede; de, som bære to Sværd el. Kaarder:* Sumarai (tvíbrandar, o: þeir, sem áttu að bera tvö sverð) risu fyrst mjög gegn þessum endrbótum *Ið.* 3, 256₂₀.

tvíbrandaréttur (-ar), m., *Ret til at bære to Sværd:* T. þeirra er úr lögum numinn á þingi *Ið.* 3, 257₁.

tvíbreiður, a., *af dobbelt Bredde:* hann (o: veðstóllinn) var t. *TB.* 15, 228₁₂.

tvíbrotinn, pp., *som lægges dobbelt el. kan svøbes to Gange om Legemet:* Vinstúlkurnar lögðu þá yfir hana tvíbrotna skikkju *Sak.* 28₁₅.

tvíburar, m. pl., *Tvillinger:* (sveinarnir) sýnast vera tvíburar *PS. Ast.* 126₄.

tvíburamerki, n., *Stjærnebilledet Tvillingerne:* Gemini, t. *BJ. St.* 30₂₅.

tvíburastjarna, f., *Tvillingstjærne:* Svo er og um Tvíburastjørnurnar (Castor og Pollux) að *Urs.* 147₂₁.

tvíbýli, n., *Tvebo; to Familjers Beboelse af en Gaard; Gaard, som beboes af to Familjer.*

tvíbýlisplanta, f., *Tveboplante:* sjeu karl- og kvennblóm sitt á hvorri plöntu, eins og hjá tvíbýlisplöntunum *TB.* 12, 159₁₆.

tvíbökumjólk (*g. sg.* -ur), f., *Tvebakmælk. EB. Kf.* 42₅.

tvídeila (í), vt. med dat., *dele i to:* Ef vér því tvídeilum æðsta ríkisvaldi konungdómsins, fáum vér tvö konungsríki *Fróð.* $^{2}/_{3}$ 86, 325₁₆.

tvídeild (-ir), *Tvedeling*: Vjer höfum í árgöngunum á undan sagt nokkuð af t. . . . á rithöfundum og skáldum Dana *Skír.* 83, 136₂₃.

tvídeiling (-ar), f., *Tvedeling*: Sé nú tvídeilingu þingsins haldið fullkominni fram úr *Frób.* ²⁰/₂ 86, 341₂₀.

tvídrægur, a., *dragende el. gaaende i to forskellige Retninger*: þá er samkepnin nægilega sundrdræg og samdræg, nægilega tvídræg og margdræg *AÓ. Af.* 81₁₃.

tvídýr, n., *Tvedyr, Amfibium*: Øll lifandi dýr á jørdu deilast í 6 flokka, nefnilega: Sugudýr, Fugla, Tvídýr . . . Fiska, Skordýr edur Skridqvikindi og Orma *Nátt.* 9₁₇.

tvíeggjaður, a., *tvægget*: sex álna háum grjótvegg . . . alsettum tvíeggjuðum glerbroddum *Ss. Íf.* 3, 62₁₉.

tvíeyringur (-s, -ar), m., *Kobbermønt af to Øres Værdi*: að eg hefði eigi fengið svo míkið sem tvíeyring *AÓ. Af.* 125₁₁.

tvífiski, n., *Bigami hos Fiskene*: T. var tekið af að tíðar rómi | sterklega með stóradómi *JT.* 302₂₉.

tvífitjaður, a., *med to Svømmehuder*: tvífitjaðir sundfuglar *PJ. Ns.* 90₂₃.

tvíflipaður, a., *tofliget*: þá er krónan tvíflipuð *TB.* 12, 150₇.

tvífræblaðaður, a., *tofrøbladet*: hinar tvífræblöðuðu plöntur vóru þó einkum langtum meiri enn áður *Av.* 6, 76₂₃.

tvífætla, f., *tobenet Dyr*: samkyns vessæl og allsnakin tvífætla eins og þú *Lear* 7₁₄.

tvígifting (-ar), f., *Tvegifte, Bigami*: Úr húsum tvígiptingin fælir frið *GTh. Lm.* 272₄.

tvígildi, n., *en Ting af dobbelt Værdi*: jarðabótin er t. lánsins að nytsemi *Av.* 8, 136₁₄.

tvígólfaður, a., *med to Etager*: liðið hafði þá vagna . . . til íbúðar, sem vóru tvípallaðir eða tvígólfaðir *Skír.* 87, 11₂₃.

tvíhjólungur (-s, -ar), m., *Bicykle*.

tvíhleyptur, a., *toløbig, dobbeltløbet*: (hann) kom svo vörn fyrir sig með tvíhleyptri bissu, að hann felldi þar 10 menn í 20 skotum *Skír.* 85, 42₃.

tvíhnepping (-ar), f., *dobbelt Rad Knapper*: bolur með kvartils tvíhneppingu *TB.* 15, 206₂₀.

tvíhneptur, a., *med en dobbelt Rad Knapper*: mussurnar voru líkar tvíhnepptum jakka *TB.* 15, 206₂₃.

tvíhyrndur, a., *tvehornet, tohornet*: í tímabili hins mikla tvíhyrnda Ískanders *Þús.* 2, 59₁₀.

tvíhöggur, a., *som kan gennembores ved to Stød*: enda var ísinn eigi þykkri en svo, að hann var að eins t. *Ss. Íf.* 4, 5₁₇.

tvíkarmaður, a., *tvedelt, ved en Skillevæg afdelt i to Dele*: Baðstofa var tvíkörmuð, framkarmurinn þiljaður og læst hurð fyrir *Huld* 2, 54₂₇.

tvíker, n., *Dobbeltbæger*: spratt hann upp og rétti t. að móður sinni *Il.* 1, 25₂₀.

tvíkvæður, a., *tostavelset. LO.* 152b₄.

tvíkvæni, n., *Tvegifte, Bigami*: hann var ákærður fyrir t. *Skír.* 90, 81₁₄. hann gjörði sig sekan í t. *HH. Lút.* 48₁₉.

tvíkynjaður, a., *tvekönnet*: Sumar plöntur hafa bæði tvíkynjuð og einkynjuð blóm *TB.* 12, 158₂₃.

tvílakkaður, a., *med to Segl*: Það (ɔ: bréfið) var tvílakkað með

svörtu lakki *PS. Ast.* 285$_{24}$. Síðan lagði hann tvílakkaða bréfið niður í stokkinn aptur 286$_{10}$.

tvílangur, a., *bestaaende af to lange Stavelser*: t. bragliður *TB.* 16, 234$_{5}$.

tvílembdur, a., *som har to Lam*: hún (ɔ: ærin) var tvílembd á hvurju vori *JT. PoS.* 4$_{28}$.

tvíliðaður, a., *tofodet:* tvíliðuð vísuorð *TB.* 16, 247$_{14}$.

tvíliður (-ar -ir), m., *Trokæ*: Tvíliður *(trochæus)*, er hefir tvö atkvæði, hið fyrra með áherzlu *VÁ. Ritr.* 40$_{28}$.

tvílitur, a., *tvefarvet.*

tvíloftaður, a., *med to Etager:* Hún útvegaði gamla byggingu tvíloptaða *MJ. Bfr.* 103$_{5}$. Húsin eru byggð úr steini og tvíloptuð *Sm.* 105$_{5}$.

tvílyndi, n., *Dobbeltbevidsthed*: Sögur þessar eru um skygni . . ., dáleiðsluáhrif, t. (á dönsku: dobbeltbevidsthed) *Fk.* $^{16}/_{2}$ 92, 27a$_{64}$.

tvímargfalda (a), vt., *multiplicere to Gange*: en ef vjer tvímargföldum nú með sjálfum sjer fjarlægðirnar *Urs.* 78$_{21}$.

tvímenna (1), vi., *(om to Personer) ride paa én Hest (el. ét Æsel)*: og tvímenntu þeir svo spölkorn *Þús.* 1, 78$_{14}$. tvímentu þeir svo um stund *Esóp* 90$_{16}$.

tvímiða (a), vt., *bestemme en Tings Sted i dobbelt Henseende:* nú þurfum vjer að t. hvurja stjörnu *Urs.* 165$_{24}$.

tvímjalta (a), vt. og i., *malke to Gange om Dagen:* Meiri og betri mjólk fæst með því að þrímjalta en t. *Ífl.* $^{2}/_{7}$ 92, 210b$_{43}$.

tvímynd (-ir), f., *Dobbeltform*: þessum tvímyndum hef jeg haldið *FJ. FR.* VII$_{21}$.

tvinnaskúfur, m., *Traadkvast*: prjónahúfur með löngu skotti og tvinnaskúf *TB.* 15, 210$_{5}$.

tvinni, m., *tvundet Garn.*

tvinóna (a), vi.; t. við e-ð *trække noget i Langdrag, betænke sig paa;* vera ekki að t. við *göre kort Proces, gaa lige til Sagen*: hann var ekki að t. við það, sem hann ætlaði sjer *han betænkte sig ikke længe paa det, som han havde foresat sig, han skred öjeblikkelig til Udførelsen af sit Forehavende. Ss. Ífl.* 1, 92$_{11}$.

tvípallaður, a., = tvígólfaður; *se* tvígólfaður.

tvíráður, a., *tvivlraadig:* og kvíðið þið engu og komið þið þá, sem kyrrir og tvíráðir standið *Eimr.* 1, 4$_{2}$.

tvíritaður, pp., *skrevet to Gange, in duplo*: skal . . . senda amtmanni reikning þenna tvíritaðan *LHA.* 3, 113$_{27}$.

tvíræður, a., *tvetydig*: hvernig menn vildu sjálfir þýða þessa hina tvírædu vefrjett *Skír.* 55, 9$_{16}$.

tvírœður, a., *med to Aarer*: Klerkur einn sagði mér, að hann hefði komizt til einnar af þeim eyjum á tveim sumardögum og einni nóttu á tvírœðum bát *Maur.* 26$_{29}$.

tvísaga, a. indecl., *som indvikler sig i Modsigelser*: séu þær (ɔ: efasemdirnar) sendar af lyginni . ., þá munu þær bráðum verða t. *Myn.* 94$_{28}$. stjórnarskrá þessi er aftr og aftr t. *Fróð.* $^{20}/_{2}$ 86, 345$_{12}$.

tvísettur, pp., *parret*: tvisettu uggarnir halda jafnvægi hans (ɔ: sporðsins). *PJ. Ns.* 99$_{4}$.

tvískapnaður (-ar), m., *Tveformighed, dobbelt Skikkelse:* Sumir Trítónar hafa það í tilbót við tvískapnaðinn, að þeir eru með hrossa framfótum *Stoll* 101$_{2}$.

tvískifta (1), vt., *dele i to.*

tvískifting (-ar), f., *Tvedeling:* þessi tvískipting sjúkdómanna *JJ. Lb.* 1$_{17}$.

tvískiftur, pp., *tvedelt:* Sem fyrr er sagt, kjósa öll ríkin menn til sambandsþingsins og hin sex tvískiftu ríki einn hvert *Fk.* $^{28}/_{1}$ 90, 9b$_{30}$. þessi hinn tvískipti . . Heinabergsjökull *Av.* 20, 23$_{8}$.

tvískinnaður, a., *vaklende, tvivlraadig:* allir þeir, sem vóru veikir og tvískinnaðir í málinu *Fk.* $^{19}/_{9}$ 89, 110b$_{52}$.

tvískinnungur (-s), m., *Vaklen, Ubestemthed; Dobbelthed:* Það var þessháttar t., sem mörgum þótti bera vott um, að *Skír.* 87, 35$_{26}$. hvernig þessi t. í orðinu fóstbræðralag kemur fram í sumum sögum *ÞR.* 38$_{12}$.

tvístíga (-stíg, -stígum; -steig, -stigum), vi., *løfte Fødderne vexelvis uden at bevæge sig af Stedet:* Hinn heilagi Vincentius var farinn að iða allur og t. *Ld.* 5, 315$_{26}$. (hann) tvísteig svo fyrir framan Svein *GP. ÞS.* 45$_{24}$.

tvístjarna, f., *Dobbeltstjærne:* Bjarta stjarnan *Castor* í tvíburamerki er t. *BJ. St.* 60$_{16}$.

tvístra (a), vt. med dat., *adsprede, adsplitte.*

tvístr|un (-anir), f., *Adspredelse, Adsplittelse:* löggæzluliðið hafði magnazt til atgöngu og tvistrunar *Skír.* 87, 47$_{16}$.

tvístrung (-ar), f., = tvistrun: Takist að rjúfa þær (ɔ: fylkingarnar) eða koma þeim á tvístrungu *Skír.* 85, 41$_{23}$.

tvístœðuhús, n., *Faarestald med to Krybber langs med de to Sidevægge:* En hæfilegt er húsrúm í garðahúsum og einstœðuhúsum, þegar tvær kindur geta mœtzt, en fjórar í tvístœðuhúsum fyrir aptan þær kindur, sem jeta *Av.* 12, 92$_{21}$.

tvístœður, a., *med to Krybber:* hús það, sem á að vera handa 20 kindum, einstœtt, verður að vera jafnlangt garðahúsi, sem rúmar 40 fjár *Hirð.* 1, 28$_{26}$.

tvísýna, f., *Dilemma, Forlegenhed; Fare:* þeir eiga til svo mikils að gæta í Asíu, sem þá kemst í tvísýnu, ef þeir vanhirða að stemma þar stiga fyrir Rússum *Skír.* 87, 25$_{34}$. Áður en orustan byrjaði, bað Póllendingurinn Potocki konung að hætta ekki lífi sínu í aðra eins tvísýnu og nú liti út fyrir *Ld.* 5, 320$_{8}$.

tvísýni, n., *Uvished, Usikkerhed:* var um stund t. á lífi hennar *TÞH. SoÆ.* 30$_{2}$.

þjóstur (-s), m., *Hidsighed, Lidenskabelighed:* að Rússakeisari hefði neitað boði frá Vilhjálmi keisara . . og neitað því með þjósti *Skír.* 89, 50₂₄.

þjóta (**þýt, þjótum; þaut, þutum; þotinn**), vi., 1. *tude, suse:* gola þaut í laufi *JH.* 124₁₅. — 2. *styrte, fare, ile:* Svo sem flokkar þéttra býflugna þjóta fram úr bergholu *Il.* 1, 30₂₁. — 3. *fremspire overordenlig hurtig:* sem laufblöðin og blómin, er þjóta upp á vorin *Il.* 1, 45₂₄. — 4. *göre et overordenlig hurtigt Opsving:* hann (ɔ: Flóinn) mun þ. upp, verða akur, tún og engjar *BM. Frt.* 50₂₀.

þjökun (**þjakanir**), f., *Plage, Mishandling, haard Medfart:* en 1882 varð Gladstone sjálfur að taka aptur til þrýstinga og þjökunar *Íf.* $^{15}/_{10}$ 92, 325b₁₀.

þjöl (**þjalar, þjalir**), f., *Fil:* Loksins kom hann (ɔ: höggormurinn) auga á þ. *Esóp* 22₁₁. með dálitilli þ. *Auðv.* 42₉.

þjösnalegur, a., *fremfusende, ubesindig; vidnende om Ubesindighed:* að fara óvirðulegum og þjösnalegum orðum um þá *FJ. NV.* 1₁₆.

þjösnaskapur (-ar), m., *Fremfusenhed, Ubesindighed:* Það væri mesti þ. og asnaskapur, segir D., að leggja út í slíkt *Skír.* 89, 61₂.

þjösni, m., *fremfusende, ubesindig Person.*

þófi, n., *Valkning:* Hann lifði á þófi sínu *PS. Ast.* 169₂₈.

þófabrekán, n., *Uldtæppe, som lægges over* þófi: Kvennfólkið hafði þ. eða áklæði ofan á þófunum *TB.* 15, 245₁₈.

þófaól (-ar), f., *Læderrem, som tilhører* þófi: þófi með þ. og ístöðum *TB.* 15, 245₂₆.

þófaramylna, f., *Valkemølle:* var reist þ. við Elliðaárnar *Eimr.* 1, 22₁₄. *Safn* 3, 41₁₁.

þófaravél (-ar), f., *Valkemaskine:* þófaravjelar, lóskurðarvjelar *Sm. Hps.* 108₂₇.

þófari, m., *Valker:* hann var þ. mikill *PS. Ast.* 169₄.

þófferð (-ir), f., *Valkervandring:* eitthvað smávegis, sem honum hafði bæzt á þófferðum sínum *PS. Ast.* 170₁₉.

þófi, m., *et af Uld sammenvalket Hestedækken, brugt i Stedet for Sadel*: sé þófaól.

þófinn, a., *filtet, sammenfiltet*: hann (ɔ: Móri) var líkastur því sem hann væri þ. ullarflóki *Þs.* 1, 393$_{7}$.

þófmylna, f., *Valkemølle*: ef menn taka vildi hér upp tóspunavélar, vefstóla og þófmylnur *AÓ. Af.* 96$_{19}$.

þófna (a), vi., *sammenfiltes:* Sá eiginlegleiki ullarinnar, að hún getur þófnað, gerir það jafnframt að verkum, að *Av.* 12, 77$_{30}$.

þofta, f., *Tofte, Rorbænk.*

þoftusterkur, a., *stærktoftet:* En vilji nokkur ákaft fara heim, þá taki hann sitt svarta, þóptusterka skip *Il.* 1, 41$_{18}$.

þoka, f., *Taage*: því halda menn að jörðin hafi í fyrstu verið þ. eða gufa í himingeiminum *Av.* 8, 22$_{35}$.

þokkabót (-bœtur), f., *Duser, Tilgift*: jeg hefði ef til vill fengið síðan rýting í gegnum mig á eptir í þ. *Ss. Íf.* 3, 6$_{14}$.

þokkagyðja, f., *Yndighedsgudinde, Huldgudinde, Gratie:* Sönggyðjurnar og þokkagyðjurnar skemmta goðunum með sönglist sinni *Stoll* 14$_{13}$. þokkagyðjurnar eru dætur Sevs 77$_{21}$.

þokkalega, adv., *pænt, renlig:* að maturinn sje borinn fram þ. *Sm.* 199$_{2}$.

þokkalegur, a., 1. *tækkelig.* — 2. *hyggelig, pæn*: Það er ótrúlegt, hversu húsmóðir getur gert býbýli sín þokkaleg og viðkunnanleg með litlu *Sm.* 199$_{14}$. — 3. *renlig*: það er þokkalegasta eldsneyti *Ið.* 2, 67$_{13}$.

þokknanlegur, a., *velbehagelig:* þó var hann eyrum | þóknanlegr *Milt. Pdm.* 27a$_{34}$.

þokknun, f., 1. *Behag, Velbehag.* — 2, *Gratifikation, Godtgørelse, Erkendtlighed*: yfirsetukonan hefir rjett til að fá sanngjarna þóknun fyrir yfirsetu og aðhjúkrun *LHA.* 3, 98$_{20}$. að þiggja gjafir eða þóknun af skipbrotsmönnum 3, 117$_{8}$. — 3. *Honorar:* viss þóknun á ári *LHA.* 3, 82$_{17}$.

þokuandi, m., *Taageaand*: (hann) eignar það sjálfur þokuöndum, sem í loptinu búi *Fjöl.* 1, 1$_{9}$.

þokublettur (-s, -ir), m., *Taageplet*: sást ný stjarna á himni í þokubletti *TB.* 6, 263$_{8}$.

þokubljæja, f., *Taageslør*: svo er sem þunn þ. sje dreigin ifir miðju hringsins *Urs.* 156$_{8}$.

þokudepill (-depils, -deplar), m., *Taagepunkt:* hún (ɔ: halastjarnan) er eins og þ. *Urs.* 122$_{20}$.

þokudrungaður, a., *mørk og taaget:* Drútið var lopt og þungur sjór, | þokudrungað vor *MJ. Lm.* 87$_{19}$.

þokufláki, m., *Taagemasse*: svo að hann (ɔ: skógrinn) var yfir að sjá eins og stór þ. *Ið.* 1, 30$_{26}$.

þokugoð, n., *Taagegud*: við þ. *Tegn. Frþ.* 109$_{15}$.

þokuhlass, n., *Taagelæs*: Hví svo þrúðgu þú | þokuhlassi, | súldar norn! um sveitir ekur? *JH.* 15$_{15}$.

þokuhnöttur (-hnattar, -hnettir), m., *Taageklode, Taagemasse:* gat ekki hjá því farið, að nokkur hluti gufunnar safnaðist í garð um miðbik þessa þokuhnattar *Fjöl.* 1, 115$_{2}$. Þessi þoka varð að þokuhnetti *Av.* 8, 23$_{2}$.

þokuhringur (-s, -ar *el.* **-ir)**, m., *Taagering, Taagekreds*: svo að löng gufubönd eða þokuhringir losna *Av.* 8, 23$_{27}$.

þokuhvolf, n., *Atmosfære*: Hún

(ɔ: sálin) var ífærð jörðinni og vatninu og þokuhvolfinu *Fjöl.* 1, 104₆.

þokukendur, a., *taaget, uklar:* vottr um þokukenda hugsun *AÓ. Af.* 141₄.

þokuknöttur (-**knattar,** -**knettir**), m., = þokuhnöttur: hvursu mjøg sem þessir þokuknettir belgjast upp *Urs.* 125₁₆.

þokulegur, a., *taageagtig:* þær (ɔ: halastjörnurnar) eru þokulegar og ljettar *Urs.* 124₁₀. Jörðin var í fyrstu í þokulegu ástandi *Gr. Kv.* 109₃₀.

þokumökkur (-**makkar,** -**mekkir**), m., *Taagemasse:* þeir (ɔ: reykháfarnir) blása frá sjer móleitum reyk, sem dregur sig saman og myndar þennan þokumökk yfir borgunum *KJ. Uf.* 4₈.

þokuskegg, n., *Taageskæg:* þ. er í róndum þeirra (ɔ: hringþoknanna) allt um kring *Urs.* 156₃.

þokusky, n., *Taagesky:* Nú var sem eigló | endurskini | þikkum undan | þokuskium *Fjöl.* 5, 1, 4a₃₀. það sínist sem þokuski líði fírir *Urs.* 57₂₈.

þokustjarna, f., *Taagestjærne:* Þetta eru hinar rjett kelluðu þokustjörnur *Urs.* 156₃. þokustjörnur *Av.* 8, 23₁.

þol, n., *Udholdenhed.*

þola (**þoli, þolum; þoldi, þoldum; þolað**), vt., *taale, udholde.*

þolafl, n., *passiv Kraft:* vötnin eru meðalsöfl og löndin eru þolöfl *Sw. VE.* 86₂₄.

þolanlega, adv., *taalelig:* Meðan 'baráttan fyrir tilverunni (lífinu)' gengur þ. *Skír.* 87, 46₁₂. gekk það nú allt saman þ. á þinginu *TÞH. Dr.* 1, 2, 63₂₉.

þolanlegur, a., *taalelig.*

þoleigind (-**ir**), f., *passiv Egenskab:* í sálfræðislegum skilningi er réttara að kalla þær (ɔ: eigindir hlutanna) heldr þoleigindir eðr kyrreigindir *TB.* 12, 178₁₅. allir líkamlegir hlutir hafa frumeigindir eðr þoleigindir sínar 194₃₀.

þolfall, n., *accusativus casus, Akkusativ. LO.* 4₁₇.

þolgóður (-**betri,** -**bestur**), a., *udholdende:* Enski þjóðaflokkurinn er þolbeztur allra þjóðflokka *Íf.* $^{18}/_{4}$ 96, 95a₄.

þolgæði, n., 1. *Udholdenhed:* Meðan móðirin úngar út eggjum sínum með aðdáanlegu þolgjæði *Fjöl.* 2, 2, 9₂₂. — 2. *Taalmodighed:* Presturinn mintist rauna hans og þolgæðis *Blk.* 88₁₂. — 3. *Bestandighed:* að fara á mis við hinn fagra ávöxt vizkunnar og þolgæðisins *Myn.* 76₄.

þolgæðilegur, a., *som kræver Udholdenhed; vedholdende:* Stöðug áreynsla og þolgæðisleg vinna er hlutur, sem spánverskum manni þykir óþolandi *Sm.* 12₁₁.

þolhlýðni, f., *passiv Lydighed:* annars vegar verkhlýðni, hins vegar þ. í öllu lífi sínu *Kb.* 4, 173₃₀.

þolinmóður (-**s,** -**ar**), m., *Tap el. Stift, hvorom noget drejer sig:* Miðhluti brúarinnar leikur eins og á þolinmóði á stöplinum *KJ. Uf.* 28₁₆. klukka, er leikur á þolinmóð *Av.* 4, 86₁.

þolinmóður, a., *taalmodig:* þolinmóðir og þrautseigir menn *Sm. Hps.* 16₂₆.

þolinmæði, f., *Taalmodighed:* þolinmæði, athygli og þrautgæði *Spenc.* 40₂₆.

þolinn, a., *udholdende:* fegurstir og þolnastir allra (eru) hinir arabisku (hestar) *PJ. Ns.* 71₄.

þollaus, a., *som mangler Udholdenhed.*

þolleysi, n., *Mangel paa Udholdenhed.*

þollegur, a., *passiv. LO.* 152b$_{29}$.

þollyndi, n., *Udholdenhed*: Slíkt þ. lýsti sér aðdáanlega hjá enni kanversku konu *LLH.* 6$_{19}$.

þolmerking, f., *passiv Betydning. LO.* 152b$_{30}$.

þolmynd (-ir), f., *Lideform, passiv Form:* Þau sagnorð latneskrar tungu, er hafa verknaðarmynd . ., fá nýja mynd, er kölluð er þ. *LO.* 62$_{24}$.

þolmyndaður, a., *lideformet*: ef sagt er: hann verst, þá kemur hin önnur mynd, er kallast þolmynduð sögn og endar jafnan á st *VÁ. Ritr.* 14$_{14}$.

þolsögn (-sagnar, -sagnir), f., *verbum passivum*: Sagnir skiptast í tvo flokka: gjörsagnir *(verba activa)* og þolsagnir *(verba passiva). VÁ. Ritr.* 13$_{30}$.

þoltegund (-ir), f., *Lideart, genus passivum:* að tvær sé tegundir sagnorða, verknaðartegund og þ. *LO.* 63$_{2}$.

þor, n., *Dristighed, Mod:* ef volig hætta | eða þraut þar frá | þ. beygði mitt *Milt. Pdm.* 37b$_{12}$.

þora (**þori, þorum; þorði, þorðum; þorað**), vt., *vove, have Mod til;* þ. e-ð *og* e-u. *Bruges sædvanlig med Infinitiv*: Jeg þori ekki að vera hjer lengur *Sæ. Íf.* 2, 161$_{2}$.

þórduna, f., *Torden*: álíkt hvini | hvirfilvinda | eða þórdunum | þúngra fossa *Fjöl.* 5, 1, 4b$_{11}$. glymjandinn og þórdunurnar urðu óþolandi *Þj.* $^{2}/_{9}$ 78, 102a$_{77}$. nú vekja þórdunur gullöld upp forna *MJ. Lm.* 18$_{6}$. og bardagans leiptrandi þórdunum háum *TB.* 17, 231$_{18}$.

þorna (**a**), vi., *blive tör, törres*: Þar þornuðu þau (ɔ: líkin) algjörlega við hægan yl *Ió. SG.* 132$_{26}$.

þorpari, m., *Slyngel*: Það er annars laglegt, að annar eins þ. skuli eyða mínum dýrmæta tíma í nokkurs konar leikaraskap *Sæ. Íf.* 2, 191$_{17}$.

Þorralok, n. pl., *Slutningen af Vintermaaneden* Þorri: nú í Þ. var bersýnilegt útlit fyrir almenn þrot á heyjum manna *Ió.* 3, 84$_{9}$.

þorskanet, n., *Torskegarn*: Hvergi má leggja þ. í Faxaflóa fyrir 14. dag marzm. á ári hverju *StA.* 75, 114$_{9}$.

Þórshani, m., *phalaropus platyrhinchus. Gr. Df.* 63$_{26}$. *phalaropus fulicarius. Gr. Sk.* 95, 43$_{4}$.

þorskanetjalagnir, f. pl., *Torskegarns Sætning*: þ. í Faxaflóa *StA.* 75, 114$_{3}$.

þorskhaus (-s, -ar), m., 1. *Torskehoved.* — 2. *Aalehoved, dumt Menneske.*

þorsklifur (-rar, -rar), f., *Torskelever*: Það er kunnugt að ný þ. er ágætt feitmeti *Br.* 3, 111$_{15}$.

þorskveiði (-ar), f., *Torskfiskeri*: Auk landsmanna stunda Frakkar . . hér þorskveiðar á piljuskipum *PJ. Ns.* 102$_{15}$.

þorsti, m., *Törst*: aðframkominn af þreytu og þorsta *ÓD. ÍÞ.* 4$_{11}$.

þorstsæll, a., *som fremkalder Törst*: nokkrar (ɔ: meyjar) komu inn með sætindi og þorstsæla rjetti *Þús.* 1, 248$_{12}$. þá var inn borið ágætt vín og þorstsælir ávextir 2, 20$_{13}$. sjö gullskálir fullar af . . þorstsælum krásum 3, 58$_{4}$.

þorstyrkur (-van), a., *kæk, modig*: með þróttsterkri hönd og þorstyrkvum huga *AÓ. Af.* 9$_{10}$.

þot, n., *Tuden, Susen*: þotið í

birkinu rjett fyrir utan gluggann *Fjöl.* 1, 154$_{11}$.

þóttafullur, a., *stolt, hovmodig*: hún leit ei við mjer þóttafull og þung *KJ.* 149$_{19}$.

þóttalegur, a., *med en stolt, hovmodig Mine.*

þóttast (a), v. refl., *vise sig stolt*: þ. ekki búðardróttir? *JH.* 15$_{8}$.

þrá, n., *Stivsind, Haardnakkethed*: að hann hafi ekki nógan stöðugleik móti þrái hennar *Þús.* 1, 19$_{2}$. (Kalifinn) var orðinn enn uppvægari útaf þrái konu sinnar 3, 83$_{21}$.

þrá (-r, -r), f., *Længsel*: nú átti þránni loksins að verða fullnægt *EH. Von.* 32$_{18}$. eptir því sem þessar spurningar spruttu upp fleiri og fleiri, eptir því varð þráin sterkari 34$_{7}$. er honum býr sitt hjálparráð | og heyrir þrár hans allar *Sb.* 49, 4$_{4}$. sökum hryggðar og þrár eptir ættstöðvum sínum *AK.* 56$_{22}$.

þrá (**þrái, þráum; þráði, þráðum; þráður**), vt., *længes efter; attraa, ønske*: mun hann samt allt af hafa þráð suðurland *Fjöl.* 3, 1, 50$_{19}$. nú þráir hann ekkert framar en heimkomu þína *Saw.* 27$_{16}$. endir lífs, endir kifs, | er þú þráðir *GT.* 101$_{21}$. eins og vjer þráum eilíft líf 115$_{20}$. eg þrái þá sæmd að verða tengdasonur hans *Þús.* 3, 130$_{28}$.

þráast (a), v. refl., *være trodsig, være stivsindet*: að láta undan og hlýða eða þ. og þrjózkast *Fróð.* $^{25}/_{4}$ 84, 113$_{18}$.

þrábeiðni, f., *idelige, gentagne Bønner*: eg varð þó að láta eptir þ. hans *Þús.* 1, 7$_{21}$. vildi hann ekki láta undan þ. vina sinna að taka við henni (ɔ: formennskunni) aptur *Skír.* 79, 44$_{26}$. Gjörði konungur það fyrir þ. Grundtvigs *HP. Gr.* 13$_{30}$.

þrábiðja (-bíð, -biðjum; **-bað, -báðum**; -beðinn), vt., *bede gentagne Gange, bede indstændig*: hann þrábað hana að taka ást sinni *Ið.* 6, 130$_{21}$.

þrábœna (i), vt., = þrábiðja: ekki fjekkst af honum að vera þar inni, þó þau þrábændu hann *Þús.* 2, 310$_{22}$.

þrábœnir, f. pl., = þrábeiðni: Trana nokkur lét til leiðast fyrir þ. hans *Esóp* 49$_{10}$.

þráðbeinn, a., *snorlige, snorret*: þær (ɔ: gjárnar) eru þráðbeinar *Urs.* 62$_{20}$.

þráðbeint, adv., *lodret*: þegar hádegissólin stóð þ. uppi yfir höfði mjer *Þús.* 3, 29$_{22}$. allt í einu þeytist vatnsstrókur þ. í lopt upp *ÞTh. LÍ.* 37$_{7}$. Fallið .. stafar niður þ. *PS. Ast.* 4$_{27}$.

þráðmyndaður, a., *traadformet; traadet*: þ. steinn með holum *LÍ.* 8$_{26}$.

þráður (**þráðar, þræðir**), m. *Traad*; þ. atburðanna *Begivenhedernes Sammenhæng*: Skoðið nú þráð atburðanna *Blk.* 115$_{18}$. öðrum þræði *af og til*: að eigi sje þar öðrum þræði einhver slíkur iðugangur í lopti *Björl.* 75$_{21}$.

þráfaldlega, adv., *idelig*: þó það sé aldrei nema víst, að hún (ɔ: skynsemin) villist þ. *Myn.* 92$_{18}$.

þráfaldlegur, a., *idelig*: með þráfaldlegum rannsóknum hafa menn komist að raun um að *Fjöl.* 1, 118$_{24}$.

þráflutningur (-s, -ar), m., *Trodsflytning (Flytning af et Fattiglem frem og tilbage mellem to Fattigdistrikter)*: aldrei greri um heilt með þeim (ɔ: hreppstjórunum) eptir þennan þráfluttning *JT. PoS.* 3$_{30}$.

þráfullur, a., *længselsfuld*: (ekkert) fast athvarf fyrir íhugandi

og þráfullan mannsanda *TUM.* 1, 66₉.

þráhald, n., *Haardnakkethed:* þetta þ. er landinu til mikils hnekkis *Skír.* 83, 135₁₀. Bismarck minntist á þ. páfaráðsins 85, 111₂₄.

þrái, m., *Stivsindethed, Halsstarrighed:* reiddist umboðsmaður jarlsins af þessum þrá ekkjunnar *PP. Sms.* 128₂₇. jeg held það sje nú samt ekki eiginlega þ., þegar pilti lízt á stúlku og hann svo reynir lengi við hana *Hd.* 138a₁₉.

þrákálfur (-s, -ar), m., *Tværdriver:* þú ert mesti þ. *PP. Sms.* 229₁₇. óþekktar-þrákálfurinn þinn *Se. Íf.* 1, 206₈. þrákálfum er viðbrugðið *GJ. ÍÓ.* 409₁₉.

þrákelkinn, a., *stivsindet, halsstarrig.*

þrákelkni, f., *Stivsind, Halsstarrighed:* þú vilt drepa sjálfa þig með þ. þinni *Þús.* 1, 18₁₀. einungis fyrir ofurkapp og þ. Karls tólfta *PM. Ág.* 275₅.

Þrakland, n., *Thrakien:* í frásögnunum um Finevs blinda, hinn spáfróða konung á Þraklandi *Stoll* 93₂₇.

þrakneskur, a., *thrakisk:* en eg hrósa því, | þraknesk kona, | að eg Demistokles | hinn mikla Grikkjum | að megi bar *GB.* 99₂₂.

þráleita (a), vt. med gen., *søge gentagne Gange og omhyggelig efter noget:* Þegar sveinninn var horfinn, var hans þráleitað *PS. Ast.* 181₂.

þrályndi, n., = þrái.

þrályndissvipur (-s), m., *trodsig Mine:* (hann) leit með þrályndissvip yfir trén *Ið.* 1, 37₃₁.

þrályndur, a., *trodsig, genstridig:* því skal biða þrálynd mærin þeegri tíða *Núm.* 13, 69.

þramma (a), vi., *gaa med tunge Skridt:* Þessir þrir garpar þrömmuðu því hægt og hægt eptir aðalstrætunum í Bombay *Ið.* 7, 23₃₁. þétt og beint | þrammar seint | þung á bárum | þrungin tárum | Hefnd *GTh. Lm.* 287₃.

þrár, a., *stivsindet, halsstarrig.*

þras, n., *Kiv, Strid:* Kodros kom sér þar í þ. við liðsmann einn *PM. Ág.* 21₁₇.

þrásamur, a., *stivsindet, haardnakket:* annarhvorr ykkar fellur og seður Ares, hinn þrásama bardagaguð *Il.* 1, 113₁₅.

þrásinnis, adv., *gentagne Gange, idelig:* Í lífinu gleymist hið eina nauðsynlega . . svo þ. innan um hinar mörgu nauðsynjar *JG. Hv.* 34₁.

þrástaga (a), vt., *gentage idelig:* hvernin Guds rádstøfun hafi leidt Gydinga folkid án þess ad þ. fyrir því lægmálid *HF. Kv.* 1, xi₃₀.

þrásœkilega, adv., *idelig:* einnig hjá þeim hittum vér þ. hina grátlegustu vanþekking á aðal-ákvörðun lífsins *Myn.* 178₁₂.

þrásœkilegur, a., *uafladelig, idelig:* hvíliks ábyrgðarleysis hinar útlendu þjóðir njóta fyrir þrásœkileg brot sín *Íf.* $^{5}/_{12}$ 91, 385₂₃.

þrátignaður, a., *idelig æret, idelig tilbedt:* þannig talar þá og beiddi: | þ. Júpiter! *Núm.* 4, 71.

þrátt fyrir, præp. med acc., *til Trods for, trods, uagtet:* Þ. firir þetta hefir samt tekist að *Urs.* 111₂. þ. f. allt þetta auðnaðist kristnum mönnum ekki til langframa að ná fóstum yfirráðum yfir 'Landinu helga *PM. Ág.* 124₂₀. En samhljóðunin í kenningum postulanna er þ. f. þetta eigi þannig, að *HH. Ks.*

71₃₀. þ. f. öll þessi óhöpp *Av.* 6, 109₂₅.

þrátt fyrir að, conj., *uagtet:* þ. f. að stórveldin hafa kannast við að *Skír.* 87, 25₁₇.

þrátt|un (-anir), f., *Trætte, Strid:* Í heimilislífinu eiga margar þráttanir þessi upptök *JG. Hv* 100₁₇.

þráttunarefni, n., *Stof el. Anledning til Trætte:* að gjöra ekki þ. úr hverjum hlut *JG. Hv.* 99₂₆.

þráttunargirni, f., *Trættekærhed:* Þ. á einkum heima á barnsaldri mannsins *JG. Hv.* 100₂₆.

þráttunargjarn, a., *trættekær:* Vald sannrar friðsemi . . er í þessu tilliti mikið og langtum meira en hinn þráttunargjarni getur skilið í *JG. Hv.* 101₁₈.

þrauka (a), vi., 1. *vente med Taalmodighed, holde ud:* hann þraukaði þar alla nóttina til sólaruppkomu *Skír.* 87, 81₃₁. Þó hans jörð yrði mest fyrir skemmdunum, þraukaði hann þó lengst af þessum 4 bændum í dalnum *Huld* 5, 82₁₂. Manns hef aldra þrjá jeg þraukað *GTh. Lm.* 62₇. — 2. *gaa med tunge Skridt:* másandi og seinfær þraukar, sveitist *TB.* 17, 223₁₉.

þraut (-ir), f., *Anstrengelse, Besværlighed, Strabads:* úti er þ., þá unnin er *GJ. ÍO.* 843₁₇.

þrautalaust, adv., *uden Anstrengelse, uden Vanskelighed:* enginn nær ósk sinni þ. *Þús.* 2, 154₂₉. gekk það ekki þ. *Rób.* 84₂₆.

þrautalega, adv., *ynkelig, jammerlig:* First er skáldskapurinn sumstaðar þ. stirður *Fjöl.* 2, 1, 44₁₁.

þrautalítill, a., *ikke synderlig besværlig; Comp.* þrautaminni *mindre besværlig:* þeim verður ekki þrautaminna að læra hlýðnina eptir að þau eru komin til vandalausra *ÓÓ. Hl.* 29₄.

þrautaverk, n., *besværligt Arbejde:* það þ. að reikna sjer nákvæmlega til brautina *Urs.* 120₂₁.

þrautgóður, a., *udholdende:* þolinn og þ. í ferðalögum *Fjöl.* 3, 2, 22₃₀. Rómverjar reyndust nú . . hugrakkastir og þrautbestir, þá er sem mest kreppti að þeim *PM. Ág.* 72₁₄. með þessari hinni kappsömu og þrautgóðu sjálfskennslu *MJ. Bfr.* 150₂₅.

þrautgæði, n., *Udholdenhed:* að halda því áfram með þolinmæði og þrautgæði, er maður hefir einu sinni tekið sjer fyrir hendur *Auðv.* 26₁₈. er hann sá þessa raun einstaklegs þrautgæðis 83₁. þolinmæði og athygli og þrautgæði, þegar á móti blæs *Spenc.* 40₂₆.

þrautgæðisverk, n., *Gerning, som vidner om Udholdenhed:* Bæði þau nýmæli eru tvö þrautgæðisverk Bismarcks *Skír.* 85, 108₈.

þrautreyna (i), vt., *forsøge til det yderste:* nema áður hafi þrautreynt verið á alla lund að stjórna honum (ɔ: almúganum) sem frjálsum lýð *Mill* 204₂₀.

þrautreyndur, pp., *prøvet:* það voru hinir þrautreyndu kappar í fóstbræðraliðinu *Ið.* 3, 224₁₂.

þrautseigja, f., *Sejhed, Udholdenhed:* oss sýnist þ. hans eiga stuðning og viðrkenningu skilið *Þj.* $^{7}/_{6}$ 84, 88a₂₄. Hinu megin var þrautseigjan *GT.* XIV₁₂. Til þess að sýna þrautseigju hans viljum vjer geta þess, að *Sm. Hþs.* 6₂₂.

þrautseigur, a., *sej, udholdende:* þær (ɔ: frakknesku skipstvíbökurnar) gera menn þolna og þrautseiga *FkA.* $^{25}/_{11}$ 90, 47a₂₆. þolin-

móðir og þrautseigir menn *Sm. Hpe.* 16₂₈.

þref, n., *Kævleri.*

þrefa (a), vi., *trætte, stride, kives:* Um þetta var lengi þrefað við ráðherra jarlsins *Skír.* 85, 86₂.

þrefaldur, a., *tredobbelt.*

þrefalt, adv., *tredobbelt, tre Gange:* Brennivínsdrykkja mun nú í Norvegi þ. eða fjórfalt minni enn við byrjun bindindishreyfinganna *MJ. Bfr.* 137₂₈.

þreifa (a), vi. og t., *føle, føle paa:* þ. fyrir sér *føle sig for;* þ. sig áfram *føle sig frem:* vér verðum . . engu síðr en aðrar þjóðir að þ. okkr áfram *Mál.* 14₂₈. Eins og þú þreifar þig áfram með höndunum *TÞH. Tíb.* 1, 25₁₂.

þreifanlegur, a., *følelig, paatagelig, haandgribelig:* hann (o: draugurinn) var svo rammur, að hann var þ. *Þs.* 1, 373₂₂. at þramma þoku í | þreifanlegri *Mílt. Pdm.* 86b₂.

þrek, n., *Styrke, Aandsstyrke.*

þrekfullur, a., *kraftig, dygtig:* þessir reindu og þrekfullu menn *Fjöl.* 2, 2, 18₁₀.

þrekinn, a., = þrekvaxinn.

þreklaus, a., *kraftløs, svag; blødagtig:* sæðinn á gæðin og frelsið nóg; þar á ei heima hin þreklausa ró *Tegn. Frþ.* 124₁₅.

þrekleysi, n., *Svaghed; Karakterløshed:* Enginn mun bregða Pjetri eða Páli postulum um þ. *Auðv.* 68₁₂.

þreklítill, a., *som har kun liden Kraft, temmelig svag:* munaðarlífið hefir gjört huga þeirra sljófan og þreklítinn *Ið. SG.* 46₁₂.

þreklyndi, n., *Sjælsstyrke, Karakterstyrke:* Mannúð, stilling, þ. og áhugi á hreinni kenningu var sameinað hjá honum *HH. Ks.* 156₂₀.

þreklyndur, a., *aandsstærk, karakterfast.*

þrekmaður, m., *aandskraftigt, energisk Menneske:* Þar var einn í þeirri för | þ. og hetja snör *KJ.* 158₄.

þrekmenni, n., *kraftigt, mægtigt Menneske:* níddust þ. | á þróttarsnauðum *KJ.* 160₁₅.

þrekmikill, a., *kraftig, kæk:* þannig er kærleikurinn hugull og þ. í áformum sínum *TÞH. Tíb.* 1, 19₂₁.

þrekvaxinn, a., *før, før af Lemmer; undersætsig:* Það var lítill, þ. piltr *Ið.* 1, 20₁₇.

þremill (-s), m., *Fanden:* Hvern þremilinn viljið þið? *Hd.* 23b₁₉. æ, æ! hver þremillinn þarna er! *Ið.* 1, 69₁₆.

þrengd, f., *Tranghed:* sakir þrengdarinnar á hálsinum ílátsins *Esóp* 80₂₀.

þrengja (i), 1. vt., *gjøre trang, snæver; indsnævre.* — 2. vi., þ. að e-m *trykke en.*

þrenning, f., *Treenighed.*

þrenningargras, n., *viola tricolor, Stedmoderblomst. BH. Grn.* 229₂. *Mohr* 208₈. *Grl.* 40₁₇.

þrenningarhátíð, f., *Trinitatissøndag:* Þrenningarhátíð er sunnudagurinn eptir Hvítasunnu *Urs.* 208₇. fram að þrenningarhátíð *Fjöl.* 4, 3, 84₇.

þrenningarsamband, n., *Tripelalliance:* Setjum svo, að þrenningarsambandið eigi . . ófrið við Frakkland *Skír.* 89, 7₂₈. ein af aðalstoðum þrenningarsambandsins *Skír.* u. á. 91, 30₂₈.

þrennæringur (-s, -ar), m., *treradaaret Skib, Trirem (triremis τριήρης):* Grikkir biðu þess, að Kleandros og þrennæringarnir og önnur skip kæmu *AK.* 156₂₁.

þrepsteinn (-s, -ar), m., *Trappesten*: fátæka konan settist á þrepsteininn fyrir húsi hans *Sm.* 180$_{21}$.

þresking (-ar), f., *Tærskning*: aðferðin við kornskurð og þ. *Av.* 19, 74$_{7}$.

þreskivél (-ar), f., *Tærskemaskine*: hreinsunarvjel, þreskivjel *Austri* $^{8}/_{7}$ 85, 54b$_{38}$.

þreskja (í), vt., *tærske*.

þrettán, num. card., *tretten*.

þrettándi, num. ord., *trettende*.

þrettándi, (= þrettándi dagur jóla), m., *Helligtrekongersdag*: nokkrir aðrir hátíðisdagar hafa þar verið afteknir svo sem eru Þrettándi 6. Janúar *Urs.* 203$_{14}$. Klerkur átti í fórum sínum óskemmdan búning, þann er hafði verið hafður á þrettánda veturinn á undan á einn af spekingunum frá austurlöndum *Ið.* 5, 314$_{7}$.

þreying (ar), f., = þreyja: Því látum oss | með þ. kyrri | viðtöku veita | vorum kjörum *Milt. Pdm.* 30b$_{30}$.

þreyja, f., *Udholdenhed, Taalmodighed*: Hefðu Frakkar haft þol og þreyju til að bíða eptir nákvæmari skýrslum *Sktr.* 85, 78$_{11}$.

þreyja (**þreyi, þreyjum; þreyði, þreyðum; þreyður**), 1. vi., *vente, bie (taalmodig)*: bóndinn væntir jarðarinnar dýrmæta ávaxtar, en þreyir þó, þartil hann fær morgun- og kvelddeggina. Þreyið og þér *Myn.* 88$_{8}$. varð hann . . að þ. með þolinmæði *Þús.* 3, 116$_{36}$. bjóst hann samt til að þ. með þolinmæði 120$_{19}$. — Ef jeg sjúkleik þjáður þreyi *Sb.* 107, 3$_{1}$. — 2. vt., *længes efter*: andlát mitt því jeg óðfús þreyi *KJ.* 12$_{11}$. *Med infin.*: hún þreyði óðfús að vita, hvað A. H. hefði orðið ágengt *Þús.* 3, 79$_{18}$.

þreyjandi, ppræs., *længselsfuld*: hugga hinn þreyanda *Myn.* 97$_{4}$.

þreyta, f., *Trøthed, Udmattelse*: Mjer fannst þreytan eins og jafnast um mig allan *Verð.* 49$_{18}$.

þreyta (í), vt., 1. *trætte, udmatte*. — 2. *føre, udholde*: heldur er þungt að þreyta | við þessa alla Strijd *Vb.* 207$_{24}$. Þegar ekki þreytt er stríð, | þá er enginn sigur *BG. Nj.* 157$_{1}$.

þreytulaust, adv., *uden at blive træt*: hann gat talað margar stundir samfleytt þ. *Auðv.* 87$_{14}$.

þreytulega, adv.; líta þ. út *se ud til at være træt*: þér hafið lengi litið þ. út *PP. NS.* 22$_{6}$.

þreytulegur, a., *som ser ud til at være træt*: hann sá hávaxinn og gjörvilegan mann, en göngumóðan og þreytulegan nálgast sig *TÞH. BS.* 233$_{17}$. Út streyma þeir úr vögnunum, alvarlegir, þrútnir, þreytulegir *EH. Von.* 37$_{8}$.

þreytuverk, n., *trættende, besværligt Arbejde*: þ. er að rjetta út höndina eptir ölmusum *TÞH. BS.* 255$_{10}$.

þríbrotinn, pp., *med tre Slyngninger, treslynget, tresnoet*: á hendinni bar hún þríbrotið gull *Þs.* 1, 129$_{36}$.

þríburi, m., *Trilling*: var hún þ. *Þs.* 1, 408$_{32}$.

þriðjungsbraut (-ir), f., *Tertiærbane*: hvað kostar nú smábraut eða þ. *Eimr.* 1, 7$_{18}$.

þríeggur, a., *treægget*: þegar hinn sterki Amfitrýonsson skaut hana í hægra brjóstið með þríeggri ör *Il.* 1, 117$_{19}$.

þríeinn, a., *treenig*: Ætti eg þá að fyrirverða mig fyrir nafn þitt, þríeini Guð! *Myn.* 108$_{21}$. Eptir Mormónsbók er guð þríeinn *HH.*

Morm. 5₂₉. Hinn sanni þrieini guð var eigi einn saman tignaður og tilbeðinn *HH. Lút.* 6₉.

þrífa (**þrík, þrífum; þreif, þrifum; þrifinn**), vt. *gribe;* þrífast *trives:* gott frø af þeim tegundum jurta, sem reynslan hefur sýnt að geta þrifizt bezt á Íslandi *TB.* 7, 2₃₁.

þrifalega, adv., *renlig:* Börnin mín eru bæði hreinleg og þ. klædd *Sm.* 94₃.

þrifalegur, a., *renlig:* allt var innanstocks hiá mér hreint og þrifalegt *HF. Kv.* 1, 58₁₀. til þess að hafa hýbýli sín þrifaleg *Sm.* 177₁₁.

þrifinn, a., *renlig:* Ef konan er sparsöm, reglusöm og þrifin *Sm.* 95₃₁.

þrífitjaður, a., *med tre Svømmehuder:* þrífitjaðir sundfuglar *PJ. Ns.* 90₂₄.

þrífleinn (-s, -ar), m., *Trefork:* þar var og hin salta uppsprettulind, er sjáfarguðinn hafði lostið úr berginu með þrífleini sínum *Stoll* 44₃₆.

þrifnaðarandi, m., *Sans for Renlighed:* Það er þ., sem þarf að komast inn hjá mönnum *Sm.* 183₁₃.

þrifnaðarbóndi, m., *renlig og ordenlig Husfader:* að þar búi góður efnamaður og þ. *JT. PoS.* 146₃₃.

þrifnaðarráð, n., *heldbringende Foretagende:* Hann minntist og á það þ. Mexikóbúa, að þeir ætla sjer að halda í sumar alþjóðasýning *Skír.* 79, 154₁₀.

þrifnaður (-ar), m., 1. *Renlighed:* sparsemi, hreinlæti, þ. *AÓ. Af.* 24₃₃. fyrirmynd þrifnaðar og reglusemi *N. Hf.* 6₁₆. — 2. *Trivsel, Velstand, Velvære:* mannvirkin miklu og allur annar þ. væru sprottin af frelsinu *Skír.* 83, 157₁₀.

þríforkur (-s, -ar), m., *Trefork:* Vopn hans og veldissproti er þríforkurinn *Stoll* 96₁₇. hann klauf sundur fjallgarðinn með þríforkinum 98₁₇.

þrífótur (-fótar, -fœtur), m., 1. τρίπους *Trefod:* hofgyðjan . . settist á þrífót *Stoll* 51₁₅. — 2. *Trefod (et Køkkenredskab):* Setjum þá flöskuna á járngrind eða þrífót *StN.* 1, 11₄.

þrígiftur, a., *tre Gange gift:* Hann var þrigjiptur *Fjöl.* 3, 1, 54₂₄.

þríhlaða (-hleð, -hlöðum; -hlóð, -hlóðum; -hlaðinn), vt. og i., *fiske saa meget paa én dag, som Baaden rummer tre Gange:* þeir þríhlóðu þarna um daginn *Þs.* 1, 206₃.

þríhliðaður, a., *tresidet:* þríhyrningur er þríhliðuð flatmynd *TB.* 12, 122₃₁.

þríhljómur (-s, -ar), m., *Treklang:* allt í frá barnæsku hljómar þ. í sálu minni *Myn.* 108₁₈.

þríhyrna, f., *trekantet Stykke Tøj:* (Björg) tók þó um leið að laga á sér þríhyrnuna *PS. Ast.* 70₃.

þríhyrndur, a., 1. *trehornet (om Faar).* — 2. *trekantet, triangulær:* Arnór sker upp þrjár þríhyrndar flögur úr gólfinu *Þs.* 1, 48₃₇. sú heimsálfa er þríhyrnd í lögun *Gr. Lf.* 6₃.

þríhyrningafrœði, f., *Trigonometri:* er í þríhyrningafræðinni kennt, hvernig *BJ. St.* 15₁₀.

þríhyrningamál, n., *Triangulation, Triangulering:* í byrjun þessarar aldar ljet tekjuráðið (Rentekammeret) mæla með þríhyrningamáli . . allar strendur Íslands *LÍ.* 2₉.

þríhyrningamálsfrœði, f., *Trigonometri:* þykktarmálsfræði *(stereometri)* og þríhyrningamálsfræði *(trigonometri). BM. UM.* 18₁.

þríhyrningur (-s, -ar), m., *Triangel:* þ. er merktur bókstöfum

Hemp. 53₄. mæling á þríhyrningum og ferhyrningum *Av.* 7, 98₂₁.

þríkvæntur, pp., *tre Gange gift*: Hann var þ. *PM. Ág.* 97₄. hann var maður þ. *HP. Gr.* 19₁.

þrílagamynd|un (-anir), f., *tertiær Dannelse*: þar eð hann (ɔ: lignit) finnst í þrílagamynduninni *TB.* 2, 36₂₁.

þrileikur (-s, -ar *el.* ir), m., *Trilogi*: mest kvað að því er hann lauk við þrileikinn Wallenstein *Eimr.* 8, 45₂₃.

þrléttur, a., *bestaaende af tre lette (korte) Stavelser*: þ. bragliður *TB.* 16, 234₈.

þriliða, f., *Treledsregel*, *Regula de tri*: Í reikningi eru lærðar 4 species, brot, tugabrot og þ. *Av.* 7, 98₁₉. síðan er lengd bogans fundin með þriliðu *HB. Fl.* 60₁₁.

þriliðaður, a., *trefodet*: í þriliðuðum vísuorðum *TB.* 16, 247₅.

þriliður (-ar, -ir), m., *Daktyl*: þriliður *(dactylus)* er hefir þrjú atkvæði, hið fyrsta með áherzlu, en tvö hin síðari áherzlulaus *VÁ. Ritr.* 41₈.

þrílitur, a., *trefarvet*: Napoleon hafði reist þrílita fánann við steinstöplana *Austri* ²/₇ 85, 51b₂₀.

þrímenningur (-s, -ar), m., *Triumvir*: einn hinna nafntoguðu þrímenninga *lð.* 2, 9₈.

þrimill (**þrimils**, **þrimlar**), m., *Knude*, *Tuberkel*: Fyrstu dagana verðr opt vart við þrimla *JJ. Lb.* 442₈.

þrímjalta (a), vt., *malke tre Gange om Dagen*: Meiri og betri mjólk fæst með því að þ. en tvímjalta *Íf.* ²/₇ 92, 210b₄₂.

þrinnaður, pp., *(om Garn) tretraadet*, *tredobbelt*: Bandið í þeim (ɔ: fingravetlingunum) er þrinnað *Fk.* ¹⁸/₁₂ 85, 91b₂₃.

þríríkjasamband, n., *Tripelalliance*: þríríkjasambandið stendr nú á fastari fótum en áðr *Fk.* ³⁰/₁₁ 87, 139b₂₃.

þrísettur, pp., *tredobbelt*: hinumeiginn var þrísett röð af tunnum *JT. PoS.* 36₂₀. þrísettar girðingar *TB.* 5, 216₁₈.

þrísiðungur (-s, -ar), m., *Trekant*: þ. *(Trekant)* er flatmynd eða beinn flötur, takmarkaður af þremur beinum línum *Hemp.* 53₈.

þrísigldur, a., *tremastet*: að hann væri staddur á stóru kaupskipi þrísigldu *Ss. Íf.* 1, 66₈.

þrískifting (-ar), f., *Tredeling*: Þrískifting þessa eðr þenna þríþætting hafa Danir leitt í lög hjá sjer *Fróð.* ²⁰/₂ 86, 341₄₅. í einni af hinum elstu norsku lögbókum er enn þá oft talað um hina sömu eða líka þ. *Maur.* 13₁₉.

þrískiftur, pp., *tredelt*: Sérhvert skorkvikindi hefir þrískiptan líkama *PJ. Ns.* 106₁.

þrískildingur (-s, -ar), m., *Treskillingsstykke*: þrískildingar *StA.* 75, 14₂₁.

þrislíkur, a., *tre Gange saa stor*: þrislíkt frá Drottni | ok dýrðar ljósi | sem himinrönd ytsta | frá heims miðpúnkti *Mult. Pdm.* 8₂₂.

þrístjóraveldi, n., *Triumvirat*: Þannig myndaðist samband það í Rómaborg, er menn kalla þrístjóraveldið hið fyrra *PM. Ág.* 86₂₂. þrístjóraveldið hið síðara 93₂₂.

þrístjóri, m., *Triumvir*: Þrístjórar þessir náðu þegar undir sig hinum æztu völdum *PM. Ág.* 87₈. Þrístjórar þessir brutust þegar til valda í Rómaborg 93₂₂.

þrístrendur, a., *trekantet, tresidet, prismatisk*: Fraunhofer reindi að skoða litarmind þá er verður af að sólargeislarnir brotna í þrístrendu gleri *Urs.* 147$_{18}$. Láti maður ljósgeisla falla í gegnum smugu inn í dimmt herbergi og svo í gegnum þrístrent gler á vegg *Av.* 6, 68$_{9}$.

þrístuttur, a., *bestaaende af tre korte Stavelser*: þ. bragliður *TB.* 16, 284$_{3}$.

þrítaka (-tek, -tökum; -tók, -tókum; -tekinn), vt., *gentage tre Gange*: þegar hún hafði þrítekið þau (ɔ: hin sömu orð), teygðu fiskarnir upp höfuðin *Þús.* 1, 154$_{22}$.

þrítugasti, num. ord., *tredivte*: ekki kemur nema þrítugasta hvert (ɔ: mál) í dóm á Íslandi *LÍ.* 85$_{23}$.

þrítugsaldur (-rs), m., *Alder af tredive Aar*: frá fermingu og fram á þ. *Eimr.* 1, 34$_{16}$.

þríund (-ir), f., *Terts*: þríundin mikla *Fisch. Ef.* 196$_{6}$.

þrívelda (a *el.* í), vt., *kubere*: að hefja upp í þriðja veldi er kallað að að þ. *(kubere). Hemp.* 31$_{6}$.

þríveldi, n., 1. *Kubus*: þriðja veldi er kallað þ. *(kubus) Hemp.* 31$_{5}$. — 2. *Tremagtsforbund, Skandinavisme*: Norðurþjóða þríveldið *(Scandinavismus) Fróð.* $^{2}/_{2}$ 86, 329$_{14}$.

þríyddur, a., *trespidset*: Sóknarvopnin eru spjót margs konar, stundum þríydd *TÞH. Eld.* 788$_{23}$.

þríþættingssamband, n., *Tripelalliance*: Þetta hafi líka haft í för með sjer þríþættingssambandið *Skír.* 84, 53$_{11}$.

þríþættingur (-s, -ar), m., 1. *tretraadet Streng.* — 2. *Tredobbelthed; se* þrískifting.

þrjátíu, *num. card.*, *tredive*: Sá jeg þá villimenn marga, á að gizka svo sem þ. *Rób.* 78$_{2}$.

þrjóta (**þrýt, þrjótum; þraut, þrutum; þrotinn**), vi., *ophøre*: þar þrýtur Skrælingjabyggðin *TB.* 7, 313$_{14}$. þángað til Jakobi þraut allur þróttur *Blk.* 57$_{21}$. vindurinn þrýtur að lokum *Björl.* 57$_{2}$.

þrjótur (-s, -ar), m., *Kæltring, Slyngel*: Hvað vill hann þrjóturinn sá arna *Hd.* 58$_{a25}$. bölvaður þrjóturinn þinn *Dv.* 5, 2$_{13}$.

þrjótur, a., *trodsig, ulydig*: Vesöl mús, viltu vera þrjót? *GT.* 59$_{19}$.

þrjózka, f., *Trods, Trodsighed, Genstridighed*: það (ɔ: guðlegt réttlæti) lætur til sín heyra í öllu hirðuleysi mannanna og í allri þrjózku þeirra *Myn.* 81$_{6}$. til þrjózku og uppreistar 164$_{10}$. ef hann hjeldi áfram slíkri þverúð og þrjózku *Þús.* 2, 181$_{4}$.

þrjózkulegur, a., *trodsig*: Þessir fjórir, sem hinar smærri sakir lágu á, voru þrjózkulegir útlits *Ss. Íf.* 1, 54.

þrjózkusvipur (-s, -ir), m., *trodsig Mine*: 'Jeg vil hreint ekki giptast — aldrei' sagði hún með þrjózkusvip *Ið.* 1, 157$_{18}$.

þróast (a), v. refl., *voxe, udvikle sig*: sidan er það (ɔ: tréð) merg ár ad þróast, ádur enn það ber nockurn eiginlega kalladann ávöxt *HF. Kv.* 1, 145$_{23}$.

þroka (a), vi., *være standhaftig, holde ud*: Vér skulum þ. og verja best | veslings eignir heimakynna *Núm.* 5, 85.

þroskaaldur (-rs), m., *moden Alder*: til gagnlegrar notkunar þeirra meðala, sem þroskaaldurinn má veita *TB.* 7, 155$_{5}$.

þroskaður, a., *moden*: þegar þær (ɔ: plönturnar) eru þroskaðar, má skera þær tvisvar *Ið. SG.* 61$_{19}$.

þroskalegur, a., *frodig*: Gróður-

inn á þessum skriðugrundum var hinn fegursti og mjög þ. *Av.* 18, 17₁₈.

þroskapróf, n., *Modenhedsprøve*: þau (ɔ: prófin) ættu að verða miklu fremur þ. en utanaðlærdómsprói *BM. UM.* 62₂₂.

þroskasaga, f., *Udviklingshistorie*: 100 eða jafnvel 1000 ár í mannkynsins þroskasögu er stutt timabil *Fk.* ²⁴/₉ 86, 70b₂₄.

þroskaskeið, n., *Udviklingsstadium*: á ýmsum af inum áru þroskaskeiðum mannkynsins *Mill* 122₁.

þroskastig, n., *Udviklingstrin*: að uppeldið yrði að laga sig eptir . . þroskastigum barnanna *Spenc.* 24₁₂. hann (ɔ: Júpíter) er því á mjög líku þroskastigi . . og jörð vor *Ið.* 3, 305₁₀. til þess að hann lagi kennslu sína eptir þroskastigi hvers eins *TUM* 1, 35₂₁.

þroski, m., 1. *Modenhed*: utanaðlærdómurinn er eigi nema lítilsvirði í samanburði við þroska og greind *BM. UM.* 62₂₀. — 2. *Udvikling*: Allar þessar náðargjafir miðuðu til þess að efla þroska kristninnar á barndómsárum hennar *HH. Ks.* 50₁₅.

þroskun, f., *Udvikling*: réði hann (ɔ: Kronos) í öndverðu fyrir þ. jarðargróðans *Stoll* 11₂₁. til frekari þroskunar á líkamanum *Spenc.* 86₂₆. það er öfugt hlutfall á milli vaxtarins og hinnar innri þroskunar 109₂₇. vöxturinn og hin innri þ. 110₄. að tilsögnin héldist í hendur við þ. og framfarir hæfilegleikanna *Ið.* 6, 225₅.

þrot, n.. *Ophør, Ende*: ilmsins eru þegar þ. *GTh. Lm.* 319₁₉.

þrotabú, n., *Fallitbo, Konkursbo*: (nefndin) fór með ríki hans eins og þ. *Skír.* 79, 161₁₂. við skipti á þrotabúum *LHA.* 3, 212₁. enda sje búinu eigi skipt sem þrotabúi 203₃.

þrotalýsing (-ar), f., = þrotayfirlýsing *JJ. DO.* 83b.

þrotamaður, m., *Fallent*: Margur þ. getur rakið ólán sitt frá þeirri stundu, er hann fór að taka lán *Auðv.* 118₂₁.

þrota-yfirlýsing (-ar), f., *Falliterklæring*: antísemitiska hreyfingin er einmitt hvellbásúnuð þ. þessa sama kyns. *Þj.* ²⁰/₁₁ 96, 214c₂₄.

þroti, m., *Bullenhed, Hævelse*: Þrotinn (bólgan) kemur mestmegnis til af því, að mikil blóðsókn er til hins sjúka lims *JJ. Lb.* 2₂₇.

þrotlaus, a., *uophørlig*: þessi öskrandi gnýr, er lét í eyrum svo sem þ. þruma *PS. Ast.* 21₁. Stormur skeiðaði með sama þrotlausum ákafa 150₉.

þrotna (a), vi., *ophøre*.

þrotn|un (-anir), f.: *Ophør, Undergang*: um viðgang eða uppgang sumra (ɔ: þjóða) og þ. annara *Skír.* 83, 142₂₇.

þróttarsnauður, a., *fattig paa, blottet for Kraft; svag*: niddust þrekmenni | á þróttarsnauðum *KJ.* 160₁₆.

þrótteflidur, a., *overmaade stærk, voldsom*: hann, sem að sæðraðist aldrei | í örlagasnerru | né þrótteflidum þokaðist fyrir | þrumu-gný harma *KJ.* 19₁₉.

þróttleysi, n., *Kraftløshed, Afmagt*: mér hefir í merg ár þókt minkun að þ. og hugleysi *Myn.* 2₁₂. þér, faðir! ættuð ekki | í þróttleysinu að þykjast svona sterkur *Lear* 59₁₀. hið siðferðislega þ. hins innra manns *Ald.* 2, 127₂₆.

þróttleysisdvali, m., *Afmagtsdvale:* Til að vekja mannian upp

af þessum þróttleysisdvala efans *Ald.* 2, 127₂₃.

þróttlítill, a., *svag*: jafnveikt er það | fyrir járnkarli mínum | sem ins þróttminnsta | af þegnum hans *KJ.* 44₁₈. Sálarlíf hennar varð fölt og þróttlítið *Eimr.* 2, 84₁₁.

þróttmikill, a., *kraftig*: niður af hinum þróttmiklu herðum fellur hviti serkurinn *PS. Ast.* 139₂₃. þeir þora ekki að rekja neina djarfa, þróttmikla og óháða hugsun til ályktunar *Mill* 69₃.

þróttsterkur, a., *kraftig*: hann vildi þegar vinna með þróttsterkri hönd *AÓ. Af.* 9₁₀.

þróttur (-ar), m., *Kraft, Styrke:* þrótturinn lifnar við hádunar rasta *Tegn. Frþ.* 124₁₆.

þró|un (-anir), f., *Udvikling, Fremvæxt:* þ. andlegrar fullkomnunar *Skír.* 83, 5₂₃. um þ. og kvislan lífsmyndanna úr frumpörtum tilverunnar 59₁₈. vottur um vöxt og þ. lýðveldisins 85, 20₆. menn hirtu að eins um framfarir og þ. líkamans *Spenc.* 20₁₈. við vöxt og þ. annara lifandi skepna 26₁₂.

þróunarleysi, n., *Mangel paa Udvikling, Stillestaaen, Stagnation:* alt til þessa hefir framsókn Evrópumentunarinnar strandað þar (ɔ: í Kína) á . . steingjörvingslegu þ. eldgamallar landsvenju *Fk.* $^{9}/_{7}$ 87, 75a₂₃.

þrúðefldur, a., *overmaade kraftig, overordenlig tapper*: Yzt þar á útkjálka heims | ægivald harðstjórans flýði | Norðurheims þrúðefilda þjóð *KJ.* 235₈.

þrúðugur, a., 1. *kraftig, tapper.* — 2. *tung, svær*: Hvi svo þrúðgu þú | þokuhlassi | súldar norn! um sveitir ekur? *JH.* 15₁₄.

þrúga, f., 1. *Slags Snesko* (truga *Aasen* 838b), *som man binder under Fodsaalen og gaar med for ikke at synke i Sneen.* — 2. *Vinperse.* — 3. *Drue (skulde hede* drúfa): og meðan þrúgna gullnu tárin glóa *JH.* 42₁₆. ber að geta um Frank Bright í London, sem fær þrúgur frá Frakklandi og Spáni *MJ. Bfr.* 104₂₀.

þrúga (a), vt., *presse:* Ef þeir fyrir hræðslu sakir skyldu sætta sig við að láta þ. sig í eitthvert af þessum mótum *Mill* 130₁₄.

þrugla (a), vi., *vaase:* að rugla og þ. fram og aptur um íslenzka þjóðvaldsstjórn *FJ. NV.* 9₂₃.

þrúgumót, n., *sammenpressende Støbeform:* Andríkir menn eru sérkennilegri en aðrir menn, geta því öllum öðrum síðr . . felt sig niðr í nokkurt af þessum fáu þrúgumótum, sem *Mill* 130₁₀.

þrúg|un (-anir), f., *Tryk:* að láta allan þann hluta af sjálfum sér, sem eigi þróast undir þrúguninni, fara á mis við allan þroska *Mill* 130₁₆.

þruma, f., *Torden.*

þruma (a), vi., *tordne:* sá sem þrumar í gegn hinni almennu eptirsókn eptir þessa heims gæðum *Auðv.* 101₁₈. hvort heldur að hann þrumaði í jötunmóð eða talaði blíðmæli *Íf.* $^{2}/_{11}$ 89, 349b₄.

þrumuelmur (-s), m., *Tordenskrald*: sem þungur þ. | þau þóttu' in velsku ljóð *Tegn. Frþ.* 89₂₁.

þrumufleygur (-s, -ar), m., *Tordenkile*: þrumufleigarnir, sem mönnum í fornöld fannst so mikið um *Fjöl.* 1, 9₁₃. Alexander stóð með þrumufleig í hendi *LLH.* 11₂₃. átti að vera þ. Júpiters *Ið.* 4, 366₁₇.

þrumuglaður, a., *τερπικέραυνος lynglad:* hann var líkur hinum

þrumuglaði Seifi til höfuðsins og augnanna *Il.* 1, 46₅. hinn þrumuglaði *Stoll* 31₅.

þrumuhljóð, n., *Tordenskrald:* um leið og þýtur þ. | þungum með raddar-eymi *Gr. Kv.* 20₁₇. þrumuhljóðið berst austur með jöklinum *PS. Ast.* 141₁₂.

þrumuleiðari, m., *Lynafleder:* til þess eru hafðir þrumuleiðarar eða eldingavarar *Þj.* $^{12}/_{11}$ 86, 199a₁.

þrumuloft, n., *Tordenluft:* eins og engin líkindi eru til að úr þrumulofti skyldi að eins koma **ein** elding *Dægst.* 44₅.

þrumulostinn, pp., *lynslagen:* en staðnæmdist eins og þ. í sömu sporum *BB. KP.* 93₅. þ. af óhamingjufregninni *TÞH. BS.* 215₁₁. störðu aðalsmenn sem þrumulostnir á allar þessar aðfarir *Ss. Íf.* 2, 127₁₅.

þrömurödd (-raddar, -raddir), f., *Tordenstemme:* þegar þrumurödd lögmálsins er búin að vekja samvizkur þeirra *Myn.* 78₈. með slíkri þ., að *PS. Ast.* 14₈.

þrumuský, n., *Tordensky:* allt eins og þegar þ. | af þungum sundrast logabrandi *KJ.* 34₂₈. eins og þegar þ. dregur sig saman á regnfullu lopti *TÞH. BS.* 225₁₂.

þrumuslag, n., *Tordenslag:* hve þungt var þ. | þess er oss refsti *Milt. Pdm.* 4a₈.

þrumusteinn (-s, -ar), m., *Tordensten:* af því það er ekki hlaupið að því að ná í þrumusteininn *TB.* 12, 135₂.

þrumutýr (-s), m., *Tordengud, Thor:* Óðin og Þrumutý þekkirðu báða *Tegn. Frþ.* 126₁₁.

þrumuveður, n., *Tordenvejr:* það er eins og þ. . ., þegar loptið er að leitast við að komast aptur í jafnvægi *Gr. Kv.* 71₆. (að) hætta sjer út í regn og þ. *TÞH. BS.* 232₂₈. þ. með eldingum *HH. Lút.* 24₂₁.

þrumucer, n., *afsindig, forskrækket af Torden:* Seifur gjörir þá borgarbúa þrumucera *AK.* 72₂₄.

þrusk, n., *Stöj, Larm:* þá heyrði hann eitthvert þ. *PP. Sms.* 20₁₆. heyrir hann þ. við bæjarhurð *Þs.* 1, 77₂₄. þá hrökk hann saman við eitthvert hátt þ. að baki sjer *TÞH. Dr.* 1, 2, 118₅.

þrymja (**þrym, þrymjum; þrumdi, þrumdum; þrumið**), vi., *tordne:* rödd hans þrymur gégnum herinn *Núm.* 6, 53.

þrymur (-s), m., *Susen:* heyrða' eg suma ýlfra' og ýskra | útsynnings í þrym *GTh. Lm.* 104₂₂.

þrýsta (i), vt. med dat. og vi., *trykke:* loptið þrýstir jafnt að hvaðanæva *Björl.* 7₂.

þrýstilegur, a., *fyldig, trivelig, frodig:* Jeg sá sjö öx spretta á einni stöng fögur og þrýstileg *Tang* 22₁₆.

þrýsting (-ar), f., *Tryk:* í móti þrýstingunni að hægri hlið vorri vegur önnur eins jafnmikil að vinstri hliðinni *Björl.* 7₅. far . ., sem efalaust mundi þegar myljast af þrýstingunni *Trh.* 9₁₀. verður þrýstingin á innri rönd steinsins meiri en á hinni ytri *Av.* 6, 51₂₀.

þrýstingarband, n., *komprimerende Bind:* skal leggja þar yfir þ. *N. Hf.* 59₂₁.

þrýstingarvél (-ar), f., *Trykværk:* með þrýstingarvélum má nota einn tíunda hlut af megni eldiviðarins *Ið.* 2, 68₂₂.

þrýstingur (-s), m., = **þrýsting:** síðan hefir allt orðið fyrir miklum þrýstingi *Av.* 6, 61₂₀. allar

plönturnar hafa orðið fyrir miklum þrýstingi 73₂₃.

þrýstinn, a., *før, firskaaren*: maður mikill og þ. *Ps.* 1, 171₂₅.

þræða (i), vt., 1. *træde:* þ. nál *træde en Naal.* — 2. *følge nöjagtig, følge, forfølge:* veðurstaðan þræðir ekki hvar sem er baug þann, er vjer hugsum oss dreginn um veðurbólið *Björl.* 63₃.

þræla (a), vi., *slide og slæbe:* Jeg hef nú þrælað allan liðlangan dagínn *Ss. Íf.* 1, 154₂₃.

þrælaeigandi, m., *Slaveejer, Slaveholder:* hvort sem þetta atriði hefir orðið að hefð, af því það var svo þægilegt fyrir hina auðugu þrælaeigendur *BB. RK.* 14₇.

þrælahald, n., *Slavehold:* að mönnum þar syðra skyldi leyfast bæði þ. og þrælasala *Skír.* 85, 39₂₇.

þrælalausn (-ir), f., *Slavers Frigivelse:* um þ. sem fleira *Skír.* 85, 40₅.

þrælasala, f., *Slavehandel; se* þrælahald.

þrælasali, m., *Slavehandler:* hverfa aptur í greipar guðlausra þrælasala *Skír.* 85, 36₁₆. hinir auðugu þrælasalar 37₂₄.

þrælastrit, n., *Trællearbejde:* að framfaralaust þ. sé hið óumflýjanlega hlutskipti mannkynsins *TB.* 7, 167₁₂.

þrælasölumaður, m., *Slavehandler:* einhver hinn voldugasti þ. í Affríku *Skír.* 90, 3₂₅.

þrælaverzl|un (-anir), f., *Slavehandel:* að þeir hefðu bannað þrælahald og þ. *BB. RK.* 13₂₇. lofaði Tippú að banna Aröbum þ. þar um slóðir *Skír.* 90, 4₄.

þrælavinna, f., *Slavearbejde:* þrælavinnan var úr lögum numin *PM. Ág.* 264₂₃. hann hafði síðan dæmt hann til æfilangrar þrælavinnu *Skír.* 79, 112₂₂.

þrælberja (-ber, -berjum; -barði, -börðum; -barinn), vt. *skamslaa.*

þrælbinda (-bind, -bindum; -batt, -bundum; bundinn), vt., *trælbinde:* að halda henni (o: konunni) svo þrælbundinni sem vinnudýri *TÞH. SoÆ* 48₂₄.

þrælka (a), 1. vt., *lade forrette Slavearbejde; undertvinge.* — 2. vi., *trælle, forrette Slavearbejde:* hann stritaði og þrælkaði frá morgni til kvölds *Eskóp* 60₈.

þrælk|un (-anir), f., *Trældom, Slaveri:* Hafirðu nokkurn tíma . . slitið þig frá þ. veraldarinnar *Myn.* 100₂₃.

þrælkunarvinna, f., *Slavearbejde:* Skipaði hann að dæma menn fyrir flest önnur afbrot til þrælkunarvinnu *Ið. SG.* 56₄.

þræll (-s, -ar), m., 1. *Træl, Slave.* — 2. *Skurk, Slyngel:* beiddi hreppstjórinn grátandi að lofa sjer að slá þrælinn dálítið *JT. PoS.* 18₉.

þrællundaður, a., *slavisk sindet, servil:* Þeir verða og þrællundaðir *Auðv.* 114₁₅.

þrællyndi, n., *slavisk Sindelag, servil Tænkemaade.*

þrællyndur, a., = þrællundaður: dáðlausar og þrællyndar þjóðir *PM. Ág.* 52₂₄. í flokki þrællyndra manna *Sk.* $^{28}/_{12}$ 78, 469₂₅.

þrælmenni, n., *slet Menneske, Skurk. Slyngel.*

þrælmenska, f., *Skurkagtighed, Nederdrægtighed:* ekki til þess að vjer . . sýndum á þeim miskunnarleysi og svívirðilega þrælmennsku *ÓÓ. Hv.* 13₁₁.

þrælslega, adv., *nederdrægtig.*

þrælslegur, a., *nederdrægtig:*

herflegar og þrælslegar aðfarir *Þús.* 1, 280₂₅.

þræta, *f., Trætte, Ordstrid; Tvist.*

þræta (i), vi., *trætte, disputere:* þ. um e-ð.

þrætuefni, n., *Anledning til Tvist, Tvistens Æble:* skyldi hún (ɔ: tvævetlan) ekki optar verða að þ. *JT. PoS.* 18₁₇.

þrætugjarn, a., *trættekær:* þeir eru hvorki fúllyndir nje þrætugjarnir *Þús.* 2, 64₂₁. sú sem er dramblát, dutlungasöm og þrætugjörn 182₁₁. ákaflega þ. og ráðrikur *PM. Ág.* 128₂₁.

þrætuepli, n., *Tvistens Æble:* hefir siðgæðisþýðing hans (ɔ: auðsins) jafnan verið þ. fræðimanna á öllum tímum *AÓ. Af.* 216₂₄. Gýðingaland var jafnan þ. milli þeirra *Tang* 79₁₇.

þrðm (þramar, þramir), f., *(i Oldsproget* þrömr, m.), *Rand:* vera á heljar þröminni *staa paa Afgrundens Rand.*

þröngbýll, a., *snæver:* Horfum ei niður í harmanna þröngbýlu dali *Sb.* 184, 4₁. þröngbýlt, n., *kan oversættes som Subst.: tæt Bebyggelse, en tæt bebygget Egn.*

þröngbýst, a. n., *smaa Huse, smaa Værelser, snæver Bolig:* Hér er of þ.; gamli karlinn getur | ei rúmast hér með alla sína sveit *Lear* 62₂₆.

þröngsýni, f., *Snæversynethed:* Með því yfirumsjón þessi væri sakir stöðu sinnar . . hátt hafin yfir smámunalega sveitarhleypidóma og þ. *Mill* 231₁₀.

þröngsýnn, a., *snæversynet:* þessi þröngsýna skoðun *Mill* 103₇. um hvern þann sannleika, sem þröngsýnum mönnum er mjög ant um 105₈. þessi þröngsýni og heimskulegi dómur fjöldans *BB. RK.* 19₂.

þröstur (þrastar, þrestir), m., *turdus, Drossel:* þrestir, máriðtlur, þúfutitlingar *PJ. Ns.* 84₁₄.

þúa (a), vt., *dutte:* Hafið þið ekki æðinlega þúast í brjefum ykkar? *TÞH. BS.* 179₂₄. við þúuðumst fyrr *TÞH. Dr.* 1, 2, 71₈.

þúfa, f., *Tue.*

þúfnakollur (-s, -ar), m., *Tuetop:* að þroski hans sje svo mikill orðinn, að hann gæti hjakkað af einhverjum þúfnakollinum *JT. PoS.* 6₈.

þúfnasléttlun (-anir), f., *Tuers Udjævning:* þúfnasléttanin sparar sláttumanns-hald *Fjöl.* 1, 89₂.

þúfunef, n., *Stumpnæse, Opstoppernæse(?)* Eptir löguninni er nefið nefnt ýmsum nöfnum, svo sem þ. arnarnef, söðulnef *PJ. Ns.* 29₉.

þúfusteinbrjótur (-s), m., *saxifraga cæspitosa, Tuestenbræk. Av.* 18, 19₉.

þúfutitlingur (-s, -ar), m., *anthus pratensis, Englærke. Faber* 19₂₀. *Mohr* 52₂₅. *Gr. Df.* 56₂₃. *Gr. Sk.* 95, 36₂₆.

þukl, n., *Befølen.*

þukla (a), vi., þ. um *føle paa, beføle:* (Ásbjörn) þukladi um eyrun á einni tvævetlu *JT. PoS.* 15₂₁. sje þuklað um bólguna *JJ. Lb.* 2₂₂.

þula, f., *Ramse:* Það sem hann talaði rann upp úr honum eins og þaullærð þ. *Fk.* $^{18}/_{11}$ 86, 81b₈. allt var kennt utan að eins og þ. *TUM.* 1, 20₂₃.

þullærður, a., *sprenglærd:* Stjörnuspekingurinn minn, sem er þullærður maður, hefir sagt mjer það *Ið.* 4, 21₁₈.

þululærðómur (-s), m., *Udenade-*

læren, udenadlærte Ramser: allan þululærdóm á að forðast *TUM.* 2, 89₆.

þulur (-ar), m., *Vismand:* og arnarmynd á hetju hjálmi hneigði sig | djúpt fyrir öldnum þul *Tegn. Frþ.* 164₂₀.

þumalfingur (-rs), m., *Tommelfinger:* Á þumalfingrinum situr ljósfagur engill *TÞH. SoÆ.* 88₂₃. (maðurinn) hefir tvær höndur með liðugum þumalfingrum *PJ. Ns.* 5₁₄.

þumalfingursgómur (-s), m., *Tommelfingerspids:* Síðan strauk hann með þumalfingursgómi af enni niður milli augnanna á nef ofan *KJ. Uf.* 57₂₃.

